

# SKEMMTISKRIF OG UPPRIFJANIR

Kjartan Jóhannsson



## Efnisyfirlit

Formáli . . . . .	v
1 Bernskan . . . . .	1
2 Jólin . . . . .	11
3 Körfustólarnir, sem flökkuðu . . . . .	15
4 . . . í einu innrömmuðu eintaki . . . . .	19
5 Hveragerði . . . . .	31
6 Svíþjóðarferð 1946 . . . . .	37
7 Hvað gerum við í dag Runólfur? . . . . .	47
8 Sumar á Skaftafelli . . . . .	59
9 Á flugvelli í London . . . . .	67
10 Dassi . . . . .	73
11 Bóndinn Jón á Skaga, ofurstinn og túlkurinn . . . . .	77
12 Olíulampinn . . . . .	83
13 Chicago . . . . .	87
14 Olle Huggare . . . . .	103
15 Meðal ykkar - Ríkisborgararéttur . . . . .	107

16	„Þetta var allt heimatilbúið“ . . . . .	111
17	Fjársterkur aðili . . . . .	119
18	Svona eiga sendiherrar að vera . . . . .	123
19	Minnisatriði um flokksþing 1974 . . . . .	127
20	Án titils . . . . .	131
21	Áhætta metin . . . . .	135
22	Loðnustríð . . . . .	139
23	Upp úr plastpokanum . . . . .	143
24	Emil illa settur . . . . .	147
25	Við stjórnvölinn . . . . .	151
26	Úrelt skip . . . . .	155
27	Stúlkan með hattinn . . . . .	159
28	Stretslov . . . . .	163
29	Svo er það þróin . . . . .	167
30	Kissinger og kona í baðkeri . . . . .	171
31	Fer allt í vaskinn . . . . .	177
32	Mogginn grípur í taumana . . . . .	181
33	Þú átt ekki að hlusta . . . . .	185
34	Who are they? . . . . .	189
35	Framkvæmdastjóri EFTA . . . . .	193
36	Upprifjun um 112. grein EES samningsins . . . . .	219
37	Á pisserínu . . . . .	223
38	Óvæntar afleiðingar . . . . .	227

---

39	Hvernig fékkst undanþága fyrir fjárfestingar í sjávarúvegi og er hún einhvers virði? . . . . .	231
40	It is only a game . . . . .	235
41	M C í öðru . . . . .	237
42	Kvöld í Singapúr . . . . .	241
43	Gjöfin frá Berlusconi . . . . .	245
44	Og svo pelsinn . . . . .	251
45	Vantar betri samningamenn . . . . .	255
46	Afríkuferð - Bréf til Sunnu . . . . .	259
47	Fríverslun með fisk . . . . .	265



## Formáli

Það eru nokkur ár síðan afi byrjaði að dunda sér við að skrifa stuttar sögur um líf sitt og senda þær til fjölskyldunnar. Mér fannst skemmtilegt að fá að lesa þessi skrif, bæði af því sögurnar voru oft um parta af lífi afa sem ég hafði lítið heyrt um áður, og svo bara af því ritstíllinn og tónninn minna svo vel á karlinn. Ekki man ég hvort ég minntist á það fyrst eða hann, en það kom á daginn að jú, það væri kannski gaman að safna bestu skrifunum í bók, eitthvað sem væri hægt að deila með fjölskyldunni. Afi safnaði saman þeim sem hann hélt mest upp á, og ég reyndi að koma þeim saman í eina bók. Því miður komst ekki allt - til dæmis var ein grein úr 1998 eintaki af tímaritinu Skjöldur sem var ekki hægt að setja inn - en megnið er hér eins og afi skrifaði það, plús smá leiðréttingar á gæsalöppum og svo framvegis. Hún mamma var stór hjálp í leiðréttingum, og fann ýmsar villur sem ég missti af (og líka þær sem ég bætti við). Fyrir rest var þá komin þessi bók sem þú heldur á, og ég vona að þú njótir hennar vel.

Kári Þorkelsson  
Nóvember 2018





## Bernskan

Mamma var útlensk, pabbi var að nálgast miðjan aldur, þegar ég fæddist. Naut ég þessa eða leið ég fyrir það? Þetta voru allavega afbrigði frá hinu venjulega í litlu samfélagi. Mér var tekið með miklum fögnuði þegar ég fæddist klukkan rúmlega sex á eftirmiðdegi. Fæðinguna bar upp á dimmasta tíma ársins, desembermánuð skömmu fyrir jól á Fæðingarardeild Landspítalans í Reykjavík. Þegar faðirinn spurði fæðingu sonar kveikti hann öll ljós í húsi sínu að Suðurgötu 15 í Hafnarfirði. Næsta dag eftir að birta tók settist hann á hjólhest sinn og hjólaði sem leið lá eftir Hafnarfjarðarveginum til þess að líta frumburðinn augum. Þótt fæðingin væri fimm dögum fyrir jól dugði það ekki til þess að halda mætti jólin saman á heimilinu í Hafnarfirði. Mæðginin héldu sig á fæðingardeildinni fram yfir hátíðarnar.

Móðirin var 31 árs, faðirinn 40 ára. Bæði höfðu aflað sér menntunar og komið undir sig fótunum. Móðirin var hjúkrunarfræðingur, sem hafði bætt við sig sérnámi til þess að öðlast réttindi sem „laboratorie sjukskötarska“ eða því sem til skamms tíma var nefnt meinafræðingur. Faðirinn hafði samið við föður sinn um að bæta ári í vinnu fyrir foreldrabúið til þess fá að fara í Flensborgarskóla og ljúka honum á tveimur árum í stað þriggja, safnaði síðan í 3 ár (aðallega

með því að halda ungbarnaskóla) fyrir námi í Kennaraskól-  
anum þar sem hann lauk líka þriggja ára námi á tveimur árið  
1927. Hann hafði keypt reisulegt og fallett hús í Hafnarfirði  
og var kominn í fasta stöðu við Barnaskólann í Hafnarfirði  
þegar hér var komið sögu. Móðirin kom heldur ekki tóm-  
hent, hún hafði ofið teppi á stiga og ganga, saumað lök og lín,  
handklæði og viskustykki, merkt með útsaumi. Í kistunni  
stóru sem geymdi það sem hún lagði til búsins var líka postu-  
lín og fleira til eldhúsverka að ótöldum forlata ungbarns-  
bala úr ryðfríu stáli, allra öfund á þeim tíma. Innanstokks  
voru ný húsgögn í stofu og svefnherbergi, flest smíðað í  
trésmíðaverkstæði Dvergs í Hafnarfirði. Móðirin setti á blað  
hugnæma skýrslu um framfarir sonarins fyrstu misserin. Sá  
miði hefur varðveist. Faðirinn, Jóhann Þorsteinsson lét sér  
ekki nægja kennsluna eina við barnaskólann. Hann vann  
mikið og var félagslega virkur. Á kvöldin kenndi hann í  
Iðnskólanum og hann hafði mikla vinnu sem skattanefnd-  
armaður. Spilaklúbbur hans frá piparsveinsárunum var í  
fullu fjöri. Hann kom saman á laugardagskvöldum. Ásgeir  
G. Stefánsson, Emil Jónsson og Gunnlaugur Kristmundsson  
skipuðu hópinn. Móðir mín gerði kröfu í laugardagskvöldin  
og pabbi yfirgaf klúbbinn.

Ég naut ástríks uppeldis og ríkrar umhyggju. Foreldrar  
mínir voru samhent í uppeldinu sem og öðru þótt skapgerð  
væri ólík. Mamma frekar ör en pabbi haggaðist sjaldan.  
Rekstur heimilisins var með öðru sniði en tíðkast nú til dags.  
Það voru vinnukonur. Í okkar tilviki voru það ungar frænk-  
ur sem komu til okkar í vist, þ.e.a.s. bjuggu á heimilinu og  
höfðu þar allt uppihald en sjálfsagt lítil laun. Þær létu undir  
með heimilishald og barnapössun og urðu góðar vinkonur  
mínar og foreldra minna. Þvottar voru stórverkefni, allt  
þvegið í höndum, eina hjálpartækið suðupottur mikill, fyrst  
kolakjantur síðar hitaður með rafmagni. Einn morguninn

---

tók ég eftir því að bæst hafði kona í hóp heimilisfólks. Hún hélt sig við þvottinn allan daginn. Þegar ég spurðist fyrir um hverju þetta sætti, fékk ég að vita að þessi kona, sem hétí Jakobína, réði sig til þess að sinna þvotti, hjá hverjum sem vildi njóta þjónustu hennar. Þetta væri hennar atvinna. Daginn eftir var hún horfin úr heimilishalldinu. Ekki veit ég hversu oft það gerðist að ráða þvottakonu, en ég man bara eftir þessu eina skipti. Þvottahúsið var í kjallaranum en þurkaðstaðan á háloftinu, upp þrjá stiga að fara með byrðina blauta. Miklu seinna kom þvottavél. Þá var mikill fögnuður. Hún var himnasending og gjörbreytti stóru verkefni öllum til hagræðis.

Leikbræðurnir voru einkum þrír, Bóbó, Gústi og Siggi eða Einar Þórir Jónsson, Ágúst Þóroddsson og Sigurður Kristjánsson eins og þeir hétu fullu nafni. Allir áttum við heima sömu megin Suðurgötunnar, oddatölumegin. Bóbó í númer 5, Siggi númer 9, ég á 15 og Gústi á 19. Leikvangurinn var gatan, garðar húsanna og kjallarar og fyrirtækin og draslið í nánasta umhverfi. Á litlum bletti var að finna sýnishorn af fjölbreyttu samfélagi einskonar minimynd af þjóðfélagi með allt sitt atvinnulíf og menningu. Þarna var fjölbreytt flóra af fyrirtækjarekstri; iðnaði, verslun, sjávarútvegi og jarðrækt. Frá bíóhúsi, apóteki og kirkju í vestri að tveimur verslunum á brún Suðurhamars í suðri var margt að sjá og hnýsast í. Þangað áttum við erindi af ýmsu tagi í stússi okkar og sendiferðum.

Viðfangsefnin voru mörg. Við sigldum bátum okkar á læknum. Bátarnir voru gerðir úr olíubrúsum, þessum fjögurra lítra; úr þeim mátti fá bærilega blikkplötu sem beygja mátti og beygla í bátsform. Kítti var notað til þéttinga. Þófta úr tré hélt bátnum í formi og ekki þurfti stóra spýtu í siglutré. Þessi farartæki drógum við á eftir okkur hring eftir hring á læknum á móts við barnaskólann, stundum í nokkurri

samkeppni um pláss við bíleigendur sem stóðu í bílþvotti upp úr lækjarvatninu. Eftir að foreldrar mínir hættu kartöfluræktinni á spildunni framan við húsið og niður að næsta húsi, Ásmundarbakarí, nú Skattstofu Reykjanesumdæmis, birtist þarna prýðilegur leikvöllur til gatnagerðar fyrir bílana sem við teymdum á eftir okkur. Það var mesta furða hvað það gat verið mikil þörf fyrir vegakerfi á þessu svæði. Svo var hitt að stundum var staðið langtímum í dyragættinni í eldismiðjunni hjá Vélsmiðju Hafnarfjarðar og horft á hvernig járnsmiðurinn hitaði járnbútinn svo að hann varð hvítglóandi og notaði sleggju sína til að gefa honum nýtt form. Það heillaði okkur að horfa inn í eldinn og sjá sótsvartan eldismiðinn leika listir sínar. Nótabátar Beinteins Bjarnasonar útgerðarmanns, sem hafði verið dengt á planið sunnan við fiskvinnslu hans gátu gefið ímyndunaraflinu lausan tauminn og borið okkur víða, ekki bara til sjósóknar, heldur líka til fjarlægra landa eða í víking.

Á kvöldin var fylgst með því hvað fiskibátarnir komu með mikinn afla að landi. Það var best gert með því að stelast niður á bryggju, þar sem ýmsir ágætir menn voru mættir með staf sinn til þess að drýgja tekjur heimilisins kannske með stóran barnahóp og fá fisk í soðið þræddan upp á staf sinn. Auðvitað voru vissir bátar í uppáhaldi hjá okkur í keppninni um hver veiddi mest. Dröfn frá Neskaupstað var einn þeirra. Þetta voru vertíðarbátar sem sóttu afla sinn út á Faxaflóann. Stundum var fiskinum fylgt eftir í fiskverkunarhús. Hús Beinteins lá vel við, steinsnar frá bakaríinu. Fiskurinn var hífður í trogum upp úr bátunum, hvolfst á vörubíl, sem sturtaði feng sínum á gólfið í verkuninni. Stingir voru notaðir til að flytja fiskinn milli verkunarstaða innanhúss. Hausun, þvottur og flatning var aðferðin hjá Beinteini. Útkoman var saltfiskur.

Aðföng og aðstoð við smíðar og ýmiss konar fönður og

---

uppátæki var víða að hafa. Karlarnir í trésmiðjunni Dverg fengust oft til að saga svolítið fyrir okkur í bandsöginni, þegar sköpulag hlutarins kallaði á þess konar verkfæri. Einn bræðra Bóbó vann í vélsmiðjunni í vélasal með rennibekk, borvélum og fleiri tólum. Þangað inn fórum við eftir aðstoð hans ef þörfin kallaði. Og í prentsmiðjunni mátti fá renninga (afskurð) sem gagnaðist í bókmenntaleg tilþrif og önnur skrif eins og lagasmíð.

Bílaleikirnir tóku líklega drýgstan tíma. Ofan á vegg sem skildi að hæðamun í garðinum við hús foreldra minna var eftirsótt að aka Match-Box bílum og jafningjum þeirra úr plasti. Skilyrði var, að vera nógu stór til þess að ná upp á vegginn standandi lægra megin við hann. Þarna var vit-skuld líka þörf á vegalagningu til að greiða för. Efni til vegagerðarinnar hlaut að vera steinsteypa í samræmi við vegginn sjálfan. Hófst nú ráðabrukk um hvernig það mætti verða. Trésmiðjan Dvergur seldi ekki bara timbur heldur einnig sement úr pakkhúsi sínu á lækjarbakkanum. Stefán Backman réð þar ríkjum. Við höfðum tekið eftir því að á gólfinu þar sem sementið var geymt var þó nokkuð af sementi sem smitast hafði út úr umbúðunum. Niðurstaða okkar var sú að þarna mætti skrapa upp nokkru sementi þegar Stefán sæi ekki til. Bestur flutningsmáti töldum við vera í eldspýtustokkum. Var þessari áætlun hrundið í framkvæmd, nokkrir stokkar fylltir og grafnir dýpst í vasana. Og til þess að vera nú öruggu megin í flutningunum, var ákveðið að fara sundið fyrir ofan Gúttó og Blöndalshús með þýfið og komast þannig hjá því að labba með það beint fyrir framan lögreglustöðina, sem var öndvert Gúttó við Suðurgötuna. Þetta gekk upp og steinsteyptir nýir vegir voru lagðir eftir hluta veggjarins.

Það voru sérstök forréttindi, að hópurinn hafði aðgang að tveimur smíðaherbergjum. Annað var í kjallaranum á

Suðurgötu 5, heima hjá Bóbó en hitt í kjallaranum heima hjá mér. Þarna var nokkuð af verkfærum, sérstaklega heima hjá Bóbó. Þar var ma. forláta stórt skrufstykki sem ekki haggaðist á hverju sem gekk. Í þessari smíðastofu voru öll verkfærin „fullorðins,“ kannske nokkuð stór og þung fyrir unga smiði, en í smíðaverkstæðinu heima hjá mér var minna úrval af „fullorðins“ verkfærum, en nokkuð safn af barnaverkfærum, sem ég hafði meðferðis úr Svíþjóðarferð 6 ára. Bóbó var laghentastur. Hann var líka elstur og sterkastur. Ég var yngstur, minnstur og klaufskastur. Bóbó rifjaði upp fyrir nokkrum árum, að einu sinni hefði ég hent einhverju smíðaverkefni í hann og sagt að hann gæti tekið við þessu og orðið smiður og smíðað fyrir mig þegar ég yrði ráðherra. Við létum það reyndar rætast nokkrum áratugum síðar. Það var ekki langt í verslanir á uppvaxtarárum mínum og þær voru margar. Einarsbúð var kennd við Einar Þorgilsson. Þegar ég man fyrst eftir mér var ég sendur þangað í matvörubúðina, sem var með háu afgreiðsluborði og sérstöku púlti fyrir bókarann. Henni var svo lokað tiltölulega fljótlega, en vefnaðarvörubúðin hélst. Lengra í vestur voru Kaupfélagið og Stebbabúð. Mamma tók erindin þangað, en ég var látin hjálpa til við að bera varninginn heim. Eins var með erindin til Erlends fisksala í skúrin hans á Torsplani og svo í fiskbúðina til Jóngeirs. Upp á efri brún Illubrekku voru Þórðarbúð og verslun Gísla Gunn, sem jafnframt seldi mjólk. Þangað lá leiðin oft. Gísli Gunn var ekki bara kaupmaður, hann var einnig slökkviliðsstjóri bæjarins fyrst þegar ég man eftir mér.

Eitt atvik varðandi Einarsbúð, vefnaðarvöruhlutann, er mér mjög minnisstætt og ég hef oft vitnað til þess síðar. Þetta var á skortstímanum, þ.e.a.s. það var vöruskortur í landinu. Ég hef líklega verið í kringum 10 ára aldurinn. Ég var á rölti í miðbænum og sá þá að það var biðröð fyrir fram-

---

an innganginn að Einarsbúð. Ég hugsaði með sjálfum mér, að biðröðin vísaði til þess að einhvern girnilegan varning væri að finna innandyra og úr því að þarna var biðröð væri sjálfsgagt að skella sér í hana og sjá hvað í boði væri. Það var eina leiðin til að komast að því og missa ekki af tækifærinu. Þegar röðin kom að mér, tók kaupmaðurinn mig til hliðar og sagði við mig: „Þú getur fengið að kaupa nælonsokka handa mömmu þinni.“ Þetta var vitaskuld happafengur og gekk ég að tilboðinu, hvað annað. Seinna í lífinu fékk ég að sjá sama fyrirbæri í Sovétríkjunum, biðraðir hér og þar, en fátt á boðstólum og allir sem komust í biðröðina keyptu „eitt-hvað“. Þegar biðröðin eftir niðurgreiddum húsnæðislánum lengdist og lengdist ár frá ári og mánuð fyrir mánuð, þótt sífellt væri veitt meira fé til lánastarfseminnar og biðtíminn eftir lánum væri farinn að teljast í árum, þekkti ég fyrirbærið. Til öryggis var sjálfsgagt að senda inn umsókn, fara í biðröðina til þess að missa ekki af neinu, enda erfitt að vita nema einmitt væri komin þörf fyrir kaup eða endurnýjun, þegar röðin kæmi loks að manni. Ráðið var að afnema beintengingu niðurgreiðslunnar við lánin, endurskoða lánskjörin. Það var gert við innleiðingu svonefnds húsbréfakerfis.

Úr verslunarsögu bernskunnar er mér tvennt annað minnisstætt. Ein verslunin í hverfinu, rétt við þjóðkirkjuna hét Álfafell. Hún seldi aðallega vefnaðarvörur en stundum var fleira á boðstólum. Eitthvert árið var þarna í glugga bílabraut eins og talan 8 í laginu með brú og undirgöngum. Þarna þeystust upptrekkir kappaksturbílar hring eftir hring. Mikið langaði mig í þessa bílabraut og löngum tíma varði ég við að virða hana fyrir mér. Ég er helst á því að foreldrarnir hafi aftekið með öllu að brautin yrði keypt en síðan gefið mér hana í jólagjöf. Lék ég mér mikið með hana og hún er enn til. Hitt atvikið snerist um rafmagnsvöflujárn, sem var algjör nýjung fyrir mér. Um leið og ég sá það vissi ég að ég

yrði að kaupa það og gefa mömmu það í jólagjöf. Vandinn var að langt var til jóla og ég yrði að finna góðan felustað, sem héldi því leyndu í fleiri mánuði. Það tókst. Spennan í mér þegar kom að opnun jólapakkanna var síðan svo mikil að ég gat ekki setið kyrr meðan mamma opnaði pakkann með járninu, heldur hossaði mér í sífellu í sæti mínu. Aldrei, hvorki fyrir né síðar á ævinni hef ég fundið til jafn mikils unaðar og spennu við opnun gjafar frá mér. Í fórum mínum er umslag með utanáskriftinni Dýraverndarnefnd (sic). Í því má finna „lög“ sem starfa skal eftir. Þar er líka fundargerðarbók nefndarinnar (ekki félagsins). Aðdragandinn var fjöruferð með þann tilgang að kasta grjóti í rottur og mýs. Vettvangurinn var á bak við Kaupfélagsbúðina við Strandgötu. Út úr sjávaknum neðanverðum kom skolprör sem var ofansjár á fjöru. Við félagarnir stóðum uppi á bakkanum á Thorsplani og þaðan var gjótinu kastað. Heimkominn var ég með svo mikið samviskubit eftir þessar aðfarir okkar að ég tók mér blað og blýant í hönd og ritaði stofnskrá samtakanna, svohljóðandi.

„Lög 24-3-1948.

- 1) er um ketti, maður á aldrei að ellta ketti og aldrei á maður að vera vondur út í ketti.
- 2) er um hunda, maður á aldrei að kasta steini í hunda og aldrei á maður að sparka í hunda og aldrei að stíga á rövuna á hundi og margt fleira.
- 3) er um mís, maður á aldrei að ksta steini í mís.
- 4) er um flugur, maður á aldrei að drepa flugu en ef maður sér flugu sem er að kveljast þá má maður drepa flugu greið og á helst að drepa fluguna.“

Þetta eru einföld lög, taka til helst dýrategunda umhverfisins, hefjast á háleitum siðareglum og enda í líknarmorði. Fundargerðarbók hefur verið útbúin en ekki virðist haldinn nema einn fundur:



---

„1.fundur er haldinn á Suðurgötu 15, fundar gerðir eru þessar.

- 1) form. talar.
- 2) spilað
- 3) sp. Rauðskegg
- 4) Þórir talar Húrra. 4.
- 5) Ágúst talar
- 6) feluleikur.“

Fleiri voru gerðirnar ekki, en náðu vitaskuld hápunkti í lokin. (Stafrétt afrit gerða fundarins og laganna.)

Í umslaginu góða var líka að finna fundargerðir félags- skapar, sem hafði óvissan tilgang til að byrja með en setti sér lög og veitti félagsmönnum réttindi til að flytja að minnsta kosti eina tillögu. Á endanum finnur félagsskapurinn sér markmið, sem er bátskaup og safnar fé til útgerðarinnar. Báturinn var reyndar lekur og má bæta því við að allt verkefnið fór fram í miklum leynum, báturinn falinn undir nótabát á plani þar sem nú stendur íþróttahús, milli Suðurgötu og Fjarðargötu/Strandgötu, en aflað var tjöru til að tjarga bátinn og hefta þannig lekann. Hápunkturinn í verkefninu má teljast vera róður Bóbó og þess sem þetta ritar í algjöru heimildarleysi og með mikilli leynd alla leiðina úr fjörunni í grennd við Skipasmíðastöð Drafnar og út í hafnarkjaft, þar sem mættust Suðurgarður og Norðurgarður. Þóttust ræðarar reyndar nokkuð góðir með sig eftir skrekksfylltan róður að ná landi aftur á sömu slóðum og lagt var upp frá. Skrifara rekur ekki minni til frekari ferða né heldur, hvort fleytan var seld og þá hver fjárhagsútkoma útgerðarinnar varð.

Oft hefur Bóbó minnst á hversu gaman hafi alltaf verið í afmælisveislunum mínum. Þar naut ég foreldra minna mjög. Þetta voru allt öðru vísi afmæli heldur en hjá öðrum. Pabbi skipulagði leiki, sem allir krakkarnir í afmælinu tóku þátt í. Seinna sá ég að sumt af þessum leikjum hafði hann

## 1. BERNSKAN

---

fundu í danskri bók sem hann átti. Allavega varð af mikið fjör og stundum kveikt í metnaði þátttakenda. Síðan var það afmælisakóið. Þar var eitt sem skipti sköpum. Mamma bakaði vindla úr piparkökudeigi og setti rauðan glassúr á endann til að tákna logann. Þetta var síðasti rétturinn við veisluborðið, sem endaði þá eins og hjá fullorðna fólkinu með því að fram voru teknir vindlarnir. Munurinn var þó auðvitað sá að í vindlunum hennar mömmu var besti bitinn glóðin sjálf.

## Jólin

Desember var stór mánuður í æsku minni. Afmælið mitt og jólin. Núna þegar ég hugsa til baka eða rifja hluti upp með æskufélaganum Bóbó ellegar les lærðar greinar um þróun jólahalds á Íslandi, átta ég mig betur á því að ýmislegt í jólastússinu var komið til okkar á undan öðrum hérna. Þetta tengdist aðventunni í krönsum, stjörnum og kertum.

Hjá okkur var aðventukrans frá því ég man eftir mér með fjórum kertum, sem sagt frá því snemma á fimmta áratug. Eftir fyrstu Svíþjóðarferðina 1946 kom aðventustjarna, sem hengd var út í glugga. Hún var úr pappír og harla viðkvæm. Einhver jólin komst peran inn í henni aðeins of nærri pappírsstjörnunni og eftir það var brúnn blettur á stjörnunni. Ekki er hægt að fullyrða að þetta hafi verið eina jólastjarnan á Íslandi á þessum tíma, en hún var alveg fyrir víst sú eina í Hafnarfirði og átti sér væntanlega fáa keppinauta annars staðar á landinu. Um jólin kom svo kassi frá afa í Svíþjóð fullur af eplum úr garðinum hans og kannske einhverju fleiru. Hjá okkur urðu fleiri epli en hjá flestum. Það var spennandi að opna þennan rammgerða timburkassa.

Þótt aðventukransinn væri eðilegur partur af jólaundirbúningi á æskuheimilinu, var það greinilega fátítt jafnvel áratugum síðar. Til marks um það er sagan af því þegar mág-

## 2. JÓLIN

---

ur minn Reynir var að stíga í vænginn við systur mína um miðjan sjöunda áratuginn og áráddi að heimsækja heimili hinnar eftirsóttu í fyrstu viku adventunnar. Að hans sögn var það honum umhugsunarefni að húsmóðurin kveikti aðeins á einu kerti af fjórum sem voru á stjaka á borði í stofunni. Þetta þótti honum ótrúleg níska.

Aðventustjakar voru hér ekki á þessum tíma. Það var þó slíkur hjá okkur. Hann var ekki úti í glugga, eins og seinna varð almennt hér. Hann var á borðstofuborðinu og var aðeins tendraður til hátíðabrigða með lifandi kertum. Hann var grænn og rauður, bogadreginn reis hann til hæða um miðju sína, fæturnir sem báru hann til endanna rauðir, boginn grænn, kertahöldin rauð uppi á boganum. Pabbi hafði smíðað hann, líklega eftir uppskrift frá mömmu, en kertin voru að vísu ekki sjö heldur sex, líklega smávegis hönnunarmistök, sem engin tók eftir fyrr en næsta kynslóð var komin við aldur. Jólaglögg var líka tilreitt þegar við systkinin komumst á legg.

Jólaumhverfið var þannig svolítið öðruvísi hjá okkur en hinum. Áratugum seinna kom þetta allt hingað til Íslands og tók gjarnan á sig ýkta mynd.

Eitt enn var það í jólahaldi okkar sem var og er sérstakt og skemmtilegt og frábrugðið því sem hér tíðkast en mjög sænskt. Þennan sænska sið höfum við haldið upp á í hádeginu á aðfangadag. Hádegisverðurinn er sérsöltuð skinka (svínalæri) undirbúin og elduð eftir kúnstarinnar reglum og þeirri uppskrift sem við á fyrir slíka jólaskinku og svo í öðru lagi það sem nefnist „doppa í grytan“ eða „dýfa í pottinn“. „Doppið“ felur í sér að sneiðum af brauði af sérvalinni gerð samkvæmt tilheyrandi uppskrift er dýft í heitt soðið af skinkunni og eru bornar fram með sneiðum af skinkunni. Uppskriftir verða hér ekki gefnar nema bent á að undirbúningur skinkunnar þarf að hefjast ekki síðar en tíu dögum

---

fyrir jól. Mamma hóf þennan sið, fyrst var það fjölskylda hennar ein sem var boðin svo bættust fleiri við sem gestir. Reynir mágur minn og Inga Maja systir hafa haldið í hefðina með glæsibrag og Reynir reynst mikill skinkusérfræðingur og brauðgerðarmaður. Irma hélt líka uppi siðnum í mörg ár hér fyrrum og dóttir okkar María sömuleiðis í allmörg ár. Seinustu árin hafa Reynir og Inga Maja notið sonar síns Jóhanns Guðna, Ellýar konu hans og dætra við veisluhaldið. Ýmsir af skyldfólki og nýir tilvonandi venslamenn hafa notið góðs af.

Aðfangadagur og aðfangadagskvöld voru í föstum og fallegum farvegi, hið sértæka útlenska stúss féll vel inn í umgjörðina. Pabbi og mamma skreyttu jólatréð í stofunni sem ekki var aðgangur að fyrr en jólin höfðu gengið í garð. Pökkum var pakkað í algjöru leyni á Þorláksmessu og aðfangadag. Jólakveðjur glumdu í útvarpinu. Klukkan sex var gengið til kirkju, stutt að fara frá Suðurgötu 15. Síðan tók við máltíð, hangikjöt, kartöflur í uppstúf og grænar (Ora) baunir og svo grjónagrautur með möndlu. Síðan kom uppvaskið. En þar á eftir var rennihurðinni svipt upp og jólatréð blasti við með öllum pökkunum. Þá var hátíð hjá ungmennunum og auðvitað öllum. Þegar ég man fyrst eftir mér voru lifandi kerti í trénu. Þá fann ég vel spennuna í lofti, það mátti ekki kvikna í, varkárni, passasemi, slökkt fljótlega. Líklega var keypt rafmagnsljósasería í utanferð 1946 og not hennar voru nokkurt nýmæli, andvarpsléttandi öryggi hjá okkur. Á þrettándanum var allt tekið niður, stundum haldið á álfabrennu. Svo var að bíða næstu jóla.



## Körfustólarnir, sem flökkuðu

Þeir leita á mig körfustólarnir úr æsku minni. Þeir birtast mér bæði í minningunni og á ljósmyndum frá því í gamla daga. Þeir eru stundum á einum stað og svo að dúkka upp annars staðar. Hvernig stendur á þessu? Hvers vegna voru þeir á flakki? Ég get ekki ráðið gátuna en tilgátu get ég vitaskuld sett fram.

Körfustólar voru þeir stólar kallaðir á mínu æskuheimili og ég trúi víðar sem einkenndust af fléttuðum tágum. Í þessari sögu var botnstykki allt kringum stólinn neðan setu fléttað úr tágum og jafnframt voru armbríkur, sem náðu armanna á milli yfir bakið með tágjarfléttum. Að öðru leyti var stólinn yfirdekkur með mjúku taui með flúnneláferð, mynstrað.

Ég man eftir þessum stólum á fjórum stöðum: Á Berustöðum, í Hafnarfirði, í Hveragerði og á vörubílspalli. Svo bættist það við nýlega að ég veitti því athygli á gamalli ljósmynd af pabba frá því að hann var piparsveinn að hann situr einmitt í þesskonar körfustól. Þá er hann í einni stofunni á neðri hæðinni á Suðurgötu 15, húsi sínu.

Ég á eina skýra mynd í minni mínu af afa mínum Þorsteini Þorsteinssyni á Berustöðum. Hann tekur mig upp á hné sér í Austurstofunni á Berustöðum og kennir mér að

fara í hrút. Þegar menn fara í hrút raða menn fingrum hvern upp á annan frá vísifingri og allt til litla fingurs, af því verður flétta eða horn eins og á hrúti. Svo stangast menn, þessir tveir leikendur, og tapar sá þar sem fyrr raknar úr fingrum. Þetta fannst mér góður leikur, enda sat hann í minni. Þótt ég vissi það ekki þá, fékk ég seinna að vita að gamli maðurinn lagði rækt við hendur sínar og hélt þeim mjúkum og liðugum, fetti og bretti. Það passar vel við að hann gæti farið í hrút jafnvel þegar hann var vel yfir áttætt. Þorsteinn andaðist í september 1943, áttatíu og sex ára. Ég hef væntanleg verið þriggja ára og hálf þennan dag sem hann tók mig á hné sér. Og hann sat einmitt í körfustól af því tagi og mynstri sem hér er til frásagnar.

Myndin af pabba í körfustólnum er frá því áður en hann gifti sig, sem var 1938. Næsta minning mín um körfustólana, og nú er komin fleirtala af því að þeir voru áreiðanlega tveir er sú að þeir voru á vörubílspalli á ferð yfir Suðurland. Ferðamátinn á þeim tíma var þannig á stundum að litlu vörubílarnir, sem þá skreiddust um vegina settu upp svokallað boddý á pallinum fyrir farþega og þar var kúlðrast og hristst í rykkófi, stundum innan um varning. Boddý var nokkurs konar hálfhýsi, grind með segldúk og svo trébekkir fyrir farþega. Þar var vond vist. Þetta man ég, og líklega var það eftir þessa ferð eða aðra álíka, sem pabbi afréð að eignast bíl. Það sem var hins vegar mér minnisstæðast eftir ferðina var að einn stóllinn í flutningnum hafði skaddast í ferðinni. Ekki hafði verið betur frá honum gengið en svo að vinstri armhvílan hafði nuddast svo að bastfléttan var uppétin og nokkuð sá á tréverkinu þar undir. Kannske minnst ég þessa sérstaklega vegna þess að hér hafði eign spillst og það voru vonbrigði.

Svo koma seinustu myndirnar af körfustólunum. Einn var í forstofunni á Suðurgötu 15 í Hafnarfirði, æskuheimili



---

mínu. Hann gagnaðist vel þegar innkallaðir eða heimsækjendur til Yfirskattanefndar Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðarkaupstaðar mættu þar að sumarlagi, en heimkynni þessarrar virðulegu nefndar var þá á heimili okkar í ytri stofunni, inn af forstofunni, sem var biðsalur. Hin myndin er af svona körfustól í sumarbústaðnum okkar í Hveragerði. Sem sagt einn fór til Hafnarfjarðar, en hinn í Hveragerði.

Nú kemur kenningin um flökkulíf körfustólanna. Þeir voru stofustólar Jóhanns, pabba míns sem piparsveins. Svo mubbleraði hann íbúð fyrir brúði sína aldeilis vel, þegar hún mætti til brúðkaups. Þá var ekki pláss fyrir körfustóla piparsveinalífsins. Altso, stólarnir fóru til afa gamla á Beru-stöðum. Þar tók hann mig á hné sér í körfustól sonar síns, sem sá gamli hafði þar fyrir sig. Svo kemur næsti kafli tilgátunnar. Þar eru tveir möguleikar, annaðhvort var stólunum skilað þegar sá gamli, Þorsteinn deyr, ellegar þegar Óskar sonur hans, sem tók við búinu hætti búskap og seldi jörðina. Hvort sem var skiptir litlu máli, nema að því leytinu, hvort ég man stólaflutningana þriggja til fjögurra ára eða tveim árum síðar eða svo, og er það þá reyndar varla til eftirtektar. Hitt er ljóst, samkvæmt mínum minningum og þeóriu, að þeir voru vel nýttir, jafnvel þótt annar væri skaddaður. En ég man líka að það var gott að sitja í þeim, þeir tóku vel utan um mann, lítinn sem stóran, og voru ekkert að tískupokast. Heimsækjendur í Sumarhöll foreldra minna í Hveragerði sem og menn á pínubekk yfirheyrslu um skattundandrátt í biðsal Yfirskattanefndar gátu átt notalega stund í þeirra faðmi.



## ... í einu innrömmuðu eintaki

Í bókahillu minni stendur lítill tveggja glerja rammi. Milli glerjanna er enn minni pappírsmiði. Skrifað hefur verið á báðar hliðar hans. Þessi rammi gengur undir nafninu „Ævisaga í einu innrömmuðu eintaki“. Ráða má af því sem á miðanum stendur að hann hafi verið ritaður árið 1960, því að þar lýkur að segja af hinu rakta æviskeiði. Skriffærið sem notað hefur verið gefur líka sama ártal til kynna. Það er tússpenni af því tagi sem notaður var meðal annars hjá Landmælingum Íslands til þess að merkja örnefni inn á loftmyndir. Sagan er sérstök að því leyti að hún er rakin í öfugri tímaröð, byrjar 1960 en endar 1946. Af upptalningunni má sjá tíðarandann, sem einkenndist af því að allir, líka börn og unglingar, áttu að gera gagn og leggja sitt af mörkum hvort heldur var í kaupstað eða sveit og nota sumarið til að vinna sér inn pening til útgjalda vetrarins. Sérstaða mín var hins vegar að ég komst alloft til útlanda að sumri til. Þennan miða, 7 sinnum 13 sm, rifinn út úr lítilli vasabók skrifaði ég seinna sumarið sem ég vann hjá Landmælingum Íslands. Honum hafði ég algjörlega gleymt, þegar hann barst upp í hendurnar á mér löngu seinna en varðveitti vel æ síðan og lét loks smíða ramma um hann. Smiðurinn og hönnuður eftir minni forskrift var æskuvínurinn Einar Þórir Jónsson.

Innrömmun annaðist annar góður vinur Hilmar Einarsson í Morkinskinnu. Mig minnir að það hafi verið þegar móðir mín fluttist á Hrafnistu til dvalar, sem hún dró þennan miða upp úr þússi sínu og gaf mér. Ég man að ég þekkti hann strax og þótti mjög gaman að. Ásetti mér að geyma vel og finna viðeigandi sess. Mamma hafði þá geymt miðann líklegast í nærfellt fjóra áratugi, hvernig sem hún komst nú yfir hann á sínum tíma.

Fyrir hvert ár á tímabilinu er sumarstarf eða sumardvöl gefið til kynna í einni línu eða svo, fáeinum orðum oftast einu til tveimur.

Seinasta línan er svona: 46 - UTANFÖR. Sumarið 1946 fór mamma með okkur krakkana til sumardvalar í Svíþjóð. Í næstsíðustu línu stendur: 47 – Á SUMARLIÐABÆ. Það vísar til þess að ég var falinn föðursystur minni Jónínu í Sumarliðabæ og fjölskyldu hennar til umsjónar um tveggja vikna skeið. Ég minnst þess að með í för minni að Sumarliðabæ fékk ég glænýjan leikfangabíl, sem ég gat dregið á eftir mér. Þetta var vörubíll með sturtu og gagnaðist vel til vegagerðar. Á meðan ég var á Sumarliðabæ fóru foreldrar mínir ásamt Óskari föðurbróður mínum og Ingibjörgu konu hans í leiðangur til að hitta þriðja föðursystkinið Ingigerði á Skaftafelli í Öræfum. Sú ferð var farin akandi á fjölskyldubíl okkar Renault (10 hestöfl) fyrsta spölinn, en síðan ríðandi, líklega frá Teigingarlæk og loks gangandi yfir Skeiðarárjökul.

Næst stendur: 48 – Á BERUSTÖÐUM. Þetta var fyrsta sumarið mitt í sveit, eins og það var kallað. Nútíminn hafði ekki haldið innreið sína, allt var upp á gamla mátann, engar vélar, ekkert rafmagn. Allt afl til verka fékkst frá annars vegar hestum og svo manningum sjálfum. Svo kemur: 49 – UTANFÖR og vísar til sumarlangrar dvalar í Svíþjóð hjá ættingjum og vinum eins og 1946. Þá lá leiðin heim yfir Oslo, gist þar í útleigðu herbergi og borgin skoðuð meðal annars

---

hinn eftirminnilegi Vigelandsgarður. Við árin 1950 og 1951 er ritað: Á BERUSTÖÐUM, en við 1952: Á SKAFTAFELLI, en þar var ég í sveit það sumarið. Á Berustöðum fékk ég að kynnast búskaparháttum eins og þeir voru áður en vélvæðingin hélt innreið sína og fyrstu skrefunum í átt til nútímans. Í Skaftafelli í Örafum voru aðstæður enn frumstæðari að flestu leyti en ekki öllu, en náttúran og umhverfið var hreint ævintýri. Upplifunin var einstök. Þar með lýkur því tímabili sem kallað var „að vera í sveit“.

Næsta sumar 1953 vann ég um tíma í gróðrastöð í Hveragerði, Lindarbrekku, aðallega við að vökva plöntur og halda ógresi í skefjum, en byrjaði sumarið á að vinna á Skattstofu Hafnarfjarðar. Starfið var fólgið í því að fletta upp í töflum álögðum skatti fyrir hvern framteljanda í Hafnarfirði og handskrifa alla skattskrá Hafnarfjarðarkaupstaðar. Tveimur skrifborðum hafði verið raðað saman þannig að þeir sem við þau sátu sneru á móti hvor öðrum. Jón Sigurgeirsson starfsmaður skattstofunnar sat andspænis mér. Hann var með bunka af framtölum og fletti upp framtöldum tekjum og eignum en ég var með töflur sem gáfu upp tekjuskatt og eignarskatt miðað við uppgefnar tekjur og eignir. Báðir vorum við með stór eyðublöð með dálkum fyrir nafn, heimilisfang, tekjur, tekjuskatt, eignir og eignaskatt. Á þessi blöð skrifuðum við sjálfa skattskrána með þessum upplýsingum. Skriffærið var svonefndur anólínblýantur sem var mjög harður og slitnaði hægt. Ekki veitti af því hvor um sig var að skrifa skrána í 4 eða 5 eintökum notandi kalkipappir til afritunar. Fyrir þetta starf fékk ég fyrstu raunverulegu laun mín. Fyrir launin keypti ég skrifborð úr birki, sem nú er komið til Kaliforníu og tvo stóla, annars vegar stól til að sitja á við skrifborðið og hins vegar setustól af einfaldri gerð. Entust þeir vel eins og skrifborðið en hafa lokið hlutverki sínu fyrir löngu, þegar þetta er ritað.

Sumarið 1954 var helgað fiskvinnu og utanför. Fiskvinnan var í Íshúsi Hafnarfjarðar við Strandgötuna, ýmis konar snatt og snúningar, merkingar á saltfiskpokum vegna útflutnings og að koma fiskbökkum í og úr frystitækjum. Til utanfararinnar var þessu sinni valið að fara sjóleiðis og tókum við pabbi Strandferðaskipið Heklu frá Ríkisskipum í byrjun ágúst og var heimilisbíllinn hafður með í för. Mamma og Inga Maja systir höfðu lagt í hann að vorlagi með Gullfossi frá Eimskipum. Hekla hafði viðkomu á ýmsum stöðum, fyrst í Færeyjum, svo í Bergen, Kristianstad og Kaupmannahöfn en síðast í áfangastað okkar Gautaborg. Gaf margt nýstárlegt að sjá og heyra á þessum stöðum. Í Færeyjum var ekið í Kirkjubæ til Erlendar Paturssonar, bílarnir flautandi í hverri blindbeygju. Húsin í höfuðstaðnum Þórshöfn voru mörg bikuð með tjöru og með grasþekju. Í Bergen var farið með dráttarvagni upp á Floyen og gengið niður í rigningu. Sagt var að hestar fældust í Bergen ef þeir sæju mann án regnhlífar.

Sumarið 1955 vann ég fyrst á bílaverkstæði sem fékkst við réttingar og lökkun farartækjanna. Vinnan var óþrifaleg og fólst nær eingöngu í því að slípa sparsl sem jafnaði misjöfnur í áferð og að massa nýlakkada bílana til að ná upp réttum gljáa. Verkstæðið var við Lækjagötu og stýrt af Svenna í Brautarholti, Sveini Magnúsyni, og föður hans Magnúsi Kjartanssyni (fyrrv. bæjarfulltrúa). Síðari hluta sumarsins var ég í byggingarvinnu á Hellu á Rangárvöllum, búandi hjá Guðjóni föðurbróður mínum og sonum hans Sigga og Héðni en matast var í mótuneyti á vegum Kaupfélagsins Þórs. Þarna sýslaði ég við steypuvinnu, tiltekt og mótapríf við byggingu nýs verslunarhúss fyrir Kaupfélagið og endurbætur á sláturhúsi. Ég man að hjólbörurnar fullar af steypu voru þungar og vandi að stýra þeim eftir mjóum plankabrautum. Meðal vinnufélaga var bóndinn og hestamað-

---

urinn Sigurður Haraldsson, faðir skemmtikraftanna Halla og Ladda. Seinasta part sumarsins var ég handlangari hjá Magga múrara í húsi sem Siggi frændi var að reisa sér á Hellu.

Næsta sumar var ég orðin 16 ára og því liðtækur á almennum vinnumarkaði og þangað komst ég í mjög eftirsótt störf. Sem almenn verkamannastörf voru þau fyrst og fremst eftirsótt vegna þess að vinnutíminn var langur, mikil eftirvinna og safnaðist því vel í peningapunginn, sem vildi annars verða léttur hjá námsmönnum. Þetta var svokölluð kanavinna (fyrir Ameríkana). Hún var á Heiðarfjalli á Langanesi við að reisa radarstöð með húsum fyrir aðstöðu og starfsfólk. Þangað var flogið með farkosti þess tíma, Douglas DC 3. Við tók akstur upp á fjallið. Aðbúnaður var ekki stórbrotinn og þætti vansæmandi nú á tímum. Við vorum fjórir um svefnskála: Sigurður Thoroddssen frá Hafnarfirði á hægri hönd miðað við inngang og Helgi Jónsson frá Böggvisstöðum Dalvík í efri koju. Ég var í neðri koju vinstra megin og Arngrímur Jóhannsson frá Akureyri í þeirri efri.

Við árið 1957 stendur: skattur, utan með Viscount. Ég var semsé starfandi við skattamál hálf tækið en flaug síðan til Norðurlandanna seinni hluta sumars og þá með endurnýjuðum vélakosti íslensks flugfélags, skrúfuþotu af gerðinni Viscount. Skattastússið var þessu sinni á vegum Yfirskattanefndar Gullbringu og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðararkaupstaðar. Starfsaðstaðan var önnur stofan á heimili foreldra minna en faðir minn var nefndarmaður og aðalstarfsmaður nefndarinnar. Nefndin þurfti hins vegar að ljúka yfirferð framtala um mitt sumar svo að álagning gæti komið út á réttum tíma. Þarna lærði ég ýmislegt um skattamál og hvernig sannreyna mætti áreiðanleika framtalanna. Árið eftir var ég aftur við sumarstörf fyrri hluta sumars hjá Yfirskattanefndinni, en seinni partinn var ég í byggingar-

vinnu hjá Byggingarfélaginu Þór (sem var hliðarfyrirtæki við Skipasmíðastöðina Dröfn). Verkefnið var svonefnd kennarablokk við Öldutúnsskóla.

Vorið 1959, nýútsskrifaður stúdent, fékk ég vinnu hjá Landmælingum Íslands. Verkefnið var landmælingar og örnefnasöfnun. Unnið var með ljósmyndir úr lofti og örnefni skrifuð inn á þær með sérstökum tússpenna. Rýnt var í tvær myndir í senn með þrívíddargleraugum. Ferðast var milli bæja og garnirnar raktar úr bændum og búaliði. Því fylgdi endalaus kaffidrykkja með kökum, jafnvel hnallþór-um, þótt fisklykt bærisk kannske úr eldhúsi. (Aldrei boðið upp á fisk.) Farkosturinn var hertrúkkur af gerðinni DODGE WEAPON og bifreiðarstjórnin var ávallt falin mér. Ók ég mikinn, sem sagt bæði hratt og mikið. Um helgar þurfti oft að fara um langan veg til að komast á sveitaball. Ein slík ferð er minnisstæð. Félagarnir Jón Ragnar Stefánsson og Sigurður Steinþórsson höfðu verið sendir á mælipunkt upp á Skarðsheiði, bjuggu þar í tjaldi og biðu þess að þoku létti svo unnt væri að mæla. Biðin varð löng og eftir því ströng og taldist í vikum. Eina helgina brugðu þeir sér niður af fjallinu og á ball með okkur sem vorum á láglandinu. Þá vildi svo slysalega til að ég ók of tæpt út í vegkant, sem seig undan bílnum og festist bifreiðin. Alltáfsamt varð að koma fartæk- inu úr svaðinu og tafðist því för okkar heim af ballinu. Á meðan sviptist skýjahulan af toppi Skarðsheiðar um nokkra hríð, en settist þar aftur áður en þeir félagar náðu á toppinn. Hann var svartur af illsku danski herfönginginn sem stjórnaði mælingum, þegar hann frétti tíðindin. Við tók framhalds- dvöl þeirra félaga í tjaldinu að bíða skyggnis. Næsta sumar hélt ég sama starfi. Hið fyrra var á Vesturlandi, en sumarið 1960 var á Vestfjörðum. Þetta var skemmtilegt starf, góðir félagar og veitti mér mikinn fróðleik um þessa landshluta og fólkið sem þá byggði. Veturnir frá sjöunda aldursári fram



---

undir tvítugt fóru í skólagöngu, fyrst í Barnaskóla Hafnarfjarðar (síðar Lækjarskóli), síðan í Flensborgarskóla og loks í Menntaskólanum í Reykjavík. Á þessum tíma var bara einn barnaskóli í Hafnarfirði og Flensborgarskóli var gagnfræðaskóli sem hýsti unglingaskóla og landsprófsbekk. Auk Menntaskólans í Reykjavík voru einungis tveir menntaskólar, annar á Akureyri hinn að Laugarvatni.

Faðir minn var kennari þess bekkjar í barnaskóla sem mér var skipað í og kenndi bekknum fyrstu þrjú námsárin. Í bekk með mér voru ýmsir krakkar sem höfðu fengið forskot á lærdóminn með því að fara í lestrarnám hjá kennurum sem veittu slíka tilsögn heima hjá sér. Ég hafði ekki hlotið slíkt og var latur til námsins framan af. Leist karli föður mínum varla á blikuna. Fyrsta einkunnin í lestri var harla lág, nefnilega 3,8. Ég var tossi í lestri en hafði gaman að reikningi. Það rættist svo úr lestrarkunnáttunni á öðru skólaári. Reikningur heillaði mig hins vegar og ég fór í gegnum hvert heftið á fætur öðru langt fram úr bekkjarsystkinum mínum. Reikningspróf voru þá með þeim hætti að sama próf var lagt fyrir alla nemendur barnaskólans, en eftir því sem aftar dró á prófsblaðinu komu námsefni sem ekki voru kennd nema í efri bekkjunum. Í 4. bekk kenndi sá frægi handboltafrömuður Hallsteinn Hinriksson mér reikning. Þá um vorið reiknaði ég allt prófblaðið rétt og fékk 10 í einkunn. Ég sé enn fyrir mér hvað Hallsteinn var glaður á svipinn þegar hann tilkynnti þetta. Árshátíðir með skemmtiatriðum voru fastur liður í skólalastarfinu. Á einni slíkri var mér gert að leika töframann. Þá saumaði mamma á mig kjólföt úr gráu efni svo að ég sómði mér vel. Hápunktur leikferils míns var hins vegar 1951. Þá setti Leikfélag Hafnarfjarðar upp verkið Kinnahvolssystemur í leikstjórn Einars Pálssonar með Huldu Runólfsdóttur og Sigurð Kristinsson í aðalhlutverkum. Þetta er draugalegt verk. Vorum við fengin fjögur

úr Barnaskólanum til þess að leika drauga. Þarna kynntist ég mörgu skemmtilegu og eftirtektarverðu fólki t.d. tónskáldinu Sigfúsi Halldórssyni. Það var líka spennandi að fylgjast með og taka þátt í æfingum og öðrum undirbúningi og svo lífinu að tjaldabaki. Fyrir leikaralaunin keypti ég Ritsafn H.C. Andersens í þremur bindum, sem þá var nýkomið út. Ritsafnið trónir nú á efstu hillunni í bókaskáp okkar hjóna. Á þessum árum gerði faðir minn mig að áskrifanda barnablaðsins *Æskunnar*. Ég tók eftir því að krakkar skrifuðu pistla í blaðið og langaði að spreyta mig á því líka. Sendi ég inn greinarkorn eða lífsreynslusögu undir titlinum „Þegar ég týndist og lögreglan tók mig“ og var hún birt í 1.-2. tbl. 1952. Guðjón Guðjónsson var ritstjóri *Æskunnar* en hann var skólastjóri í Barnaskóla Hafnarfjarðar. Kallaði hann mig til sín og sagði að úr því að ég gæti skrifað svona frásögn í *Æskuna* ættum við krakkarnir í seinasta bekk skólans að geta sett saman efni í skólablað. Hann skyldi fjölrita það fyrir okkur. Bekkjarfélagarnir voru til í þetta og gáfum við út tvö tölublöð af blaði sem við nefndum GLAMPAR, 1951 og 1952. Þetta reyndist skemmtilegt og spennandi viðfangsefni. Við ákváðum að láta prenta útsíður blaðsins, hafa þar auglýsingar sem við söfnuðum og greiddu fyrir prentunina. Prentsmiðja Hafnarfjarðar vann verkið og við fylgdumst vel með því og kynntumst þannig gangverkinu í setningu og prentun. Margir komu að verkefninu og samvinna var góð. Líklega var Helgi Maríasson hvað ötulastur. Rithöfundar voru bekkjarsystkinin Björn Ólafsson, Hrafnkell Ásgeirsson, Elísabet Pálsdóttir, Kjartan Jóhannsson, Helgi Maríasson, Guðmundur Marel Bjarnason, Jónína Helgadóttir og Ásgeir Árnason.

Í Flensborg tók ég nokkurn þátt í félagslífinu. Tók til máls á málfundum strax í fyrsta bekk við lítinn fögnuð eða undirtektir eldri bekkinga. Seinna fólu þeir mér fram-

---

sögu um eitthvert efni, sem ég man ekki. Í þriðja bekk fékk formaður skemmtinefndar Sveinn Guðbjartsson mig til þess að skrifa annál ársins, sem ég flutti svo á árshátíðinni. Námið sóttist vel. Það voru stærðfræði og eðlisfræði sem ég hafði mest gaman að. Algebra, sem vafðist fyrir mörgum, átti vel við mig. Á miðsvetrarprófinu í þriðja bekk kom kennari minn í algebru Benedikt Tómasson skólastjóri oft til að gægjast í úrlausnina hjá mér en sneri jafnan frá þar til í fjórða sinni þá tók hann af mér úrlausnarblaðið og sagði mér að fara, ég væri búinn. Skýringin var sú að eitt dæmið hafði misritast og varð útkoman skritin. Fann Benedikt því ekki réttu úrlausnina í fyrri heimsóknum, en komst að villunni í uppsetningu dæmisins um síðir. Allt var rétt hjá mér og ég fékk tíu í prófseinkunn.

Þegar ég var í 3. bekk M.R. var sveitungur minn Kristján Bersi ritstjóri Skólablaðsins. Hann vildi ólmur fá mig til að skrifa í blaðið. Ég velti nokkuð vöngum yfir þessu og endaði á því að skrifa einu smásöguna sem ég hef skrifað á ævinni (eftir fermingu). Hún nefndist „Lög og reglugerðir“ (maí 1956) og var útlekking eða ýkt endursögn á sögu sem ég hafði heyrt í sveitinni (Ásahreppi) af Mensalder Mensalderessyni, sem Bjarna Harðarson ritaði nýlega feikngóða bók um. Síðar skrifaði ég nokkuð um félagslíf og skólamálefni í blaðið auk ritdóms um Herranótt. Fljótlega tók ég þátt í málfundum og var kjörinn Scriba Scholaris fyrir námsárið í 5. bekk og forseti Málfundafélagsins Framtíðarinnar í 6. bekk. Stundum rifja ég upp sérstætt atvik úr þriðja bekk þegar ég var nýkominn í skólann. Þannig var að daginn birtist hinn virðulegi rektor skólans Pálmi Hannesson í bekknum og hélt ávítunartölu vegna lélegrar mætingar í kennslustundir í söng. Notaði hann þung orð og stór. Ég vildi ekki sitja undir þessu, spratt úr sæti mínu og sagði að þessi orð gætu nú ekki átt við um alla hér inni. Kennarinn

hefði til að mynda nánast rekið mig vegna þess að ég væri laglaus. Sumum bekkjarsystkinum þótti skrítið að ég færi að standa upp í hárinum á rektor sjálfum. Einhvern tímann velti ég því fyrir mér hvort þetta litla atvik varð til þess að ég var óforvarandis tilnefndur í mælskukeppni í Selsferð skömmu síðar. Sumarið milli fimmta og sjötta bekkjar kom Einar Magnússon kennari að máli við mig og sagði að það þyrfti að fá sjálfbóðaliða til viðgerða á Selinu. Það þyrfti að mála og snyrta og vatnsveitan væri ónýt og yrði að endurnýja hana. Hún kom úr lind uppi í fjallinu ofan Selsins. Spurði hann mig hvort ég gæti ekki náð í eitthvert lið í þetta verkefni. Ég var til í það, hringdi út og suður í þá sem voru í bænum, skipulagði ferðir og verkefni. Þetta gekk allt vel og þeir sem þátt tóku höfðu gaman af. Úr stúdentsprófunum er þrennt minnisstætt. Fyrsta munnlega prófið var í eðlisfræði. Ég bunaði út úr mér því sem kom í hugann varðandi það efni sem ég hafði dregið til prófs, en fannst í lokin að ég hefði sleppt eða gleymt að geta um margt og var hundfúll með frammistöðuna, skellti hurðum og hraðaði mér beint heim. Seinna um daginn hringdi bekkjarfélagi minn Sigurður Þórðarson og spurði hvort ég vildi ekki fá að vita hvað ég hefði fengið í einkunn. Eitthvað rumdi í mér að það væri í lagi. Þú fékkst 10 sagði Siggi. Vertu ekki að gera grín að mér svaraði ég. En þú fékkst 10 endurtók Siggi, en Guðmundur Arnlaugsson kennari sagði að þú hefðir verið eins rauður og jakkinn þegar þú gekkst út. Getu verður þess að allan sjötta bekkinn gekk ég í rauðum eða svartrauðofnum jakka sem var í miklu uppáhaldi hjá mér. Annað tilvikið var í skriflegri íslensku. Meðal efnanna sem kostur var að skrifa um var eitt sem mér leist skár á en hin: „Flug.“ Skrifaði ég um gagnsemi flugsins og þróun þess af íslenskum sjónarhóli. Þetta var fullt af fróðleik og þekkingu og vangaveltum. Þegar þrjár stundarfjórðungar voru eftir af ásettum ritgerðar-

---

tíma las ég smíðina yfir. Sá ég þá í hendi mér að fyrir þetta fengi ég heldur snautlega einkunn. Þetta var rislaust, ekkert bókmenntalegt og félli áreiðanlega ekki í kramið hjá dæmendum. Reif ég skrifin og fann nýja nálgun. Efnið varð „Hugarflug“. Fylltist ég andagift, vitnaði í stórskáldin hvert á fætur öðru og ritsmíðin rakti sig á ógnarhraða með himnskautum. Fyrir ritgerðina fékk ég háa ágætiseinkunn, þá hæstu í árganginum. Hið þriðja sem er mér minnisstætt úr þessum prófum varðar stjörnufræðina. Þar dró ég einmitt eina dæmið sem hafði alltaf vafist fyrir mér, gataði og þótti fúlt. Við útskrift hlaut ég tvenn verðlaun. Fyrir árangur í eðlisfræði bók sem nefnist „Matter Earth and Sky“. Og fyrir framtak í félagsmálum (líklegast aðallega út af vinnunni við Selið). Það var úr minningarsjóði Pálma rektors Hannessonar. Því fylgdu ekkert plakat eða skrif. Það var peningaseðill í umslagi. Ég geymdi umslagið lengi en nú er það týnt.



## Hveragerði

Það mun hafa verið lýðveldisárið, 1944, sem barnakennari úr Hafnarfirði tók sér skóflu í hönd og hóf að grafa holu í leirkenndum mel efst í Hveragerðishreppi, rétt við slóðann sem var þjóðbrautin að Reykjadal. Þetta var eiginlega gullgröftur upp á íslenskan mælikvarða. Það var heita vatnið sem var gulls ígildi. Hveragerði bauð víða upp á þess konar gull. Barnakennarinn ætlaði sér ekki mikinn auð af greftrinum. Hann var að leita að volgru í húskofa. Hann hafði valið staðinn til leitar af kostgæfni. Á þessum slóðum var melurinn volgur, jafnvel heitur. Eiginkona hans hafði grafið einmitt þarna stampa með brauðdegi að kvöldi og uppskorið lystigott velbakað brauð daginn eftir. Holan var líka grafin þar sem hallandinn í landinu og brautinni í Reykjadal var rétt að aukast upp á hámelinn. Þar ætti að vera vatns von. Barnakennarinn, ættaður austan úr Holtum í Rangárfingi, vissi hvar menn settu þar niður brunna. Hann gróf holu sína eins og forfeður hans og ættingjar höfðu grafið sína brunna og einmitt í samræmi við reynsluna um hvar væri vatns að vænta. Árangur enginn. Honum og grönnum hans og vinum kom ásamt um að brunngreftri yrði ekki fram haldið, annarra ráða væri þörf. Sköffuð var firnalöng rörpípa tvær og hálf tomma í þvermál, rekin niður í botn holunnar og lam-

in til góðrar framlengingar niður fyrir botn brunnsins. Svo var mokað ofan í holuna í kringum pípuna. Næsti áfangi var nefnilega að fá til framhaldsverks handbor, eins og það var kallað. Lögðust nú margir á árar. Ekki má gera ráð fyrir að þetta hafi verið fyrstu bormenn Hveragerðis, en þeir voru greinilega góðir grannar og vinir barnakennarans, því hann átti sér skamma sögu á þessum slóðum. Bormennirnir náðu því að festast á ljósmynd. Það var svonefnd kassavél sem notuð var við ljósmyndunina, hún hafði fyrirfram ákveðna skerpu og fókus og náði bestu myndgæðum miðað við slíkar forsendur. Bormennirnir voru Sigurjón frá Stóra Saurbæ í Ölfusi, Gunnar Magnússon í Lundi (nú Laufskógum 32), Haukur Baldvins í Lindarbrekku (nú Laufskálum 28), og svo barnakennarinn, Jóhann Þorsteinsson. Og svo settust menn á sveifina, en ekkert gerðist, ekkert heitt vatn, þótt þeim entist örendis gæska lengi í viðleitninni. Það var ekki gaman eftir allt þetta puð, en það átti eftir að breytast.

Jóhann Þorsteinsson og eiginkona hans Astrid, af sænskum uppruna, höfðu ári fyrir en áður er greint og sögð hólusaga, reist sér sumarbústað þarna í holtamelunum ofan við hina eiginlegu og samfelldu byggð í Hveragerði. Aðrir sumarhúsabyggjendur voru á þessum tíma niður á sléttlendinu, suður og vestur af hinum sjóðandi miðkjarna Hveragerðis. Jóhann og Astrid völdu meira víðsýni og víðari grenndar-nánd. Þetta var flottur staður, en allger allsleysa. Það var kannske ekki meiriháttar vandamál á þessum tíma. Kamar var þá eiginlega eðlileg aðstaða. Þótt sækja þyrfti vatn á næstu bæi, ef það nam inna við hundrað metrum, var það ekki tiltökumál. Ein af ástæðum þess að kaupstaðabúar reistu dvalarstaði á landsbyggðinni á þessum tíma var heimsstyrjöldin sem þá geisaði. „Koma konu og börnum undan, ef ráðist yrði á bæina.“ Hitt var spurningin um að komast úr bæjarrykinu og búa börnum heilnæmara um-



---

hverfi. Hvorttveggja hefur sjálfsagt átt við þegar Jóhann og Astrid ákváðu að reisa sér sumarbústað. Hinu verður þó við að bæta, að Hveragerði varð fyrir valinu út af hveraloftinu. Astrid hafði nefnilega átt við að stríða astmaköst, sem eru eins og þeir sem kynnst hafa hræðilega erfið fyrir líkama og sál, ekki bara þolandans sjálfs, heldur líka ástvini alla. Hin læknisfræðilega þekking þess tíma, þótt þyki kyndugt nú, taldi að hveraloftið mundi slá á astmann.

Húsið, sumarbústaðurinn sem Jóhann og Astrid reistu þarna í einskismannslandi, hundarað metra norðan við Lund, Lindarbrekku og húsið sem Jóhannes frá Kötlum bjó þá í, var ekki stórt, en þau voru stolt af því. Það var málað rautt með hvítum gluggapóstum og stöfnum. Það var 16 fermetrar, fjórum sinnum fjórir metrar, en þar reyndist oft mikið pláss fyrir marga gesti. Hin sænskfædda Astrid hafði nú eignast sína sumarhöll. Nafna hennar í Svíþjóð, prinsessan Astrid átti sér líka sumardvalarstað, sá hét Drottningholm. Sumarhúsið í melbarðinu hlaut sama heiti. Sumarbústaðurinn sem Astrid hingaðflutt frá Svíaríki eignaðist þarna í stríðinu var höll á við sumarsetur sviapresessunnar, sextán fermetrar í einskismannslandi, en í Hveragerði, sem sagt DROTTNINGHOLM. Sannlega fyrsta og einasta konungshöll í Hveragerði, nema annað sannist.

Náttúruöflin reyndust bormönnum öflugri þegar kom að sókninni eftir heitu vatni. Eftir vonbrigðin að hvorki brunngröftur né handborun vaskra manna gat skilað heitu vatni, komu önnur öfl til bjargar. Hekla, sú fjalladrottning og eldfjallakóngur setti á eldgos eftir hundrað ára hlé árið 1947. Þá urðu landskjálftar miklir um Suðurland, það hrundu þá grjótt úr hamrinum í Hveragerði. Handboraði pípusúturinn sem var lokahnykkur heitavatnsleitar barnakennarans tók við sér. Hekluhræingar gerðu hann að síspúandi heitavatnshver. Og þá hófst virkjun þessarrar nátrúauðlindar.

Fyrst var fundin olíutunna, á hana boruð tvö göt, eitt sem smeygðist yfir rörstútin sem spjó heitu vatninu úr iðrum jarðar og hitt aðeins ofar fyrir heimæðina að Drottningholm. Úr þeirri útrás var lögð einföld pípulögn, eintomma, yfir melinn, vafin tjörupappa sem einu einangrun, dregin inn í efra húshorn norðvestanvert, tengd þar í tveggja tommu rör sem lagt var um tvær hliðar sumarhússins og síðan veitt út að suðaustanverðu. Þetta gaf feikinóga upphitun í sumarhúsinu. (Slotið Drottningholm var nú síupphitað allt árið og tók hinum sænska nafna sínum fram í því mæli!) Fljótlega var ákveðið, að nýta mætti betur affallsvatnið, þarna í suðausturhorninu, það var býsna heitt þótt upphitunarhlutverkinu í slotinu væri lokið. Því var steipt baðker eða heitur pottur undir frárennslið. Ekki er vitað hvort þetta var fyrsti heiti potturinn á Íslandi, þótt það hafi verið fljótlega uppúr 1950, en hitt er víst að fjölskyldan hafði af kerinu góð not og skemmtileg. Vilji menn búa til þjóðsögur, mundi svo heita, að fyrsta drottningarhöll á Íslandi og fyrsti heiti potturinn hafi verið í Hveragerði, en það væri þá líklega bara ýkjusaga.

Það var í þessu umhverfi sem höfundur þessa greinarkorns fékk að eiga sumarhluta á mörgum fyrstu æviára sinna. Ég hef verið tveggja og hálfis árs gamall, 1942, þegar foreldrar mínir, þau Jóhann og Astrid réðust í að reisa sér sumarbústað í Hveragerði. Ég hef löngum verið verkfús, kannske stundum um of, en allavega var ég þegar á þriðja ári reiðubúinn að leggja hönd að verki við frágang á sumarbústaðnum. Við tóku svo yndislegir sumartímar í Hveragerði. Móðir mín fór með mig og síðar mig og systur mína til sumardvalar í Hveragerði í allnokkur ár. Stundum voru líka barnapíur til að líta eftir mér eða systur minni. Þá var lífið leikur. Hamarinn klifinn, farið í berjamó upp undir Reykjadal, buslað í Reykjadalsá. Svo var maður sendur í búðaferð niður í einu verslun staðarins, Reykjafoss, þar

---

sem Ragnar og Kristján réðu ríkjum. Og þeir voru eiginlega partur af Hveragerðisfjölskyldu okkar. Hvernig þá? Næstu og nánustu grannar voru Haukur og Vilma í Lindarbrekku. Haukur kom að norðan, hann var íhald, en Vilma var að vestan, systur hennar tvær áttu annars vegar Ragnar, góðan krata, og Kristján að eiginmönnum. Þetta fólk hittist oft í Lindarbrekku, þannig fjölskyldutengt. Það var nefnilega þannig, að tilvera okkar þarna í holtinu var nátengd Lindarbrekku. Þaðan fengum við vatnið. Þar var leikfélagi að finna.

Við vorum varla komin í hús í Drottningholm að vorlagi fyrr en ég hljóp eins og fætur toguðu niður brekkuna til þess að finna félagi minn í Lindarbrekku, jafnaldrann Svavar Hauksson. Næsta verkefni var víst venjulega að sækja vatn. Tvær fötur. Ná í vatn að Lindarbrekku. Lítt hlaðnar fötur fyrri árin, þyngri síðar. En svo þurftum við Svavar að endurnýja ríki okkar, sem vetur konungar hafði spillt en ekki afmáð. Ríki okkar var melurinn vestan við sumarbústaðinn, milli bústaðarins og sandgryfjunnar þar fyrir vestan. Ofan í sandgryfjuna og inn að umráðasvæði okkar hafa nú ruðst hús og lóðir, tiltölulega nýverið og bera einkenni eins og Laufskógar 38. Þá var ríki okkar bara fyrir okkur. Þar voru lagðir vegir og byggðir bílskúrar og leystar ýmsar þrautir. Efniviðurinn var steinar og gjót á melnum. Við áttum bara sinn hvorn bíl til leikja á svæðinu, minn var frekar háreistur steinn, svona eins og Stúdibeiker frá því fyrir stríð, samskonar og Doddi á Suðurgötu 11 í Hafnarfirði átti, en bíll Svavars var rennilegur, frekar flatur, eins og af nýrri tíð, eiginlega kappaksturslegur. Hvað sem því leið voru fyrstu verkefni hvers okkar að vori að finna bílana frá fyrra sumri. Það tókst alltaf og hvor var sáttur við sinn bíl og vegalagning hófst og aðrar umbætur á svæðinu. Aldrei kappaskur, bara uppbygging.

Litlu höllinni á melnum var gert að víkja rétt fyrir miðjan áttunda áratuginn. Lóðasamningur við hinn fyrrum allsráðandi Herbert í Hveragerði reyndist gagnlaust plagg. Sumarbústaðurinn var fluttur fyrst að bökkum Ægisíðufoss en síðar í land Helluvaðs við Hellu á Rangárvöllum, nú endurbyggður undir sama nafni. Öll ummerki um bústaðinn og heita pottinn og gömlu góðu holuna, sem Hekla virkjaði hafa verið kirfilega afmáð. Samt eru þarna enn minjar um handarverk foreldra minna og reyndar míns sjálfs. Bakatil og til austurs af lóð hússins númer 38 við Laufskóga má nefnilega sjá tvö nokkuð myndarleg grenitré. Sumarhöllin, Drottningholm stóð skáhallt á milli þeirra. Gróðursetning þeirra var okkar verk. (Ýmis önnur tré af lóðinni flutti ég reyndar burt og gróðursetti að nýju við hús okkar að Ölduslóð 27 í Hafnarfirði.) Mér finnst vænt um að þessi grenitré þrífist vel og séu a.m.k. mér minnistenging við staðinn. Bernskuminningar mínar úr Hveragerði eru bara ljós og leikur. Hveragerði á stóran hlut í mér, í mínu hjarta eins og sagt er. Og svo finnst mér hveralykt góð.

## Svíþjóðarferð 1946

Það var kalt í flugvélinni. Farþegar voru vafðir í teppi. Gluggarnir voru hátt uppi. Sex ára snáða dugði ekki að tilla sér á tá til þess að sjá út um gluggakrílin. Vélin hoppaði og skoppaði. Mörgum varð óglatt. Unnur frænka varð verulega flugveik. Strákurinn, sem var of stuttur til að sjá út um kýraugun upp við loft, fékk hlutverk. Flugfreyjan hafði kokkað heita súpu til að orna köldum farþegunum innan í ullarteppunum. Stráksa var falið að úthluta súpu til farþeganna og svona inn á milli að koma ælupokum í skjól hjá samstarfskonu sinni, flugfreyjunni. Það dugði snáða til þess að sleppa við flugveikina.

Þetta var árið 1946, árið eftir að heimsstyrjöldinni lauk. Flugsamgöngur milli Íslands og Evrópu höfðu hafist árið áður. Þessi flugvél átti það erindi að flytja farþega fyrsta spölinn frá eyjunni, Íslandi, til nándar við umheim. Þetta var flug frá Reykjavík til Prestwick í Skotlandi. Eftir að lent var í Prestwick var gengið til flugstöðvar. Þetta var lítil bygging, eiginlega bara einn salur, en samt sá ég þar undur, sem festist mér mjög í minni. Þessháttar hafði ég aldrei séð áður og varð eiginlega alveg gáttaður á að gæti átt sér stað. Gluggarnir í flugstöðinni náðu nefnilega alveg niður í gólf. Þetta var í mínum huga eiginlega merkilegra en flugferðin

sjálf.

Frá Prestwick tók við flug til Kaupmannahafnar. Flugvélin sem flutti okkur þann spöl var upphituð og með gluggum með góðu útsýni. Flugíð með henni var miklu styttra og þægilegra. Það var gaman að horfa niður og skoða jörðina, húsin, vegina, umferðina svona ofan frá og verða minni og minni eftir því sem flugvélin hækkaði flugið, en brátt var ekkert að sjá nema sjóinn. Við vorum fjögur í litla hópnum, sem var á leið til Svíþjóðar. Mamma, litla systin mín Inga Maja tveggja ára, frænka okkar Unnur Einarsdóttir og ég. Við systkinin og mamma vorum að fara að hitta afa og fleiri ættingja og vini mömmu, en hún hafði flust til Íslands átta árum fyrr og heimstyrjöldin hafði fljótlega eftir það skorið á nær öll samskipti hennar við sitt fólk handan Atlantsála. Unnur hafði notað tækifærið að slást í hópinn, með innritun í lýðháskóla í Svíþjóð yfir sumarið upp á vasann.

Við komuna til Kaupmannahafnar tók Lauga frænka á móti okkur og hjá henni mundum við gista. Hún og hennar fjölskylda átti eftir að verða fastur punktur í mörgum heim-sóknum okkar til Kaupmannahafnar allar götur upp frá því. Lauga hét fullu nafni Guðlaug Jónsdóttir áður en hún giftist dönskum manni, Mikael. Þaðan í frá bar hún eftirnafnið Ingemann Hansen. Hér var margt nýstárlegt að sjá. Húsin voru ekki eins og á Íslandi, þau voru sambyggð í langar lengjur, mörg rauðleit og hlaðin úr tígulsteinum. Á götunum var margt af fullorðnu fólki á reiðhjólum og þar gengu sporragnar sem klingdu stundum bjöllum til viðvörunar. Íbúðin hjá Laugu frænku var ekki stór en það var nóg pláss fyrir alla. Sumir sváfu á gólfinu. Þegar dýnur þraut mátti breiða þykkt lag af dagblöðum og teppi undir sig. Hér var glatt á hjalla. Lauga og Mikael voru alltaf glaðleg og mjög skemmtileg. Ég skildi auðvitað ekki Mikael en ég tók eftir því að mamma og hann áttu í líflegum samræðum og hlógu

---

að bröndurum hvors annars og Laugu. Það var öðruvísi með yngstu meðlimi hópsins, Ingu Maju og Thorsten, son Laugu og Mikaelis. Þau voru jafngömul og voru sífelldlega komin í hár saman út af öllu og engu.

Alltaf eitthvað nýtt. Ferðin áfram var með járnbraut. Sex ára snáðinn þurfti nú aldeilis að skoða það fyrirbrigði í krók og kring. Í nesti fékk ég ávöxt, sem ég hafði aldrei séð áður og bragðaðist vel, banana. Og svo fór járnbrautalestin upp í skip, ferju yfir til Svíþjóðar. Þá var hægt að stíga úr lestinni og fara út á þilfar, horfa yfir sjóinn, sjá eitt land hverfa smám saman og annað koma í ljós. Þarna voru líka bekkir til að tylla sér á. Þetta var löng ferð, fyrst yfir sundið og svo norður eftir Svíþjóð. Á leiðinni til Stokkhólms fengum við svefnklefa. Ég sofnaði fljótt undir taktföstu hljóðinu í lestinni. Um morguninn var skipt yfir í aðra lest, sem fór til Västerås. Þar tók afi, nefndur morfar að staðarsið, á móti okkur. Þann mann höfðum við systkinin bara séð á mynd fram að þessu og móðir okkar kvatt fyrir nærfellt átta árum.

Alvar afi bjó í tvílyftu húsi með kjallara. Á neðri hæðinni voru tvær íbúðir sem hann leigði út, en sjálfur bjó hann á efri hæðinni ásamt seinni konu sinni. Fyrri konan, amma okkar, dó ung, áður en ég kom til sögunnar. Húsið stóð í stórum garði. Þar var margt nýstárlegt fyrir krakka ofan af Íslandi, ávaxtatré af ýmsu tagi, plómutré, kirsuberjatré, eplatré og perutré. Þarna voru líka berjarunnar m.a. með hindiberjum. Svo var gænmetisgarður. Þar voru ræktuð jarðaber og baunir auk þessa venjulega grænmetis, sem við þekktum að heiman. Allt var þetta standandi veisla, sem við systkinin nutum til fulls, enda gaf gamli maðurinn allfrjálsan aðgang að ávöxtunum og af plómutrénu máttum við borða allt sem við gátum torgað.

Við systkinin komumst nokkuð fljótt upp á lagið að tjá okkur og þá sérstaklega óskir okkar á sænskunni. Litla syst-

ir var þó sprækari við það heldur en ég, a.m.k. til að byrja með. Hún var tveggja ára og vafði öllum um fingur sér, svo að mér þótti nú stundum nóg um athyglina sem hún fékk, auðvitað á minn kostnað að mér fannst. Afi var vitaskuld kallaður morfar, en konan hans mormor. Inga Maja fann hins vegar upp á að kalla hana múllímúlli. Það vakti hrifningu og festist svo við hana sem gælunafn okkar. Jarðarberin og baunirnar þóttu okkur lostæti. Því var úthlutað í litlum skömmtum. Jarðarberin voru af stærra taginu og nefndust því jordgubbar. „Mera gubbar, morfar“ gall gjarnan í systur minni. Og henni varð að ósk sinni. Múllímúllí átti tvo syni af fyrra hjónabandi, Helge og Thure, sem voru á svipuðum aldri og mamma. Þeir voru með ljósmyndadellu og tóku ótal ljósmyndir af okkur systkinunum og fjölskyldunni. Þannig geymast minningarperlur vel. Morfar var gamansamur en strangur og nákvæmur. Hann var æringi í aðra röndina og sagðar voru sögur af stríðni hans og uppátektum í æsku. Í þessari ferð vildi svo til að ég komst undir lögregluhendur. Ekki var það þó fyrir óknytta mína. Á ferð með mömmu í miðbænum fann ég barnaleikvöll sem mér fannst gaman að nota tækin í og var tregur til að hætta leik þótt mamma ætti fleiri erindi á þessum slóðum. Samdist um að ég héldi áfram að leika mér meðan móðir mín sinnti stuttu smáerindi, en tíminn er afstæður, aðrir krakkar fóru og gamanið gufaði upp. Að bar mann, sem fór með mig á lögreglustöð í grenndinni. Ég vissi hvar morfar átti heima og gat gert grein fyrir mér. Lögreglan ók mér heim í svonefndum radiobíl, sem mér fannst mjög merkilegur og varð af skemmtun góð. Um þetta skrifaði ég frásögn í Barnablaðið Æskuna þegar ég var tólf ára. Móðir mín birtist nokkru seinna svekkt og leið og þreytt, en eftir leit og örvæntingu fór hún til lögreglu sem upplýsti að ég væri komin heim. Þá fékk hún nú aldeilis yfirhalingu frá gamla manninum. Mikið var ég hneykslað-



---

ur á því að hann skyldi skamma mömmu mína. Það gerðu menn bara ekki.

Kyndugt þótti mér, hvernig menn ávörpuðu hvern annan, en þetta varð að læra og tileinka sér, jafnvel þótt maður væri barn, annars var voði á ferðum. Rangt ávarp var argasti dónaskapur og bar vott um lélegt uppeldi. Ekki dugði að þúa morfar eða mormor. Þau varð að ávarpa í þriðju persónu sem morfar eða mormor. Maðurinn sem leigði aðra íbúðina hjá afa hét Anders Nilsson. Hann hlaut hins vegar að ganga undir titlinum farbror Nilsson. Allir óskyldir karlar voru farbror og konurnar tant. Skyldmenni báru hins vegar viðeigandi ávarpsorð eftir skyldleikasambandi og var ævinlega talað til þeirra sem slíkra: faster Klara, morbror Tage o.s.frv. Þetta lærðist og komst fljótt upp í vana, þótt hátíðlegt væri. Ekki þótti einu sinni viðeigandi að þera fólk. Faster Klara var systir langafa (föðursystir Alvars) og vel við aldur. Henni lýsti ég svo að hún væri eins og krumpaður pappír í framan, enda var hún mjög hrukkótt. Seinna las ég um að sóst hafði verið eftir eiginmanni hennar í þingframboð fyrir kratana en hann sagst of lítið menntaður og afsagt með öllu. Hún átti fimm syni sem allir fluttust til Ameríku. Fyrir undraverða tilviljun varð ég við jarðarför eins þeirra og kynntist öðrum og er af því nokkur saga.

Það var margt að skoða og sjá. Landið var ólíkt sem og dýralífið. Sumt í dýralífinu var fallett en annað var til óþæginda eða vakti ótta. Fiðrildin voru mörg hver litskrúðug og skrautleg. Stundum tókst að fanga þau og skoða í krók og kring. Hitt var verra að þarna fundust flugur sem bitu þannig að upp kom rauður blettur sem klæjaði ákaflega í. Það var eins og mýflugurnar sæktu sérstaklega í mig og ég þyldi þær miklu verr en aðrir. Stundum var ég svo útbitinn að ég þoldi varla við. Svo voru býflugur og geitungar, sem ekki fundust þá á Íslandi og líka þurfti að vara sig á.

Í skóginum sem ekki var langt undan þurfti að hafa varann á gagnvart höggormum, sem gátu jafnvel bitið mann til dauða. Þótt ég dáðist að ýmsu var þannig ýmislegt sem angraði mig.

Auðvitað tók ég fljótlega upp leiki og samtöl við strákana í nágrenninu. Þá gat ég nú sagt þeim hvert afbragðsland Ísland væri. Engir höggormar, engir geitungar eða býflugur og ekki einu sinni mýflugur þar sem ég ætti heima. Svo sæjust fjöllin langar leiðir, því að það væru engir skógar, sem skyggnu á landið, alls staðar dásamlegt útsýni til allra átta. Flott land, flott fólk, sem tæki öllum öðrum fram. Við værum sko alvöru víkingar, sterkari og klárari en allir aðrir. Hitt varð ég að viðurkenna, að sumrin væru hlýrri í Svíþjóð en á Íslandi. Menn væru sjaldan berir að ofan og í stuttbuxum á Íslandi, hvað þá vikum saman, en það væri ekki rétt að mjög kalt væri á Íslandi. Það væri miklu kaldara í Svíþjóð og meiri snjór, eftir því sem fólk hafði sagt mér og sýnt myndir af. Þetta jafnaði sig út og Ísland var augljóslega best, ekki vafi.

Nánir ættingjar bjuggu í smábæ, Surahammar, skammt frá Västerås. Þar hittum við langafa, gammelfarfar, sem stytt var í farfar og son hans, bróður afa, Ivar. Í plássinu var eitt aðalfyrirtæki, Bruket, stytting úr Järnbruket þar sem flestir karlmennirnir unnu. Þar höfðu þeir unnið báðir farfar og Ivar, sá fyrrnefndi frá 14 ára aldri og lengstum við að steypa hjól á járnbrautavagna og gæta að því að gæðin væru í lagi með því að rúlla þeim eftir aðalgötu bæjarins. Það var einkenni á karlinum að annað eyrað var „krumpað“ eða það sem bandaríkjamenn kalla blómkálsyra. Sá gamli var hress og fjörugur, fram yfir nírætt rölti hann niður þorpsgötuna yfir á elliheimilið þar sem hann las dagblöðin fyrir gamla fólkið sem sá illa! Hann átti það til að stökkva snögglega upp á nef sér en svo var það jafnskjótt úr honum aftur. Til eru

---

sögur um slíkt. En hann gat líka verið dyntóttur. Mamma sagði mér, að hún hefði fengið það hlutverk að segja honum andlát konu hans og var þá vitnað til þess að mamma var hjúkrunarfræðingur. Sá gamli þoldi illa vond tíðindi og talaði ekki við mömmu í nokkur ár á eftir. Þetta var löngu fallið í ljúfa löð. Til eru ljósmyndir af karli þar sem hann kveður barnabarnið í brautarpalli þegar það leggur upp í Íslandsferðina 1938.

Fleiri ættingjar voru leitaðir uppi. Í Thorshälla, skammt frá Eskilstuna bjuggu Selma og Albin Engstömm og sonur þeirra Tage og kærasta hans Svea. Í Thorshälla var líka Bruk, sem veitti flestum atvinnu þar á meðal þeim feðgum. Selma var félagslega virk, sem krati og í kaupfélaginu. Albin, sem var skyldur mömmu gegnum móður hennar, var sérstaklega reisulegur, glaðlegur og gamansamur. Okkur fannst gaman að vera með þessu fólki. Þau bjuggu þröngt, en það átti eftir að breytast. Tage átti bíl. Það gaf möguleika á að komast um, m.a. niður að strönd Mälaren, þar sem vatnið var volgt og mátti busla eða dýfa sér í. Í Björneborg í Vermalandi bjuggu Sally og Arvid. Sally var tókubarn móðurömmu og móðurafa mömmu, þannig séð „systir“ hinnar látnu ömmu okkar, Klöru Maríu, en jafnframt leiksysstir mömmu í heim-sóknum hennar til afa síns og ömmu því að þær voru á sama reki. Sally og Arvid bjuggu í skógarjaðri yst í Björneborg. Þar var líka Bruk og Arvid vann þar. Þau bjuggu í dæmigerðu litlu rauðu sænsku sveitahúsi, sem þau deildu til helminga með foreldrum Arvids. Þetta var í rauninni býli og fylgdi mikið land bæði akrar og tún og skógur, enda var rekinn smávegis búskapur með tveim kúm og hænsnum og gott ef ekki var þar líka gilta. Bak við sambyggða hlöðu og gripahús var útikamar. Vatn var fengið úr brunni eina 30 metra frá íbúðarhúsinu og voru þá aðrir 30 í gripahúsið. Sally sá um skepnurnar en Arvid var með henni í heyskap-

num. Þarna voru ávaxtatré, runnar og garðrækt af ýmsu tagi. Við fengum stofuna en þau hjónin sváfu í hinu herberginu nefnilega stóru eldhúsi, sem var jafnframt borðstofa og hýsti eldavélina sem kynt var með viði úr skóginum. Jarðhýsi var kalda geymsla heimilisins. Hér var frelsi til að fara um og skoða margt. Maður sá að mamma naut sín mjög í hinu Vermlenska umhverfi. Búgarðurinn bar nafnið Hagelvíken.

Það vakti athygli mína í þessari ferð að fólk bjó þrengra og í smærri íbúðum en við á Íslandi. Tækjabúnaður á heimilum var líka takmarkaðri en hjá okkur. Ísskápar sáust ekki eða hrærivélar og lítið var um þvottavélar. Áhrif stríðsins á bæði Svía og okkur komu vitaskuld greinilega fram í þessu. Aðþrengingarnar í Svíþjóð og ameríkániseringin og peningaflóðið á Íslandi. Þetta átti eftir að breytast býsna ört, eins og kom í ljós í seinni heimsóknnum okkar.

Næsta heimsókn var sumarið 1949. Mér er minnisstætt úr þessari heimsókn hvað morfar var vansæll með nýja forsætisráðherrann Tage Erlander og hvað hann væri lítilsigldur miðað við Per Albin. Það rættist vel úr Erlander eins og kunnugt er. Seinna átti ég eftir að hitta hann, koma inn á heimili hans og þiggja af honum áritaða sjálfsævisögu, sem nú er í Þjóðarbókhlöðunni. Morfar var greinilega líka vansæll með innflutt vinnuafl, fyrst Finna svo Júgóslava. Innflytjendastefna Svía er ekki aldeilis ný af nálinni! Í þessari heimsókn eins og heimsókninni 1946 slóst pabbi í hópinn um mitt sumar. Sumarið 1949 var flogið heim frá Oslo og dvalist þar í nokkra daga, borgin skoðuð og eru konungshöllin og Vigelandsgarðurinn minnisstæð. Í heimsókn 1954 fóru mæðgurnar á undan en við feðgarnir slógumst í hópinn seinna. Þá fórum við pabbi með strandferðaskipinu Heklu með viðkomu í Færeyjum, Bergen, Kaupmannahöfn og Gautaborg, þar sem við stigum af skipsfjöl. Þá var Renóinn, heimilisbíllinn, með í för og notaður til þess að komast

---

um á eigin vegum. Og enn var haldið á sömu slóðir 1957.

Það hafði verið margt að skoða, sjá og læra í heimsóknunum, en sú fyrsta var lærdómsríkust og eftirminnilegust og hafði væntanlega varanlegust áhrif. Ég hafði séð að útlönd höfðu allt aðra ásýnd en Ísland og fólkið bjó við aðrar aðstæður, um sumt betri um annað verri. Náttúran var gjöful en það fylgdu líka óþægindi og hættur. Fólk var mjög kurteist, allt öðru vísi en heima og ekki bara tungumálið heldur not þess í allri umgegni var mjög frábrugðin. Og svo voru talaðar mállýskur. Svíunum þótti vænt um landið sitt eins og við um okkar. Þeir voru stoltir af öllu sænsku eins og við af öllu íslensku. Strákarnir höfðu haldið sínu landi fram en mér hafði gengið ágætlega að telja fram ágæti Íslands og okkar mannkosti. Ég hafði komist að því að hver þjóð telur sitt best, en ég áttaði mig líka á því að útlönd og útlendingar voru ekkert sem menn þurftu að óttast eða fjandskapast við, né heldur að hafa neina minnimáttarkennd gagnvart. Þeir eru fyrst og fremst fólk rétt eins og við. Ég held að þetta, þessi sumardvöl, hafi verið gott uppeldi, góð menntun, góð undirstaða undir lífsviðhorf. Þjóðernissinninn, ættjarðarvinurinn lagðist aldrei í þjóðrembu og einangrunarsinninn og útlendingahatarinn komust aldrei að. Öll erum við eins þótt ólík séum. Ég held að ferðin 1946 hafi lagt grunn að þessum viðhorfum, þótt aðrar ferðir bæði snemmendis og síðar á ævinni hafi líka lagt mikið af mörkum í þann sarp. Það eru forréttindi að eiga erlenda móður. Það fékk ég að reyna.



## Hvað gerum við í dag Runólfur?

Hvað gerum við í dag, Runólfur? Þessi ávarpsorð bera frændur mínir á Berustöðum gjarnan nú seinni árin upp á mig að ég hafi viðhaft þegar ég var þar í sveit eins og kallað var, það er að segja dvaldist á bænum sumarlangt við snúninga og ýmis almenn sveitastörf. Í frásögnum sínum leggja þeir áherslu á orðið við, VIÐ Runólfur. Ég vildi gjarnan ganga til verka, hafa nóg að gera. Runólfur Þorsteinsson var bóndinn á bænum, hann var föðurbróðir minn. Mér var vitaskuld ljóst að hann var hæstráðandi á bænum. Synir hans, frændur mínir, tóku orð mín hins vegar til marks um hvað ég var kotroskinn og sóttist eftir að vera meðvirkur á verkstjórninni.

Ég var 8 ára fyrsta sumar mitt í sveit á Berustöðum, þau urðu þrjú, 1948 og 1950 og 1951. Að vísu hafði farið fram einskonar prufukeyrsla, því að sumarið 1947 var ég sendur í um tveggja vikna dvöl hjá Jónínu föðursystur minni og hennar fjölskyldu á Sumarliðabæ, en þar var þá líka Þorgerður dóttir hennar sem var „mín“ Gerða frænka samkvæmt skilgreiningu sem ég hafði sett löngu fyrr, að því er mér er sagt til aðgreiningar frá öðrum Gerðum frænkum sem reyndust allmargar, en Þorgerður ávann sér titilinn með því að passa mig og annast mjög ungan. Prufukeyrslan fór saman

við ferð foreldra minna, akandi, ríðandi og fótgangandi að Skaftafelli, ásamt Óskari bróður pabba og Ingibjörgu konu hans, en að Skaftafelli bjó Ingigerður systir þeirra.

Á þessum árum þótti ekki annað við hæfi en senda ungmennin í kaupstöðunum í sveit á sumrin (frá því snemma í maí fram í september). Það þurfti að koma þeim burt úr eirðarleysinu á mölinni, burt frá rykinum af umferðinni á malargötunum í heilnæma loftið í sveitinni, burt frá sollinum í kaupstöðunum í heilbrigða lífshætti í sveitinni, fara í sveitina til að gera gagn, til starfa í stað iðjuleysis, ganga til hefðbundinna verka sem foreldrar þeirra og forfeður og formæður höfðu stundað hvert fram af öðru, kynnst sveitamenningunni, sem var hin íslenska menning, hrein og sönn. Hvert vor þyrptust strákar og stelpur úr kaupstöðunum í sveitina, oft til ættingja, því þeir sem í kaupstað bjuggu voru langflestir upprunnir úr sveit og margir höfðu alist þar upp, eins og faðir minn hafði gert, sá eini tíu systkina sem setti sig aldrei niður í sveit.

Þarna var ég sem sagt mættur til verka og mennta fyrst 8 ára gamall og það var á bæjarhellunni sem við Runólfur tókum tal að morgni dags og ég bar fram spurninguna „hvað gerum við í dag Runólfur?“ Sumt var rúttína, sömu verk dag hvern, annað var mismunandi. Og það var margt að læra og sjá. Það var lærdómsríkt að fá að kynnst sveitaverkunum þá, þau voru á leiðinni að hverfa. Ég hef ævinlega minnst þess með þakklæti að hafa náð í skottið á hinum gömlu búskaparháttum sem hvíldu á aldagamalli reynslu.

Fyrsta morgunin leiddi Anna Stefánsdóttir, eiginkona Runólfs mig út úr bænum og út á hlað. Þar stóð hestur, sem hún sýndi mér. Þessum hesti mátt þú ríða hvenær sem þú vilt sagði hún, hann heitir Sleipnir og er gæfur og viðráðanlegur, góður hestur, þú getur gengið að honum og náð honum hvenær sem er úti í haga. Ég er búin að klippa



---

mjög stuttan á honum ennistoppinn svo að þú getur þekkt hann örugglega á því. Láttu vera að eiga við aðra hesta, sumir eru latir eða dettnir, stýggir eða dyntóttir en aðrir of viljugir fyrir þig svona til að byrja með. Þetta leist mér vel á og Sleipnir reyndist mér vel, lét vel að stjórn og fór með mig á stökk þegar ég vildi. Það var gaman að fara í reiðtúra.

Anna var mikill uppfræðari. Hún fór yfir nöfnin á hinum ýmsu hlutum líkamans með mér, sumt þekkti ég annað staðfestist og svo bættist við, hnésbót, olnbogabót, táberg, kjúka og sjálfsagt margt fleira. Allur líkaminn var undur. Þó varð eitt svæði eftir, Anna fór ekki yfir það. Það var það sem Runófur föðurbróðir nefndi, svo eftirminnilega að það hefur fylgt fjölskyldunni síðan. Hann spurði nefnilega þegar ég kom úr fyrsta baðinu í bala á baðstofugólfinu, sem Anna tilreiddi, hvort ég hefði þvegið „stykkið“ líka. Þetta var einn kapítulinn, fleira bættist við. Hún fór yfir eyktirnar og eyktamörk og benti mér á þau í landslaginu; Miðmundahóll var eftirminnilegur. Örnefnin á svæðinu rakti hún fyrir mér, allt frá fjöllum og heim í túnið. Ég gleypti þetta í mig og sömuleiðis nöfnin á kúnum, kálfunum og hestunum. Trúin varð ekki útundan. Faðirvorið kenndi hún mér og að ég ætti að fara með það á hverju kvöldi. Hún sýndi mér hvernig maður signir sig og sagði mér að signa sig skyldi hver maður að morgni dags þegar hann stigi út úr húsi sínu og fram á bæjarhelluna. Allt þetta tileinkaði ég mér.

Þetta fyrsta sumar mitt á Berustöðum var í gamla tím-  
anum að mestu leyti. Það var engin vélmenning, hún kom  
seinna. Það var ekki rafmagn. Allir búskaparhættir voru  
með gamla laginu. Það var hesturinn og maðurinn sjálfur  
sem lagði fram aflið til allra hluta. Túnið var slegið með  
hestaslátturvél, síðan tók við þurrkun heysins, og heimflutn-  
ingur í hlöðu. Það þurfti að snúa heyinu til þess að þurrka  
það. Það var gengið á flekkina maður og kona hver eftir ann-

an í röð og hrífan notuð til þess að bylta heyinu. Ég komst fljótt upp á lag með handbragðið og gekk í verkið með öðrum heimilismönnum. Það var gaman að læra eitthvað nýtt og ná valdi á því. Ef leit út fyrir rigningu var heyinu rakað saman í hauga, drýli ef heyið var frekar blautt og dreift aftur seinna annars í sæti (sátur), sem breytt var yfir með strigastykki. Svo þurfti að koma heyinu heim í hlöðu. Flötu heyinu var fyrst rakað saman í garða eða múga. Til þess var notuð hestdregin rakstrarvél. Rétt eins og á sláttuvélinni sat stjórnandi á tækinu með tauma af dráttarhrossinu í höndum til þess að stjórna því og lappirnar á pedölum til að stjórna einni athöfn eða svo, á rakstrarvélinni niður með tindana til að raka, upp til þess að sleppa rakstrinum. Á heimatúninu var heyinu úr múgunum og sátunum síðan mokað með kvísl upp á heyvagn sem var hestdreginn milli múga eða sátanna og heim að hlöðu þar sem mannaflið tók við enn og aftur, þegar heyinu var mokað inn í hlöðuna. Engjarnar voru enn meira ævintýri. Þær voru grasblettir um það bil fjóra kílómetra frá bænum og þangað lá ekki hestvagnfær leið bara hestabraut. Mest af því sem þar var heyjað var úthey sem svo var nefnt. Það nefndist svo vegna þess að ekki var borinn áburður á þessa bletti og heyið því rýrara. Það var ætlað fénu og hestunum. Sláttur, snúningur og rakstur var með sama hætti og á heimatúni, en svo tók við öðruvísi viðfangsefni. Það var gengið á múgana og saxað í fang með hrífunni, en fang var það heymagn sem ná mátti utan um með léttum hætti með hrífunni í annarri hendi og hinni til að styðja við það. Þessu var safnað í sátur, sem síðan var brugðið böndum á, þau nefndust reipi og komu af háalofinu á bænum, tveir kaðlar með þverreipi milli sín, sem nefndur var sili, á öðrum enda reipanna og hagldir sem svo hétu á endum beggja reipa þeim megin. Hagldir voru lítil stykki með tveimur götum hvor sem þræða mátti reipin í gegnum. Flest reipin voru

---

fléttuð úr hrosshári og hagldirnar tálgaðar úr horni eða tré. Eftir því sem mér var seinna sagt var það hlutverk Þorsteins afa míns að sjá um reipin eftir að hann hætti búsföráðum og þar til hann lést, fimm árum áður en ég fór í sveit á bænum. Kannske voru þetta því handarverkin hans. Reipum var komið á sátuna, henni lyft til að bregða þeim undir hana og umkring og í hagldirnar en svo vikið hvoru um sig til hliðanna og brugðið undir og umhverfis svo að draga mætti í gegnum hagldirnar og herða að þangað til hnýtt var. Þetta var tveggja manna verk. Annar stjórnaði verki, stjórnaði reipinu og hnýtti. Hinn hélt við sem kallað var, nefnilega að sjá til þess að ekki raknaði til baka meðan bindingarmaðurinn sleppti taki til að ná nýju átaki. Allt frá fyrsta sumri var mér falið að halda við. Þegar baggarnir höfðu verið hnýttir tók við að koma þeim heim á bæ. Gerð var lest hesta, kannske svona tíu eða svo, beislistaumi eins var hnýtt í tagl þess sem frammar var. Þannig myndaðist röð hesta sem einn maður gat teymt. Á hverjum hesti var klifberi. Það var bogdreginn hnallur úr tré með tveimur undirstöðum. Boginn lá yfir bak hestsins og undirstöðurnar hvíldu sinn hvorum megin hryggjar á reiðingi sem voru ristar og tilskornar torfur úr gömlum mýrarjarðvegi. Sinn hvoru megin á klifberanum voru tveir pinnar svonefndir klakkar. Á þá voru baggarnir hengdir, tveir á hvern hest, einn hvoru megin. Baggarnir þurftu að vera nálægt því jafnpungir svo að ekki hallaðist á eða snaraðist yfir. Svona lestir voru teymdar af engjunum heim að bæ, böggum velt inn í hlöðu og leyst úr þeim. Það var gaman að taka þátt í þessu. Engjasláttur bar með sér að vinnufólkið var daglangt að heiman og þurfti að flytja því vistir. Ég hafði það hlutverk að fara með eftirmiðdagskaffi og „með’í“ til engjafólksins. Kaffið var í flöskum sem hafðar voru í sokkum svo að það héldist heitt, og því og brauðinu var komið fyrir í þartilniðnum strigaskjóðum með tveimur

vösum þannig að hvor lenti sinn hvorum megin hestbaksins. Með þetta farteski reið ég Sleipni á engjarnar með vistirnar. Ábyrgðarstarf sem mér líkaði vel, 8 ára guttanum.

Heyskapurinn var aðalverkefni sumarsins. Verkefni dagsins fór eftir hvernig viðraði. Runólfur skoðaði himininn og skýjafar til að ráða í útlitið og skipaði til verka. Hann þótti veðurglökkur. Svo voru vitaskuld rútínuverkin. Á minni könnu var að reka kýrnar í hagann að morgni og sækja þær að kveldi. Mér var líka falið að moka flórinn. Það var undrunarefni hvað beljurnar gátu skitið. Fjósín voru tvö, flórinn steinsteyptur og sléttur í báðum en seinasti spölurinn út úr fjósínu var lagður náttúrlegum hellum úr umhverfinu. Það var leiðinlegt að moka flórinn og verst að skrapa af hellunum. Mesta furða hvað mörgum kúnna varð einmitt mál á þessum síðasta spöl út úr fjósínu. Stundum var ég settur í önnur verkefni, þegar ekki var unnið að heyskap, skrapa upp arfa úr kálgarðinum, rétta nagla eða vinna að vegabótum með Runólfi eða sinna smáerindum, sækja hross í haga eða vera meðreiðarmaður þegar kýr voru leiddar til bola á næsta bæ. Því fylgdi ekki bara að fylgjast með athöfninni spenntum augum, heldur líka að fá að hitta bóndann á bænum, annan föðurbróður minn, Þorstein og fá að sjá hvernig einn systkinabróðirinn Baldur Óskarsson, síðar skáld, tók sig út, en hann virti mig víst ekki tali þá.

Margt var býsna frumstætt. Salernið var kamar úti í kálgarði nokkurn spöl frá bænum. Rafmagnsleysið þjáði mig ekki. Það var olíulampi, stór og fallegur í einni stofunni sem kveikt var á þegar byrjaði að rökkva á kvöldin og minni lampar annars staðar. Þetta var fyrir mér ekkert tiltökumál. Í sumarhúsi fjölskyldu minnar í Hveragerði var líka útikamar og ekkert rafmagn og kolaeldavél. Þetta var bara normalt. Þegar ég kom næst nefnilega 1950 hafði ýmislegt breyst. Það var komið rafmagn og traktor, Ferguson, sem leysti hestana

---

af hólmi að hluta til og síðar í vaxandi mæli. Öll sumrin var svonefndur sveitasími, þar sem allmargir bæir (áskrifendur!) voru með eina sameiginlega símalínu og þekktu hver annan af formi hringingar, stutt, löng, ein eða tvær hringingar; framkölluð með sveif á hringingarsíma.

Eitt af verkefnum okkar Runólfs voru vegabætur. Fyrsta sumarið lá heimreiðin utan garðs upp bratta brekku meðfram bæjargilinu. Leiðin var ekki bara brött heldur líka hál því að enginn var ofaníburðurinn og moldin varð að drullu. Seinasti partur leiðarinnar var reyndar enn verri að því er undirlagið varðaði, bara drullusvað. Þegar ég kom 1950 var búíð að leggja nýja heimreið yfir þurrara land gegnum túnið, en ofaníburður var af skornum skammti. Það var þá, milli sauðburðar og heyanna, sem við Runólfur fórum í vegabæturnar. Gráni eða stundum Blakkur var spenntur fyrir vagn og haldið niður í Jóhannesargil. Þar mátti þakka möl úr móbergsstáli. Þetta var hinn besti ofaníburður. Kerran var fyllt svona mátulega og upp slóða að nýju heimreiðinni var klárinn teymdur og mölinni komið í veginn. Þetta urðu margar ferðir. Árinu seinna var tekið til við að bæta hlaðið ofan húsanna, sem verið hafði forarvilpa. Þar vorum við saman aftur í verkefninu, Runólfur og léttadrengurinn. Nú var það nýfenginn vörubíll eins sona Runólfs sem kom með hlöss af sandi. Úr þeim þurfti að jafna, en síðan var lagt þar ofan á lag eða stétt úr náttúrlegum hellum úr umhverfinu og svo aftur gott sandlag þar á ofan. Þetta heppnaðist vel, drúgt verk fyrir Runólf farinn að reskjast og stráksa.

Það var margt annað sem var lærdómsríkt þessi þrjú sumur, sem ég var þarna í sveit. Til eldunar voru ekki bara kol og koks. Það var mór og skán. Gamla búsbjargir enn við lýði. Mór er tilskornir kekkir úr gömlum mýrarjarðvegi, sem var fullur af rótum, greinum og jafnvel viðarstubbum, frá löngu liðnum tíma. Þeirra var aflað í mógröfum, sem voru

djúpar gryfjur fullar af vatni og varasamar fólki og fé að því er mér sýndist. Skánin var afrakstur vetrardvalar sauðfjárins í húsi. Þar tróðust saman skíturinn úr fénu, einhverjar heyleifar og ullartæjur af reyfunum og þjöppuðust vel. Þetta mátti skera í köggla eða ferhyrndar skífur og þurrka. Snyrtileg stæða af þessu tagi, staflað af list, svona vel á annan metra á hæð líklega um tólf fermetrar að grunnfleti, stóð vestan við heimreiðina að Vesturbænum samkvæmt því sem ég minnst. Þetta var þurrkstæða vel varin ofankomu.

Fjárhúsin á Berustöðum voru aðeins að hluta venjulegar byggingar, stór hluti fjárins var í hellum, sem sumir rekja allt til papanna, sem sagðir voru hér á landi á undan landnámsmönnum. Hellarnir voru höggfir í móbergið. Fyrrum var hluti hellanna jafnframt hlaða og var heyböggunum velt niður um op í grassverðinum yfir hellinum og féllu þeir þá um fjóra metra niður á hellisgólfi. Til sögunnar heyrir að faðir minn smábarn lenti niður um opið með böggunum, en uppgötvaðist og bjargaðist á síðustu stundu, grafinn úr heyinu og vart hugað líf í fyrstu og var rúmliggjandi um nokkurt skeið.

Einn morguninn var uppi ys og þys. Nú átti að fara að smala. Hestunum var safnað í réttina við túngarðinn, lagt á þá og úthlutað til allra sem vettlingi gátu valdið. Ég var auðvitað á Sleipni, en reið berbakt eins og vanalega. Svo var okkur skipt niður á svæði og byrjuðu sumir eins og ég fjærst, nefnilega upp við þjóðveg. Smölunin var skemmtileg og svo tók við rúning. Þetta var ævintýri. Einhver lömb sem áður höfðu sloppið voru mörkuð með því að skera raufar í eyrun á þeim. Dálðið grimmt fannst mér. Vikunni síðar var líka mikið um að vera. Það var ullarþvottadagur. Kveikt var upp undir keitunni í stórum pottum úti í skemmu. Keitunni hafði verið safnað vetrarlangt. Úr koppum var ekki skvett á tún heldur hellt í ker og safnað. Þetta safn fékk síðan

---

nafnið keita. Það nýttist í ullarþvottinn. Mig minnir að eldviðurinn hafi verið skán eða mór og upphitunin var á hlóðum. Þvottastaðurinn var í Jóhannesargili. Þvegið var úr keitunni og síðan skolað í bergvatnsstraumi lækjarins í gilinu og loks ullarreyfin blaut lögð út á möl og móa til að þorna.

Lengsti reiðtúr sumarsins, og þá reið ég í hnakk og á viljugri hesti en Sleipni gamla, lá að Syðri Hömrum til föður-systur minnar, Arndísar, en ekki síður til Harðar Sigurðssonar næstum jafnaldra míns, sem ólst þar upp hjá ömmu sinni. Þetta var í fylgd Runólfs en nokkurn spöl var að fara og þurfti að fara eftir þjóðveginum lengstan hluta leiðarinnar. Reiðtúrinn fram og til baka og viðdvölin tók allan daginn. Hörður sýndi mér leikvanginn sinn og leikföng. Það var ekki eins og í kaupstaðnum, engir bílar. Hann sýndi mér búið sitt: kjálkabein urðu kýr, kjúkur urðu að kindum. Búið var á grasbala upp undir hamrinum. Þarna var gamli tíminn við lýði, en ímyndunaraflið skipti mestu. Hjá okkur leikbræðrunum við sumarbústað okkar í Hveragerði urðu steinar að bílum og vegir voru mjóar rákir í melinn.

Allt var þetta lærdómsríkt, menntun sem ég vildi ekki hafa misst af. Vinnusemi fékk maður að rækta. Það var gott, enda leið ekkert sumar, nema þau sem fóru í utanferðir, að ég færi ekki til einhverra verka. Hluti menntunarinnar var líka að fá að finna fyrir öfundinni í sveitinni í garð kaupstaðarbúa og viðleitninni til þess að tala niður til fólksins á mölinni, sem lifði áreynslulausu lífi að álitni sveitamannsins og kunni hvorki almennilega til verka né þekkti gangverk lífsins og hina réttu og sönnu þjóðarmenningu búskapar og sauðfjáreltis ellegar að lesa í landið, náttúruna og skýjafar. Kaupstaðakrakkar voru auðvitað einfeldningar. Gamansagan um bensíntíkina sem mér var sögð fyrsta árið var ekki laus við að koma þessum boðskap til skila. Tíkin á bænum

var samkvæmt sögunni á því skeiði ársins þegar hún var lóða, sem sagt „til í það“. Bóndinn á bænum brá á það ráð að rjóða hana bensíni til þess að daunninn gerði hundana frá hverfa. Einn daginn sér kaupstaðastrákurinn í sveit þarna, að hundur er kominn upp á tíkina. Hann hleypur til bónda og segir: Tíkin er orðin bensínlaus og það er kominn annar hundur til að ýta henni í gang.

Á hverjum degi barst dagblaðið Tíminn með mjólkurbrúsunum. Flóabúið og Kaupfélagið sáu til þess. Frænda fannst þetta eðlilegt og rétt og við lásum Tímann öll hvert á fætur öðru. Hann varð gluggi minn að stöðu lands- og heimsmála. Ég varð mikill sérfræðingur í Kóreustríðinu. Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri Tímans skrifaði regluleg pistla af erlendum vettvangi og Kóreustríðið var þar aðal viðfangsefnið. Ég kunni allt um það hvernig gekk með hæð 152, hvernig hún vannst og tapaðist og vannst aftur, hvernig áhlaup norðanmanna á hæð 211 hafði verið hrundið og sóknin að hæð 176 hafði ekki tekist en þurfti að endurskipuleggja. Ég vissi að Mac Arthur var snjall en hættulega frekur og nokkuð óþekkur stjórn sinni. Seinna lærðist mér að númer hæðanna voru bara hæðartölur þeirra á landabréfi en ekki frumlegar nafngiftir. Líklega var það um svipað leyti sem mér var sögð sagan um danska landbúnaðarráðgjafann sem fenginn var að ósk Búnaðarsambands og ríkisstjórnar til þess að gera úttekt á íslenskum landbúnaði. Hann ferðaðist um landið þvert og endilangt og skoði býlin og ræddi við bændur. Hans skýrsla var stutt: íslenskir bændur kunna ekkert um landbúnað en vita allt um Kóreustríðið.

Yfir svefnplássi mínu í baðstofunni á Berustöðum hékk falleg mynd af skútu á siglingu. Ég horfði oft á hana fyrir svefninn og á morgnana í svefnrofnum. Þegar ég varð sjávarútvegsráðherra lét Anna Stefánsdóttir lagfæra rammann um hana og færði mér myndina að gjöf. Það fannst



---

mér fallett og snerti mig djúpt. Fyrir þann hug sem fylgdi gjöfinni og uppeldið, menntunina og lífsreynsluna hjá Önnu og Runólfi verð ég ævinlega þakklátur.



## Sumar á Skaftafelli

Árið mitt á Skaftafelli var 1952. Ég var 12 ára gamall. Skaftafell er heillandi staður, en hann var annar og meiri þetta sumar mitt en ferðafólk seinni tíma fær að sjá eða upplifa. Þá var Öræfasveitin gjörsamlega einangruð milli Skeiðarár í vestri og Jökulsár í austri, báðar ófærar, óbrúaðar. Tenging við umheiminn var einkum flug á flugvöllinn á Fagurhólsmýri, útjafnaðan mel sem DC 3 vélar gátu lent á. Það var einmitt þar og þannig sem dvöl mín þetta sumar hófst.

Í byrjun sumars var ég settur upp í flugvél á Reykjavík-urflugvelli sem skilaði mér til Fagurhólsmýrar. Flugferðin gekk vel og var mér engin sérstök upplifun. Ég hafði áður flogið lengri leiðir. Á flugvöllinum á Fagurhólsmýri tók á móti mér kona með hesta fyrir framhald leiðarinnar. Þetta var kerling í unglingsaugum mínum en síðar komst ég að því að hún hefði reyndar verið býsna ung, en vön umhverfinu í þessari sveit var hún og kunnri að umgangast það. Hún hét og heitir Hallbera. Nú tók við næsti leggur ferðarinnar.

Hallbera afhenti mér hest og ég snaraðist á bak. Riðum við síðan sem leið lá að Skaftafelli. Reiðgatan var bærilegur slóði, ekki vegur. Engin vötn voru brúuð. Hverja á þurfti að ríða yfir á vaði. Hallbera valdi vaðið. Straumurinn var stundum býsna sterkur og vatnið í ánum náði stöku sinnum

upp á síður klársins. Þetta fannst mér ekkert mál tólf ára guttanum og áreiðanlega ekki Hallberu. Komið var við hjá foreldrum Hallberu og veitingar þegnar, en síðan hélt ferðin áfram. Seinasta fljótið, Skaftafellsá, var nokkuð strangt en þá fóru líka hlíðar Skaftfellstungunnar að blasa við.

Það var ógleymanleg stund, algjörlega meitluð í minni, að nálgast gróðuríkar hlíðar Skaftafells, sterka angan birki-trjána, laufkrónurnar sem blöstu við eftir eyðimerkurreiðina frá Fagurhólsmýri. Þetta var einskonar ný útgáfa af paradís. Og svo minntu þjóðhættir lífsbaráttunnar einmitt á sig. Upp sandinn neðan af fjöru komu hestvagnar með nýjasta fenginn. Það voru selkópar. Skinnin voru verðmæti sem bændurnir sóttu þangað á vorin, partur af lífsbjörginni. Kjötið var líka matur.

En hvernig stóð á því að ég var staddur á þessum stað á þessum tíma? Þannig vildi til að þar bjó ein af föðursystrum mínum Ingigerður, sem nýlega var orðin ekkja. Ég var í góðum höndum. Ég trúi, þótt aldrei væri nefnt, að hún hefði sóst eftir félagsskap fyrir fósturson sinn Inga Sævar nokkru yngri að vísu en ég var. Allavega þarna var ég mættur. Fóstursonurinn og ég gerðum tilraunir til leikja, en alvara lífsbaráttunnar urðu yfirleitt yfirsterkari. Það var normalt á þessum tíma.

Inga frænka, eins og við kölluðum hana, var ekkja eftir Odd Magnússon, sem fórst í bílslysi árið áður en ég var þar í sveit. Oddur var mikill merkismaður og frumkvöðull í sinni sveit þótt hann hafi horfið í skuggann af öðrum á síðari tímum og með tilheyrandi rangfærslum. Í þessu samhengi er rétt að hafa það í huga að á Skaftafelli eru þrjár bæir: Böltinn, Selið og Hæðirnar. Oddur og Ingigerður bjuggu á Böltanum, Selið var í eyði fyrir og eftir þá tíma sem ég þekki á þessum slóðum, en í Hæðunum bjuggu þau sem síðar stóðu að uppbyggingu þarna.

---

Það leið ekki á löngu eftir að Ingigerður gerðist bústýra á Böltanum að nýtt hús var byggt. Í nýja húsinu voru öll nútímaþægindi, vatnssalerni og rafmagn frá rafstöð í bæjargilinu. Í þessi þægindi eða þeirra að njóta þótti ferðamönnum eftirsóknarvert. Eldavél, skilvinda og strokkar nutu góðs af rafmagninu, mjólkurafurðir allar voru heimaunnar. Innkaup til búsins voru líklega vor og haust, allavega átti Ingigerður sér stórt búr og væna mjölgeymslu.

Ferðamenn, innlendir sem erlendir sóttust eftir að heim-sækja Skaftafell og upplifa náttúruundrin þar. Löngu fyrr en ég átti þarna sumarið mitt var því straumur gesta til Ingigerðar og Odds á Böltanum. Oddur var góður vatnamaður, eins og það var kallað. Hann kunni sem sagt að velja vöð yfir stórfljótin og koma fólki heilu og höldnu yfir stríð vatnsföll. Hann reyndist líka frumkvöðull í sinni sveit í að tileinka sér framfarir í samgöngum og tækninýjungar. Hann varð fyrstur manna í sveitinni milli sanda að komast yfir og nýta jeppabifreið bæði til ferðalaga og í sambandi við búskapinn. Hann fann líka fljótt að nýta mætti öflugna bifreið eða truck til þess að gera för ferðamanna frá Núpsstað allar götur að Skeiðará bæði fljótlegri og þægilegri en að ríða hrossi eða nota eigin fætur. Þess vegna komst hann yfir hertrukk með stórum palli og tók að sér að halda uppi hertrukkssamgöngum milli ofangreindra staða. Var þá staðið á palli trukksins og þótti ekki tiltökumál, þótt engin væru sætin. Þannig flutti Oddur ferðalanga innlenda sem erlenda heimundir Skeiðarárjökul á trucknum góða. Það má teljast sérstakt að þessi afdalabóndi skyldi vera svo fljótur að tileinka sér nýja tíma. Að mér læðist sá grunur að eiginkonan Ingigerður hafi þar haft einhver áhrif, en hún hafði búið í þéttbýlinu á suðvesturhorninu áður en hún flutti austur og greinilega verið rösk við að ná undirtektum undir að bræður hennar tveir, Guðjón og Guðmundur, yrðu fengnir til þess verks að

reisa nýttísku hús á Böltanum, vitaskuld úr harðviði sem á fjörur rak. Hitt var auðvitað það, að efni voru góð. Þegar ég var þarna í sveit giskaði ég á að hús væru fyrir upp undir þúsund fjár og húsin reyndar flest með sperrum úr mahogni, þannig að fjaran skilað ýmsum verðmætum.

Yfir sumarið, á tíma ferðalanganna, var Skeiðará hinn strangi farartálmi. Engir venjulegir trukkar réðu við hana og fyrir hross og menn var hún dauðagildra. Þess vegna skilaði Oddur ferðamönnum að rótum Skeiðarár undir Jökulfellinu. Þar tók við ganga yfir jökulinn. Spor voru hoggin í jökulinn til að síður væri skrikað. Þá tók við að koma sér yfir Morsá, lítið fljót og síðan upp brekkurnar upp á heiðina og aftur niður að bænum á Böltanum. Þetta var hluti af þjóðveg númer eitt umhverfis landið.

Veturinn áður en ég kom að Skaftafelli til sumardvalar hafði Oddur farist með sviplegum hætti. Í neðri hluta Oddanna, en svo heita bilin milli heimagiljanna tveggja, missti hann stjórn á jeppa sínum, við vetrarverk fjárbóndans, með þeim hörmulegu afleiðingum að jeppinn með Odd innanborðs lenti í djúpum hyl í heimagilinu.

Eftir sátu Ingigerður og tveir bræður Odds, Stefán og Magnús, sem höfðu búið þarna félagsbúi með Oddi, sem hafði leitt búskapinn og framkvæmdasemi. Þar var líka þriðji bróðirinn, Steindór, en hann var þroskaheftur. Þannig var það einmitt þetta sumar mitt. Heimilisfólkið eins og hér var nú upptalið. Þá sá ég fljótt að leiðtogann, Odd, vantaði. Bræðurnir Stefán og Magnús kunnu hvor um sig vel til verka en annar gat aldrei unnað hinum ákvörðunar um hvernig að skyldi faraog af hlaust óþarfa rimma og árekstrar.

Ingigerður frænka mín stýrði umsýslu búsins heimavið. Hún var hagleiksmanneska að öllu leiti. Hún kunni að láta bústörfin innanhúss ganga vel upp, nýta alla hluti vel, gera ekki bara heimilisfólki heldur gestum og gangandi góðan

---

gjörning. Hún var í einu orði fyrirmyndarhúsmóðir. Kunni að elda góðan mat og nýta allt til hins ýtrasta og stjórna heimili sem keypti aðeins til matar og önnur aðföng tvisvar til þrisvar á ári. Svo léku hannyrðir í höndum hennar. Hún hafði gengið í hússtjórnarskóla og tileinkað sér allt sem hann hafði að bjóða.

Okkur Inga Sævari var úthlutað sinn hvoru rúminu í austurgafli rishæðar hússins. Þar blasti Örafajökull með Hvannadalshnjúk við og í minningunni var hann sólbakaður hvern morgunn. Húsfreyjan Ingigerður og kaupakonan Guðlaug Berglind Björnsdóttir áttu sér svefnpláss í stóru kvistherbergi sem vissi til suðurs á framhlið hússins. Karlarnir voru með sínar kojur í herbergi inn af eldhúsinu, en dagstofa og gestaherbergi voru í austurenda neðri hæðar.

Þrátt fyrir rafmagn og nýtísku bústað voru búskaparhættir frumstæðir. Túnin voru slegin með orf og ljá. Hirðing fór oftast fram með þeim hætti að hestur dró slóða, sem var eiginlega bara spýta sem köðlum var brugðið á til beggja enda og slóðinn síðan dreginn eftir múgum sem rakað hafði verið saman með heyhrífum. Úr hrúgunni var mokað með kvíslum í hlöðuna. Þetta var drjúg handavinna enda birtist nokkru eftir komu mína kaupamaður, Jón Gíslason, sem vann að heyskapnum sumarlangt. Allt heimilisfólkið nema Ingigerður stóð í þessum sumarverkum. Engir ferðamenn komu vestan frá, nú þegar Oddur var allur og enginn fetaði í fótspor hans þetta sumar með leiðsögn og flutningi yfir Skeiðararársand og -jökul.

Smalamennskan er mér eftirminnileg. Fjarlægðirnar voru miklar. Mér var úthlutað Jökulfellinu. Fyrst varð að koma sér þangað fótgangandi en síðan að koma kindunum þaðan í safnið og hlaupa á eftir því allar götur heim að bæjunum og réttinni þar.

Áður en að því kæmi fékk ég að kynnast verkun selskinn-

anna sem höfðu sem kópar ekið í hlað á sama tíma og ég mætti á hesti mínum við skógarjaðar Skaftafellstungunnar. Eftir að kóparnir höfðu verið flegnir voru húðirnar skafnar en síðan strengdar upp á viðarvegg með því að negla þær á röndunum. Þannig voru skinnin látin þorna og stífna um hríð áður en flutningurinn til kaupanda tók við. Talað var um að spýta skinnin.

Þarna lenti ég líka í vegavinnu við þjóðveg númer eitt í fyrsta skipti á ævinni. Lagfæra þurfti hestagötuna yfir Skaftafellsheiðina einkum í brattanum niður í Morsárdal. Ungir sem aldnir á Böltanum tóku þátt í þessu verkefni og ekki efa ég að Vegagerðin hafi greitt fyrir vinnuna.

Svo var það upplifun þegar líða tók á sumarið að fara í tínslu á birkifræi. Skógræktin hafði komist að því að það afbrigði af birki sem óx á Skaftafelli væri bæði beinvaxnara og næði fljótt hærrí hæð en birki annars staðar af landinu. Bæjarstaðaskógurinn var gleggsta dæmið. Þess vegna keypti Skógræktin frá Skaftafelli og af þeim sökum var það verkefni gott og arðsamt þegar heyönnum lauk að ganga til skógar í Morsárdal og tína birkifræ, eða frag eins og það var kallað þar og þá af heimamönnum. Þetta var skemmtileg vinna og tilbreyting fá öðru í hinni eilífu sumasól minninganna.

Þótt mörgu væri að sinna gafst unga fólkinu líka tækifæri til þess að léttá sér upp. Farið var í skoðunarferðir í gilin og á samkomu með dansi í sveitinni, á útipalli. Það sem ég kalla hér „unga fólkið“ var í raun og sannleika mjög ungt. Ingi Sævar var á tíu ára, ég var tólf ára eins og áður er getið og Guðlaug Berglind var fjórtán ára.

Og svo var farið í reiðtúra. Einn þeirra var eftirminni-legastur og dró reyndar langan slóða. Sá lá í Morsárdal og Bæjarstaðaskóg og eftir neðstu hlíðum Jökulfells að upptökum Skeiðarár undan jöklinum. Ingi Sævar var náttúrulega sá



---

sem þekkti landið og vísaði veginn. Þarna í hlíðum Jökulfellsins innar af Bæjarstaðaskógi var volg lækjarspræna sem féll fram af rúmlega mannhæðarhárrí bjargbrún og myndaði náttúrlegt sturtubað. Þá og þarna ákvað ég að þegar ég gifti mig skyldi ég fara á þennan stað með brúði mína og við skyldum baða okkur saman nakin standandi undir volgri lækjarbununni úti í ósnertri náttúrunni. Þetta heit geymdi ég með mér.

Svo liðu árin, ég stundaði nám hér og hvar í heiminum og gifti mig. Tíminn hentaði ekki til þess að fara með brúði mína á hinn fyrirheitna stað. Svo gerðist það um tíu árum eftir giftinguna að ákveðið hafði verið að brúa Skeiðará og opnun hringvegarins og tenging Örafanna vestan frá var á næsta leiti. Þá sá ég að ekki væri lengur til setunnar boðið. Nú yrði að efna heitið gamla, þótt efndirnar teldust tíu árum á eftir áætlun. Og það var það sem við gerðum.

Við fengum vini okkar Guðlaugu Sveinbjarnardóttur og Höskuld Jónsson (síðar forstjóra ÁTVR) til liðs við okkur og sem ferðafélaga. Hvort það var vináttan eða sagan um fossinn volga sem hreif verður seint vitað, en saman lögðum við í leiðangurinn og með þeirra hjálp og félagsskap tókst ferðin vel. Flogið var á Hornafjörð, þar tekinn á leigu bílaleigubíll, sem ég tel að hafi verið skröltandi Volkswagen bjalla. Ekið var sem leið lá yfir eyðimerkursanda sem fyrrum, en nú voru allar ár brúaðar. Upp brekkuna að Skaftafellsbæjunum fórum við á skjóðnum án vandræða. Þegar við komum að réttinni ofan við túngarðinn hjá Böltanum mætti okkur hávaxinn að vel um sig maður og kynnti sig sem þjóðgarðsvörð. Hann hafði langan lurk í hendi, sem hann virtist ekki þurfa að styðja sig við heldur frekar að sýna sem valdsmerki varðar þjóðgarðsins. Hófst nú rekistefna, þar sem vörðurinn vildi enga umgengni um sínar slóðir í bæjarlandinu en sá sem hér heldur á ritfangi sagði sig vilja tjalda í ofanverðum

Oddunum. Þar var uppáhalds staðurinn minn. Undirritaður átti engin vopn önnur í þessari viðureign en góða staðarþekkingu, hver örnefni væru og sögur af mjöltum þar sem vörðurinn stóð. Uppgjöf varðarins fyrir kunnáttunni leiddi til þess að við fengum að slá upp tjaldi okkar þar sem við vildum, nefnilega á bannsvæði í ofanverðum Oddunum.

Daginn eftir skein sól í heiði. Þetta var dagur heitsins, tíu árum eftir brúðkaupið en áður en Örafasveitin og Skaftafell sérstaklega yrðu opnuð fyrir fjöldaáhlaup. Höskuldur, velútbúinn með stígvéli í bakpoka hélt á okkur yfir Morsá. Gangan fram hjá Bæjarstaðaskógi og að gilinu góða gekk vel. Öll böðuðum við okkur í fossinum volga. Heitið var efnt.

Við vorum þreytt eftir dagslanga göngu þegar við mættum aftur í tjaldið í Oddunum, vel sólbrennd, en hamingjusöm. Eftir kvöldverð í tjaldinu var gengið að Svartafossi. Með því var dagurinn og atburðurinn innsiglaður.

Vorið eftir dvöl mína á Skaftafell leigðu Ingigerður og bræðurnir ungu fólki úr Mýrdalnum jörðina. Einn úr þessum hópi festi þar yndi með fjölskyldu sinni og ekkja hans hélt áfram dvöl sinni þar eftir hans dag uns hún lést fyrir tiltölulega skömmu. Ári eða svo eftir útleiguna seldu Ingigerður og bræðurnir Skógrækt ríkisins jörðina. Var það í raun vísirinn að þjóðgarði sem síðar varð.

Oddur var jarðsettur í túnfætinum fram af Böltanum. Hann er því enn í Skaftafelli.

## Á flugvelli í London

Ein leiðin til Íslands frá meginlandi Evrópu er um flugvelli í Lundúnum. Þegar ég gekk inn í biðsal fyrir Íslandsvél á Heathrow flugvellinginum í London í einni slíkri ferð sá ég myndarlegan mann í ljósum rykfrakka sem kinkaði til mín kolli. Ég tók glaðlega undir kveðju hans þar sem ég rölti innar eftir salnum og tók að virða fyrir mér flugvélarnar úti á planinu. Þar stóðu stórar þotur í röðum. Hvað skyldu þær nú kosta þessar?, hugsaði ég með sjálfum mér. Þegar ég sneri athygli minni aftur inn í salinn sé ég að maðurinn í ljósa frakkanum hefur tekið stefnuna til mín.

„Þú manst líklega ekki eftir mér?“ ávarpaði hann mig brosandí. Ég var orðinn nokkuð sjóaður í svona uppákomum úr pólitíkinni og notaði gömlu ráðin sem stundum höfðu dugað. Ekki taldist við hæfi að bera ekki kennsl á fólk, sem hefði kannske stutt við flokkinn eða mann sjálfan, mætt á fundi eða var meðal örugggra eðalkrata. Þá eins og nú varð að kaupa tíma, játa engu né neita, en slá úr og í, humma, klóra sér á hökunni, setja upp spekingssvip: „Bíddu nú, jú annars, en...“ og bíða þess að fá meiri upplýsingar, sem dygðu til þess að leysa gátuna og koma með rétta svarið. Þessi aðferð hafði oft reynst mjög góð. Næstum óbrigðul á stundum, komið manni úr leiðindaklípu. Maðurinn í ljósa

frakkanum var hins vegar erfitt viðfangsefni. Hann gaf mér ekkert „inpútt“, horfði bara á mig engjast, en leysti síðan gátuna og sigraði mig þannig gjörsamlega. Eitt núll fyrir hann. Gamli mannglöggi pólitíkusinn lá í valnum.

„Ég svaf í kojunni fyrir ofan þig á Heiðarfjalli á Langanesi. Og þegar þú fékkst flensuna og eistneski læknirinn á staðnum lét þig fá lyf við henni, sem þú vildir ekki taka af því að hann væri fasisti, eftir því sem þú sagðir, þá tók ég þau bara fyrir þig.“

„Jahérna Addi minn. Það er nú orðið ansi langt síðan, vel á fjórða áratug, gaman að hitta þig aftur“ voru viðbrögð mín og það lá við að ég faðmaði hann að mér.

Þetta voru skemmtilegar endurfundir, og dvölin á Heiðarfjalli rifjaðist upp fyrir mér. Þetta var sumarið 1956. Þá vorum við 16 ára. Bandaríkjamenn voru að reisa radarstöð á fjallinu. Við sem fengum vinnu við verkefnið sumarlangt töldumst heppnir. Líklega voru samt allir þarna fyrir einhver persónu- eða pólitísk tengsl. Ég stend í þeirri meiningu að við bekkjarbræðurnir og Hafnfirðingarnir Sigurður Thoroddsen og ég höfum náð vistinni vegna kunningsskapar feðra okkar við Björn Ingólfsson, lögreglustjóra á Keflavíkflugvelli. Svona var heimurinn þá og er sjálfsagt enn, bara í nýrri mynd. Við Sigurður tókum sömu flugvél norður. Kanarnir höfðu byggt flugvöll skammt fyrir utan Þórshöfn, þar sem lent var. Þeir höfðu líka lagt góðan veg upp á fjallið. Ferðin gekk lipurlega fyrir sig og okkur var vísað til vistar í eitt herbergjanna í vinnubúðum á staðnum. Einföld þil skildu herbergi að, fleki var í hurðarstað, læsingin var hengilás. Í hverjum klefa voru tvær kojur, efri og neðri á hvoru þili og ca eins meters breiður gangvegur milli kojanna. Við Sigurður vorum fyrstu íbúarnir í þessu „herbergi“ okkar og völdum hvor sína neðri kojuna. Síðan bættust þeir við Addi, sem valdi kojuna fyrir ofan mína og Helgi Jónsson

---

frá Böggvistöðum við Dalvík, sem lenti fyrir ofan Sigurð. Báðir voru þeir Addi og Helgi úr forréttindahópum, pabbi Adda var verkstjóri á staðnum og hafði þar fleiri syni sína í vinnu, en Helgi var sonur Jóns Jónssonar, sem hafði verið í framboði fyrir Hræðslubandalag krata og framsóknarflokks. Okkur gekk sambúðin nokkuð vel. Einhverju sinni komumst við yfir málningu og gerðum vistlegra hjá okkur með því að mála „herbergið“ allt um kring.

Byggingarvinnan var ekkert sérlega andlega krefjandi, enda var það ekki hið eftirsóknarverða við að ráðast til verka á þessum stað. Það voru launin, maður, sem mér finnst hljóma núna eins og slagorð Clintons í kosningabaráttu sinni til forsetakjörs: „it is the economy, stupid.“

Það var unnið til klukkan 10 á kvöldin og alla laugar-  
daga fram að kvöldmat. Eftirvinna, eftirvinna, næturvinna, tvöfaldir taxtar og í hverri viku komu launaumslög þrútin af peningum. Enginn kostnaður af fæði eða húsnaði, engin sjoppa, engin útgjöld nema helgartúrarnir á böll. Ég var líka heppinn eða þannig. Var settur á loftpressu ofan í skurði, sem gaf sérstakt álag á kaupið og svo trúað fyrir því að bera 50 kg sementspoka í steypuhrærivélina, sem þýddi líka hærri taxa. Peeningarnir hrúguðust upp. Gott. Eins og til var stofnað. Sumrin urðu að gefa af sér peninga fyrir veturinn.

Böllin gátu verið skrautleg. Fyrsta ballið, sem ég lenti á var á Þórshöfn. Samkomuhúsið hafði brunnið. Ballhaldarar létu það ekki á sig fá. Þeir fundu lausn á því. Íslendingar redda alltaf málum!! Næsta slátrun var ekki fyrr en með haustinu, svo að sláturhúsið á staðnum þar sem vítt var til veggja stóð ónotað. Nú var það virkjað, karl- og kvenpeningi til lystilegra afnota. Ballið var sem sagt haldið í sláturhúsinu. Sumar af stelpunum sátu í einhverskonar vöskum meðfram veggjum. Ólátabelgir áttu á hættu að vera hengdir upp á

kjötkróka, en steingólfið var ekki svo afleitt til dansmennta og hlandvolgur landinn lyfti áræði unglínganna. Dreypti þar fyrsta sinni á ævinni á þeim drykk og þótti ekki þar góður. Seinna um sumarið var svo farið á aðrar samkomur, í Bakkafjörð og víðar. En „ballhöllin“ var kannske bara pallur á grasbala úti í móa. Ævintýri samt og Fordinn, glæsikerra módel 1955, bara ársгамall var leigður til ferðalaganna. Svo tók skurðgröfturinn og steypuvinnan við mánudaginn þar á eftir og launaumslagið á föstudögum.

Þarna var fullt af fólki, flest ungu, sem hafði sýnt mark sitt eða mundi sýna það í þjóðlífinu. Það voru piltungar sem síðar urðu verkfræðingurinn Davíð, prófessorinn Jónas, flugmaðurinn Garðar, lækurinn Ísak, listamaðurinn Kristinn og svo fyrrum burgeisinn Thorberg og rauðhærði yfirverkfræðingurinn. Svo tókst okkur líka unglíngunum að komast til að sjá fyrsta sinni ævinnar klámmynd, sem bandarískir dátur höfðu fyrir sig. Gott ef það voru ekki klókindi Adda í efri kojunn, sem nýttust okkur til að smygla okkur inn á sýninguna, sem var í messanum, þar sem við fengum máltíðir okkar framreiddar.

Mér þótti myndin grámuskuleg og skrykkjótt, en auðvitað að menntandi!!

Addi var skemmtilegur herbergisfélagi, sérstaklega glaðlegur, síbrosandi og til í alls konar sprell. Sagan hans af mér, eistneska læknum og lyfjatökunni gæti ekki verið sönn, nema af því að hann átti hlut að.

Meðan þetta ævintýri á Heiðarfjalli rifjaðist upp og ég hugsaði til þokunnar sem umlukti okkur þarna á fjallstoppinum langflesta daga fór ég að velta því fyrir mér hvernig okkur herbergisfélagunum hefði farnast í lífinu. Siggi var dugmikill arkitekt með sitt finnska háskólapróf, eftir því sem ég best vissi var Helgi vel metinn framamaður í sinni sveit, hafði víst m.a. verið kosinn í hreppsnefnd. Og ég efaðist ekki

---

um að ég hefði spjarað mig. Gaman að hann Addi skyldi gefa sig fram og rifja upp kynnin. Hvernig skyldi nú hafa ræst úr þessum galgopa? Ég dró djúpt að mér andann, setti upp föðurlegan svip og spurði manninn í ljósa frakkanum, minn fyrrum „herbergisfélagi“ og reddara í lyfjapraut:

„Og hvað fæstu nú við, Addi minn?“ Svarið kom skjótt: „Ég rek einar átta þotur, eins og þú sérð hér út um gluggann.“ Datt kannske aðeins úr mér loftið? Hvernig í fjandanum átti ég að kveikja á því að Arngrímur Jóhannsson í Atlanta væri sami maður og Addi í efri koju?





## Dassi

Ég fór í útförina hans Dassa í gær. Dassi var auðvitað gælu-nafn, hann hét Davíð Arnljótsson, þegar við áttum eitthvað saman að sælda. Í gær var hann kynntur sem Davíð Trausti Arnljótsson. Aldrei nefndi hann Trausta nafnið meðan við umgengumst. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skiptið, fjarri því, sem ég les dánartilkynningar um fólk sem heitir allt í einu, eftir að það er dautt ýmsum nöfnum, sem það gekk aldrei undir í lifanda lífi. Ég kann ekki alveg við þetta. Mér finnst að hinir látnu geti fengið að halda því nafni sem þeir völdu sér við umgengni við annað fólk í lífi sínu, en eigi ekki að jarðast undir öðru nafni en því.

Kirkjuathöfnin var nokkuð öðru vísi en venjan er. Ég fékk reyndar að vita að Davíð hefði verið mjög trúaður og hefði eflst í trú sinni með aldrinum. Þá var sagt að hann hefði safnað Biblíum á mismunandi tungumálum. Þetta fannst mér athyglisvert og gaman að fréttu. Í athöfninni var hljómlistin ríkjandi þáttur. Fiðlan flutti fallega tóna í upphafi, við undirspil og í einleik. Hinir hefðbundu sálmar heyrðust ekki. Og engan sálmanna eða söngvanna sem sungnir voru þekkti ég. Í fyrsta skipti í íslenskri kirkju fékk ég að upplifa útför án þess að „Allt eins og blómstið eina...“ kæmi við sögu. En öll athöfnin var virðuleg og hlýleg.

Það var slatti af bekkjarsystkinum úr 59 árgangi MR mættur í athöfnina og smám saman tíndust menn saman í hóp fyrir framan kirkjuna og röbbuðu um fyrri tíma, allir komnir á áttæðisaldurinn.

Dassi var hress og kátur ungur maður, en umfram allt mjög stæltur, sterkastur allra og naut þess vel, enda vildi hann áreiðanlega vera það. Við áttum samleið í sama bekk gegnum árin fjögur í Menntaskólanum í Reykjavík. Lyndiseinkunn hans og líkamlegir burðir komu skýrt fram þegar á fyrsta árinu. Okkur samdi alltaf vel með einni undantekningu þó.

Við kynntumst nefnilega ekki bara í skólanum. Sumarið 1956, þegar við vorum 16 ára og höfðum verið saman einn vetur í skóla, lentum við báðir í sumarvinnu við að reisa radarstöð á Heiðarfjalli á Langanesi. Þetta var skritin vist í þröngum vinnubúðum, langur vinnudagur og lítið við að vera í frítímanum. Við vorum eiginlega bara að safna peningum fyrir veturinn. Langur vinnutími gaf vel af sér. Frítt „húsnæði!!!“ og fæði og engir nálægir „eyðslustaðir“ réðu því að eftirtekjur urðu drjúgar. Samt þurfti stundum að skemmta sér og leigubílinn, sá eini, fylltur ungmennum og ekið á böll í grenndinni. Hið fyrsta var reyndar í sláturhúsinu á Þórshöfn, því að kviknað hafði í samkomuhúsinu. Bakkafjörður var líka ballstaður, á palli úti í móa.

Það var ekki í sambandi við slíkar ferðir sem við Dassi lentum í rimmu, þetta eina skipti, sem ég var að vitna til. Það var um helgi, þegar ekkert var að gerast. Ekki man ég tilefnið, en svo varð ég reiður undan tiltektum hans eða orðræðu, að ég sást ekki fyrir og hjólaði í hann, ruminn sjálfan. Eins og nærri má geta hafði ég verra af og laut rækilega í lægra haldi. Það var þá sem ég settist niður og skrifaði sjálfum mér skammabréf um reiðina og hversu heimskulegt væri að láta hana ná tókum á sér eða yfir leitt að láta hana

---

sjást. Henni ætti að afneita sem stjórnanda og láta ógert að láta hana bjaga framgöngu manns. Eftir það tamdi ég mér að láta helst ekki sjá á mér reiðimerki og reyna að forðast að láta reiðina ná tökum á mér. Hitt er svo það, að erfitt er að losna við reiðina og hana kann þá að verða að taka út með öðrum hætti á sér sjálfum. Stundum finnst mér að ég hafi á stundum setið full mikið á mér. Hvernig sem það er, verður að segjast að Dassi hafði með nokkuð sérstökum hætti áhrif á mig og líf mitt.



## Bóndinn Jón á Skaga, ofurstinn og túlkurinn

Einn góðan veðurdag kom Ágúst Böðvarsson, forstjóri Landmælinga Íslands til mín og tjáði mér að morguninn eftir væri hlutverk mitt að vera túlkur fyrir amerískan ofursta, sem ætti erindi norður í land og þyrfti aðstoð. Þetta var sumarið eftir stúdentspróf, ég var níttján ára, hafði fengið sumarvinnu einmitt þetta vor hjá Landmælingunum. Mér hefur löngum verið ráðgáta hvers vegna ég var valinn til þessa verkefnis, en ég hlýddi yfirmanni mínum vitaskuld, taldi að ég gæti bjargað mér í enskunni, þótt einkunnir mínar hefðu að vísu verið hærri í öðrum fögum.

Á þessum tíma voru stundaðar miklar landmælingar undir danskri yfirstjórn og loftljósmyndataka, sem þá var nýjung við kortagerð. Jafnframt var safnað örnefnum inn á loftljósmyndirnar. Við þetta fengu ýmsir, ekki síst verkfræðinemar, sumarvinnu sem var nokkuð ábatasöm. Ég tel að verkefnið hafi verið kostað að miklu leyti af Atlanshafsbandalaginu eða Bandaríkjunum. Ég var heppinn að komast í þessa sumarvinnu, þaðan á ég góðar minningar og í henni kynntist ég verkfræðinimum og fleirum sem margir hverjir settust síðar í áhrifastöður eða við stjórn áhugaverðra verkefna, sumir á akademíska sviðinu. Okkur var skipt í hópa og úthlutað tilteknum svæðum og verkefnum. Ég lenti t.d. í

hópi sem var um tíma í Kjósinni og seinna var ég í hópi sem hafði aðsetur á Reykhólum á Barðastönd. Einhvern tímann vorum við líka í Borgarfirðinum. Hvar sem við vorum undi ég mér vel og lærði margt sem mér þótti gaman og gott að vita, meðal annars um landið og fólkið. Stundum var brugðið á leik, farnar ævintýraferðir til upplyftingar til dæmis á böll, kannske í öðrum landsfjórðungi. Þá eins og ævinlega var ég bílstjórinn, margir hinna eldri þurftu að hafa frelsi til að fá sér aðeins í glas. Það þurfti ég ekki. Minnisstætt er þegar vegkantur brast undan bílnum undir minni stjórn og piltar tveir, sem stolist höfðu ofan af Skarðsheiði á ball með okkur nokkrum af láglandinu, eftir að hafa húkt þar þar uppi í tvær vikur í bið eftir skyggni, töfðust svo frá nýrri uppgöngu á tindinn að uppstyttu, sem einmitt kom akkúrat þetta laugardagskvöld, var liðin hjá þegar þeir náðu upp. Fengu þeir bágt fyrir frá sínum danska yfirmanni í landmælingunum. Samt urðu þeir báðir prófessorar við Háskóla Íslands. Svikust víst aldrei um aftur eftir þetta ævintýri.

Eins og sjá má er ég kominn langt út fyrir efni fyrirsagnarinnar og upphaf þessa skrifts, en ég stóðst bara ekki mátið, af því að upprifjunin náði tókum á mér. Svo við snúum nú aftur til upphafsins, var það þannig að ég var nýliði í sveit Landmælinga Ágústis Böðvarssonar, þegar hann gerði mér að verða túlkur. Ævintýrin í Kjósinni, á Skarðsheiði og víðar komu síðar.

Ég mætti semsagt eins og til var ætlast, nítján ára gamall, sérlega útnefndur sem túlkur í verkefni sem varðaði stangt tiltekið kalda stríðið, stöðu og stuðning við varnarliðið sem Bandaríkjamenn héldu hér úti fyrir okkur og grannríki okkar beggja vegna Atlanshafs. Á þessum tíma sinntu Landmælingar öllum sínum verkefnum á trukkum frá Bandaríkjunum, sem báru heiti Dodge Weapon. Þetta voru duglegir bílar og mér leið vel að vera bílstjóri þeirra.

---

Hvað um það þá fékk ég ekki að vera bílstjóri ofurstans, sem mér var úthlutað að gerast fylgisveinn við og túlkur í þessari norðurferð.

Málið var nefnilega það, að ameríski herinn hafði stundað flugæfingar norður af landinu og einkanlega í nágrenni við Hafnir á Skaga. Þjóðviljinn, erkióvinur Bandaríkjanna, Nato, Varnarliðsins og hernaðarstúss, hafði sagt frá yfirflugi og ónæði, sem bændur á Skaga höfðu orðið fyrir af hendi hersins. Jón bóndi í Höfnum hafði vitnað um þetta í Þjóðviljanum og mótmælt af krafti. Hér var mikið í húfi. Jón bóndi Benediksson gæti turnað mörgum, kannske ekki þjóðinni allri, en of mörgum. Við þessu þurfti að bregðast. Þess vegna leiðangur ofurstans og þess vegna til öryggis íslenskur túlkur, ég. Það reyndist víst auðveldara en strategískir ákvaðanatökumenn gerðu ráð fyrir, þegar útgerð ofurstans og túlksins var ákveðin, að bjarga málum.

Útgerðin var sem sagt sú, að ofurstinn ók Víponinum (Dodge Weapon) af festu og öryggi og túlkurinn var aðeins í því að leiðbeina lítilsháttar um leiðina. Samræður voru í íslenskum bændastíl, fáorðar og slitróttar. Ekið var framhjá ýmsum timburhreysum og moldarhólum sem ofurstinn kannaðist greinilega við sem húsnæði Íslendinga og spurði því einskis. Túlkurinn fékk þess vegna litla æfingu á leiðinni en ofurstinn náttúrliga aukna innsýn í íslenska sveitamenningu. Loks var komið á leiðarenda til bóndans í Höfnum á Skaga, sem var talinn á leiðinni að eyðileggja grundvöllinn undir stuðningi við vestrænt varnarsamstarf, samkvæmt fréttáflutningi Þjóðviljans. Ofurstin og túlkur heilsuðu heimamanni á stéttinni við útidyrnar. Ofurstinn var með drjúga dollarvöndla í buxnavösum sínum. Hann lét það strax í ljós við bónda að fjárráð góð leyndust í vösum hans. Jón bóndi Benediksson gaf því lítinn gaum, en bauð til stofu.

Þegar í stofu kom fannst mér haka ofurstans síga ögn eitt andartak. Ég var ekki frá því að honum hefði komið á óvart hvernig þessi bóndi við ysta haf hafði búið um sig, maðurinn sem hafði ógnað varnarsamstarfinu með gaspri í málgagni öreiganna, kommúnistablaðinu. Í nýtískulegu húsi var stofan búin fínustu húsgögnum, teppum, djúpum stólum og original málverkum. Ofurstanum var einmitt boðið til sætis í einu slíku mjúku hægindi. Bóndinn á hjara veraldar bjó þannig að nálgast aristókrat og bar sig eins og breskur lord. Ofurstinn bauð fé úr dollarvöndlum sínum. Jón Benediktsson sagði að sér nægði að hætt yrði að trufla æðarvarp sitt með yfirflugi og helíkopteraveseni, en peninga frá öðrum þyrfti hann ekki og afþakkaði slíkt. Ofurstinn setti seðlabúntin neðar í vasann og undirbjó brottför. Túlkurinn þyrfti aldrei að grípa til þjónustu sinnar. Jón Benediktsson var veraldarvanur og gat talað við enskumælandi ofursta milliliðalaust. Ofurstinn sagði ekki orð á heimleiðinni og túlkurinn dottaði mestan part leiðar.

Mér finnst að ég verði að bæta því við, að við Jón í Höfnum á Skaga áttum eftir að hittast síðar. Ég held að það hafi verið um það bil tuttugu árum eða meir eftir heimsókn mína til hans með ofurstanum, sem við hittumst í bankaafgreiðslu í miðbæ Reykjavíkur og féllumst næstum því í faðma yfir að fá að hittast aftur. Virðing mín fyrir þessum karli, afdala-bónda, heimsmanni hefur alltaf verið mikil. Enn síðar gerist það að barnabarn Jóns giftist inní fjölskylduna, nefnilega systursyni mínum. Jón Benediktsson stóð sig vel þá eins og ævinlega, settist undir stýri á Benzanum sínum og gerðist ökumaður brúðhjónanna, en ég missti því miður af því. Látum það vera, ég hef fengið að njóta þess að hafa barnabarnið hans meðal okkar í fjölskyldunni. Það hefur alltaf verið upplýfting að umgangast hana og áminning um Jón bónda í Höfnum á Skaga og hvernig hann tók á móti ofurstanum,



---

herveldi hans og túlkinum unga.



## Olíulampinn

Í sumarhöll okkar hjónanna hangir forláta olíulampi. Hann er úr messing og muni ég eftir að fægja hann, glampar á hann í sólinni. Þetta er stór lampi. Einhvern tímann var mér sagt hvað hann væri margar línur, og þær voru margar, en línufjöldi var mælikvarði á ljósmagn olíulampa. Það eru þrjár keðjur sem halda lampanum uppi og stórt lóð sem vegst á við lampann, enda má fíra honum upp og niður um eina þrjátíu sentimetra. Það stafar af honum mikil birta, þegar kveikt er á honum og notagildið er býsna gott. Í efri stöðunni getur hann varpað birtu um heilt herbergi. Í neðri stöðunni veitir hann ljós til nákvæmniverka í nálægð sinni. Það er vitaskuld rafmagn í sumarhöll okkar og lampinn til skrauts og skemmtunar eða sem umræðuefni við gesti.

Ég man nefnilega þá tíð að lampinn gegndi sínu upprunalega hlutverki. Á ofanverðum fimmta áratug tuttugustu aldar var hann enn að veita birtu í stofunni á búgarði á Suðurlandi. Þá var ég í sveit, eins og það var kallað, á óðali feðranna, Berustöðum í Ásahreppi í Rangárvallasýslu. Rafmagnið hafði ekki náð til bæjanna þarna á þessum tíma, en það var að nálgast og var reyndar komið áður en síðasta sveitasumarið mitt á bænum rann upp. Lampinn hékk í stofunni í Austurbænum, eða „Austri“, eins og það var kallað,

og mér, kaupstaðakrakkanum, var starsýnt á hann og dáðist að honum, tíu ára gamall.

Svo liðu árin. Undir tvítugt fór ég til náms í Stokkhólmi. Þá sá ég hvernig fólk þar hafði gamla hluti í hávegum og prýddi heimili sín með þeim. Þetta var allt annað viðhorf en ríkti heima á Íslandi. Það vakti mig til umhugsunar. Það rifjuðust upp fyrir mér ýmsir hlutir sem höfðu nýverið horfið af heimilum á Íslandi eftir því sem ný tækni ruddi sér til rúms. Eitt sumarið á þessum námsárum lagði ég leið mína eins og svo oft áður til ættingjanna á Suðurlandi þar á meðal á heimilið góða sem hafði fóstað mig nokkur sumur á Berustöðum. Ég spurði eftir lampanum. „Hann er upp á hálofti, líklega eitthvað brotinn“ var svarið. Ég kleif upp á loft og fann lampann. Það var rétt, kúpullinn og lampaglasíð var hvorutveggja brotið. „Má ég eiga hann?“ spurði ég. Það var auðfengið. Síðar gekk ég á lagið og ég fékk gefins fleiri gamla muni bæði á Berustöðum og á Syðri Hömrum í sömu sveit. Hlóðapottur áskotnaðist mér á Berustöðum og heymeis og klifberi með gjörðum úr hrosshári. Vel má vera að amma Ingigerður hafi notað pottinn og Þorsteinn afi fléttað gjarðirnar. Ryðgaða sykurtöng skenkti Arndís, föðursystir mín, á Syðri Hömrum mér. Héðinn frændi fægði hana og er hún síðan stofustáss.

Lampanum þurfti að gera gott. Verslanir með gamla muni í Stokkhólmi reyndust vel í því verki. Kúpul og lampaglas fann ég í „Gamla Stan“ í Stokkhólmi. Þegar við hjónin settum upp fyrsta heimili okkar í leiguíbúð á Hringbrautinni í Hafnarfirði var lampinn í öndvegi í vinnuherbergi húsbóndans. Þá gerði hann okkur reyndar nokkra skráveifu. Á veisluglöðu kvöldi var kveikt á lampanum eins og stundum endranær. Gestir sátu með okkur að góðum kvöldverði í stofunni í glöðu skapi. Áður en langt um leið mátti greina dökkar flyksur í lofti. Heldur seint var gestum

---

þó ljóst, að hér var lampinn að verki og sótaði sem mest hann mátti. Við tók daginn eftir einhver erfiðasta hreingerning sem sögum fer af í okkar búskap. En við vorum ung.

Ég tengdi lampann ævinlega við Þorstein afa minn. Fyrir mér í minningunni var lampinn í stofunni hans afa í Austurbænum. Þarna skjátlaðist mér. Það var seinna sem ég fékk að vita sögu lampans.

Þau voru mörg Berustaðasystkinin. Þegar kom að því að afa Þorsteinn og amma Ingigerður vildu bregða búin voru hin eldri börnin búin að stofna til eigin búskapar. Guðmundur var fjórði yngstur. Honum var, eftir því sem sagnir herma, ætlað að taka við búinu. Samkvæmt sömu heimildum sveik kærastan hann og konulaus var talið að hann gæti ekki rækt búskapinn. Þá varð yngsti sonurinn, Óskar, fyrir valinu, enda átti hann vandaða kærustu. Þau giftu sig og tóku við búinu um leið og Þorsteinn og Ingigerður héldu upp á gullbrúðkaup sitt. Þá gaf Guðmundur þeim lampann góða í brúðkaupsgjöf.

Óskar og kona hans Ingibjörg voru ekki sérstakleg gefin fyrir búskapinn, höfðu líklega alltaf ætlað sér annað hlutskipti. Eftir fimmtán ár við búrekstur seldu þau jörðina og fluttust til Reykjavíkur, þar sem þau settust að og Óskar fyrst og síðar Ingibjörg fengu vinnu við sitt hæfi. Við búskaparslitin var eins og þá tíðkaðist haldið uppboð á ýmsum innanstokksmunum og amboðum og þess háttar. Söfnuðust þá sveitungar til þess að bjóða í gripina. Meðal innanstokksmuna á uppboðinu var olíulampinn góði. Hann var sleginn Guðmundi, sem hafði gefið hann hjónunum sem voru að hverfa úr sveitinni. Þegar að því kom að Guðmundur hirti lampann í lok uppboðsins var svar hans þetta: „Lampinn á að hanga kyrr á sínum stað“. Þess vegna var hann enn í stofunni í Austurbænum á Berustöðum, þegar ég var þar í sveit. Þar hafði hann því hangið síðan árið 1931.

Sagan af lampanum er samt ekki öll. Hann átti eftir að ganga í gegnum hörmungar en síðan að rísa upp að nýju og loga í sínu fagra veldi. Árið 2008 laskaðist lampinn nefnilega alvarlega. Fyrir slysi brotnaði skálin sem geymir eldsneytið, steinolúna, sem kveikurinn sagnar til sín og gerir að ljósgjafa, þegar eldur er borinn að honum. Þessa lemstrun og gagnsleysi þurfti lampinn að búa við í nokkur ár, eða þar til María dóttir okkar réðst í málið af atorku og útsjónarsemi. Þá skipti máli að búa í stórborg þar sem allt má finna, ef nógu mikið er á sig lagt í leitinni. Hún lét ekkert stoppa sig. Einlægur áhuginn auðveldaði leitina. Eftir mikið erfiði fann hún glergerðarmenn sem fengust til þess að smíða nýja krús fyrir eldsneytið eftir máli. Í næstu heimsókn Maríu hingað var nýsmíðin prófuð. Allt gekk upp. Og lampinn er nú sem fyrr tilbúinn til þess að lýsa upp umhverfi sitt hvenær sem eftir er óskað.

## Chicago

Það var einungis skömmu fyrir brúðkaup okkar Irmu sem ég fékk bréf um að mér hefði hlotnast Fulbright styrkur til náms í háskóla í Ameríku. Það fór því svo að í brúðkaupinu gat ég skýrt frá því, að ekki einungis yrði Irma brott tekin úr dásemdum Svíaríkis að brúðkaupi loknu til grannríkisins Íslands heldur yrði hún flutt búferlum með haustinu til Ameríku. Styrkveitingin var bundin við nokkra háskóla, sem ég gat valið um og af þeim valdi ég IIT, Illinois Institute of Technology, í Chicago. Ég gat því flutt brúðkaupsgestum þessi skilaboð og gerði það auðvitað í ræðu, sem að öðru leyti sneri að brúði minni og hugrekki hennar að ganga að eiga þennan pilt úr allt öðru umhverfi, en var jafnframt brot á fínum hefðum að því leyti að brúðgumum er ekki ætlað að tjá sig neitt í eigin brúðkaupi eða var a.m.k. ekki samkvæmt þágildandi hefðarreglum, en tengdaforeldrarnir héldu brúðkaupið samkvæmt sömu reglum og gerðu þar á ofan viðstöddum öllum sem einum að mæta í smóking og þótti víst ekki tiltökumál.

Árið áður þegar ég var á Íslandi sótti ég um styrkinn. Það hafði lengi vakað með mér að komast í framhaldsnám til Ameríku. Mig langaði til þess að kynnast amerísku samfélagi og ég hafði löngun til þess að nema hagfræðileg efni

eftir verkfræðinámið og hafði reyndar byrjað á því á vorönn 1964 í Stokkhólmsháskóla. Þetta tvennt gat ég sameinað í Fulbright styrknum. Kynning okkar á Chicago í flýti ung-dæmisins var nánast einungis fólgið í því að lesa um borgina í gömlu sænsku Bonniers lexikoni.

Eftir sumardvöl á Íslandi lá leiðin sem sagt til Chicago, sem átti eftir að eiga í okkur hlut nokkur næstu ár. Borgin var okkur að sjálfsögðu í sannleika ókunn og við áttum eftir að kynnst henni. Við hjónakornin áttum líka eftir að kynnst hvort öðru betur og þar var margt málefni á dagskrá. Fyrstu viðtökurnar voru sérstakar og við áttum eftir að kynnst margri nýjung, sem seinna hefur orðið hversdagsleg.

Strax fyrsta sólarhringinn kom Chicago okkur á óvart og fávísi okkar kom sömuleiðis vel í ljós. Við höfðum pantað hótél fyrir fyrstu nóttina í borginni en daginn eftir átti ég vísan fund með tengiliðum háskólans á umráðasvæði (campus) hans og vísa íbúð þar. Við höfðum fengið vitneskju um að KFUM hótelið í borginni væri allt í senn miðsvæðis, öruggt og ódýrt og því var hótelpöntuninni beint þangað. Allt reyndist þetta rétt, en minna og ömurlegra hótélherbergi en það sem okkur bauðst er varla hægt að ímynda sér. Þar var boðið upp á einn bedda sem gat að vísu rúmað tvo en það var ákaflega naumlega og í herberginu rúmaðist lítið annað þótt tekist hefði að koma fyrir litlu barnarúmi. Veggir voru ekki málaðir heldur var áferðin sementsstrokin steinsteypan ein. Svona var þá Ameríka. Við göptum eiginlega af undrun, en ferðin hafði verið löng og ströng, Rolls Roce skrufuhreyflavélar Loftleiða fóru ekki mjög hratt yfir og flugið til Chicago fól auk þess í sér millilendingu í Gander á Nýfundnalandi. Þráandi hvíldina, óframfærin og hikandi létum við gott heita fyrir þessa einu nótt.

Morguninn eftir skoðaði ég kort af borginni mjög vandlega. Hótelið var á 8. götu suður og móttökunefnd mín



---

var á skólasvæðinu og á 34. götu suður. Hvort tveggja var við Michigan Avenue, svo þetta gat ekki verið einfaldara, beint strik. Og bara 22 blokkir. Það virtist ekki svo langt. Það var greinilega óþarfi að eyða peningum í leigubíl eða reyna að setja sig inn í stætisvagnaferðir, þetta var máturegur göngutúr, sýndist mér. Ég átti eftir að komast að öðru. Þeir skipuleggjendur í Chicago höfðu ekki tekið sér til fyrirmyndar þvergötuskipan við Laugarveginn. Öðru nær, þeir teygðu úr þessum blokkum sínum þvergatna á milli með óheyrilega ósvífnum hætti, hver blokk var a.m.k. eins og Laugarvegurinn allur eins og við þekktum hann frá Skólavörðustíg að Snorrabraut, og svei mér þá ef þær lengdust ekki blokkirnar eftir því sem fjær dró frá miðborginni. Ég gekk og gekk og gekk, en hægt miðaði. Svitinn draup af mér, en ekki var hægt að gefast upp, svo ég hélt áfram hvað sem tautaði og raulaði og hversu margir strætisvagnar sem strunsuðu fram úr mér á Michigan Avenue. Ekki var ég heldur hrifinn af umhverfinu, þegar fram í sótti. Húsin voru að grotna niður. Höfðu einu sinni verið slotleg íbúðarhús, en núna var ýmist að sjá neglt fyrir glugga eða brotnar rúður og umhverfið allt var óhirdulegt. Íbúarnir, þar sem þeir fyrirfundust, voru blökkumenn og mér sýndist þeir ekki alltaf vera hrifnir af hver öðrum. Sumir brugðu kúbeinum eða rörtöngum í hávaðasömum samtölum við granna sína og hlutu jafn óblíðar viðtökur á móti. Bílafloti virtist samt nægur og bílarnir flestir stórar drossíur en ekki í fallegu ástandi. Ég lét þetta ekki á mig fá og skundaði áfram eins mér þætti allt þetta sjálfsagt og eðlilegt en lét lítið á mér bera. Ekki man ég hvað ég gekk lengi en það var allavega eftir öllum mælikvörðum lengi, lengi. Loks komst ég á leiðarenda og hitti fyrir móttökunefndina. Fyrst allra mála spurðu þau hvernig ég hefði komið og svaraði ég sem var, að ég hefði komið gangandi stystu leið frá hótelinu á áttundu götu. Þau

báðu guð að hjálpa sér, töldu greinilega að hann væri þegar búinn að hjálpa mér, því að ég hefði auk gönguafreks tekist að komast heilu og höldnu í gegnum versta glæpahverfi Chicago.

Ég hafði skilið Irmu og Maríu eftir á hótelinu. Strax og ég fékk yfirráð yfir íbúðinni á campus flýtti ég mér til baka á hótelið og við komum okkur í íbúðina. Hún var tvö herbergi, stór stofa með eldunaraðstöðu í innri endanum og svo svefnherbergi, býsna rúmgott. Baðherbergið var líka ágætlega búíð. Við höfðum leigt íbúðina með húsgögnum og það stóðst; í stofu voru sófi og tveir hægindastólar og borðstofuborð með stólum, í svefnherbergi var hjónarúm og barnarúm, að vísu var hjónarúmið á hjólum, sem gerði okkur stundum grikk, fengum við að reyna. Hitt var svo önnur saga að Irmu þótti ekki nógu vel þriffin íbúðin og reyndist það orð að sönnu. Nánari skoðun leiddi til þess að skápar og eldhús fengu nýja yfirferð. Amerískur staðall dugði okkur ekki. Svo vantaði sjónvarp og teppisbleðil á gólfið undir stofuborði og voru fest kaup á hvorutveggja. Sjónvarpskaupin reyndust happakaup. Sjónvarpið vandi okkur bæði við enskuna og framburðinn í Ameríku. Teppið sannaði hins vegar að gæði þess voru lítil. Það molnaði undan því svampbotninn ef minnsti dropi fór niður á það. Rúmið var ágætt fyrir utan það að maður vissi ekki alltaf alveg hvar maður var staddur þegar maður vaknaði.

Úti á lóðinni framan við húsið var leikvöllur með sandkassa. María litla komst fljótt upp á lagið með að njóta þar lífsins og gaf hinum krökkunum ekkert eftir í að helga sér svæði og stund. Það varð ekki annað sagt en það færi bærilega vel um okkur þarna. Skömmu eftir komu okkar brast hins vegar á svonefnt Indian summer. Hitinn og rakinn fóru upp úr öllu valdi. Íbúðin var búin góðri kyndingu, sem átti eftir að standa sig vel í fimbulkuldum vetrarins, en loftkæl-

---

ing var engin. Svitinn lak af okkur í samfelldum straumum. Skipti engu þótt klæðum væri fækkað niður í nánast ekkert og maður staði gjörsamlega kyrr og gerði ekki handtak. Eini griðastaðurinn var undir sturtunni í baðherberginu. Þangað voru farnar ótal ferðir á dag þá viku eða svo sem þetta ógnarlega fyrirbæri gekk yfir.

Mitt fyrsta verk gagnvart náminu var að hitta deildarforsetann og fara yfir námsefni vetrarins og kunnáttu mína. Ég var staðráðinn í að ná M.S. gráðu um vorið. Námsefnið sem ég gat sótt fyrirlestra í dugði hins vegar ekki fyrir nógu mörgum punktum til þess að uppfylla kröfurnar til gráðunnar, þegar allt var metið sem ég gat lagt fram ótvíræð gögn um. Ég minnti hins vegar á að jafnframt náminu í hagfæðinni við Stokkhólmsháskóla hafði ég verið í óformlegu námi í verkskipulagningu við KTH (tækniháskólann í Sth.) og þar hefði ég lært margt af því sem væri í tveimur kúrsum sem fyrirlestrar voru ekki gefnir í þarna um veturinn en væru á kennslufirirlitinu. Samþykkt var að ég gengist undir próf í þessum námsefnum til þess að fá þetta viðurkennt. Ég þurfti nokkuð á mig að leggja til þess að fylla í götin á þekkingunni fyrir þessi próf, en það tókst og þar með var bara eftir að standa sig í hinum fögunum til þess að uppfylla skilyrði fyrir M.S. gráðunni hvað námsefni varðaði. Kennurum mínum í ensku í MR til hróss má geta þess að deildarforsetinn spurði mig hvar ég hefði lært ensku. Ég svaraði sem var að það væri í MR, en lét þess ógetið að enskueinkunnir mínar voru ævinlega lægri en flestar aðrar. Deildarforsetinn hrósaði kennurum mínum og leiðrétti síðan eitt orð í framsögn minni.

Á fyrstu dögnum og vikum fengum við sem sagt að kynnast ýmsum hliðum Bandaríkjanna. Bústaðurinn annan og þriðja veturinn var líka á campus, en þá vetur leigðum við minni íbúðir og annan veturinn án húsgagna og keypt-

um bedda og borð og hlóðum bókahillu úr múrsteinum, sem jafnframt skermaði Maríu af frá stofunni, í þessu eina herbergi. Beddarnir stóðu fyrir lítið en borðið er enn í stofunni okkar.

Á leikvellingum fyrsta árið kynnist Irma þýskri konu Heide og María syni hennar sem hét Owe. Úr varð að Heide útvegaði Irmu vinnu á sjúkrahúsi þar sem hún vann og Maríu barnapíu sem sinni þá Owe og Maríu saman. Barnapían var þýsk. María var komin í gang með enskuna, svona eins og krakkar gera fljótt, þegar þetta gerðist. Hún hafði verið býsna spræk við að tileinka sér og venja sig við sænsku og íslensku og núna að byrja að venjast enskunni í kring um sig. Þegar nú þýskan bættist við, sem pían notaði og Owe vitaskuld kunni, þá virtist henni allri lokið á tungumálavíðinu og steinhætti að tala. Stóð svo um hríð. Irma kunni hins vegar vel við sig í vinnunni og dreif sig í kúrsus í nuddi og fékk skírteini upp á kunnáttu sína.

Býsna fljótt komumst við í samband við Íslendingana í borginni. Ég hygg að Erna Thorarensen á skrifstofu Loftleiða hafi átt verulegan þátt í að kynna okkur þá og þá okkur. Þorsteinn Helgason var í doktorsnámi í byggingarverkfræði á IIT og Hólmfríður Stefánsdóttir var starfandi hjúkrunafræðingur í borginni. Þorsteinn reyndist okkur mikil hjálparhella og góður félagi. Sama gildi um Hólmfríði. Hólmfríður, en reyndar líka Þorsteinn á stundum, tóku að sér barnapössun á kvöldum, þegar mikið lá við. Þorsteinn keyrði okkur í verslunarleiðangra svo dæmi séu tekin af greiðaseminni. Irma komst líka að því að frændi hennar bjó í einni af útborgum Chicago. Móðir Irmu og hann voru systkinabörn. Hann hafði flust ungur til Ameríku og unnið sig upp. Hann hét Karl Walfrid en gekk undir nafninu Kalli Valli. Kona hans var Ruby af sænskum ættum og þau áttu dótturina Lindu. Þessi fjölskylda var okkur hrein himnasending, svo

---

vel reyndist hún okkur og umhyggjusöm. Gizur Brynjólfs-son læknir og hin sænska kona hans Sigrid urðu líka stólpa-  
vinir okkar. Svo vissi ég auðvitað af konsúlnum hinum  
hafnfirska Árna Helgasyni.

Fljótlega eftir komu okkar fór ég niður í miðbæ á skrif-  
stofu konsúlsins til þess að heilsa upp á hann og segja frá  
komu okkar í borgina. Ég þekkti auðvitað til konsúlsins  
eins og allir Hafnfirðingar. Hann hafði flust ungur vestur  
um haf, menntað sig þar og stofnað til atvinnurekstrar sem  
hafði reynst ábatasamur. Hann var sem sagt ríkur á okkar  
mælikvarða a.m.k. Ég hafði verið í Hafnarfjarðarkirkju á  
barnsaldri þegar vígðir voru tveir altariskertastjakar gullnir.  
Sagan sagði að þá hefði Ásgeir G. Stefánsson sem fljótur var  
á sér til orðs og athafna sagt stundahátt í kirkjunni. „Púra  
gull, púra gull.“ Hvað um það Árni lagði rækt við hafnfirsk-  
an uppruna sinn. Ég gerði grein fyrir mér, hverra manna  
ég væri og sagði á mér nokkur deili. Mér fannst hann taka  
mér frekar þurrlega miðað við að ég væri Hafnfirðingur, en  
við því var ekkert að segja. Nokkru seinna um veturinn  
hringdi Árni í mig og spurði hvort ég væri ekki til í að hitta  
sig á skrifstofunni tiltók dag og stund rétt fyrir hádegi. Hélt  
ég svo til fundarins. Þá brá svo við að Árni vissi allt um  
mig og mína, uppruna og störf föður míns og var jafnframt  
hinn kampakátasti. Eftir stundarkorn spurði hann mig hvort  
hann mætti ekki bjóða mér í hádegisverð. Ég hélt nú það. Þá  
sagðist hann venjulega fara til hádegisverðarins í Athletic  
Club þarna í grenndinni, hvernig mér litist á það. Auðvitað  
leist mér vel á það, hvað annað. Ekki hafði ég hugmynd um  
hvernig þessi staður væri. Þegar við vorum komnir þangað  
sagðist hann venjulega fá sér sundsprett fyrir matinn, hvort  
ég væri ekki til í það, skýla og handklæði væru til reiðu. Ég  
sagðist auðvitað fagna því, hvað annað. Í sundinu kom í  
ljós að Árni, á áttæðisaldri og í góðum holdum, flaut vel

og synti í rólegheitum sitt bringusund. Ég flaut ekki eins vel, grannsleginn og hafði lítið sinnt sundi frá því í gagnfræðaskóla og hamaðist og hamaðist við að halda mér á floti jafnlengi og Árni synti. Þetta hafðist. Þegar við vorum búnir að sturta af okkur og þurrka og klæðast, sagði Árni að hann væri nú vanur að fá sér einn Manhatta fyrir matinn og hvort mér litist ekki vel á það, hann Joe bartenderinn blandaði besta Manhattan í bænum. Ekki fussaði ég við því. Hitt var annað mál, að þegar drykkurinn var kominn í glasið var ég svo skjálfhentur eftir áreynsluna í sundinu, að ég varð að halda í glasið báðum höndum svo að ekki svettist upp úr því, meðan sá gamli sötraði í hægðum sínum úr sínu glasi eins og hann væri rétt að mæta í partíð.

Af þessum kynnum mínum af Árna dró ég þann lærdóm, að í öllum viðskiptum væri gott að kynna sér allt sem viðkom viðmælanda ef þess væri kostur. Ég lærði líka að ætla mér ekki um of í líkamlegum æfingum, jafnvel þótt um samanburð við aldraða væri að ræða. Í þriðja lagi lærði ég að kunna að meta Manhattan drykkinn.

Einn morguninn á fyrsta vetrinum vöknudum við hjónin við einkennilega smelli í íbúðinni. Vissulega höfðum við hleypt Maríu úr barnarúminu og fram á gólf til að rísla sér með leikföng, en þau áttu ekki að geta framkallað svona hljóð. Skýringin fékkst við skoðun málsins. Hún var að brjóta hnetur. Daginn áður höfðum við keypt hnetur og gætt okkur á þeim og gefið barninu að smakka. Henni þóttu þær góðar. Morguninn eftir meðan við kúrðum í rúminu ásældist hún hneturnar og vildi fá sér meira. Ekki var nema gott eitt um það að segja. Það var hins vegar aðferðin við að brjóta hneturnar sem var nýstárleg. Hún stakk þeim milli stafs og hurðar í opinni hurð og lokaði á þær svo að þær brotnuðu. Eftir það vissum við að við mundum alltaf geta gætt okkur á hnetum þótt hnetabryóturinn væri týndur.

---

Við vorum skítblönk allan þennan tíma. Fulbrigt styrkurinn var hugsaður fyrir einn námsmann, ekki þriggja manna fjölskyldu. Sparnaður af sumarvinnunni hrökk skammt. Seinni árin var það Vísindasjóðsstyrkur og frí skólagjöld af háskólans hálfu sem gerðu námið mögulegt. Irma fann út að ódýrasta máltíðin fyrir okkur væri tómat súpa úr dós með fransbrauðssneiðum, 11 cent. Þá kom sér nú vel að eiga Kalla Valla og fjölskyldu að. Aðra hverja helgi buðu þau okkur ýmist til sín eða á veitingastað. Þá voru máltíðirnar ekki sniðnar við nögl. Í fyrsta boðinu til þeirra gaf að líta mat og eldamennsku sem við höfðum ekki frekar en aðrir Norðurlandabúar kynnst á þeim tíma, þótt nú sé þetta næstum á hverju heimili að því er eldamenskuna varðar. Það var nefnilega grillað á útigrilli. Hvílíkt undur! Og steikin maður. Hún var um 20 sm í þvermál og eftir því þykk. Og svo meir og ljúffeng að annars eins höfðum við aldrei áður fengið að njóta, fjarri því. Á veitingastöðunum var líka kostur á svona steikum, sem ég hallaði mér ávallt að, en Irma varð hrifin af lobster og pantaði hann hvenær sem færi gafst. Maríu leist líka vel á að fara með okkur á veitingastaði og hélt sig oftast við kjúkling að okkar ráðum. Kalli Valli sótti okkur og skilaði okkur heim, því að enginn var bíllinn hjá okkur nema hluta úr öðru árinu. Þessi fjölskylda mætti líka eitt sinn með vetrarföt á Maríu og hélt svo fyrir okkur jólaboð með góðum gjöfum. Trommusláandi Indíáni sem var gjöfin til Maríu var í miklu uppáhaldi. Mest um verð var þó umhyggjan og hlýleikinn sem við nutum af hálfu þessa frændfólks Irmu.

Eina helgina bauð Þorsteinn Helgason okkur með sér í bílferð til Madison í Wisconsin. Bíllinn var mesti skjóður, kolriðgaður, en það kom ekki að sök. Erindið var fyrst og fremst að heimsækja Óttar Halldórsson og Nínu Gísladóttur, en Óttar var þarna við nám í byggingarverkfræði og þeir

Þorsteinn voru í vináttusambandi með sömu áhugasvið í fræðunum. Þarna hittum við líka Vilhjálmm Lúðvíksson og konu hans Áslaugu Sverrisdóttur, sem ég komst að síðar að er náskyld mér. Þetta var hin ánægjulegasta ferð og mikil tilbreyting fyrir okkur. Öðru sinni sagðist Þorsteinn ætla að kynna okkur fyrir fyrirbæri, sem ætti vaxandi vinsældum að fagna en væri okkur nýjung. Þetta reyndist vera pizza. Bættist nú í reynslubrunninn hjá okkur að kynnast einhverju nýju í Bandaríkjunum.

Chicago og bandarískt þjóðfélag gáfu fullt tilefni til pólitískra rökræðna. Í það fóru margar stundir hjá okkur hjónum fyrsta veturinn, þegar hvorttveggja var ferskt og nýtt. Við sáum strax hvað misskiptingin var mikil, eiginlega ógnarleg. Verulegur hluti þjóðarinnar bjó við ömurleg kjör og virtist ekki eiga sér vonir um neitt betra. Börnin í vissum hverfum ólust upp í sóðalegu umhverfi og öfgafullu, gengu í lélega skóla og eygðu ekki neina lífskjarabót, því að doði heltók umhverfi þeirra og þau sjálf, meðan glansmynd hinna ríku blasti við í sjónvarpsmyndunum. Við bárum þetta saman við Norðurlöndin og hvernig kerfið þar reyndi að bæta aðstöðu þeirra sem verr voru settir og hafði tekist að komast hjá því að búa við stóran hóp ungs fólks sem átti sér engrar viðreisnar von. Irma kom frá hægri sinnaðri fjölskyldu, sem trúði fyrst og fremst á mátt einstaklingsins til þess að bjarga sér og vinna sig upp. Bakgrunnur minn var vinstri sinnaður, trúði á jöfnuð og samhjálp og nauðsyn þess að skapa sem jafnasta aðstöðu fyrir æskuna til þess að komast til mennta. Það er skemmst frá því að segja að hið ameríska þjóðfélag og rökræður okkar leiddu til þess fyrr en varði að Irma var komin vinstra megin við mig í pólitíkum viðhorfum.

Svokallað negravandamál var mjög ofarlega á baugi. Það kom fram í fréttum. Það var rökrætt í samtalsþáttum í sjónvarpinu. Það var eilíft umræðuefni við Kalla Valla frænda



---

Irmu og hans fjölskyldu. Lítil hópur þeldökkra hafði komist í þau efni að geta keypt sér lítil einbýlishús í úthverfum Chicago. Áhrifin af þessu bættust ofan á rótgróin viðhorf hvíta fólksins til hinna þeldökku og gerði alla umræðu erfiðari. Hinir hvítu töldu margir hverjir að negrarnir væru óæðri kynstofn, jafnvel í hinni norðlægu borg Chicago. Að sumu leyti kynntu margir í hópi negranna undir þessi viðhorf með framkomu sinni. En jafnvel þeir sem viðurkenndu a.m.k. í orði rétt hinna þeldökku til sömu réttinda og hvítir nutu, létu vefjast fyrir sér í framkvæmd hvernig það mætti og ætti að verða. Húsakaupin í úthverfunum gerðu vandamálið enn erfiðara og birtist við húsdyr margra. Þegar einhverjum þeldökkum tókst nefnilega að festa kaup á húsi í hverfinu, hríðféll verðið á öllum fasteignum í hverfinu. Eldra fólk sá ævisparnað sinn hverfa á einni nóttu. Þetta skapaði vitanlega viðnám gegn útrás negranna og gerði þeim sem vildu rétta hlut þeirra erfitt að kyngja því, þegar kostnaðurinn lenti svona kyrfilega á þeim eða útlit var fyrir það um leið og þeirra hverfi yrði næst í siktinu hjá þeldökkri fjölskyldu og kaup tækjust. Á sama tíma var verið að færa í lög sjálf-sögð réttindi þeldökkra sem voru sérstaklega fótum troðin í Suðurríkjunum. Þetta var lærdómsrík umræða og minnisverðir tímar. Útkoman varð á endanum að réttlætið sigraði svona hægt og sigandi og í áföngum. Negrarnir fluttu inn í úthverfin, og Johnson forseti náði samþykki fyrir lagabætur sínar.

Vietnam stríðið var á fullu á þessum árum. Við fylgdumst vel með því bæði í fréttum og umræðuþáttum. Þetta var heitt efni og mjög umdeilt sérstaklega eftir því sem á leið. Það var lærdómsríkt og áhugavert að fylgjast með því hvernig bandaríska þjóðin rökræddi málið í sjónvarpi og víðar og hvernig umræðurnar drógu almenningsálitið og pólitikusana smám saman frá stuðningi við stríðið og

til þess að sannfærast um að það væri rangt og tilgangslaust. Umræðurnar voru yfirleitt rökvísar og kurteislegar í fjölmiðlunum fjarri gasprinu og framígripunum sem einkenndu umræðuþætti á Íslandi. Þetta styrkti trú okkar á hið góða í bandarísku samfélagi og á því hvernig lýðræðið tryggði rétta niðurstöðu þótt það tæki tímann sinn.

Chicago skartaði mörgu sem einkennir stórborg, ekki bara háhýsum. Miðborgin eða „the loop“ eins og það var kallað af því að ofanjarðarbrautin fór í hring utan um nokkurt hverfi þar, skartaði ýmsu fýsilegu ellegar í næsta nágrenni. Þarna voru falleg útilistaverk m.a. eftir Picasso. Þarna var nýlistasafn á heimsmælikvarða, ef ekki það albesta í veröldinni. Safnið og miðborgina skoðuðum við með aðdáun. Arkitektúrinn á mörgum húsanna var líka aðdáunarefni. Sama gildi um „the lake front“ eða leiðina með fram Michigan vatni. Þar var að finna fiskasafn sem varla átti sinn líka í veröldinni. Allt þetta var okkur nýtt og menntandi. Að því bjuggum við lengi síðan.

Samskiptin við umheiminn voru frumstæð miðað við nútímann. Eitt símtal á ári var reynsla okkar. Það þurfti eitthvað mikið að hafa komið fyrir eða sérstakt erindi að vera tilefni til símtals. Verðið á millilandasímtölum var svo óheyrilega hátt, að mikið þurfti til svo að gripið væri til símans. Það var pósturinn sem hélt uppi samskiptunum. Um því sem næst hverja helgi settist annað hvort okkar hjóna niður smástund og skrifaði bréf til foreldra minna og eða til einhverra annarra sem við vildum halda sambandi við. Sama gildi heima hjá foreldrum minum enda fóru mörg bréfin á milli. Pósturinn skilaði sér á svipuðum tíma dags, venjulegast. Á þeim tíma mátti sjá nokkra samkomu í forstofunni þar sem póstkassarnir voru. Það voru margir erlendir stúdentar í blokkunum þar sem við bjuggum og jafnvel bandaríkjamennirnir voru langt að heiman. Eftirvæntingin

---

eftir fréttum að heiman eða frá vinum og kunningjum var mikil. Póstmaðurinn flutti tíðindin.

Allt var í nokkuð föstum skorðum og gekk sinn vana-gang þar til jólin nálgust. Irma hafði nefnilega komist að því að hún átti frænda í Florida. Sá hét Karl og var ömmu-bróðir hennar. Voru nú höfð snör handtök. Irma hringdi í frænda sinn að sagði honum að hana langaði að koma í heimsókn til hans yfir jólin. Morbror Karl eins og hann var kallaður játti því að við gætum heilsað upp á hann og fengið að dveljast hjá honum. Hófst nú leit að ódýru flugfari. Það fannst og fól í sér flug suður á bóginn á jóladag og til baka á nýársdag. Áttum við skemmtilegar og fróðlegar stundir á Flórída þessa viku í brakandi sól eins og vera ber meðan veturinn herjaði á Chicago.

Á öðrum vetri áskotnaðist mér óvænt styrkur, sem gerði okkur kleift að kaupa notaðan bíl. Þetta gerði reginmun í lífi okkar. Nú komumst við á eigin vegum í verslanir og hvert sem okkur langaði að fara. Vinir okkar gátu boðið okkur til sín án þess að þurfa að ferja okkur heiman og heim. Um vorið var kominn í okkur fiðringur að nota tækifærið og fara eitthvað akandi og skoða meira af Bandaríkjunum. Þegar páskafríið nálgust jókst áhuginn á þessu og að nýta páskafríið og bílinn til ferðalaga. Á endanum varð úr miklu lengri ferð en okkur hafði komið í hug í upphafi. Irmu fannst áhugavert að komast til Acapulco í Mexíkó. Og af því varð. Aftursæti bílsins og bilið að framsætunum var fóðrað með dýnunum úr beddunum okkar og þar fékk María leiksvæði og svefnsvæði og varð drottning í sínu ríki. Hún undi vel við sitt og kvartaði ekki undan neinu, nema einu reyndar. Hún þoldi ekki flugur. Ef fluga komst í nálægð við hana upphófst mikið öskur. Þurftum við þá úr að leysa. Við vissum að það var langt til Acapulco en það var víst öllu lengra en við höfðum reiknað með í upphafi. Fljótlega kom í ljós

að halda yrði vel á spöðunum í akstrinum til þess að ná sæmilega heiman og heim. Í suðurríkjum Bandaríkjanna var venjan orðni sú að aka á 90 mílna hraða yfir flatlend óbyggð svæði í ca 14 klst á dag. Það skilaði manni drjúgan dagsspöl. Gistingin var yfirleitt ekki upp á marga fiska. Því réð fjárhagurinn. Kakkalökkum kynntumst við þá. Við vorum ung og létum ekkert á okkur fá. Í Laredo tóku við sléttur Mexíkó og sama hraða og aksturslagi var haldið. Þegar við náðum til Mexíkóborgar römbuðum við á eitthvert hótél sem hýsti okkur eina nótt. Út um gluggann blasti við aumlegt hverfi hreysa. Fátæktin og eymdin var stingandi. Næsta dag hófst leit að skólabróður úr MR. Það var Vífill Magnússon sem var þarna í námi í arkitektúr. Það vissi ég. Leituðum við uppi hinn fræga skóla þarna í arkitektúr. Á deild þeirri fékk ég að vita að hann væri ekki þar, en hins vegar kunnir einhver þar heimilisfang hans. Það dugði mér. Hófst nú leit að heimilisfanginu, sem með tíð og tíma bar árangur, en Vífill var ekki heima. Úrræðið var að bíða. Settumst við svo til hvíldar þar til Vífill birtist. Þegar hann kom bauð hann okkur gistingu sem við þáðum með þökkum, enda var það líklegast alltaf meiningin hjá okkur að sníkja slíka forsjá. María segist muna það úr ferðinni að Vífill hafi átt stóran fugl. Það var einmitt þannig að hann var með stóran páfgauk í garðinum við íbúð sína. María var þá þriggja ára.

Vífill var með „station“ bíl af amerískri gerð, mjög rúm-góðan. Hann fékk að vita hversu langt við værum að komin og að okkur langaði að komast til Acapulco. Vafningalaust stakk hann upp á því að við tækjum bíl hans og ækjum á honum þangað næsta dag. Það var úr. Við skoðuðum staðinn en sérstaklega vitaskuld dýfingarstaðinn fræga, fram af þverhnýpi háu ofan í sjó. Um nóttina leysti Vífill gistingu þannig að við, litla fjölskyldan, sváfum í „station“ vagninum en hann svaf úti. Daginn eftir lékum við okkur lítilliga á

---

stöndinni og dýfðum okkur í sjóinn. Síðan fórum við í bátsferð á litlum bát eftir einhverri á sem rann þarna til sjávar. Þá gat að líta fjölbreytt fuglalíf og frumstæðar byggðir og fólk í hreysum sínum m.a. með nöktum börnum, óskeindum. Um kvöldið héldum við til baka til Mexíkóborgar og íbúðar Vífils. Síðan var ekki annað fyrirliggjandi en drífa sig til baka og stíga fast á bensínjöfina. Acapulco höfðum við náð og átt þar nótt og dag.—Það má vera eftirmáli að utan við Heimili Lincolns í Springfield í Illinois, þar sem við litum við í skoðunarferð í heimleiðinni, kom í ljós að dekkinn á bílnu voru komin niður í striga. Ég átti ákkúrat fyrir endurýjun. Sem sagt Acapulcoferðin heppnaðist vel.

Það heyrir svo til sögunnar að ég hlaut M.S. gráðu að loknu fyrsta árinu, 1965 og Ph.D. gráðu 6.6.1969.



## Olle Huggare

Þegar ég opna augun að morgni í fleti mínu í sumarhúsi okkar hjónanna blasir við mér málverk af búgarði á sléttum Miðríkjanna í Bandaríkjunum. Ég hengdi myndina upp þarna um leið og við fluttum inn í bústaðinn. Hún hafði fylgt okkur í nokkur ár og hangið á veggjum bæði hér heima og erlendis eftir því hvar við bjuggum hverju sinni. Hún er í grænum og ljósum litum. Þegar ég hef horft á myndina um stund rifjast upp dagar í Chicago fyrir ærið löngu síðan.

Ég var full og leiður. Mér fannst námið ekki skila því sem ég vildi og ég var heldur ekki ánægður með eigin frammi-stöðu. Það sem hafði verið svo lýsandi skemmtilegt virtist allt í einu dauft og dapurt. Námsgreinarnar sem ég var að stúdera voru nýjar af nálinni, kennararnir og námsmenn voru einskonar brautryðjendur. Við vorum fá sem kunnum eitthvað í þessum fræðum, en þetta virtist mjög spennandi. Núna fannst mér samt eins og kannske kæmi lítið út úr þeim. Kannske var ég að blanda þessu saman við að ég var ekki nógu sáttur við hvernig mér hafði tekist til nýlega í náminu. Ég var vanur því að vera bestur, en nú hafði eitthvað klikkað, ekki mikið, en nóg til að vekja mér depurð. Eftir fyrirlestra morgunsins, undir hádegisbil og í heldur vondu skapi kom ég við í „drugstorinu“ okkar og keypti

the Chicago Sun Times, sem var reyndar partur af rúttíunni dag hvern. Veðrið var kalt og leiðinlegt, algjör norðanþepja, miklu kaldari en í Hafnarfirði, þar sem norðanáttin var nánast aldrei til. Ég hugsaði til þess, hvað veðrið var alltaf ljúft í Firðinum. Annað veifið hafði ég orðið að svara spurningum um kuldann á Íslandi frá samstúdentum. Chicago var miklu kaldari en Ísland að vetrarlagi.

Við höfðum búið hér vetrarlangt í þessari heimsborg. Hún hafði verið okkur bæði góð og vond. Það var háskólinn sem hafði dregið okkur hingað. Fulbright hafði veitt mér námsstyrk. Við vorum þrjú, eiginkona og dóttir, auk mín. Fulbrightstyrkurinn miðaðist við framfæri á styrkþeganum einum. Efnin voru rýr. Kannske var peningaleysið líka að hrella mig. Allavega var ég ósáttur við tilveruna.

Ég fleygði mér í sófann. The Sun Times yrðu að vera bjargráð mitt, hrifa mig burt frá þessum efasemdum og drunga. Ég las blaðið spjaldanna á milli, allar fréttir, alla innsendara, allar hugleiðingar og analísur, allar auglýsingar og allar dánartilkynningar blaðið á enda. Það létti yfir mér, en ég hafði líka fengið nýtt viðfangsefni. Látinn var Karl Huggare eftir því sem tilkynnt var í blaðinu. Hann stóð uppi hjá tilteknum greftrunarstjóra í borginni, þangað væru vinir og vandamenn velkomnir til að votta hinum látna virðingu og hitta nákomna.

Einmitt það. Nafnið minnti mig á ættingja sem móðir mín og hennar fólk hafði talað um í æsku minni. Sagan var einhvern veginn svona. Clara langömmusystir mín, sem ég hafði hitt fjörgamla og svo illa hrukkótta að það olli mér skrekk og ég hafði lýst svo að hún væri eins og krumpaður pappír í framan, hafði átt fimm syni sem allir fluttust til Chicago. Ég var víst sex ára þegar ég gaf þessa lýsingu á Clöru fræknu. Það fylgdi sögunni um Clöru og piltana, að eiginmaður Clöru hefði verið verkalýðsleiðtogi, sem félagar



---

hans vildu senda á þing þeirra Svía, en hann hefði sagt sig of lítt menntaðan og mælt með að annar betur undirbúinn væri valinn. Stákarnir þeirre hefðu hins vegar verið uppreisnargjarnari en faðirinn og lent í útistöðum við lögin. Allt rifjaðist þetta upp fyrir mér þar sem ég las dánartilkynninguna í sófanum á háskólasvæðinu í Chicago. Ég mundi vel að Clara bar ættarnafnið Huggare, en hér var verið að greftra mann með einu g:i, Hugare. Forvitni mín var vakin. Símanúmer greftrunarstjórans var í auglýsingunni. Ég ákvað að hringja þangað. Ég hafði eina einfalda spurningu. „Hvar fæddist hinn látni?“ Greftrunarstjórinn upplýsti staðinn, sem kom heim og saman við heimkynni ættingja minna. Ég lét þess getið að þá væri ég líklega skyldur hinum látna. Þá dokaði greftrunarstjórinn við og sagði: „Gætir þú hringt aftur eftir klukkutíma, þá verða ættingjarnir hér og þú gætir rætt við þá.“

Við fórum í jarðaförina. Þannig fann ég heilan ættbálk í Chicago, frændur og frænkur, misáhugasöm um skyldleikann, en suma sem kunnu allavega vel að meta hann. Karl var næst síðastur bræðranna, sona hennar Clöru, til þess að kveðja jarðríki. Að Karli gengnum var bara sá yngsti Olle eftir. Hann kom eftir þetta oft að heimsækja okkur hjónin þar sem við buggum við okkar fátækramörk á háskólalóðinni. Olle hafði þá gjarnan pyttlu með sér. Honum fannst gott að fá sér aðeins í staupinu og kunni vel við félagsskap okkar á góðri stund. Okkur fannst notalegt þegar karlinn kom í heimsókn. Það bagaði okkur ekki að hann væri um fjórum áratugum eldri en við. Svo var líka gott að vera boðið upp á ókeypis dreitil. Það kom í ljós að Olle hafði aðalatvinnu af því að búa til mót fyrir muni sem steyptir væru í plast eða gips eða önnur efni. Svo var hann líka listamaður og hafði haldið nokkrar sýningar á málverkum eftir sig. „Ég þarf endilega að gefa ykkur málverk eftir mig,“ sagði hann

næstum í hverri heimsókninni, svona á þriðja glasi. Við tókum því vel en gerðum lítið með það.

Seinast hitti ég Olle, þegar ég fór til Chicago til þess að verja doktorsritgerð mína 1969. Þá voru liðin fimm ár frá því að við hittumst fyrst. Faðir minn var í för með mér. Olle efldi til veislu, dró fram son sem hann hafði aldrei sýnt okkur fyrir, lét taka af okkur stórar myndir, en minntist ekkert á listamannsferil sinn.

Við hjónin með litlu dótturina komum okkur fyrir á Íslandi og brauðstritið tók við og hirti líklega meira en gott var af atorku og athöfnum. Einn góðan vordag barst tilkynning frá Pan Am flugfélaginu, sem þá hélt uppi flugi til Íslands um að ég ætti pakka hjá þeim sem hefði komið í flugfrakt. Þetta olli okkur heilabrotum. Við rýndum betur í tilkynninguna. Innihald var sagt „painting“ og við vorum engu nær. Ég sótti svo pakkann. Það var enginn tollur og létti mér við það. Í ljós kom að sendandi var Olle Huggare. Premur mánuðum síðar fengum við fregnir af því að Olle væri látinn.

Meðal ykkar - Ríkisborgararéttur  
eða  
Dýr mundi Hafliði allur

Tímarnir breytast og mennirnir með. Þannig er gjarnan tekið til orða, en auðvitað er þetta þversögn, eða eiginlega lygi, því að tímarnir, aldarandinn, er það eitt sem mennirnir vilja hann vera. Svo má spyrja sig, hvernig og af hverra hvötum eða undir hvaða áhrifum mennirnir búa til nýjan tíðaranda, nýja tíma. Tíma sem er breyttur svo að þeir breytist líka eins og segir í „spakmælinu.“

Stundum kemur upp í hugann í þessu samhengi að eitt-hvað, einhver viðhorf sem töldust miklu gilda og hafa stóra vikt fyrir þjóðina, urðu síðar léttvæg. Hitt var þó miklu augljósara að sum af príncípunum gátu bara átt við um suma. Hinir höfðu áunnið sér sess. Þeirra sess var engin ögrun við þjóðfélagið, en annað gildi um innflytjendur.

Það var ekki auðvelt mál á miðjum sjöunda áratug seinustu aldar að gerast íslenskur ríkisborgari. Nýtt nafn í al-íslenskum anda verður umsækjandi að velja sér, eiginlega helst beint upp úr Njálu, svo vel sé.

Irma hét hún, nýgift íslenskum manni, svo ung að lög Björns Bjarnasonar um óleyfilegan innflutning ungra kvenna

á hjónaskapsforsendum, hefðu varnað henni inngöngu í landið. Lukkulega komst Björn þessi Bjarnason ekki til áhrifa fyrr en löngu seinna, og lagatiltektir hans því ekki til á þeim tíma, sem hér skal greina.

Stúlkan, konan, eiginkonan var sem sagt sloppin til Íslands og engin B.B. var mættur á þeim tíma til þess að hindra það, né heldur neinir af hans pótintátum í hans gír.

En hvað þá, segir innflytjandinn, Irma, nú er ég hér og ætla að verða Íslendingur. Ríkisborgararéttur?

Eyðublöð eru útfyllt. Valinkunnir menn, lögfræðingar og arkitektar setja heiður sinn undir það á blaði að nefnd Irma Eriksson sé dugleg til náms í íslenskunni og hin efni-legasta persóna og því sé með því mælt að henni séu veitt hin íslensku ríkisborgararéttindi.

Hitt var svo það, að ekki mætti hleypa útlensku inn í málið, og samkvæmt bæði lögum og almannaviðhorfi yrði hver nýr borgari að finna sér nýtt alíslenskt nafn. Hvað á barnið að heita? eða þannig.

Hófust nú samningar. Umsækjandinn, Irma, hafði æv- inlega gengið undir því nafni, en átti sér reyndar önnur tvö eiginnöfn, nefnilega Elly og Birgitta. Passaði eitthvað af þess- um nöfnum inn í nálarauga íslenskrar hreintungustefnu, eða gæti eitthvert þeirra stefnt þjóðmenningu í óefni? Svo var hitt að Irma vildi fá að heita Irma frekar en eitthverju hinna nafnanna. Eftir japl og jaml og fuður, féllst ráðuneyti máls- ins á að nafnið Irma félli nokkuð vel að málinu, tungunni og jafnvel þjóðmenningu, eins og nafnið Vilma, sem væri eins og alkunnugt er algengt í tungumálinu og vel þekkt í þjóðskrá. Þetta var mikil sigur, Irma fékk að heita Irma. Það var erfiðara að eiga við ættarnafnið, ekki að það væri svo ónorrænt, nefnilega Eriksson, svona miðað við, en konur, dætur, stúlkur get vitaskuld ekki talið sig son einhvers. Til að uppfylla lögin um ríkisborgararétt ber þér að velja nýtt

---

eftirnafn í samræmi við okkar arf, tungu, málhefð og menningu. Þú verður að finna þér eftirnafn sem vísar til þess að þú ert kvenkyns og því dóttir, dóttir hvers, þú ákveður, var úrskurður ráðuneytis í samræmi við lögin í landinu. Stefnan var að útrýma eða stemma stigu við ættarnöfnum, sem ógnuðu íslenskum sérkennum, hefð og þjóðfélagsgerð. Dóttir karls var hún vitaskuld, valið var Karlsdóttir og skilyrðin uppfyllt fyrir umsóknina.

Ríkisborgararétturinn var staðfestur. Það var reyndar þannig, að á þessum tíma var kosning á forseta lýðveldisins Íslands í uppsiglingu. Stuðningsmönnum eins frambjóðandans var í mun að styðja vel við hann og kosningahæfi Irmu væri æskilegt í því samhengi. Þetta ýtti undir umsóknarferlið, eiginlega ýtti því í flýtimeðferð.

Þótt nýr ríkisborgari yrði að vera hreintungukennd sem dóttir og vitaskuld ættarnafnslaus, heyrir það til sögu og staðreynda, að forsetakosningin var á milli herranna Thoroddssen og Eldjárn. Og ríkisborgarúrskurðurinn var undirritaður af herrunum, eftirnöfnunum Thors(Jón) og Möller (Baldur) í umboði ráðherrans Hafstein (Jóhann). Sumir eru sumir eða svoleiðis.

Irma missti svo af því að greiða atkvæði í þessum forsetakosningum vegna flýtis í ferðalögum. Eiginlega var það svolítið passandi, miðað við... eða hvað?

Vonandi er nú kominn annar og nýr tíðarandi.



## „Þetta var allt heimatilbúið“

*Verkfræðingarnir Guðmundur Guðmundsson, Helgi Sigvaldason og Kjartan Jóhannsson rifja upp „nýjung“ í kosningaspá.*

„Tölvan stóð sig vel í spádómunum í nótt“ sagði í mánu dagsútgáfu Vísis. „Kosningavölva ríkisútvarpsins hefur vakið mikla athygli og reyndust kosningaspár hennar furðu nákvæmar“ sagði í þriðjudagsútgáfu dagblaðsins Þjóðviljans undir fyrirsögninni „Þetta var allt heimatilbúið.“ Bætt er við: „Voru þar að verki þrír verkfræðingar er studdust við rafreikni raunvísindadeildar Háskólans og höfðu þeir búið til forskriftir af eigin hyggjuviti án þess að styðjast við fyrirmyndir erlendis frá.“ Þetta var árið 1967, nánar tiltekið í sambandi við kosningar til Alþingis sunnudaginn 11. júní. Þá var í fyrsta sinn notuð tölva til þess að spá fyrir um kosningaúrslit. Skýrir það áhuga og skrif blaðanna. Einungis ein tölva með umtalsverða reiknigetu var þá til á landinu og nafngiftin tölva reyndar ekki föst í sessi. Reiknistofnun Háskólans annaðist reksturinn á þessari tölvu.

Í þriðjudagsblaði Morgunblaðsins hinn 13. júní var fjallað um kosningaspána undir fyrirsögninni „Tölvan getspaka.“ Þar sagði: „Tölva er nýtt heiti á verkfæri, sem til skamms tíma hefur verið kallað rafeindaheili. Háskóli Íslands á eina slíka, sem athygli landsmanna beindist að í

fyrrinótt, er atkvæðatalning hófst. Sparaði hún áhugasömum hlustendum mikið erfiði og skemmti auk þess fjölda manna.“ Blaðamaður segir síðan frá viðleitni sinni til þess að kynna sér fyrirbærið. „Við heimsóttum þessa dóttur Sólons Íslands“ segir þar og síðan: „Þrír verkfræðingar hafa unnið við að mata hana á góðgæti og hún hefur samstundis gefið skýr svör. Þeir þrímenningar sem unnu við tölvuna eru Kjartan Jóhannsson, sem setið hefur hjá Ríkisútvarpinu og túlkað svör tölvunnar, Guðmundur Guðmundsson og Helgi Sigvaldason. Tveir hinir síðastnefndu hafa dvalið hjá tölvunni frá því seint á sunnudagskvöld, er tölur fóru að berast. Kjartan sem staðsettur er hjá Ríkisútvarpinu hringir síðan í þá félag og tilkynnir þeim síðustu tölur. Þeir gata upplýsingarnar á gataspjald og láta í tölvuna. Eftir 57 sekúndur gefur hún síðan upp spá um úrslit í kjördæminu og innan þriggja mínútna spá fyrir allt landið.“ Greinarhöfundur bætir við: „Þeir félagar Guðmundur og Helgi tjáðu okkur að allt frá því á laugardag 3. júní, hafi þeir unnið við að mata tölvuna með upplýsingum og ýmsum öðrum útreikningum.“

Verkfræðingarnir þrír sem stóðu að verkinu á sínum tíma hittust á dögnum og rifjuðu upp hvernig spáin varð til og hvernig staðið hefði verið að framkvæmdinni. Eftir yfirferðina hrökk upp úr einum þeirra „að líklega hefði prófessor Ólafur Harðarson ekki þurft að verða svona svekktur og reiður yfir spánum sem sjónvarpsbatterið bjó til í seinustu kosningum ef notað hefði verið gamla spálíkanið þeirra þrímenninganna.“ Þeir félagar höfðu nefnilega gert ráð fyrir að blöndun atkvæða í kjördæmum væri ábótavant og byggt inn varnir gegn því.

Tölvun, sem áður er vitnað til var á lengd við góðan stofusófa og eftir því breið og náði meðalmanni í rúmlega naflahæð. Í herbergi hennar var ekkert nema hún. Til þess að



---

fá henni verkefni þurfti að slá skipanir og tölulegar upplýsingar á gataspjöld sem staflað var í lesara hennar. Það voru reyndar ekki mjög margir hér á landi, sem höfðu kunnáttu til þess að nýta þessa nýju tækni. Þeir þrímenningarnir voru sitt hvoru megin við þrítugt og höfðu tileinkað sér tölvu-notkun sinn í hverju landinu. Háskólar í Kaupmannahöfn, Cambridge og Chicago voru staðirnir. Gataspjöldin, sem tölvunotendur þessa tíma nýttu til samskipta við tölvuna voru ca. 19 sm breið og 8 sm há og á þeim voru 80 lóðrétt svæði sem skipt var í 12 línur. Til að rita bókstaf eða tölustaf voru slegin eitt eða fleiri göt í spjaldið og hver slík samsetning þýddi ákveðið ták. Sérstakar götunarvélar með ritborði eins og í ritvélum voru notaðar til verksins og ásláttur fyrir t.d. ákveðinn bókstaf leiddi til tilsvareandi götunar á spjaldið. Forskriftir að reikniverki voru þannig ritaðar og slegnar á gataspjöldin, línu fyrir línu og eins var um tölulegar upplýsingar. Forritin urðu því eins og spilastokkur af þessum kortum, sem tölvunni voru fengin til aflestrar.

Tölvann var IBM 1620, 40K stafir (6 bit), segulhringir (core memory) og með smárum (transistorum). Byte (8 bit) var ekki komið til sögunnar þá. Við forritun notuðu þeir Guðmundur, Helgi og Kjartan tungumálið FORTRAN II.

En hvaðan kom hugmyndin, hvernig var aðdragandinn, hvernig var unnið að verkefninu og hvernig var staðið að framkvæmdinni? Þetta ræddu þrímenningarnir þegar þeir hittust eftir öll þessi ár á Háskólatorgi fjórða fimmtudag októbermánaðar síðastliðinn.

Hugmyndin: Guðmundur rifjar upp að Sigurgeir Jónsson, hagfræðingur í Seðlabankanum hafi ýtt hugmyndinni að honum, Kjartan hafi svo verið með sömu hugleiðingar og þeir hafi verið sammála um, að til þess að hrinda þessu í framkvæmd yrðu þeir að fá Helga Sigvaldason í lið með sér. Þeir hefðu því haldið sameiginlega á hans fund til þess að

reifa hugmyndina. Helgi, sem var reynslumeiri í tölvumálum en þeir Guðmundur og Kjartan, sló til og þar með var hugmyndin á leiðinni að verða að veruleika.

Ríkisútvarpið, hljóðvarp reyndist áhugasamt. Á samfundi þeirra hér á dögnum reyndu þrímennirnir að rifja upp hvernig samskiptum við Ríkisútvarpið hefði verið háttað. „Guðmundur hafði aðgang að því“, sagði Helgi. „Kjartani hlýtur að hafa verið treyst fyrir því“, sagði Guðmundur. Allavega náðust samningar við Guðmund Jónsson, óperusöngvara, sem var framkvæmdastjóri hljóðvarpsins, á fundi með honum. „Og þú talaðir við háskólarektor til þess að honum kæmi ekki á óvart að Háskólatölvun væri komin í pólitík og notuð í kosningaspá“, sagði Guðmundur. „Nei, nei,“ sagði Helgi, „ég talaði ekki við háskólarektor“. Þótt hér skildi nokkuð á milli, voru samstarfmennirnir þrír sammála um hvernig framhaldið hefði verið.

Fyrst þurfti að átta sig á því hvernig ætti að gera góða spá úr garði. Hvað var það sem til þurfti? Hvers konar gögn væri nauðsynlegt að hafa? Hvernig ætti að lesa úr þeim? Hvers konar reiknilíkan væri líklegt til þess að skila sem réttastri spá? Lykilatriði væri að fá eldri talningartölur, sem sagt úr fyrri kosningum. Þá eins og alltaf voru birtar tölur eftir því sem talningu vatt fram. Tækist að fá slíkar talnaraðir mundi greining á þeim gefa vísbendingu um hvernig spálíkanið ætti að vera. Var því haft samband við flokksskrifstofur allra stjórn mála flokkanna og beðið um að þær leituðu eftir kosningatölum af þessu tagi. Þrímennirnir vissu að margir rituðu þær niður jafnóðum enda höfðu verið gefnar út kosningahandbækur í mörgum síðustu kosningum til þess að auðvelda áhugasömum að skrá niður slíkar tölur eftir því sem þær bárust. Það var reyndar á grundvelli þeirra sem verulegur hluti þjóðarinnar gerði sínar eigin spár um niðurstöðu eftir því sem tölunum rigndi inn. Það kom í ljós

---

að Kjartan Ólafsson, framkvæmdastjóri Sósíalístaflokksins, átti mjög heilleg yfirlit af þessu tagi, og tóku þau öðru fram sem kynni að vera í boði. Kjartan Ólafsson leyfði góðfúslega aðgang og afnot af þessum tölum.

Hófst þá næsti áfangi í starfinu. Eftir nokkrar vangaveltur komust þrímenningsarnir að því að rétt væri að skipta verkefninu upp í þrjá þætti og skyldi hver þeirra snúa sér að einum þeirra. Guðmundur fékk það hlutverk að finna sambandið milli úrslita í kjördæmunum hvert við annað. Í einfaldri mynd má segja að það hafi verið aðferðin til þess að finna almenna hreyfingu í kosningunum, leitni á landsvísu eða „national trend“. Einhver kjördæmi mundu koma fyrir en önnur með fyrstu, aðrar og þriðju tölur o.s.frv. Hvað mátti þá lesa úr þeim um „þjóðarhug“ í kosningunum og hvernig væri rétt að leggja út af þeim varðandi kjörfylgið í öðrum kjördæmum og þar með hvernig straumurinn lægi. Guðmundur rýndi í gögnin, las úr þeim og bjó til reikni-formúlu sem tók á þessu efni. Nýjar tölur í einu kjördæmi voru þannig túlkaðar til þess að spá fyrir um úrslit í öðrum kjördæmum. Kjartan fékk það verkefni að greina hversu vel talningartölur í einstökum kjördæmum endurspegluðu endanleg úrslit í kjördæminu. Í ljós kom að í flestum kjördæmum voru tölur framan af oftlega léleg vísbending um endanlega niðurstöðu. Reyndist þá betri spá að segja að útkoman yrði eins og síðast frekar en að taka mark á talningartölunum. Skýringin var sú, að kjörstjórnirnar blönduðu ekki kjörseðlum úr hinum ýmsu hlutum kjördæmisins, eins og lög gerðu ráð fyrir. Það var greinilega meira gaman að taka tölurnar fjörð fyrir fjörð, hrepp eftir hrepp. Reiknilíkanið var því sett upp þannig að hinar ótrúverðugu tölur framan af fengu lítið gildi í spánni um úrslit. Þessi varúðarráðstöfun reyndist vel. Það var reyndar það sem vantaði í seinni tíma spálíkön og varð til þess að stjórnmalaprófessorinn reytti

hár sitt síðustu kosninganótt. Helgi fékk svo það hlutverk að hnýta alla enda saman og gera það spálíkan sem úthlutaði þingsætum. Það var spáin sjálf. Þrímenningarnir prófuðu reiknilíkanið á ýmsum hugsanlegum tölum og sannfærðust um að það ynni rétt.

Næsti áfangi var að ákveða hvernig ætti að standa að verkum kosninganóttina sjálfa, sem átti reyndar eftir að reynast harla löng og teygja sig yfir næsta dag. Ákveðið var að Helgi og Guðmundur skyldu manna tölvuna og mata hana. Nýjar tölur þurfti að slá inn á gataspjöld um leið og þær kæmu, og niðurstaða útreikninga mundi birtast á gataspjaldi, sem tölvun skilaði af sér í lok útreikninganna. Móttaka talna í tölvusetrinu, götun, lestur, útreikningur og aflestur var verkefni Guðmundar og Helga, en Kjartan sat á fréttastofu útvarps, greip nýjustu tölur og kom þeim til félaga sinna og fékk svo símleiðis til baka nýjustu spána og kynnti fyrir hlustendum útvarps.

Kosninganóttin rann upp og það var spennan í loftinu, en allt gekk eins og til hafði verið stofnað. Samskiptin reyndust næsta hnökralaus. Nýjar spár birtust á færibandinu. Kjartan minnst þess að hann var snöggur að koma sér í hljóðstofu og koma frá sér nýjustu spám og leyfði sér jafnframt að leggja eilítið út af þeim fyrirvaralaust. „Ferðu þarna inn með þetta óskrifað?“ spurði fréttastjórinn og virtist hissa. Kjartan vissi ekki að slíkt var ekki til síðs. Fluttur texti átti að vera saminn, skrifaður.

Þetta spálíkan var notað í hverjum kosningunum á fætur öðrum í tuttugu ár, og reyndist býsna vel. Í næstu þingkosningum eftir kosningarnar 1967, sem voru sumarið 1971 hafði sjónvarpið fengið áhuga á þessari kosningaspá, en hljóðvarpið vildi jafnframt halda áfram með hana. Þá varð að ráði að Guðmundur væri í beinni útsendingu fréttastofu hljóðvarps úr tölvuherberginu, þar sem Helgi mannaði tölvuna með að-

---

stoð Guðmundar eins og áður, en Kjartan var settur niður í sjónvarpssal til þess að miðla spánni til áhorfenda þess. Eins og áður var síminn samskiptaformið milli þrímenningsanna og tók Kjartan við spánum símleiðis í sjónvarpssal. Eins og áður gekk allt býsna vel. Í þarnaestu kosningum var Kjartan orðinn „vanhæfur“, kominn full ofarlega á framboðslista eins stjórn málaflokksins. Helgi tók þá við keflinu í sjónvarpinu. Þá hafði tækninni undið nokkuð fram og mætti Helgi í útsendinguna með litla Wang tölvu og var hlutverki símasamskiptanna þar með lokið. Hélt Helgi uppteknum hætti í öllum kosningum fram til 1987, mætti í sjónvarpssal með tölvu, nýtti gamla reiknilíkanið og skilaði spám jafnóðum á öllum kosningavökum. Helgi og reiknilíkanið entust sem sagt 20 ár í þessu hlutverki. Þegar þar var komið sögu var nýr fréttastjóri á sjónvarpinu. Hann taldi að nú væri kominn tími til að nýta tæknina til þess að hafa skrautsýningu í lit með stöplum og kökum á kosninganótt. Nýir aðilar tóku spána að sér samkvæmt litaforskriftinni. Þetta hefur verið mjög snoturt, en spáin um atkvæðatölur er byggð á einföldum hlutfallsreikningi einum saman.



## Fjársterkur aðili

Þetta var á sunnudagmorgni. Þá lásum við hjónin gjarnan blöðin uppí rúmi. Það var mjög notalegt. Segir þá ekki Irma uppúr þurru: hérna er auglýsing sem þú verður að lesa. Þetta var í Morgunblaðinu. Þar auglýsti fólk á þessum tíma. Irma rak blaðið undir nefið á mér. Sú var glögg. Aldrei hefði ég getað tekið eftir þessari auglýsingu. Hún var eindálka og pínulítill og textinn einungis fáeinar línur. Fyrirsögnin var: Fjársterkur aðili. Svakaleg fyrirsögn. Hvernig gat Irmu dottið í hug að auglýsingin ætti erindi til okkar. Við vorum nú ekki aldeilis fjársterk. Vorum svona rétt að jafna okkur af því að hafa komist yfir fyrstu íbúðina og hafði reyndar ekki verið sérlega léttur róður það. Úr því að auglýsingin var komin undir nefið á mér, hlaut ég að lesa hana. Úr því að Irmu hafði fundist hún svo áhugaverð, var það óumflýjanlegt. Það átti svo eftir að koma á daginn að þetta var einmitt þannig, þótt ég ætti ekki von á því.

Auglýsingin undir þessari fínu fyrirsögn var annars frekar látlaus. Hún var á þá lund að til sölu væri land í okkar ágæta heimabæ, auðvitað á besta stað, og fjársterkur aðili mundi geta reist þar byggingu sem gæfi honum væntanlega ríkulegan arð. Við spurðum okkur sjálf undir sængunum þennan sunnudagsmorgun, hvar þessi lóðarskiki skyldi nú

vera. „Geturðu ekki gert eitthvað í þessu?“ sagði Irma. Við höfðum búið í full lítilli íbúð í um áratug og okkur var mál að rýmka við okkur, langaði að búa í einbýlishúsi eins og margir vinirnir. Fjársterk vorum við ekki. Svo hlógum við svolitla stund að því að hvað það væri fyndið, ef við svör- uðum auglýsingunni og flokkuðum okkur þannig undir fjársterkan aðila. Í auglýsingunni var lýst eftir tilboðum. Hvað ætti þá að bjóða? Spurning.

Við fundum færa leið. Í uppgefið tilboðsheiti í auglýs- ingadeild Morgunblaðsins, sendum við „okkar tilboð“. Það var á þessa lund: „Ef við fáum upplýsingar um hvar um- ræddur landskiki er, munum við senda tilboð.“ Svar barst: Lóðin var við Jófríðarstaðaveg, mjó niðrum sig við götuna en víðari hærra í hlíðinni. Aldrei höfðum við tekið eftir að þarna væri óbyggður nýtanlegur landskiki.

Þetta var áhugavert. Það var einmitt á þeim slóðum sem við bjuggum og þá vitaskuld í réttum hluta Hafnarfjarðar fyrir Suðurbæinginn. Við fórum til að skoða reitinn, klifum upp í brekkuna, fundum okkur góðan stað nokkuð ofarlega, settumst þar og horfðum yfir fjörðinn og svo settist Irma á axlir bónda síns til þess að meta útsýnið úr þeirri hæð sem áætla mætti að stofugólfið yrði. Hjónakornin blönku ákváðu að gott og gaman gæti verið að reisa sér hús á þessum stað, hvað sem liði því hversu fjársterk þau væru. Þau töldu líka litlar líkur á því að einhver hversu fjársterkur sem hann væri gæti fengið samþykki fyrir því að reisa þarna peningagróða- blokk undir nefinu á helstu framámönnum íhalds og óháðra í byggðarlaginu, sem þar réðu lögum og lofum. Við komum okkur saman um að skila tilboði.

Það var líka punktur í okkar huga að Kjartan sat í bæj- arstjórn og átti þannig aðild að úthlutun lóða og eftir þeim var mikil eftirspurn, fengu færri en vildu, og honum fannst erfitt að sækjast eftir lóð sér sjálfum og fjölskyldunni til



---

handa. Þessi leið mundi fría hann frá slíkri stöðu. Eftir stóð: Hversu mikið á að bjóða? Og svo líka: Hvað munu skipulagsyfirkvöld samþykkja? Fyrsta spurningin var hversu háa upphæð þyrfti að bjóða til af fá samþykki en samt sem lægsta út frá okkar sjónarhóli. Eftir einhverjum krókaleiðum tókst okkur að komast að því að eigendur lóðarinnar voru systur nokkuð við aldur búsettar á Siglufirði. Kjartan var um þessar mundir að vinna verkefni fyrir fyrirtæki undir stjórn ágæts Siglfirðings, Jóns Kjartanssonar í ÁTVR. Sagði ég honum vangaveltur mínar. Nokkrum dögum síðar hvíslaði hann að mér að ein milljón mundi vera nálægt réttu lagi. Tilboð okkar hljóðaði þá nokkurn veginn svona: Við erum tilbúin til þess að kaupa lóðina fyrir eina milljón króna, svo framarlega að samþykki fái fyrir skipulagi á lóðinni, sem við getum sætt okkur við. Munum við nú við leitast við að afla slíks leyfis. Þessi bréfaskipti fóru sem fyrr í gegnum auglýsingadeild Moggans, sem var okkar eini tengiliður við seljendur. Vinur okkar Þorvaldur S. Þorvaldsson, arkitekt vann uppdrátt að skipulagi, sem við fengum annan vin okkar, virtan lögfræðing í Firðinum Hrafnkel Ásgeirsson til þess að senda bæjarstjórn (í umboði skjólstæðings) með ósk um samþykki. Bæjarfulltrúinn Kjartan Jóhannsson var forfallaður kvöldið þegar erindið kom á dagskrá og þá að vísu aðeins sem samþykki á dagskrá (niðurstöðum) þeirrar nefndar sem fór með skipulagsmál. Samþykki fékkst, kaupverð var greitt. Þá fyrst kom fram hverjir voru seljendur og kaupendur lóðarskikans.

Gengið var frá formsatriðum og Þorvaldur S tók að sér að teikna einbýlishús á lóðinni. Honum brást ekki bogalistin, teiknaði gullfallett, stílhreint og látlaust hús, sem féll vel að landinu og byggingarnefnd samþykkti greiðlega. Samkvæmt skipulagsuppdrættinum voru tvö hús á lóðinni. Þetta nýttum við til að létta undir við fjármögnun verksins.

Sigurður og Júlíus hét verktakafyrirtæki á uppleið, kennt við eigendur sína, dugnaðarforka. Þeim seldum við lóðina undir það húsið, sem ekki átti að verða okkar, gegn ákveðinni vinnu og efni í okkar hús. Palli í Ýtutækni annaðist jarðvinnu. Verkið var hafið sumarið 1975. Sigurður og Júlíus steypu niður sperrur í desember sama ár. Inn í hálfkarað hús fluttum við á haustmánuðum 1976. Við vöktum yfir og skipulögðum framkvæmdir verkið í gegn. Irma vann stóran hluta innréttinga með frænda mínum Pálmari Guðjósyni, en Reynir Guðnason mágur minn vann sumarlangt við frágang utanhúss og í annarri grófri vinnu. Hann veggfóðraði líka stofur, svefnherbergi og hluta eldhúss með aðstoð okkar Irmu. Veggfóðrið hafði Irma sérvalið í Svíþjóðarferð. Það var með innofnum hörþráðum og í mismunandi litblæ eftir herbergjum. Innihurðir, innanhúsströppur og ýmislegt fleira kom smám saman á næstu mánuðum og árum.

Eftir að húsið var risið kom stundum í ljós að viðmælendur töldu víst að bæjarstjórnin sem ég sat í hefði hyglað mér með því að úthluta mér lóð á þessum stað. Við vorum hins vegar ánægð með hvernig við höfðum hagað málum.

## Svona eiga sendiherrar að vera

Það er vitaskuld mikilvægt að sendimenn Íslands í útlöndum séu staðfastir í málflutningi sínum og gefi ekki eftir þótt í móti blási, gefist ekki upp þótt gagnrökum sé beitt gegn staðhæfingum þeirra. Löngum hefur það reyndar verið hluti skylmingaþróttar Íslands á erlendum vettvangi að sníða staðreyndir að sínum hag og sér þess enn merki í málátlíbúnaði hinna æðstu manna í þjóðfélaginu.

Einhverju sinni á níunda ártugnum tók ég þátt í för þingmannasendinefndar til Þýskalands. Þetta var fróðleg ferð og um margt ágæt. Ferðin var verk og óskabarn Gylfa Þ. sem skipulagði hana og valdi þingmenn í förina. Hann samdi reyndar líka ræðurnar, sem flytja þurfti á þýsku. Ólafur G. Einarsson fékk hlutverkið að flytja þær. Það tókst vel hjá honum.

Margt er minnisstætt úr þessum ferðum. Má þar nefna ofsaakstur bílstjóranna sem óku okkur á milli staða. Einu sinni spurði Gurra, eiginkona Gylfa, mig hvað ég héldi að yrði um okkur ef eitthvað kæmi fyrir á þessum hraða, sem gjarnan var um og yfir 200 km. á klst. Svar mitt var kannske ekki mjög diplómátískt: „Þá verður ekkert úr okkur.“

Í þessari ferð var komið á fundi með Kohl, kanslara og óg ýmsum öðrum framámönnum í pólitíkinni í Þýskalandi.

Þar urðu fyrstu kynni mín af Vogel, sem síðar varð fram-  
bjóðandi í kanslaraembættið. Hann var mikill Íslandsvinur,  
kom hingað í heimsókn og ræktaði sambandið við mig. Þá  
var heimsókn í rannsóknarstöð í kjarnasamhverfi (fusion)  
mjög minnisstæð. Þeir voru komnir á ystu nöf með að leysa  
gátuna. Hún er að vísu enn óleyst. Gott er að hafa verkefni.

Þessi ferð og reyndar fleiri sem farnar voru undir sama  
merki voru þannig lærdómsríkar og skemmtilegar fyrir utan  
það hve veisluföng voru ríkuleg, svo að við áttum í fullu  
fangi við að njóta þeirra.

Höfuðborgin var vitaskuld Bonn á þessum tíma og þar  
var miðpunkturinn í för hinnar íslensku sendinefndar. Þar  
sat þá líka sendiherra Íslands. Partur af ferðaplaninu var  
því að sitja kvöldverðarboð hjá sendiherranum. Þetta var  
fínt boð með góðum veitingum og öllum skipað réttilega til  
sætis við matarborðið. Umræður urðu býsna líflegar. Svona  
í miðjum klíðum ávarpar sendiherrann mig, nýgræðinginn,  
og spyr: „Hvað segir þú, Kjartan, af syni þínum?“

Ég svaraði af hógværð: „Ég á engan son.“ Það var þá  
sem sendiherra Íslands sannaði yfirburði sína og kannske  
þjóðarinnar með hárbeyttu andsvari: „Hvað vitleysa, ég er  
alltaf að lesa svo góðar greinar eftir hann.“

Eftir nokkur þjark kom í ljós að „sonurinn“ var Helgi  
Skúli Kjartansson. Þótt ég afneitaði faðerninu varð ég að við-  
urkenna að mér þótti nokkur upphefð að því að virðulegir  
embættismenn ætluðu mér hann, svo ágætan mann.

Svo vildi reyndar svo til að við Helgi höfðum ýmislegt  
brallað saman og ég taldi hann til vina minna. Þess vegna  
langaði mig til að hitta hann þar sem hann bjó um þessar  
mundir í London og hafði komið því svo fyrir að millilenda  
þar í heimförinni og eiga stund með Helga Skúla.

Við mæltum okkur mót á lestarstöð í London. Þegar við  
höfðum kastað kveðju á hvorn annan, var fyrsta spurning

---

mín: „Hvenær ert þú fæddur, Helgi Skúli?“



## Minnisatriði um flokksþing 1974

Umræðan þessa dagana, en í dag er 3. nóvember 1980, gefur mér tilefni til þess að rifja upp flokksþing 1974, og það sem þá gerðist.

Á þessu flokksþingi var ég kosinn varaformaður flokksins, við nokkuð sögulegar aðstæður. Tilefni mitt til að rifja þetta upp núna, eru umræður sem hafa átt sér stað, í hvaða röð eigi að kjósa forystumenn Alþýðuflokksins. Á flokksþinginu 1974 var lögum flokksins breytt. Gylfi P. Gíslason var þá að láta af formennsku og þeir Benedikt og Gylfi höfðu komið sér saman um að nú væri ráð að fjölga í stjórn flokksins úr þremur í sex. Áður höfðu einungis þrír menn, formaður, ritari og varaformaður verið kosnir sérstaklega á flokksþingum. Nú skyldi kjósa formann, ritara, gjaldkera, varaformann, vararitara og varagjaldkera. Nokkru fyrir flokksþing hafði Gylfi kallað mig á sinn fund niður í Alþingi, en hann var þá forseti Sameinaðs þings. Hann kallaði mig á skrifstofu sína þar og sagði að þeir Benedikt hefðu orðið sammála um það að stinga upp á mér sem varaformanni, en hann ætlaði einmitt sjálfur að láta af störfum og ætlun hans væri sú að Benedikt tæki við formennsku. Þá varð fljótlega ljóst að Eggert G. Þorsteinsson var ekki sáttur við það að vera áfram ritari flokksins og vildi verða varaformaður,

í stað Benedikts sem hafði verið það, um leið og Benedikt yrði formaður. Ekki man ég lengur hversu snemma þetta fór fram, en alla vega tók Gylfi það heit af mér að ræða þetta ekki við aðra fyrr en ég fengi til þess leyfi að líkindum eða hvort sem var á flokksþinginu sjálfu sem ég mátti fyrst frá því skýra. Ég minnst þess að ég ræddi þetta við a.m.k. einn mann, Hörð Zóphaniásson, og bað hann fyrir það, alla vega var niðurstaðan sú að ég tjáði Gylfa eftir nokkurra daga umhugsun að ég væri reiðubúinn að gefa kost á mér í embætti varaformanns.

Ekki man ég nákvæmlega hvernig um embætti ritara og varaformanns var talað áður, hvort teldist vera á undan, en þó var alla vegna ljóst a.m.k. eftir að viðbrögð Eggerts lágu fyrir, að hann leit á embætti varaformannsins sem fremra en embætti ritara, því að hann var ákveðinn í því að gefa ksot á sér í embætti varaformanns.

Gylfi og Benedikt sóttust hins vegar eftir því að Eggert yrði áfram ritari. Til þess að minnsta kosti að láta líta svo út eins og mig minnir að þeir hafi orðað það, sem ritaraembættið væri mikilvægra þá var ákveðið að röð embættanna skyldi verða sú, sem er nú í lögum, en væntanlega má líta á þetta sem hálfgerð möndl af hálfu þeirra Gylfa og Benedikts og kannski að minni hálfu líka.

Þannig stóðu mál á flokksþingi. Gylfi Þ. Gíslason var þá formaður nefnda-nefndar. Þá varð ljóst fljótlega, að Eggerti yrði ekki hvikað í þessum efnum og þess vegna kom upp sú staða að það voru tvö framboð í embætti varaformanns, framboð mitt og Eggerts, en eftir því sem Gylfi skýði frá, þá voru a.m.k. ekki nema eitt framboð í önnur embætti, og Gylfi ræddi um það, og reyndi að koma því til leiðar, að Eggert biði sig fram til ritara, en það tókst ekki. Og þar sat við í þessum sporum.

Þá komu þeir sér saman um það, Benedikt og Gylfi, og



---

ræddu það sjalfsagt við mig, þó ég muni það ekki sérstaklega, að æskilegra væri að kjósa á undan um embætti varaformanns, áður en kosið væri um ritara, en lögin voru þá þegar frágengin. Hugsunin á bak við þetta var væntanlega sú, að sá okkar sem ekki næði kjöri varaformanns, hann yrði þá í kjöri í embætti ritara. Þeir báru fram tillögu um þetta á þinginu, en sú tillaga var felld.

Mér er þetta mjög minnstætt, vegna þess að það kom upp mikill óróleiki og þá einkum með tilliti til þess að úr því að þessi tillaga hafði verið felld, þá hefðu Eggertsmenn meirihluta á þinginu, og ýmsir ræddu það við mig, að ég myndi þá væntanlega ekki ná kjöri sem varaformaður. Minnist ég t.d. þess að Sighvatur Björgvinsson ræddi þetta við mig. Ég hugsaði mig um nokkra stund en ákvað síðan að láta slag standa og sagði að það færi þá sem færi með hver útkoman yrði. En þá vantaði einhvern í framboð í ritarastarfið, því að Eggert vildi ekki gefa kost á sér í það. Það var fyrst þá, eftir að þessi staða var komin upp, sem nafn Björns Jónssonar var nefnt í ritarastarfið. Vel má vera, að Gylfi hafi lagt einhverjar áætlanir í þá áttina að koma Birni í starf af þessu tagi hjá flokknum, en ekki var mér á nokkurn hátt kunnugt um það, og minnst ég þess, að margir þingfulltrúar urðu furðu lostnir þegar að Gylfi ræddi við þá að stinga upp á Birni Jónssyni í þetta embætti. Hann var þá rétt nýkominn úr Samtökunum, og mönnum þótti heldur djarflega að farið hjá Gylfa. Þetta varð nú samt ofan á, og síðan gekk kosning sína leið. Benedikt kosinn formaður, Björn ritari, Kristín gjaldkeri og síðan í fjórða lagi fór fram kosningin um varaformanninn, þar sem að ég fékk 84 atkvæði og Eggert 48, ef ég man rétt. Síðan voru kosnir vararitari og varagjaldkeri eins og lögin gerðu ráð fyrir.



## Án titils

Mér brá við þegar vinur minn Bent Carlsson sagði ofurhægt og stillilega en með áherslu: „Maðurinn er illmenni“, eða svo notuð séu hans eigin orð „That man is evil.“ Aldrei hafði ég heyrt nokkuð þessu líkt af munnni Bents. Honum var ekki tamt að taka djúpt í árinna eða hafa uppi stóryrði. Þvert á móti var hann alltaf yfirvegaður og varkár í orðavali. Þess vegna sló þetta mig mjög.

Við Bent höfðum þekkt lengi. Rúmlega tvítugir höfðum við búið á sama gangi á stúdentagarði í Stokkhólmi. Hann var í laganámi, ég í verkfræðinni. Námið var okkar stúss á þessum árum, en gangfélagar hittust í sameiginlegu eldhúsi og borðstofu. Þannig hófust kynnin. Þarna voru spjallstundir um alla heima og geyma, stundum yfir matarbita eða kaffibolla, eða bara þegar menn þurftu að liðka sig frá lestri. Stundum var efnt til sameiginlegs borðhalds fólksins á ganginum, stöku sinnum stóðu stelpurnar á ganginum fyrir partýum með dansi á eftir. Hjá okkur Bent voru pólitíkin og stelpurnar á hliðarspori, en sumar þeirra voru ákjósanlegar valkyrjur, þótt fyrir hvorugum okkar lægi að sértengjast þeim. Og pólitík hvorki hans né mín var þá dagskrárefni.

Síðar reyndist pólitíkin ná tökum á okkur. Það var hún

sem leiddi okkur aftur saman og þannig náði hann að segja mér hug sinn um „manninn sem væri illmenni.“ Orð sem ég get ekki gleymt.

Sænskan sem var okkar tungumál á stúdentagarðinum, fékk nú oft að víkja fyrir ensku í samræðum okkar. En hispurslaus vináttan frá því á stúdentaárunum var óhöggud. Alþjóðasamfélagið hafði rutt enskunni braut en við vorum áfram jafnánir. Kannske þessvegna fékk ég dóminn um illmennið fyrirvaralaust. Hinn nýi vettvangur okkar var mjög frábrugðinn borðstofunni á stúdentaganginum. Hann var fundir leiðtoga Jafnaðarmanna víðs vegar að úr veröldinni. Nú vorum við þessir fyrrum „Garð“-félagar leiddir saman í nýjum hlutverkum. Bent, sem bjó áður neðar á ganginum var nú forstjóri Alheimsskrifstofu Jafnaðarmanna í London og setti upp ráðstefnur og ráð fyrir samtökin. Ég var formaður Alþýðuflokksins. Við höfðum báðir orðið jafnhissa þegar við rákumst á hvorn annan á þessum vettvangi nokkrum árum fyrr. Og allt frá hinum fyrstu endurfundum höfðum við átt skemmtileg samskipti. Þegar hann kom hingað til Íslands í heimsókn á vegum Alþjóðasambandsins var það ekki einungis hlutverk mitt að leitast við að leiða hann í sannleika um góða málefnastöðu Alþýðuflokksins heldur einnig að innleiða hann í íslenska pólitík almennt og þjóðlíf í hinum ýmsu myndum.

Við Bent hittumst ítrekað á ráðstefnum framámanna í Jafnaðarmannaflokkum heimsins og Bent var þá í lykilhlutverki. Í þessu umhverfi og líklega í skjóli vináttunnar opnaði hann hug sinn um nýja og vonda uppgötvun, nefnilega um mann sem hann lýsti með orðunum „this man is evil.“ Bent var að lýsa ferðalagi og fundi sem hann hafði tekið þátt í. Það var nefnilega þannig að, forsætisráðherra Svíþjóðar, hinn alkunni stjórn málasnillingur, Olof Palme, hafði verið útnefndur af Sameinuðu þjóðunum til þess að stilla til friðar

---

í blóðugu áralöngu stríði Írana og Íraka. Olof Palme hafði valið Bent til samstarfs um verkefnið, og þeir höfðu ferðast til beggja landa til þess að kynna aðilum málsins. Þeir voru semsagt nýkomnir úr ferðinni, þegar Bent lét orð sín falla „um illmennið.“ Olof var varkárari í frásögn sinni, sem var vitaskuld meðal umræðuefna á ráðstefnunni.

Illmennið sem Bent Carlsson lýsti svo, og Olof Palme andmælti ekki lýsingunni á, var Saddam Hussein. Ég kann auðvitað engin deili á hvernig þeir komust að þessari niðurstöðu, en vissulega höfðu þeir átt í návígi við hann. Kannske hefði ekki verið verra að fleiri hefðu komist að sömu niðurstöðu á þessum tíma.

Ég átti eftir að eiga marga fundi og góð samskipti við bæði Olof og Bent í nokkur ár eftir þetta. Samtal okkar Bents mun hins vegar aldrei víkja úr huga mér. Oft og ítrekað er ég minntur á samtal okkar Bents og tilsvár hans, þegar sögulegir atburðir eru rifjaðir upp, ýmist í fréttum eða sjónvarpsþáttum.

Olof Palme var myrtur á götu í Stokkhólmi og Bent Carlsson fórst þegar hryðjuverkamenn, sem reyndust vera frá Líbíu, sprengdu í loft upp flugvél sem hann var farþegi í yfir bænum Lockerbie, sem atburðurinn er kenndur við.



## Áhætta metin

„Hún hefur staðist tímans tönn, ákvörðunin sem þú tókst sem sjávarútvegsráðherra,“ sagði Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur, þegar við hittumst á bílaþvottstöðinni hér um daginn. Hann var að sækja bílinn sinn úr þvottinum. Ég var að skila mínum í þvottinn.

„Ha, hvað meinarðu?“ spurði ég.

„Nú varðandi loðnuna“ sagði Hjálmar. Ég var samt ekki með á nótnum. Áttaði mig ekki alveg á þessu.

„Nú“ sagði ég og var hugsí.

„Það var þegar þú stoppaðir veiðarnar“ bætti Hjálmar við, og sá greinilega að ég kveikti ekki almennilega á því hvert málið væri. Þá ákvað hann að útlista þetta nánar. Það hafði nefnilega verið þannig að það var á þessum tíma til-  
tölulega nýtt að stunda veiðar á loðnu í stórum stíl og reynsla fiskifræðinganna af loðnunni og loðnuveiðunum nokkuð takmörkuð. Hjálmar var hins vegar sá fiskifræðinganna sem best þekkti til loðnunnar, var sérfræðingur Hafrannsóknastofnunnar á þessu sviði, og hvíldi því á honum ábyrgðin á veiðunum og sjálfbærni stofnsins. Ég var reyndar líka bara nokkurra mánaða gamall í embættinu. Þeir Hafrannsóknarmenn með Hjálmar í broddi fylkingar komu á fund ráðherrans með vandamál sitt og áhyggjur og ráðherra einn

gæti tekið þá ákvörðun sem þeir töldu sig þurfa að fá, en vissulega á grundvelli mjög ófullkominna upplýsinga.

Staðan var þessi. Aldrei fyrr höfðu verið veidd sömu kynstur af loðnu. Aflinn var að nálgast milljón tonn. Og enn var mikið magn veiðanlegt. Fyrri ár höfðu veiðar stöðvast af sjálfu sér við miklu minna veiðimagn af því að loðnan var farin að hrygna og því ekkert að hafa. Núna væri spurningin, hvað þolir loðnustofninn miklar veiðar? Hvað þarf óveiddur stofn að vera stór til þess að tryggja endurnýjun stofnins? Hvað þarf að vera mikið eftir svo hrygning takist? Árið áður höfðu verið 600 þúsund tonn eftir samkvæmt mælingum fiskifræðinganna, þegar veiðarnar stöðvuðust. Það hafði dugað til góðrar hrygningar. Núna gengu veiðar svo vel að innan tíðar mundi verða gengið enn frekar á stofninn, ef ekkert væri að gert. Enginn vissi hversu langt mætti ganga. Á hinn bóginn væri viðbúið að sjómenn og útgerð tæku því illa ef veiðar yrðu stöðvaðar. Hér var á ferðinni uppsjávarfiskur eins og síldin. Þar hafði ofveiði eyðilagt stofninn til langframa. Þá reynslu þekktum við. Sömuleiðis voru uppi áhyggjur af þorskstofninum og þar voru í gildi ýmsar takmarkanir til þess að leitast við að forðast ofveiði, þótt máttlitlar væru. Hlutverk ráðherra var að ákveða, hvort og þá hvenær skyldi stöðva veiðarnar. Stöðvun á þessum veiðum höfðu menn ekki orðið fyrir áður, það yrði nýjung og ekki að vita hvernig hún mundi mælast fyrir. Þetta var ákvörðunin sem Hjálmar var að vitna til.

Ég ákvað að taka nokkra áhættu, en standa þá fast á því að stöðva veiðarnar þegar að mörkunum kæmi. Mitt mat var að betur gengi að rökstyðja ákvörðunina ef nokkru lengra væri gengið á stofninn en árið áður og þá væri unnt að standa fast á ákvörðun um stöðvun veiðanna. Niðurstaða mín var að vera reiðubúinn til þess að leyfa að sá stofn sem dugði árið áður væri skorinn niður um þriðjung. Þegar tveir



---

Þriðju af þessum 600 þúsund tonnum sem við væri miðað væri eftir, skyldi ég stöðva veiðanar. Þetta stóð ég við og þegar 400 þúsund tonn töldust vera eftir stöðvaði ég veiðarnar. Þetta þótti djörf ákvörðun og m.a. tímaritið Sjávarfréttir gerði því mikil skil og birti ritstjórnargrein sem lýsti ákvörðuninni sem kjarkaðri. Eftir að ég hafði gert upp hug minn varð mér samt ekkert mikið um hana. Það sem mest var um vert var að henni var hlýtt. Rúsínan í pylsuendanum er svo hitt að hún stendur enn og hefur enst í meira en þrjá áratugi. Þessi 400 þúsund tonn eru ætíð síðan viðurkennd sem lágmarksstofnstærð loðnunnar og einungis leyft að veiða það sem mælist umfram þá tölu. Þessu hafði ég ekki veitt athygli fyrr en Hjálmar benti mér á þessa staðreynd hér um daginn á bílaþvottastöðinni.



## Loðnustríð

„Nú færðu gusu frá mér“ sagði ég við Knut Frydenlund þegar hann hringdi í mig í sjávarútvegsráðuneytið út af átökum milli Íslendinga og Norðmanna vegna veiða á loðnu.

„Þurftir þú nú endilega að bæta olíu á eldinn“ sagði Frydenlund. „Mig langar að róa niður stöðuna.“

„Það er ekki svo auðvelt“ sagði ég. „Hér er mikið í húfi.“ Síðan rakti hvor sín sjónarmið eða öllu heldur þau sjónarmið sem uppi voru í löndunum báðum.

Það sem hér var til umfjöllunar var veiðar á loðnu, en hún var þeirrar náttúru að tolla ekki innan lögsögu okkar. Hér var á ferðinni það sem Norðmenn kölluðu „loddakrig“. Auðvitað var mikið í húfi og tekið djúpt í árinna í fjölmiðlum. Gaf ég ekkert eftir í þeim efnum. Við Knut Frydenlund vorum hins vegar vinir og áttum auðvelt með að tala saman. Við létum þetta „stríðsástand“ ekki spilla fyrir því. Hin pólitíska barátta fór fram með fullum krafti í fjölmiðlum, en við Knut töluðum jafnframt saman reglulega og ég lét hann gjarnan vita ef ég hafði skotið föstum skotum sem þeir Norðmenn þyrftu að svara. Knut var utanríkisráðherra Noregs en ég var bara sjávarútvegsráðherra á Íslandi. Samt varð það svo að hann vildi helst ræða málin við mig og eiginlega dýpkaði okkar ágæta samband í þessum átökum.

Aðdragandinn að loðnustríðinu var sá að Íslendingar höfðu komist upp á lag með að veiða loðnu og þá í landhelgi Íslands. En svo kom í ljós að loðnan var fjöllynd með tilliti til þjóðfélagslegra umráðasvæða. Hún varð veiðanleg í norski lögsögu við Jan Mayen og norskir útgerðarmenn voru fljótir að renna á lyktina. Í stað þess að Íslendingar höfðu setið einir að loðnunni var nú komin samkeppni í veiðarnar og sóttu Norðmenn stíft í veiðar í lögsögu Jan Mayen, en Íslendingar þurftu að bíða eftir að gangan kæmi inn í íslenska lögsögu. Við vorum auðvitað hrædd um að Norðmennirnir myndu klára allan stofninn áður en við kæmumst til veiða úr honum. Norskir útgerðamenn vildu hins vegar tryggja sér sem mest áður en loðnan hyrfi úr þeirra lögsögu suður á bóginn til okkar. Hér var því á ferðinni mikill hagsmunaaðreksur. Fjölmiðlar í Noregi gerðu sér mikinn mat úr átökunum og ég fékk góðan aðgang að þeim til þess að koma okkar sjónarmiðum á framfæri. Ég hafði það á tilfinningunni að þeir hefðu því meira gaman að sem ég var harðari í okkar afstöðu. „Loddakrigens James Bond“ var ein nafngiftin sem ég fékk. Ég hélt því blákalt fram að hér væri um íslenskan fiskistofn að ræða, sem sæist best á því að hann hrygndi í túninu heima, sem sagt við Íslandsstrendur. Þótt hann villtist inn á Jan Mayen svæðið væri það eins og sauðfé sem stykki stöku sinnum yfir girðingar og yfir í garð grannans. Granninn ætti þó ekkert í fénu heldur virti auðvitað eignarétt eigandans og snerti það ekki í eigin þágu. Norðmenn væru sem sagt í hlutverki grannans sem mætti ekki snerta féð þótt þeir fyndu það innan sinnar landareignar.

Þótt málatilbúnaður væri með þessum hætti af minni hálfu, var mér auðvitað ljóst að með einhverjum hætti yrði að ná samkomulagi við Norðmenn um hvernig ætti að taka á þessu. Parna var mér bæði eðlislægt og sjálfsagt að vera í góðu persónulegu sambandi við utanríkisráðherra Norð-

---

manna sem ég hafði náð góðum kynnum við miklu fyrr. Í hremmingum Íslands og íslenskra valdamanna nýverið hef ég furðað mig á því að þeir væru svo tengslalausir að þau fáu samtöl sem okkar talsmenn áttu við erlenda aðila virtust eins og þeir hefðu aldrei náð sambandi við viðmælendur sína og töluðu óskýrt og jafnvel eins og út úr kú. Trúnaður virtist enginn og svo bættist grátt ofan á svart með ýmist ótilkynntum hljóðritunum ellegar að samtölunum væri lekið til fjölmiðla, sem er auðvitað forkastanlegt og eyðileggur allan möguleika á framhaldi trúnaðarsambands.

Í loðnudeilunni var fyrsta tilraun til samninga fundur í Ráðherrabústaðnum þar sem Norðmenn mættu til leiks með bæði utanríkisráðherrann og sjávarútvegsráðherra sinn. Þar vorum við Benedikt Gröndal í forsvari af Íslands hálfu. Fjöldi embættismanna var í samningaliði beggja aðila. Niðurstaða var engin.

Við Knut Frydenlund héldum hinsvegar áfram að vera í góðu sambandi. Krísan leið eiginlega hjá um leið og loðnuveiðarnar voru búnar, en þá gafst líka tími til að hugsa um málið í auðveldara andrúmslofti. Um sumarið hittumst við Knut af öðru tilefni í Osló og Knut lagði sig fram um að búa til afslappaða möguleika fyrir okkur til þess að tala saman og greina leiðir til lausnar. Það var í svoleiðis umhverfi á bjartri sumarnótt sem ég sagði Knut að ég væri viss um að lausnin væri fyrst og fremst fólgin í því að viðurkennt væri að það væri hlutverk íslenskra aðila að ákveða heildaraflamagn úr loðnustofninum við allar venjulegar aðstæður og bera ábyrgð með samvinnu við Norðmenn á rannsóknunum sem þyrfti til þess að finna stærð stofnsins og þar með grundvöll ákvörðunarinnar. Með þessu móti væri fengin óbeint sú viðurkenning sem dygði Íslendingum um að stofninn væri eiginlega þeirra og þeir bæru ábyrgð á honum umfram aðra. Þar með yrði líka slegið á óttann hér á landi um að

stofninum yrði stefnt í hættu, eins og síldinni hér um árið.

Allt gekk þetta eftir. Samningar náðust einmitt á þessum grundvelli. Ég var reyndar ekki í samninganefndinni, þegar frá samningum var gengið. Vissir aðilar töldu sér nauðsyn að ganga fram hjá mér. Hégómleikinn ríður nefnilega ekki alltaf við einteyming. Ég er samt stoltur af því að hafa fundið lausnina í privatsamtölum við Frydenlund á hans ágæta heimili.

## Upp úr plastpokanum

Jæja, fer hann nú ofan í plastpokann, hugsaði ég, þegar forsætisráðherrann seildist inní blaðabunka svona rúmlega hálf tetta á þykkt og dró fram nokkrar arkir. Þetta voru vita-skuld ljótar hugsanir hjá mér. Þær höfðu samt í einu eða öðru formi sótt að mér annað veifið. Forsætisráðherra koma ævinlega dröslandist inn á ríkisstjórnarfundum með einhvern pappírabunka, sem var manni fyrna óráður miðað við hvað ætti að vera til umræðu á ríkisstjórnarfundunum. Ég hafði séð bílstjórnann hans rölt milli bíls og stjórnarráðs með plastpoka bæði fyrir og eftir fundum í ríkisstjórn. Ímyndunaraflíð hafði hlaupið með mig í gönur, þegar ég horfði á þennan óskilgreinda bunka sem forsætisráðherrann lagði ætíð sér til hægri handar á ríkisstjórnarborðið. Svo lá bunkinn þar óhreyfður löngum eða þar til eins og fyrir sérstök boð að oddviti ríkisstjórnarinnar stakk fingur sínum einhvers staðar inn í hann og fann ákkúrat það sem nú mætti til með að ræða. Ég reyndi að ýta frá mér hugsununum um plastpokann. Þær voru óviðeigandi. Forsætisráðherrann hlyti að hafa virðulegri geymslustað, en þessi haugur passaði bara svo einstaklega vel í venjulegan innkaupapoka og svo var svo sérstætt að sjá ráðherrann velja sér mál innan úr haugnum, minnti á hvernig menn draga miða úr hatti, nema hvað

forsætisráðherrann dró ævinlega vinninginn, nefnilega það sem taldist réttast að ræða á hverjum tíma. Oft kom það manni mjög á óvart.

Það var víst í þetta skipti sem forsætisráðherrann dró fram teikningar af nýrri stjórnarráðsbyggingu í Bakarabrekkunni sem teygði sig í mikilleik sínum allt frá kvennaklóinu í Bankastræti núll og suður að Menntaskólanum, þessum sem nú nefnist MR. Þetta var flatlegur steinkumbaldi, tilbreytingarlaus yfirlitum en með nokkurri skírskotun til Sovétstílsins. „Þetta væri verkefni, sem rétt væri að skoða“ sagði forsætisráðherrann. Ekki veit ég hvort hann kunni að meta undirtektirnar. Þær urðu heldur daufar. Meira að segja fyrrum aðdáendur Sovétríkjanna eins og Svavar, Hjörleifur og Ragnar féllu ekki fyrir hugmyndinni. Kannske hélt forsætisráðherrann að hjá þeim mætti fá stuðning svona út á skyldleikann í arkitektúrnum. Forsætisráðherra dró erindið aldrei aftur fram úr blaðahaugnum.

Öðru sinni dró ráðherrann út úr bunkanum erindi frá Sovétríkjunum, sem kom mér gjörsamlega á óvart en tilheyrði þó efnissviði míns ráðuneytis. Hér var á ferðinni kvörtun frá sovískum aðilum vegna sendingar af íslenskri vöru til þeirra sem væri gölluð. Niðurlögð síld fra Sigló-síld var sögð óæti vegna þess að magn sítrónsýru í dósunum væri óheyrilegt og langt umfram það sem eðlilegt gæti talist. Mér fannst þetta hið verst mál og sagði sjálfsagt að kalla forsvarsmenn Sigló-síldar til ábyrgðar og veita þeim hressilegt tiltal. Vissi ég líka sem var að sýran þessi var notuð til þess að deyða gerla í vondri vöru. Forsætisráðherra hélt nú ekki. Þetta yrði leyst eftir diplómátskum leiðum. Rétt væri að kalla sendiherra Sovétríkjanna fyrir og gera honum grein fyrir að íslensk síld væri alltaf góð og Sigló-síld væri vandað fyrirtæki og svona kvartanir væru að engu hafandi. Utanríkisráðherra var falið að afgreiða málið. Sjávarútvegs-



---

ráðherra þyrfti ekkert að aðhafast. Viðvaningurinn fékk að kynnast því hvernig afgreiða ætti smámál. Sigló-síld var líka vitaskuld í kjördæmi forsætisráðherrans.



## Emil illa settur

Stjórnámálamenn þurfa oft að bera saman bækur sínar. Kannske ættu þeir reyndar að gera það oftar en þeir gera til þess að treysta samstöðu og tryggja greiðan framgang mála. Síminn hefur gjarnan verið tækið til þess að sinna þessu verkefni. Á mínum ferli var það stundum hlutskipti mitt að takast á við viðfangsefni sem lá ekki beint við hvernig ætti að leysa úr og þá gat verið gott að bera sig saman við aðra eða tryggja þeirra stuðning við tiltekna úrlausn.

Þannig var það eitt sinni sem oftar, þegar ég lyfti tólinu eitt síðdegið til þess að hringja í Benedikt Gröndal. Þetta var í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar. Benedikt var þá utanríkisráðherra og formaður Alþýðuflokksins, en ég var varaformaður flokksins og sjávarútvegsráðherra. Verkaskipting féll þannig, að það var oftast hlutskipti mitt af hálfu flokksins að takast á við efnahagsmál af ýmsum toga í þessari ríkisstjórn, en sá málaflokkur tröllreið öllu öðru í óðaverðbólgu og samhliða gengisfellingum, fiskverðsákvörðunum, kjaradeilum, átökum á vinnumarkaði og efnahagsráðstöfunum á næstum hverju misseri með tilheyrandi niðurskurði og kjaraskerðingum.

Það var við þessar aðstæður og í einni af þessum krísum sem mér þótti nauðsynlegt að ná í formann flokksins til þess

að bera mig saman við hann um úrlausn og niðurstöðu á aðkallandi viðfangsefni sem mér hafði verið trúað til að fjalla um. Benedikt svaraði símhringingu frekar seint og sem ég hafði kynnt mig sagði hann frekar höstugur:

„Af hverju ertu að hringja núna? Emil er læstur inn á kamrinum.“ Mér brá við. Skelfing var að vita þetta, hugsaði ég. Hvað er hann Emil gamli Jónsson að gera hjá Benedikt? Hann er nú orðinn frekar hrumur og er á Hrafnistu. En svo sá ég auðvitað að það gæti verið gott fyrir Benedikt að bera saman bækurnar við þennan stjórnmalaskörung og fyrrum utanríkisráðherra. Sjálfsagt væri mörg góð ráð að fá frá þessum aldna og reynda stjórnmalamanni. En ósköp var þetta slysalegt að hann skyldi læsast inn á klóinu. Ég sá hann fyrir mér óstyrkan og tifandi, því Parkinson var búinn að leika hann heldur illa. Það var kannske ekki nema von að svona gæti komið fyrir og að hann fipaðist í svona lyklamálum.

„Ég biðst afsökunar,“ sagði ég. „Ég vissi ekki að það stæði svona illa á.“

„Já, já“ sagði Benedikt.

„Þetta var leiðinlegt,“ sagði ég.

„Já, já“ sagði Benedikt og virtist annars hugar.

„Get ég nokkuð orðið að liði?“ spurði ég.

„Ha?“ sagði Benedikt.

„Já, ég er með góð sambönd“ sagði ég. Mig hryllti við því að hugsa til Emils gamla þarna innilæstan og hjálparvana á þessu litla klósetti sem var í íbúðinni hans Benedikts. Hér þyrfti skjót viðbrögð.

„Nú já“ sagði Benedikt.

„Ég þekki lásasmið.“

„Jæja“ sagði Benedikt og var greinilega ekkert að hlusta á mig. Svo bætti hann við: „Þetta eru skemmtilegir þættir. Hann Emil í Kattholti er alveg óborganlegur.“ Nú kviknaði

---

hjá mér ljós. Skelfing var ég illa að mér. Ég kunni ekkert í þessum barnasögum hennar Astrid Lindgren. Og svo hafði ég ekkert áttað mig á því að barnatíminn var einmitt á þessum tíma.

„Já, einmitt“ sagði ég. „Fyrirgefðu ónæðið. Blessaður.“ Erindið var gleymt. Ég mundi leysa úr því á eigin spýtur, eins og oft áður. Mikið var nú gott að Emil Jónsson hafði ekki lent í þessum ósköpum. Því var ég feginn.



## Við stjórnvölinn

„Þá er næst á dagskrá að taka fyrir verðlagsmál,“ sagði forsætisráðherra. „Þau eru auðvitað vandasöm og skipta mjög miklu máli fyrir þjóðarbúið“ bætti hann við. Þetta voru vitaskuld orð að sönnu og forsætisráðherrann hafði geymt þetta viðfangsefni þangað til seint á fundinum. Áður var meðal annars búið að dreifa einum þremur minnisblöðum frá iðnaðarráðherra, sem fengu þó frekar litla umræðu. Forsætisráðherra tók fram að ræða mætti þau betur síðar. Þau vörðuðu náttúrlega mikilvæg málefni og voru í framhaldi af öðrum minnisblöðum, sem þessi ráðherra var mjög ötull við að leggja fram. Iðnaðarráðherrann var Hjörleifur Guttormsson. Hans verk voru vönduð og báru viðhorfum hans gott vitni. Útkoma úr umræðum um þau urði hins vegar oft heldur rýr. Hvað um það. Ég hafði tekið eftir því að þau voru vel skrifuð, þótt mér fyndist stefnan í þeim misgóð.

Verðlagsmálin heyrðu undir viðskiptaráðherra. Svavar var mjög ábúðarfullur, þegar forsætisráðherra gaf honum orðið til þess að reifa málið. Hann skýrði frá því að hann hefði gaumgæft málið mjög vandlega og tillögur hans væru að mjög vel athuguðu máli. Það kom glöggt í ljós að ráðherrann taldi það mjög ábyrgðarmikið hlutverk sem hann hefði fengið við að marka stefnuna um verðlag á öllum

nauðsynjavörum í landinu. Það var nefnilega þannig að þessi nýja ríkisstjórn hafði ákveðið í stjórnarsáttmála sínum, samkvæmt tillögum frá Þjóðhagsstofnun, að koma á „hertri verðstöðvun,“ enda hefði það sýnt sig að verðstöðvunin sem fyrri ríkisstjórn hafði staðið að dugði ekki. Hún hafði greinilega verið of lin. Verðlagsstofnun sem hafði haft hana á sinni könnu hafði ekki náð verðstöðvunarmarkmiðum og prísarnir sem áttu að vera í stoppi höfðu ætt áfram. Verðlagsstofnun var búin að vera með það hlutverk í mörg ár að halda aftur af verðlaginu. Þegar verðstöðvun ríkti urðu heildsalar, framleiðendur og smásalar að leggja fram umsóknir til hennar í hvert skipti sem einhver þeirra sá hjá sér hvöt til að breyta verði á vörum sínum eða þjónustu. Umsækjendur studdu óskir sínar tölulegum rökum, sem stofnunin fór yfir og lagði mat á. En hún hafði sem sagt ekki haldið nógu vel á spöðunum. Þess vegna hafði verið ákveðið að koma á hertri verðstöðvun, sem þýddi það að ríkisstjórn landsins tæki þessar verðlagsákvarðannir og það var hlutverk viðskiptaráðherrans að undirbúa þær fyrir ríkisstjórnina. Það kom í ljós að núna snerist ákvörðunin um Coca Cola og smjörlíki. Viðskiptaráðherrann rökstuddi með fimlegri mælsku tillögu sína um að kókið mætti hækka um 15 prósent en smjörlíkið bara um tólf. Forsætisráðherra bað ráðherrana að gefa til kynna með handauppréttingu hvort þeir gætu fallist á tillögu viðskiptaráðherrans. Ragnar Arnalds, ráðherra menntamála, var fljótur til að samþykka þetta, enda tillagan frekar þjóðleg, þegar bera skyldi saman smjörlíki og kók. Aðrir létu sig líka hafa það, kannske sumir með semingi, hugsandi eins og ég, að ekki hefðu þeir neinar forsendur fyrir því að taka afstöðu í málinu og ferlið væri afkáralegt. Aðrir trúðu því kannske að þetta væri hið eina rétta og ríkisstjórnin ætti að ráða þessu. Allavega var forsætisráðherra ánægður með atkvæðagreiðsluna og brosti sínu



---

breiðasta glotti.

Það var seinna þennan sama dag sem inn á skrifstofu mína í sjávarútvegsráðuneytinu var skyndilega hleypt manni, fyrirvaralaust og án kynningar, þar sem ég sat við skrifborðið í önnum. Ráðuneyti þessa mikilvæga málaflokks var lítið og undirmannað. Það var símadaman sem jafnframt var dyravörður ráðherra. Ég erfði hana eins og annað frá forvera mínum, Matthíasi Bjarnasyni. Þetta var vænsta kona og vel meinandi, en ekki það sneggsta og skarpasta sem finna mætti. Varnir ráðherrans og fundaunderbúningur gat þannig greinilega birst í því að fá óvænt inn á gólf til sín einhvern án boða eða kynningar. Gesturinn gerði sig fljótt heimakominn og áður en varði bar hann upp erindi sitt. Svona erindi hafði ég heyrt áður og frá býsna ólíklegum aðilum í sumum tilvikum. Erindið var einfalt, gesturinn vildi kaupa skip og hafði svosem ekki á því neinn formála eða rökstuðning. Nýja ráðherranum varð það fyrst fyrir að spyrja gestinn óþekktar hinnar einföldustu spurningar sem lá nokkuð beint við: „Ertu eitthvað þegar í útgerð?“ Þá kom nú svipur á gestinn. Stóra syndin hafði verið framin. Ráðherrann þekkti ekki einn höfuðútgerðarmann landsins. Allir áttu að þekkja „Alla ríka.“ Hér var komið efni í góða sögu og hún flaug víða frásögnin af því þegar Alli ríki hitti sjávarútvegsráðherrann. Mér finnst hún ágæt og hef haft gaman af. Alli ríki fékk reyndar ekki leyfi hjá mér til þess að kaupa skipið, en vel að merkja ég hafði m.a. erfð það frá forvera mínum að hafa allsherjavalld yfir öllum fiskiskipakaupum til landsins.

Það var nú aldeilis munur að vera í æðstu stjórn landsins og hafa á sama deginum fengið að neita Alla ríka um skipakaup og ákveða verðið á bæði kók og smjörlíki.



## Úrelt skip

Mér hefur löngum þótt hryggilegt hvað Íslendingar hafa verið langt á eftir öðrum í því að tileinka sér tæknilegar framfarir. Þetta á einkum við í atvinnulífinu. Stjórnarfar hefur dregið dóm af sömu tregðu til breytinga. Mér er auðvitað vel ljóst að þetta er ekki almenn skoðun á Íslandi og Íslendingar hafa mikla tilhneigingu til þess að telja sig í fremstu röð. Að mínum dómi er þetta mikill misskilningur og þetta trúboð um ágæti okkar sem stundað er hérlendis hefur skaðað land og þjóð með því að svæfa framtakssemi og blinda fólk á stöðu þjóðfélagsins. Löggjöf og efnahagsstjórn var áratugum saman úrelt og leiðandi öfl í atvinnulífi voru ótrúlega treg á framfarir á sama tíma og þjóðernisdýrkunin teppti mönnum sýn á sannleikann. Ég kynntist þessu sem verkfræðingur, í ráðgjafarstörfum á sviði rekstrar og í pólitíkinni.

Mér er minnisstætt úr viðskiptaráðherratið minni, hvernig viðbrögð mín við tilteknu erindi mótuðust af þessum staðreyndum og mati mínu á frammistöðu forkólfa atvinnulífs á þessu sviði.

Þar er þá fyrst til að taka, svo ótrúlegt sem mönnum kann nú að sýnast, að lán erlendis frá fengust ekki nema með samþykki viðskiptaráðherra, venjulegast að fengnum

meðmælum svonefndrar langlánanefndar. Til var fyrirtæki sem hét Hafskip og átti síðar eftir að búa sér sérkennilegan sess í Íslandssögunni. Hafskipsmenn höfðu rutt braut nýjungum í flutningum til og frá landinu. Flutningaskip þeirra var þeirrar gerðar að aka mátti varningi til og frá borði í stað þess sem þá var reglan að hífa varninginn oftast næstum sekk fyrir sekk í skip og úr. Gámar höfðu þá heldur ekki náð útbreiðslu. Þetta nefndist „roll-on and roll off“ á enskri tungu og vissi ég vel af þessari aðferð úr námi mínu. Hafskipum gekk allvel að ná til sín flutningum og höggva þannig skarð í markaðshlutdeild annarra. Þeir voru hins vegar ekki eins passasamir í peningamálum. Til kaupanna á skipi sínu höfðu þeir fengið leyfi til að taka erlent lán, en sem ég kom að málum höfðu þeir ekki greitt af láninu eins og ráð hafði verið fyrir gert og fóru því fram á framlengingu og var málið á borði ráðherra. Fram kom hjá embættismönnum í ráðuneyti að vont væri það fordæmi að framlengja lánstíma hjá aðilum sem ekki hefðu staðið við sitt. Það var einmitt á þessum punkti sem tveir ágætir kunningjar mínir báðu um viðtal við mig. Þeir voru forsvarsmenn annars skipafélags. Erindi þeirra var að leggja áherslu á að alls ekki væri við hæfi að Hafskip fengi að lengja í lánstíma sínum. Þeirra fyrirtæki hafði þá nýverið fest kaup á enn einu flutningaskipinu frá Danmörku, sem var eins og hin fyrri skip félagsins þar sem öll vinnubrögð urðu að vera með gamla laginu. Það þykknaði í mér og ég svaraði víst hvatvíslegar en kannske var við hæfi: „Hvenær ætlið þið að hætta að kaupa úrelt skip?“ Ég fékk vitaskuld engin svör en það styttist fljótt í viðtalinu. Daginn eftir lét ég kalla í stjórnarformanninn, Albert Guðmundsson, og sagði honum að lánafyrigreiðslan yrði samþykkt.

Ég var býsna ánægður með frammistöðu mína í málinu og framlag mitt til framfara í skipaflutningum. Þegar

---

svonefnt Hafskipsmál tröllreið þingi og þjóð nokkrum miss-  
erum síðar varð mér ekki um sel. Þagði ég þá þunnu hljóði,  
reyndar ekki bara þessarrar forsögu vegna, heldur líka af  
því að mér fannst eitthvert holhljóð í umræðunni og erfitt  
að henda reiður á sannleikanum. Eins og kunnugt er fór  
Hafskip fjandans til. Ég varð að sætta mig við að tilraun mín  
til stuðnings við þessa framför varð jafnframt að engu. Ég  
fékk ekkert prik fyrir viðleitnina, en enginn lagði heldur til  
mín fyrir lánaþyrirgreiðsluna.



## Stúlkan með hattinn

„Þá er komið að því að úthluta kvótanum“ sagði Þórhallur ráðuneytisstjóri. „Hvaða kvóta svaraði ég?“ og varð hugsað til sjávarútvegsins og þess sem við höfðum verið að kokka þar. Áttaði mig ekki á hvað Þórhallur væri að fara. „Það er sælgætiskvótinn“ sagði Þórhallur.

Þetta var í viðskiptaráðuneytinu. Ég var þá ráðherra í þessu ráðuneyti. Það stóð reyndar í skamma hríð, en þaðan á ég góðar minningar bæði frá þeim tíma og frá fyrri tíð. Ég hafði nefnilega verið í verkefnum fyrir ráðuneytið um það bil áratug áður en ofanefnt samtal átti sér stað. Fékk þá inni til verkefnavinnunnar í kompu sem geymdi ýmis skjöl, en þar var lítið skrifborð sem nýttist mér. Þetta var ágætur og skemmtilegur tími. Þarna kynntist ég nokkuð starfsháttum ráðuneytisins og starfsfólki þess og reyndar mörgu stjórnarráðsfólki í matsalnum í kjallara Arnarhvals. Þetta var notalegt umhverfi og margt af áhugaverðum einstaklingum. Kynni mín við suma þeirra áttu eftir að endast vel. Verkefnið sem ég var fenginn til að vinna tengdist hinni nýju grein, aðgerðarrannsóknnum, sem ég hafði verið að mennta mig í. Á þessu fræðasviði var aðferðin að nota stærðfræðilega greiningu og reiknigetu tölvunnar til þess að leysa hagræn viðfangsefni. Á þessum tíma eins og stundum endranær

var uppi umræða um bruðl olíufélaganna og kostnað í olíudreifingu, sem bitnaði á neytendum og atvinnuvegum í verði á olíu og bensíni. Til þess að flækja málið gátu olíufélögin rukkað fyrir dreifingarkostnaðinn í gegnum svonefnt verðjöfnunargjald. Ég var ekki bara settur í greiningu og reikniverk heldur líka til að veita formennsku nefnd, sem olíufélögin áttu sæti í og átti að koma með tillögur til úrbóta. Hvað sem því leið, varð þessi dvöl í ráðuneytinu til þess að ég kynntist ráðuneytinu og Þórhalli ráðuneytissjóra mjög vel. Ég var að vissu leyti kominn heim þegar ég varð viðskiptaráðherra haustið 1979. Og við Þórhallur áttum mjög auðvelt með að ræða málin.

Þórhallur Ásgeirsson var afbragðs embættismaður og einstaklega hlý og notaleg persóna, með vel grundaðar skoðanir. Hann hafði verið aðalsamningamaður Íslands í öllum samningum um viðskipti við erlend ríki um áratuga skeið. Þar á meðal voru samningarnir um aðild Íslands að EFTA og að GATT og samningarnir um tollamál við efnahagsblokkina sem nú ber heitið ESB. Starf mitt og áhugasvið í hinni fyrri dvöl í ráðuneytinu hafði ekki verið á þessu sviði, þótt útlínurnar hefðu orðið mér vel ljósar. Þess vegna þurfti Þórhallur nú að útskýra þetta með kvótann. Það var semsagt þannig, að Ísland naut tollverndar fyrir sælgæti samkvæmt samningunum við umheiminn, en bar samt að leyfa nokkurn innflutning án tolla og var magnið tilgreint sem tollfrjáls kvóti á árlegum grundvelli. Viðskiptaráðherra réð því hvernig þessum kvóta sælgætis án tolla væri úthlutað. Svona tollfrelsskvótar eru algengir í viðskiptasamningum. Íslendingar hafa notið þeirra við útflutning á fiski og kjöti til Evrópu, en líklegast hafa flestir veitt þeim athygli í sambandi við innflutning á landbúnaðarafurðum hin seinni ár.

Ég bandaði frá mér hendinni og vildi ekki sinna málinu,



---

Þegar Þórhallur bar fyrst upp erindið um kvótann. En Þórhallur kom von skjótar aftur með málið á borð ráðherrans. Mér leist ekki á þetta. Fyrir mér var hér á ferðinni úthlutun á peningum, spurningin um að hygla einhverjum þeim sem kvótanum væri úthlutað til. Ég kunní ekki við að vera í svona hlutverki. „Gott og vel“ sagði ég, þegar Þórhallur bar upp erindið í þriðja sinn. „Ég veit hvernig við gerum þetta.“ Það var greinilegt að Þórhalli létti. „Við tökum Háskólabíó á leigu, fáum fallega stúlku í bikíní til þess að draga miða úr hatti um hverjir fá úthlutað kvóta í sælgætinu.“ Það þyrmdi yfir Þórhall og hann skundaði út af skrifstofu ráðherrans. Líklega hefur hann haldið að ég væri að grínast, því að hann bar málið upp aftur næsta dag. Svar mitt var skýrt. „Ég var búinn að kynna þér lausnina með stelpuna og hattinn.“ Ekki leist Þórhalli á lausn mína frekar en fyrri daginn. Enn bar Þórhallur erindið upp nokkrum dögum síðar og fékk enn sömu svör frá ráðherra. Þá sagði Þórhallur: „Já, en þú gætir gefið innflutninginn á sælgætinu frjálsan.“

Það leist mér vel á og Þórhallur útbjó pappír þar um í skyndi og ég skrifaði upp á með glöðu geði. Þórhalli líkaði þetta líka afbragðs vel. Hann var eindreginn talsmaður fríverslunar.

Síðvetrar og fram á vor tóku hins vegar að renna á mig tvær grímur. Mackintosh, Melka og Lindt og fleiri erlend vörumerki voru næstum búin að leggja undir sig allan auglýsingavettvang sjónvarpsins og markaðssóknin var hrikalega öflug. Nú verð ég aldeilis tekinn í bakaríið, hugsaði ég. Svo varð þó ekki. Markaðssóknin skilaði einhverju, en enginn kvartaði og sælgætisunnendur voru hamingjusamir að fá frekara úrval og þurfa ekki að reiða sig á smygl á Mackintosh dósunum, eins og áður hafði verið. Allt fór eftir bókinni. Íslenskur sælgætisiðnaður hafði gott af aðhaldinu frá erlendum keppinautum, aðlagði sig að nýjum

aðstæðum og hélt yfirburðastöðu á sælgætismaðum með sterkari og betri fyrirtækjum en fyrr.

Þórhallur hafði vísað mér á rétta lausn, en Íslendingar misstu náttúrliga af góðu „showi“ úr því að Þórhallur vildi ekki kaupa tillögu mína um stúlkuna í Háskólabíói.

## Stretslov

Rússneskir sendiherrar hér á landi hafa, trúi ég, verið býsna áhugasamir um starf sitt og sinnt því af kostgæfni. Ég held að vandað hafi verið til vals á sendiherrunum og að í sendinefndina hér hafi valist mjög hæft fólk. Fyrir hefur komið að það kynni íslensku mæta vel.

Mikilvægur hluti af starfi sendiherra er að setja sig inn í stjórn málin og almenna umræðu í dvalarlandinu. Þetta leituoðust sendiherrar Sovétríkjanna við að gera eins og aðrir kollegar þeirra, þegar ég fylgdist með þeirra starfi..

Á pólitískum ferli mínum kynntist ég einum sendiherra Sovétríkjanna öðrum fremur. Hann hét Stretslov. Hann bauð mér allnokkrum sinnum í hádegisverð. Þegar fyrsta boðið kom, var ég nokkuð hikandi og spurði Benedikt Gröndal, formann Alþýðuflokksins ráða. Hann sagði sjálfsgagt að þiggja boðið og lýsti því hvernig það mundi ganga fyrir sig og hafði á sumu skýringar. Allt gekk það eftir. Fyrst væri boðið upp á fordrykk. Síðan gæti komið forréttur gjarnan með staupi af Vodka og loks aðalréttur með góðu víni. Eftir máltíðina yrði mér boðið sæti í vinstra horni sófans í stofunni. Í forrétt átti ég eftir að fá bæði síld og styrjuhrogn til þess að skála yfir, og allar voru veitingar mjög góðar, en kaffið á eftir var alltaf við sófaborðið þar sem mér var skipað

til sætis. Sú saga gekk að hlustunarskilyrðin væru sérlega góð við sófahornið.

Þetta voru hinar bestu stundir hjá Stetslov. Hann var kurteis og hlýr og talaði sænsku reiprennandi svo að það varð úr að við notuðum sænskuna í samtölum okkar og gaf það samverunni notalegan blæ. Við ræddum alla heima og geyma. Hann spurði mig út í margvíslegt varðandi íslensk stjórnsmál. Hafandi í huga útskýringar Benedikts gætti ég þess við svör mín og þessar samræður, að láta það eitt uppi sem lesa mátti í blöðum eða hafa spurnir af í öðrum fjölmiðlum.

Það var svo í viðskiptaráðherrastóli, sem ég bað Stetslov að koma á minn fund. Olíuverð hafði rokið upp úr öllu valdi og olli okkur Íslendingum verulegum búsigfum og erfiðleikum. Á þessum tíma keyptum við alla olíu okkar af Rússum. Til þess lágu gömul viðskiptasambönd og pólitískir atburðir. Í svonefndum þorskastríðum, þegar Ísland vann að útvíkkun efnahagslegrar lögsögu eða landhelginnar, eins og það er gjarnan orðað, þá hentaði Rússum vel að vera bandamenn okkar. Var það reyndar okkar happ, því að þetta fór verulega fyrir brjóstið á vesturveldunum sem ýmis hver lögðu sig fyrir bragðið fram um lausn deilu okkar við grannþjóðir í þeirra hópi og veittu okkur sigur í þessum málum. Bandalag okkar við Rússana var m.a. í því fólgið að þegar t.d. Bretar beittu okkur viðskiptaþvingunum, þá voru Rússar tilbúnir að kaupa fiskinn af okkur, en upp á þau býti að Íslendingar keyptu jafnvirði í öðrum vörum frá þeim. Vöruskiptaviðskipti nefndust samningar af þessu tagi og léku þeir visst hlutverk nokkra áratugi eftir síðari heimstyrjöldina, þótt formið sé óhagkvæmt. Steypustyrktarstál, timbur, bifreiðar og svo olía voru helstu vöruflökkarnir sem við keyptum af Rússum í skiptum fyrir fiskinn. Þess vegna var líka svona mikið af rússneskum bílum í flota landsmanna á skömmtun-

---

arárununum og uppúr því.

Um olíuviðskiptin bundu Rússar sig skiljanlega við heimsmarkaðsverð í skiptum við okkur. Tilraun mín með því að kalla sendiherrann Stretlov fyrir mig var að reyna að fá skilning á að í þessum viðskiptum okkar við Sovétríkin væri ekki sanngjarnt að þegar olíuverð á vesturlöndum færi í skýjahæðir, þá skyldi verðið frá þeim fylgja því á sama tíma og fiskurinn hækkaði ekki neitt. Ég undirbjó mig vel fyrir fundinn með sendiherranum. Jón Sigurðsson í Þjóðhagsstofnun var óþreytandi við að skrifa með mér hvert uppkastið á fætur öðru á því sem ég ætlaði að hafa yfir við sendiherrann til að vinna málstað okkar fylgis. Við sömdu textann á sænsku, enda voru samtöl mín við sendiherrann ávallt á þeirri tungu, eins og áður sagði. Við vorum báðir allgóðir í sænskunni, enda verið samtíma við nám í Stokk-hólmi.

Svo rann stundin upp. Stretslov mætti við annan mann. Það var eiginlega eftir bókinni. Á svona fundum vill sendiherra hafa vitni sem jafnframt ritar venjulegast skýrslu um fundinn. Sem þeir voru sestir, segir Stretslov: „Getum við ekki haft fundinn á ensku?“ Nú voru góð ráð dýr, úr því að hinn vandaði texti minn var á sænsku, svo að ég hafnaði þessu einfaldlega og sagði eitthvað á þá lund að það væri nú skrýtið, því að við hefðum alltaf talað saman á sænsku og þar við sat. Vandinn var auðvitað sá, að fylgdarmaður sendiherrans kunni ekki sænsku og gat því ekki fylgst með samtalínu. Segja má að ég hafi þarna nýtt mér stöðu mína heldur ótæpilega. Enginn varð nú ávinningurinn, olían frá Rússum varð áfram á heimsmarkaðverði. Okkur Stretslov kom vel saman eftir sem áður og hann átti eftir að búa til boðsferð fyrir okkur hjónin til Sovétríkjana.

Segir svo ekki af Stretslov þangað til dag einn snemma á sendiherraferli mínum í Genf. Var ég þar mættur í kokkteil-

boð hjá kollega mínum sendiherra Sovétríkjanna til Sameinuðu þjóðanna. Skyndilega rekst ég á Stretslov. „Hvað ert þú að gera hér?“ spurði hann og var greinilega ekkert uppnuminn yfir því að hitta mig þarna. Ég sagði honum sem var, að ég væri nú sendiherra Íslands hér í Genf. Í ljós koma að Stretslov var í forsvari fyrir sendinefnd Sovétríkjanna um afvopnunarmál í Genf, en Rússar voru með nokkra, eigum við að segja undirsendiherra, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í Genf. Stretslov stakk ekki upp á að við hittust og var eiginlega frekar þurr á manninn. Reyndin varð sú að ég sá ekkert meira af honum

Stundum velti ég því fyrir mér, hvort eitthvað af því sem ég hafði rakið í sófahorninu hefði orðið skýrsluefni og Stretslov ekki langað að rifja það upp.

## Svo er það þróin

Þetta var á Bolungarvík. Ég var þar í heimsókn sem sjávarútvegsráðherra. Það voru einhver fundahöld. Frystihúsið var skoðað og rabbað við starfsfólk. Guðfinnur var í forsvari fyrir þeim bræðrum, sona Einars Guðfinnssonar, sem réðu þarna ríkjum eftir fráfall föður þeirra. Samtölin við starfsfólkið höfðu eitthvað dregist á langinn. Pólitikusar verða að sinna hugsanlegum atkvæðum hvenær sem er og hvar sem er. Þessutan fannst mér alltaf gaman að kynnast fólki og spjalla við það. Oft komu upp ný sjónarhorn eða viðhorf sem vöktu mig til umhugsunar. Guðfinnur var orðinn órólegur. Tíminn væri að renna út. Ráðherrar eru alltaf tímabundnir. „Svo er það þróin“ sagði Guðfinnur. „Við þurfum að líta á hana.“ Ég játti því. Mig langaði líka til þess að hafa tíma til þess að líta á þróna. „Hvaða þró?“ sagði konan sem ég hafði verið að spjalla við. Við svörudum engu, bönduðum frá okkur hendi, og héldum áfram að næsta borði út eftir færibandinu. Við vissum báðir hvað var um að ræða. Guðfinnur hafði sagt mér að hann vildi að við litum á þróna og ég vissi mæta vel hvaða þró hann var að tala um. Þótt mig langaði til þess að sjá hana vissi ég ekki hvernig sjón það yrði. Guðfinnur hélt áfram að reka á eftir mér. Nú var punkturinn kominn. Ég klappaði fyrst saman lófunum en

lyfti svo báðum höndum og notaði raddskyrk minn allan og kvað að svo að glumdi í salnum: „Þakka ykkur öllum fyrir. Þetta var gaman. Nú veit ég miklu meira um ykkur og Bolungarvík.“ Viðbrögðin voru vitaskuld að íslenskum hætti, frekar hljóðlát. Alveg eins og ég hafði búist við. Ekkert búað og því síður húrrahróp eða neitt í þá átt. Athöfninni í frystihúsinu var lokið og Guðfinnur bjó mig undir að skoða þróna.

Ég var búinn að fá það á tilfinninguna að það yrði ekkert leiðinlegt að skoða þróna. Það var svona hugboð miðað við hvernig Guðfinnur hafði lagt það upp sem hluta af prógramminu. Ekki vissi ég það samt fyrir víst. Þróin tengdist mér. Guðfinnur og hans fólk var ekki í mínum flokki. En samt.

Þróin var ekki ný. Hún átti sér langa sögu. Núna var árið 1979. Þróin kom mér við 1963 og síðan ekki. Ég átti skemmtilegar minningar frá þessum tíma og í þróunarsögu í sambandi við þróna. Ég var nýútskrifaður byggingaverkfræðingur vorið 1963 og réðst þá til starfa á Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar og Guðmundar B. Guðmundssonar á Suðurlandsbraut 1 í Reykjavík. Þess má geta að Guðmundur varð síðar mjög farsæll hafnarstjóri í Reykjavík en arfleifð þessarar verkfræðistofu má enn finna á ráðgjafarstofunni VSÓ, þar sem Stefáns má enn sjá merki í stöfunum S og Ó.

Fyrsta verkefnið sem ég fékk á verkfræðistofunni var síldarþrær fyrir fyrirtæki Einars Guðfinnssonar á Bolungarvík. Tilgreint var hvernig þær ættu að vera í laginu og meðal þess var það sem skipti miklu, nefnilega að þær áttu að vera harla djúpar. Ekki man ég málið, en læt mér til hugar koma að það hafi verið um eða yfir fjórir metrar. Settist ég nú yfir þetta viðfangsefni. Setti ég mér þá fyrst að síldin, nýkomin úr sjónum, væri ekki ósvipuð vatni og yrðu útreikningar að miðast við það í höfuðdráttum, en gera mætti þó ráð



---

fyrir lítilsháttar fráviki til minnkunar þrýstings. Útreikninga gerði ég bæði eftir viðteknum eldri reikniaðferðum og því sem ég hafði nýjast lært og var kennt við brotkenningu. Hvorttveggja gaf svipaðar niðurstöður. Setti ég útkomuna fram með skýrum hætti. Þá kom upp harmakvein. Aldrei hafði það áður sést að nokkur verkfræðingur hefði lagt til neitt í námunda við svona mikla járnbandingu að því er varðaði þróargerð fyrir síld eða þessháttar á Íslandi. Hófst nú atлага að hinum nýútskrifaða verkfræðingi, sem lagði til þessi ósköp af járnbandingu. Það var líkast til nokkuð sérkennilegt að hvorugur yfirmanna minna og eigenda verkfræðistofunnar skyldu taka afstöðu í málinu. Þeir hröktu sem sagt ekki mína útreikninga en þeir samþykktu þá ekki heldur. Úrlausn þeirra var að senda nýliðann vestur í Bolungarvík til þess að tala fyrir máli sínu.

Þetta reyndist hin dásamlegasta ferð. Það var Einar Guðfinnsson, sá gamli skarfur, sem byggt hafði upp þetta þorp og komið því á kortið, sem reyndist minn leiðsögumaður og félagi í ferðinni. Karlinn var óborganlegur. Hann ók um á lítilli Benz bifreið og hafði mig í framsætinu hjá sér. Hann sagði mér alla sína sögu. Hvar og hvernig hann hefði byrjað feril sinn og sýndi mér kofaskiflin sem höfðu verið hans fyrsta viðspyrna. Svo fékk ég að sjá veldið sem hann hafði byggt, eiginlega í SÍS stíl fannst mér því að fyrirtæki hans áttu að geta séð fyrir öllu fyrir bæjarfélagið. Einar var ótrúlega sterkur og skemmtilegur karakter. Það var óhugsandi að hrífast ekki með honum, þótt manni þætti líklegt að þetta gæti varla gengið upp nema þá um skamma hríð. Allavega naut ég þess mjög 23 ára gamall að kynnast Einari, veldi hans og Bolungarvík sjálfri. Eftir allar útlistanir Einars á sínu verksviði og því sem hann hafði af eigin hyggjuviti byggt upp á Bolungarvík og þannig lyft plássinu úr örbirgð og niðurlægingu, var síðan röðin komin að mér að gera grein fyrir

útreikningum mínum. Það gekk vonum framar. Einar var skýr á því hvernig þrýsingur í vatni jókst með dýpt. Hann reyndist líka sammála mér um að síldarfarmur væri ekki mjög fjarri því að haga sér eins og vatn. Svo sýndi ég honum grafískt hvernig steypdir veggir mundu sveigjast undir þrýstingi. Hann gaf enga niðurstöðu, hvorki samþykkti né synjaði. Líklega vildi hann sofa á þessu. Mér var svo búin gisting hjá Guðfinni og fjölskyldu og daginn eftir var ég kominn í flug til baka til Reykjavíkur.

Eftir ferðina var aldrei minnst á að of mikið væri af járn-um í þrónum, sem mér hafði verið gert að reikna út járnabend-inguna í. Suðurkominn gekk ég endanlega frá teikningunum og eftir þeim var farið við framkvæmdina.

Núna 15 árum síðar var Guðfinnur að leggja áherslu á að tími gæfist til þess að skoða þessar þrær, sem deila hafði fyrrum staðið um, vegna þess að það stefndi í dýrari járnabendingu en eigendur töldu viðunandi.

Það var komið að því. Guðfinnur og félagar fóru með mig til þess að skoða þróna. „Sjáðu“ sagði hann. „Ekki ein sprunga, allt er eins og í upphafi.“ Svo bætti hann við: „Á sama tíma erum við búin að horfa upp á þróarveggi bresta um allt land og síld eða loðnu flóa út um tún.“ Ég vissi ekki hvað ég átti að segja. Það eina sem settist að í huga mínum var hversu mikils virði mér þótti að Einar gamli hefði samþykkt að nálgun mín væri rétt.

## Kissinger og kona í baðkeri

„Ætli það sé hérna sem maður skráir sig inn á fyrirlestur Kissingers?“ spurði ég konuna sem var í humátt á eftir mér, þar sem ég nálgadist afgreiðsluborð í forsal Hilton hótelsins í Chicago. Hún játti því og ég gekk frá skráningunni hjá svipfríðri stúlku sem angaði af sterku ilmvatni, líklega af lavender ætt.

Mér fannst anddyrið í þessu stóra hóteli tilkomumikið. Hér hafði ég ekki komið fyrr, þrátt fyrir nokkurra vetra búsetu í Chicago fyrir allmörgum árum. Fátækt námsáranna réð því að ekki var tilefni til heimsókna á stórhótel. Þarna var ég svo staddur á fyrstu árum níunda áratugar. Ég hafði fengið rannsóknarleyfi frá Háskólanum og var að kynna mér nýtt efni í sérgrein þeirri sem ég kenndi við skólann, aðgerðarannsókn. Ég hafði valið að fara á fornar slóðir og dveljast um hríð hjá hákólastofnuninni sem ég hafði menntað mig við í greininni.

Einn góðan veðurdag, þegar ég leit við hjá deildarforsetanum, einum af mínum fyrrum lærimeisturum, Dr. Zia Hassan, dró hann boðsbréf upp úr skúffu sinni og spurði mig hvort ég hefði ekki áhuga á að hlusta á fyrirlestur Dr. Kissinger, sem halda ætti næsta kvöld, hann ætti boðsbréf á fyrirlesturinn en kæmist ekki. Þetta þáði ég gjarnan og

þóttist hafa góða tilbreytingu höndum tekið. Þessvegna var ég nú mættur í anddyri Hilton hótelsins.

Handan við skráninguna tók við móttaka þar sem boðið var upp á kampavínsglas, sem ég þáði. Margir voru mættir og sífellt bættist í hópinn, en ég hafði mætt frekar snemma til öryggis, enda heldur ekki alltof viss um samgöngurnar í borginni. Þar sem ég stóð þarna og dreypti á veigunum nálg-aðist konan úr anddyrinu mig. Hún kynnti sig og sagðist heita Judy Jetter.

„Hvaðan ert þú?“ spurði frúin.

„Ég er frá Íslandi.“

„Það hlýtur að vera kalt þar.“

„Það er kaldara í Chicago á veturna en á Íslandi.“

„Hvers vegna ertu hér að fara að hlusta á Kissinger?“

„Mér var boðið. Það var prófessor við Illinois Institute of Technology sem átti boðsmiða. Hann hélt að ég hefði gaman að því, og kannske gott af því líka, að fara á þennan fyrirlestur.“

„Og hvers vegna ertu hér í Chicago?“

Ég útskýrði að ég væri hér til þess að kynna mér hvernig kennslu væri háttað í grein sem ég kenndi við Háskóla Íslands. Maður þyrfti að fylgjast með framþróuninni til þess að geta sinnt fyrirlestrahaldi með besta hætti. Háskólinn veitti leyfi til svona verkefna og ég hefði fengið fjögurra vikna leyfi í þessum tilgangi.

„Og hefur þú svo áhuga á pólitík?“

Ég játti því. Ég væri þingmaður á Íslandi og sæti í utan-rikismálanefnd þingsins, væri varaformaður hennar, svo að það hefði verið rétt hjá prófessornum að fyrirlestur Kissinger væri á áhugasviði mínu.

Frú Jetter færði svo talið að nýlegum pólitískum atburð-um og virtist vel að sér, betur en svona venjulegur Ameríkani, ef leyfist að orða það svo. Þetta var lagleg kona,

---

frekar ljósleit, smekklega klædd og bar sig vel. Ég giskaði á að hún væri aðeins yngri en ég, kannske fjórum til fimm árum.

„Og hvar fékkstu sæti á fyrirlestrinum?“ spurði frú Jitter. Ég sýndi henni kortið með sætistilvísun, sem ég hafði fengið við innganginn.

„Viltu hafa mig afsakaða“ sagði frúin og virtist hafa misst áhugann á mér. Hún ætlaði greinilega að spjalla við fleiri í salnum.

Var ég nú einn með glasi mínu og fór að sigta út hugsanlegan viðmælanda. Þá birtist frú Jitter á ný.

„Þú varst settur í hliðarsal“, sagði hún. „Það er náttúrulega ekki við hæfi. Ég talaði við stjórnendur félagsins sem er með þennan fyrirlestur. Þeir vilja fá þér sæti sem sæmir sem varaformanni utanríkismálanefndar íslenska þingsins. Ég er með miða á annan bekk í aðalsalnum, rétt við ræðupúltið.“

„Þakka þér fyrir frú Jitter. Þetta var skemmtilegt framtak. Ég kann vel að meta það. Bestu þakkir.“

„Kallaðu mig Judy, viltu vera svo vænn.“

„Auðvitað, og ég er Kjartan. Kannske erfitt í framburði, en ...“

Svo vísaði Judy mér veginn á annan bekk í aðalsalnum, rétt undir nefinu á Dr. Kissinger, og settist svo við hliðina á mér. Hún hafði semsé tryggt ekki bara varaformanni utanríkismálanefndar Alþingis heldur líka sér sæti á besta stað. Gott hjá henni, hugsaði ég. Hún er smart og kann að bjarga sér.

Þetta reyndist góður og fróðlegur fyrirlestur eins og vænta mátti. Við Judy vorum sammála um að gaman hefði verið að hluta á karlinn, hann væri býsna klókur og kenningar hans athyglisverðar.

Þegar við nálguðumst útgöngudyr fyrirlestrasalarins sneri sér Judy að mér og sagði:

„Vinir mínir eru með hljómsveit sem spilar á barnum hérna á hótelinu. Má ég ekki kynna þig fyrir þeim? Ertu ekki til í að koma með mér þangað og fá þér eitt glas með mér í þeirra félagsskap? Þeir eru góðir, það er gaman að hlusta á þá.“

„Ja, jú, auðvitað ... þa... þakka þér fyrir boðið.“

„Fínt“, sagði Judy og tók undir handlegginn á mér og leiddi mig á barinn. Aldeilis tilbreyting frá því að liggja öll kvöld í fræðaskræðum, hugsaði ég. Skyldi prófessor Hassan hafa átt von á svona móttökum fyrir mig.

„Hvað má bjóða þér?“ sagði Judy.

„Æ, ég held ég sleppi drykk.“

„Hvaða vitleysa. Hér eru fínir kokkteilar, t.d. besti Manhattan í borginni.“

„O.K.“

Þetta reyndust hressir karlar og spilverkið ljúft. Samtölin við þá voru reyndar svona heldur á yfirborðslegu nótunum eins og vænta mátti, enda næsta lag gjarnan fljótt í uppsiglingu. Judy bætti svo við öðrum drykk. Þetta var notalegt, stemningin góð, músíkin ljúf. Umræðuefnin við hljómsveitarkarlana þraut þó fljótt og klukkan tifaði. Ég ætlaði að hitta prófessora að morgni. Líklega væri rétt að fara að koma sér heimleiðis. Ég þakkaði tónlistarmönnunum spjallið og frábæran tónlistarflutning.

„Ég ætla að fara að koma mér heim. Bestu þakkir til ykkar allra. Þetta hefur verið dásamlegt kvöld. Þakka þér Judy fyrir þetta allt saman.“ Ég var risinn á fætur, leit yfir hópinn og undirbjó mig undir að taka í hendina á Judy eða klappa henni á vangann að skilnaði.

„Hvar býrðu?“ spurði Judy, og kveðjuathöfnin rann út í sandinn.

„Ég hef smáíbúð á campus, það er 34 götur South Michigan“

---

„Það er einmitt í leiðinni fyrir mig. Ég skal keyra þig heim, ég er líka orðin tilbúin að fara. Bless strákar. O.K?“

Judy stóð á fætur, smeygði handleggnum undir arm mér og leiddi mig út úr hótelinu. Bíllinn hennar var á völdu bílastæði skammt undan. Það var Lincoln Continental af nýjustu sort, glæsivagn af dýrustu gerð. Judy opnaði fram-sætisdyr farþega fyrir mig og settist svo undir stýri. Hún rataði greinilega vel í Chicago og vagninn leið mjúklega með okkur suður eftir borginni.

Hún sagði mér að hún væri ekkja. Eiginmaður hennar hefði látist fyrir tveimur árum.

„Ég samhryggist þér.“

„Það er nú orðið nokkuð síðan. Ég er komin yfir það.“

„Fráfall maka er nú samt alltaf áfall.“

„Ég kemst vel af. Ég erfði gott fyrirtæki eftir hann.“

„Já, já. Það var gott.“

„Áttu börn, Kjartan?“

„Ég á eina stelpu. Hún er níttján ára.“

„Skemmtileg tilviljun. Ég á einn strák. Hann er á sama reki.“

„Já, já, en sniðugt.“

„Við eigum greinilega margt sameiginlegt“ sagði Judy. „Það er eitthvað sérstakt við að við skyldum hitta svona á hvort annað.“

Við vorum að nálgast háskólasvæðið. Ég var ekki viss um að ég vildi að Judy æki mér inn á óupplýst bílastæðið vestan við blokkina.

„Inngangurinn er reyndar hinum megin frá inn í bygginguna, en þú getur stoppað hér, ég hleyp bara fyrir hornið“ sagði ég.

„Bíddu aðeins.“ Judy stöðvaði bifreiðina. Ég vissi ekki á hverju ég ætti von.

„Ég þarf að gefa þér svolítið.“ Hvað nú? hugsaði ég.

Judi snaraðist út úr bílnum og fór að gramsa í farangurgeymslunni á glæsivagninum. Hún kom til baka með bók í höndunum, settist inn í bílinn, tók upp penna, opnaði bókina fremst og tók að skrifa í hana.

„Gerðu svo vel.“ sagði hún og rétti mér bókina. Ég leit á bókina og las fyrstu orðin í titlinum: BATHTUB EXERCISES... Ég opnaði bókina af handahófi. Þar birtist Judy í sundskýlu í baðkeri. Hún tók sig vel út. Vöxturinn var í góðu lagi. Það var áritun fremst í bókinn og þar lá nafnspjald Judyar með heimilisfangi og símanúmerum. Það kom hik á mig.

„Takk. A... ah... falleg bók. Þakka þér fyrir. Takk fyrir kvöldið. Vertu bless.“ Auðvitað hefði ég átt að sýna meira þakklæti og kyssa Judy á vangann, en einhvern veginn lagði ég ekki í það, heldur veifaði hendinni og stökk af stað fyrir hornið eins og ég hafði áður gefið til kynna.

Bókina sem Judy gaf mér fann ég hér um daginn í fórum mínum, en nafnspjaldið var horfið. Á titilsíðu stendur:

„Sept, 1982. To Kjartan. With high regards. Judy Jetter“  
Bókin ber heitið Bath tub Excercices for Athritis and Back Pain. Höfundar Judy Jetter og Nancy Kadlec. Líklega hefði ég átt að gefa bókinni og Judy meiri gaum, ég sem hef átt við bakverki að stríða annað veifið síðustu tuttugu ár.



## Fer allt í vaskinn

Við Helgi höfðum þekkt frá því að við vorum krakkar, en nú bar fundum okkar saman í Osló, höfuðborg Noregs. Á þessum samfundi átti Helgi eftir að láta orð falla, sem reyndust mjög rétt og ekki hafa liðið mér úr minni. Hann hafði sest að í Osló og búið þar í mörg ár þegar við hittumst í þetta sinn. Ég var á ferðinni, næstum því í flugulíki eins og oftast. Það var svo mikið að gera og mörgu að sinna hjá hinum friðlausa pólitíkusi og varla tími til að staldra nokkurn tímann við. Erindið í Osló var að sitja fundi með öðrum framámönnum norrænna jafnaðarmanna. Þó að samkvæmt formúlunni mætti maður varla vera að neinu, reyndi ég þó oft að nota tækifærið til þess að ná á gamla vini og kunningja í svona ferðum. Það var samkvæmt þeirri formúlu sem ég hafði haft upp á og búið mér til stefnumót við Helga á þokkalegum veitingastað í miðborginni.

Helgi Maríasson var bekkjarbróðir minn í barnaskóla. Þuríður Pálsdóttir, verkakona hafði tekið Helga að sér ungan og munaðarlausan eftir að hann hafði misst foreldra sína. Þuríður varð ekkja með ung börn þegar hún var 35 ára. Þessum börnum sínum var hún fyrir löngu búin að koma til manns þegar Helgi kom til hennar. Einn sonur hennar var kennari við barnaskólann, sem við gengum í þegar hér var

komið sögu. Þuríður hefur verið komin hátt á sjötugsaldur, þegar hún tók Helga að sér og var orðin hálfátræð, þegar við Helgi áttum mest samskipti 12 ára gamlir. Þau bjuggu í pínulítilli risíbúð að Austurgötu 38 í Hafnarfirðinum. Hún var ekki manngeng nema rétt undir hárisinu. Það var ekki komið inní forstofu sem var flísalögð eins og allar fasteignalýsingar hafa nú að inngangsorðum. Úr lítilli kompu sem veitti hins vegar aðgang að íbúðinni á jarðhæð mátti komast upp snarbrattan klifurstiga um hlera í loftinu upp í eldhúsið í íbúð Þuríðar og Helga. Þuríður sá fyrir þeim með nokkrum skúringum en annars við þrjónaskap við vélina undir vesturglugganum. Vinnustaður okkar Helga á þessum árum, 12 ára gömlum var í kytrunni hans, ómannhengri undir súð inn af eldhúsinu. Lofthæðin skipti ekki máli því að við lágum á maganum og sinntum verkefnum okkar með gólfið sem skrifborð. Viðfangefnið var blaðaútgáfa. Við gáfum út blaðið Glampa. Við vorum ekki einir að verki, fleiri bekkjarbræður og –systur lögðu hönd að verki, en einhvern veginn var það þannig að við Helgi vorum ötulastir eða kannske frekastir. Guðjón Guðjónsson, skólastjórinn okkar, hafði talið að í okkur kjark til verksins og hann fjölritaði efnið sem frá okkur kom, sló það inn á stensil og sneri sveifinni á fjölritunarvélinni. Hið sérstæða var hins vegar að kápan á ritinu var prentuð í Prentsmiðju Hafnarfjarðar og hún var lögð undir auglýsingar sem við höfðum safnað í bænum, bekkjarfélaganir. Þannig kynntumst við prentverki og prenturum og fengum líka vott af bisnessviti við auglýsingasöfnun. Í þessu verkefni var Helgi óþreytandi og skemmtilegur félagi. Hann var líka vel ritfær og mjög drátthagur. Það voru miklir kostir.

En nú voru aðrir tímar. Helgi var virðulegur atvinnurekandi í Osló, með eftirsóttu bókhaldsskrifstofu og ég var pólitíkus á harðahlaupum við að bjarga landinu, að ég hélt.

---

Það hafði verið nokkuð sérkennilegt að þessi bekkjarfélaginn úr barnaskóla og Flensborg var driffjöðurin í að halda bekkjarfélögum saman, eftir að hann fluttist til Oslóar. Hann einfaldlega tilkynnti komu sína æ og aftur í heim-sókn til Íslands og lét þau boð út ganga að þá yrði að vera bekkjarpartí og stelpurnar úr gamla árganginum brugðust ekki í að sinna kallinu.

Það var þess vegna og í þessum anda sem mér fannst tilvalið að eiga nú frumkvæðið og bjóða Helga út að borða. Sem við sátum þar í góðu yfirlæti tók ég að segja Helga frá glæstum vonum mínum og allra annarra Íslendinga að því er mér virtist um uppbyggingu nýs atvinnuvegar á Íslandi sem mundi flytja mikla velsæld. Við ættum allt í það, hrein-an sjó, tært ómengað vatn, jarðvarmann til að veita hlýju og skapa úrvalsskilyrði. Hið nýja tækifæri var fiskeldið. Það mundi lyfta atvinnustigi, hagvexti og hagsæld í nýjar hæðir. Fjöldi manna væri að búa sig í að setja upp rekstur á þessu sviði. Ég var upptendraður af bjartsýni, þegar ég lýsti þessum glimrandi framtíðarhorfum fyrir Helga, vini mínum, á hinum glæsta veitingarstað í miðborg Oslóar.

„Kjartan minn“ sagði Helgi. „Þetta er nákvæmnisvinna. Íslendingar eru göslarar. Þetta fer allt í vaskinn.“



## Mogginn grípur í taumana

Mogginn var löngum býsna áhrifaríkur og naut þess líklega að beita sér í hinni pólitísku atburðarás. Þessu fékk ég að kynnast með margvíslegum hætti á ferli mínum í stjórnmálunum. Minnistæðast er vitaskuld ýmislegt sem kom að óvörum en hafði afdrifaríkar afleiðingar.

Eitt sinn mætti ég á laugardagsmorgni á fund hjá félögum í Alþýðuflokknum í Njarðvík. Ég var varla kominn inn úr dyrunum þar suðurfrá, þegar einn af máttarstólpum félagsins þar í sveit ávarpaði mig með orðunum: „Það er bara svona“.

Ég hváði „Hvað þá?“

„Maður var svo sem farinn að búast við að þetta gæti gerst.“

„Nú, hvað þá?“

„Það sem Mogginn segir frá.“

„Hverju segir hann frá?“

Hilmar dró þá fram Morgunblaðið og benti mér á frétt á útsíðu blaðsins. Fréttin sagði frá því að Kjartan Jóhannsson ætlaði að bjóða sig fram til formanns í Alþýðuflokknum gegn sitjandi formanni. Þetta kom mér í opna skjöldu. Mogginn hafði ekkert talað við mig né ég við hann. Þennan morgun var ég seinn fyrir að búast til Njarðvíkurferðarinnar

og hafði ekki gefið mér tíma til þess að líta í hann. Hann lá á forstofugólfinu innan við bréfalúguna þegar ég hljóp hjá og út í bíl.

Það var skrítin tilfinning að sjá Moggan tilkynna framboð mitt til formanns að mér forspurðum. Mér fannst þetta ekki boðleg vinnubrögð hjá blaðinu. Venjulega fá menn að tilkynna svona ákvörðun sjálfir og þá þegar hún hefur verið tekin og viðkomandi er til þess tilbúinn. Þarna greip blaðið fram fyrir hendurnar á mér. Þetta setti mig í þá stöðu að missa atburðarásina úr höndum mér áður en ég hafði tekið endanlega ákvörðun. Kannske var það líka ætlunin.

Sumarið hafði verið erfitt. Traustið á formanni flokksins hafði beðið skipbrot. Jafnt í höfuðborginni sem úti á landi kom þetta fram með sívaxandi þunga, meira að segja hjá fólki sem hafði staðið mjög nærri Benedikt árum saman í hans gamla kjördæmi. Á þessum tíma taldist ég efnilegur. Spjótin beindust að mér. Það yrði eitthvað að gera. Sífelld bættist við í hóp þess fólks sem tjáði mér að ég yrði að taka af skarið og sækjast eftir formennskunni. Þessi staða fannst mér bæði leiðinleg og erfið. Ég fékk það í vaxandi mæli á tilfinninguna að þessu ágæta fólki myndist ég vera að bregðast því með því að sitja á höndum mér. Að hinu leitinu var mér hlýtt til Benedikts, þótt ég teldi mig ekki hans mann. Flokksþingið nálgadist og ég var farinn að hallast að því að ég kæmist ekki hjá því að sækjast eftir formannsstólnum. Ég ákvað að fá fund með Benedikt til þess að ræða stöðuna og mat mitt á henni. Þetta var daginn fyrir Njarðvíkurfundinn. Fundurinn gekk ekki vel. Benedikt tók mér nánast mjög illa. Og ég varð sjálfsagt enn klaufskari fyrir bragðið. Kvað fyrir rest heldur fastar að orði en ég hafði ætlað mér. Þegar ég kom af fundi Benedikts hitti ég á Sighvat Björgvinsson á bíla-planinu. Hann var greinilega vel á nótunum og yfirheyrði mig um samtalið við Benedikt og hugsanleg framboðsáform.

---

Ég sagði honum undan og ofan af og að liti út fyrir framboð af minni hálfu. Sighvatur stakk upp á að samið yrði um frestun á slíku. Eftir samtalið við Benedikt var ég ekki í skapi til að játast því. Eftir að fréttin í Morgunblaðinu birtist varð það mér vitaskuld umhugsunarefni, hvernig hún hefði ratað þangað, þegar ég hafði ekki látið uppi nein áform sem gætu talist endanleg nema við þessa tvo menn og það daginn eftir samtölin.





## Þú átt ekki að hlusta ...

Þá var flokkurinn að klofna enn einu sinni. Bandalag jafnaðarmanna undir forystu Alþýðuflokksþingmannsins Vilmundar Gylfasonar hlaut að kosta Alþýðuflokkinn nokkra þingmenn, líklega þrjá til fjóra. Klofningur var semsagt ekki nýr af nálinni og hafði reynst flokksnum erfiður. Ég mundi eftir því þegar Hannibal Valdemarsson klauf flokkinn á sínum tíma og myndaði bandalag með Sameiningaflokki alþýðu, Alþýðubandalagið og þeim hatrömmu átökum sem þá urðu milli Alþýðuflokksmanna og Hannibalsmanna. Ég mundi líka eftir því þegar Hannibal og Björn Jónsson gerðust oddvitar framboðs Frjálslyndra og hver eftirleikurinn varð að því. Út frá þessu var ljóst í mínum huga að ég vildi ekki slíkar deilur og markmiðið væri að ná brotum saman fyrr eða síðar eftir kosningar. Ég bað flokksmenn um að ráðast ekki á Bandalag jafnaðarmanna eða þeirra frambjóðendur. Þetta hélt nokkuð vel að því er ég tel. Eftir kosningar náðum við Vilmundur ágætlega saman. Mitt markmið var að við lentum sömu megin borðs, í stjórn eða stjórnarandstöðu. Í þá veru fórum við saman á fund með forystumönnum Sjálfstæðisflokksins til þess að þreifa fyrir okkur um mögulega stjórnarmyndum með þeim. Við fengum daufar undirtektir sem varð ekki túlkað öðruvísi en neitun. Vilmundur ók okk-

ur af þessum fundi. Hann hleypti mér út í Vonarstrætinu. Þegar við kvöddumst sagði hann „hvað gerum við nú?“ „Ég veit það ekki“ svaraði ég. Ekki man ég betur en þetta hafi verið síðasta samtál okkar.

Forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir fór í spor fyrirrennara síns með hringekju umboðs til stjórnarmyndana. Tíðindi þóttu þegar umboði var úthlutað. Samt varð þetta eins og mekanisk endurtekning á fyrri hringekjum. Fyrst fékk formaður Sjálfstæðisflokksins umboð til stjórnarmyndunar. Sá flokkur var stærstur. Hann náði ekki árangri og skilaði umboðinu til forseta eins og það var kallað. Þá kom röðin að formanni næststærsta flokksins, Framsóknarflokksins, og allt fór á sömu leið alveg eins og í fyrri hringekjum. Þá kom að þeim þriðja stærsta, Alþýðubandalaginu og enn fór sem fyrr. Þá ákvað forsetinn að prófa eitthvað nýtt! Forsetinn ákvað að nú skyldu formenn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks tala saman um hugsanlega stjórnarmyndun. Mér leist ekki vel á þetta og fannst fljótlega að ég og flokkur minn væru eins konar aukahjól í þessum samræðum og myndum líklega verða í þröngri stöðu í svona þríeyki. Efnisinnihald var rýrt. Það var engin verkstjórn. Ég gaf skýrslur til þingflokksins. Það var lítið að segja frá, en málin voru rædd þar fram og til baka. Svo gerðist það einn daginn að Jón Baldvin bar þau boð inn á fundinn að það væri vilji til þess í Sjálfstæðisflokknum að forsæti í ríkisstjórninni færi til Alþýðuflokksins. Ég spurði nánar út í þetta. Hann sagðist hafa fengið þessi skilaboð frá ritstjórum Morgunblaðsins og rétt væri að hafa samband við Geir Hallgrímsson til ganga eftir þessu og þá sem fyrst. Þingflokkurinn samþykkti að fela mér það. Skundaði ég á fund Geirs. Þegar ég bar upp erindið sagði Geir. „Þú átt ekki að hlusta á þá Morgunblaðsmenn.“ Samtalið varð ekki lengra. Í Morgunblaðinu daginn eftir mátti lesa í stórrí fyr-

---

irsögn að Kjartan hefði gert kröfu til forsætisráðuneytisins, sem var vitaskuld hafnað. Ég varð mjög hugsí yfir þessari atburðarás. Ég var þreyttur, leiður, útkeyrður, nánast úrvinda. Ég stakk af úr bænum, fór að ganga á fjöll.



## Who are they?

Stundum þarf ekki mörg orð til þess að afgreiða mál, grafa þau, ef svo vill verkast eða ná samstöðu um niðurstöðu.

Sendiherrafundir EFTA, sem voru hinir eiginlegu stjórnarfundir, voru vettvangurinn til þess að ráða málum til lykta innan samtakanna. Það var hins vegar kannske til marks um hæverskuna hjá EFTA að fundirnir gengu almennt undir nafninu „Hausar“ eða „Heads“ og undir þeirri fyrirsögn var til þeirra boðað og fundargerðir voru skrifaðar fyrir „Heads Meetings“. Þetta með hausana var tilvísun í að EFTA væri stjórnað af óháðum sendinefndum frá aðildarríkjunum og þegar þær hittust undir forystu oddvita sinna, sem væru sem sagt „hausinn“ á sendinefndinni, þá væri þetta „hausamót“ því að talsmennirnir væru „Heads of Delegations“. Hvað sem nafngiftum líður voru þetta í venjulegum tilvikum fundir sendiherra aðildarríkjanna sem voru stjórn EFTA í umboði aðildarríkjanna og þar voru teknar pólitískar ákvarðanir fyrir hönd samtakanna, ráðið fram úr pólitískum viðfangsefnum í margvíslegum málum, þráttáð um yfirlýsingar þar til niðurstöðu var náð og svo líka afgreidd fjárhagsáætlun fyrir samtökin og framlag aðildarlandanna ákveðið.

Ég kunni alltaf vel við mig á þessum fundum, alveg frá

Því fyrsta. Svo einkennilega vildi reyndar til að jafnskjótt og ég var kominn til Genfar til þess að fara með sendiherraembætti þar í borg til „Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana“ eins og hinn formlegi titill hljómaði, þá var ég jafnframt í formannsstóli á þessum sendiherrafundum EFTA. Eiginlega naut ég starfsins enn frekar fyrir þessa tilviljun. Ég þurfti meira á mig að leggja og á mér hvíldi sem formanni að finna samningsgrundvöll og ná niðurstöðu, þegar ágreiningur var. Hann var reyndar býsna oft og um hin aðskiljanlegustu mál. Seinna fékk ég svo að kynnast því sem framkvæmdastjóri EFTA að vera embættismaðurinn sem framfylgdi ákvöðunum sendiherrafundanna, en hafði jafnframt möguleika til þess að hafa áhrif á gang mála með framlagi sínu á fundunum. Það er önnur saga en þessari skyld.

Umræður voru oft mjög líflegar á sendaherrafundunum, en mjög málefnalegar. Oft var tekist á um mikla efnahagslega hagsmuni eða pólitískt mikilvæg málefni. Mér fannst gjarnan að nú væri ég farinn að fást við alvöru pólitík. Munurinn frá argaþrasinu heima var svo afgerandi. Þetta var á öðru plani.

Forveri minn sem framkvæmdastjóri EFTA og sá sem var á þeim stóli á sendiherratíð minni var frá Austurríki og hann eins og Austurríkismenn og þar með austurríska ríkisstjórnin voru mjög hliðholl Júgóslavíu. Stuðningsaðgerðir við Júgóslavíu voru sífellt umræðuefni fyrir austurrískt tilstilli innan EFTA. Þannig hafði Júgóslavía komist í sérstakt vináttusamband við EFTA og naut nokkurs stuðnings af hálfu samtakanna. Það var hins vegar alltaf verið að sækja á um meira.

Þegar hér var komið sögu var Júgóslavía að gliðna í sundur, einstök lönd hennar að sækjast eftir sjálfstæði og komið hafði til nokkurra vopnaviðskipta milli sambandsríkjanna

---

sem sóttust eftir sjálfstæði og sambandshersins. Þá var það að forveri minn á stóli framkvæmdastjóra EFTA, sem var nýkominn úr heimsókn til Júgóslavíu, hélt þrumandi ræðu á sendiherrafundi um að EFTA yrði að hjálpa þeim . . . „We have to help them.“

Þá bar sendiherra Íslands fram litla einfalda spurningu: „Who are They?“ Svárið kom fljótt og vel: „Sambandsstjórnin“. Sendiherra Íslands svaraði að bragði: „I dont think we want to help THEM.“ Þar með var málið dauft og aðrir fulltrúar aðildarlanda EFTA rifjuðu þetta tilsvor stundum upp sem dæmi um hvernig væri hægt að drepa mál með einni setningu. Málið bar aldrei frammar á góma.





## Framkvæmdastjóri EFTA

Það var gaman að taka við stöðu aðalritara EFTA, eða framkvæmdastjóra, eins og tíðkast að kalla það hérlandis. Secretary General er titillinn og starfsfólk ávarpaði mann eða talaði til manns og um mann með skammstöfuninni SG.

Ánægjan af að taka við stöðunni var margþætt og átti sér ýmsar skýringar. Eitt var að ég hafði lagt fléttur til þess að ná stöðunni og fléttustand var ekki það sem ég hafði áður stundað, svo mig reki minni til. Hitt var að aðdragandinn má teljast langur, sé allt talið. Vikið verður að því hér seinna.

Tökum hins vegar þar fyrst til, að ég er valinn til sendiherrastarfs í Genf. Sjálfsgefið var að forysta Alþýðuflokksins á þeim tíma sem hér er til umræðu vildi losna við mig úr þáverandi hlutverki mínu. Hitt var ekki eins sjálfsgefið hvað skyldi við mig gera. Ég var mátaður við bankastjórastöðu í einum ríkisbankanna, sem ekki gekk upp. Svo var einkum haldið að mér sendiherrastöðu í New York, sem ég sýndi ekki áhuga, en benti á stöðu sendiherra í Genf sem áhuga-verðri. Það varð ofan á, þótt það kostaði nokkrar þrautir í utanríkisþjónustunni, því að þar var tiltölulega nýsestur mjög hæfur sendiherra.

Nokkrar ástæður lágu til þess að ég sóttist eftir Genf. Sú var fyrst að ég taldi mig hafa nokkra þekkingu á vissum hlut-

um af því sem þar var til umfjöllunar og reyndar á þróuninni í Evrópu á þeim tíma. Önnur var sú að mér leist miklu betur á að búa í Genf heldur en á Manhattan í New York í háhýsi. Mér leist vel bæði á umhverfi og íbúðina í raðhúsi í Genf. Þess má að vísu geta að vinur minn Hallgrímur Snorrason bar það upp á mig skömmu eftir að ég kom þangað sem sendiherra að ég stefndi að framkvæmdastjórástöðunni í EFTA, en því neitaði ég kröftuglega og taldi EFTA ekki eiga sér framtíð.

Okkur var vel tekið sem sendiherrahjónum í Genf. Starfsfólk sendiráðsins greiddi götu okkar á allan veg. Þar fór fyrstur í flokki Kristinn Árnason, sem var í stöðunni næstráðandi eða deputy eins og tíðkast að kalla hana á dimplómata-vettvangi. Fyrst verka það ég hann um að kenna mér að vera sendiherra. Hann varð ekki einn um það, annað starfsfólk hjálpaði til. Þarna var Kristín Eva Gunnarsson og við hennar hlið Birna Rabatt áður starfsmaður í viðskiptaráðuneyti, sem ég hafði kynnst þar og hún hjálpað til við doktorsritgerð mína með vélritun. Þar var einnig Bjarnveig Eiríksdóttir.

Sem sendiherra lenti ég strax í ærnum verkefnum. Ég var varla sestur í stólinn þegar Berlínarmúrinn hrundi og framtíð Evrópu breyttist í einu vetvangi. Þetta lenti í fangi mér í meiri mæli en ætla mætti við fyrstu sýn. Það vildi nefnilega svo til að ég tók ekki bara við sendiherrastarfi gagnvart EFTA heldur einnig formennsku í EFTA-ráði sendiherranna. Hinu verður svo að halda til haga að sendiherrastarfið í Genf er til Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana, þótt EFTA yrði þar rúmfrekast á þessum tíma. Fyrst verka var því að afhenda trúnaðarbréf til yfirmanns Sameinuðu þjóðanna í Genf, Martinsson, sem er Svíi. Síðan tóku við heimsóknir eða á ég að kalla það uppáheilsanir til forstöðumanna margvíslegra alþjóðlegra stofnana í Genf og þær eru fjölmargar. Norðurlandþjóðirnar voru þar allvíða í forystuhlutverki og

---

fannst mér ég vera þá nokkuð á heimaslóð. Þeim kynntist ég líka meira og betur en sumum öðrum forystumönnum. Enn og aftur sá maður, hvað frændþjóðirnar áttu margt saman og studdu hver aðra.

Fljótlega komst ég að því að brýnustu verkefni sendiráðs Íslands, eða fastanefndar eins og það heitir gagnvart alþjóðastofnunum væri fyrir utan almenna yfirsjón, einkum þrjú: EFTA, GATT og Human Rights eða mannréttinda málin, en Mannréttindaskrifstofa og Mannréttindanefnd S.Þ. er í Genf.

Mér fannst mannréttindamálum og -nefnd ekki hafa verið nógu vel sinnt. Varðandi GATT sýndist mér þekking okkar á því sem þar væri að gerast harla lítil. Skýrslugjöf starfsfólks sannfærði mig um að hér væri þörf á átaki til þess að komast til skilnings á því hvað þar væri um að vera og hvernig haldið væri á hagsmunum.

Utánríkisráðuneytið sýndi greiningu minni á stöðunni skilning. Ég sóttist eftir tvennu: að fá viðbót við sendiskrifstofuna, eða kannske öllu fremur að fá fulltrúa úr utánríkisþjónustunni til þess að fara sérstaklega ofan í GATT mál-efnin. Síðan bað ég um tímabundinn starfskraft til þess að sinna Mannréttindanefndinni. Margrét Viðar, lögfræðingur var ráðin í hið síðara, en Stefán Haukur Jóhannesson, síðar sendiherra og ráðuneytisstjóri kom til verkanna varðandi GATT.

Áður en kom að þessu þurftum við fyrst alla mála að koma okkur fyrir í bústað sendiherrans. Fyrir höfðum við fengið að fara ferð til þess að líta á húsakynninn. Því miður var eiginkonan ekki eins hrifin og ég af húsnæðinu. Við komum okkur saman um að við vildum láta gera ýmsar endurbætur, sem ráðuneyti samþykkti að reyna mætti. Í þeim skilningi og til þeirra verka fengum við gamlan vin minn og leikbróður úr æsku Einar Þóri Jónsson, meistara í húsgagnasmíði, til þess að koma með okkur í flutningsferð-

ina. Sumt af því sem við höfðum í huga gekk ekki upp en á ýmsu öðru gerði Einar Þórir endurbætur sem vel dugðu. Annað var það að húsið var ekki nógu vel þrifið og tók þá við hjá Irmu mikið verk. Öðru varð ekki breytt eins og því að ljós berst inn í raðhús eingöngu úr tveimur áttum og því viss dimma í slíku húsi. Versta raunin kom þó ekki í ljós fyrr en aðeins síðar. Byggingin var nefnilega undirlögð af maurum. Birtust þeir hvar sem matarleifar voru og reyndar um allt, jafnvel upp í hjónarúmi. Við létum eitra fyrir þessu fljótlega eftir að við urðum þessa vör og reyndar æði oft síðar. Var þetta hinn mesti ófögnuður og stundum fluttum við úr húsi þegar mikil eitrun stóð yfir. Annars reyndist þetta að mörgu leyti hinn besti bústaður, rúmgóður með garði og aðgangi að sundlaug sameiginlegri með grönnum.

Margrét Viðar sinnti mannréttindamálunum af áhuga og áfergju þann tíma sem hún var ráðin til þeirra verka. Var orðið mál til komið að nærvera okkar sæist þar. Árið eftir sótti ég sérstaka ráðstefnu um þessi mál í Vín ásamt Grétari Má Sigurðssyni, síðar ráðuneytisstjóra.

Málefni GATT voru flókið úrlausnarefni. Yfir það lögðumst við þremmenningarnir ég, Kristinn og Stefán Haukur. Um þau mál gat ég ekki fundið annað en að engin eða allavega sáralítill þekking væri í utanríkisþjónustunni eða stjórnarskrifstofum yfirleitt. Til þess að ná yfirlitsþekkingu var það til ráða að bjóða helstu sérfræðingum Norðurlandanna hverjum á eftir öðrum til hádegisverðar með Kristni og mér og fara yfir málavíðin hvert af öðru. Hitt sýndist mér þó augljóst að margt af undirsviðum og tæknilegum útfærslum væri nauðsynlegt að fara ofan í kjölinn á og engan stuðning að heiman að hafa í því. Og það gerðum við og náðum góðum tókum á hinum flóknustu viðfangsefnum m.a. og ekki síst, á sviði landbúnaðarvara. Um þetta allt saman sömdum við skýrslu sem varð ráðuneyti og ráðherra gott veganesti.

---

Hér var á ferðinni svonefnd Úrúgvæ lota og landbúnaðarmálin voru þungvæg í henni og hugtakanýjungum rudd braut. Sum orð þurfti að þýða. Ég gaf því sem nefnt var tarrification t.d. nafnið tollígildi. Annars var GATT byggt á hinni gömlu reglu um „bestu kjör“ eða bestukjarareglu. Hún er þannig að þjóðir þú einum aðila eða réttar til tekið þjóð tollaívilnun verður hún að gilda gagnvart öllum aðilum að GATT. Samningar fara þannig fram að hver um sig sækist eftir tollalækkunum á sínum útflutningi og fer á flot með það gagnvart einstökum löndum. Fáist einhvers staðar samþykki verður það að gilda gagnvart öllum. Ívilnunin fékkst væntanlega gegn annarri af þinni hálfu á innflutningstollum þínum. Það verður þá líka að gilda gagnvart öllum þjóðunum í GATT eða því sem nú nefnist WTO eða World Trade Organisation.

Verkefni okkar gagnvart GATT var þannig, bæði að skynja og skilja hin fjölþættu verkefni og flækjur sem fólust í þeim nýjungum ýmsum sem Úrúgvæ lotan bauð upp á en líka hinu að búa til tilboð af Íslands hálfu um allar ívilnanir og þær sóknir um lækkanir hjá öðrum sem eftir var að sækjast. Ekki bætti úr skák að Ísland var með úrelta tollskrá og nauðsynlegt var að skila inn uppfærðri útgáfu. Í þessum síðastnefndu verkefnum varðandi tollskrá og tilboð Íslands um tollalækkanir fengum við góða aðstoð frá Íslandi í þeim Bolla Bollasyni og Mariönnu Jónasdóttur í fjármálaráðuneytinu. Allt var þetta ærið verkefni, en EFTA og Evrópumálin tóku ekki síðra rúm.

Eins og áður er vikið að reyndust tvernt tímamótaverkefni í málefnum Evrópu og EFTA um það bil sem ég tók við sendiherrastarfinu í Genf. Í fyrsta lagi hrundi Berlínarmúrinn skömmu eftir komu mína til Genfar. Það hafði í för með sér mikla uppstokkun í Evrópu og EFTA varð að takast á við hvernig það ætti að mæta hinum nýju aðstæðum og hlutverk

sitt í breyttum heimi. Í öðru lagi þurfti að takast á við ný viðhorf og nýja samninga um samskipti EFTA-landanna og ESB á grundvelli tilboðs frá formanni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Delors, um nýtt og nánara samband.

Sem betur fer kom ég ekki blankur að þessum málum. Fyrst er þar fram að telja að ég var fulltrúi á þingi Evrópuráðsins frá 1980 til 1989. Þar kynntist ég straumum og stefnum í Evrópu og mörgum þingmönnum persónulega. Flutti þar reyndar ýmis mál, ýmist einn eða með öðrum og tók virkan þátt í umræðum. Næst ber að nefna að ég sat í Þingmannanefnd EFTA frá 1985 til 1989 og var formaður nefndarinnar frá 1985-1986. Það var á grundvelli þessarar reynslu minnar og þekkingar á þróuninni í Evrópu sem ég flutti tillögu til þingsályktunar á Alþingi um að sett yrði á stofn nefnd til þess að greina og kynna þá þróun sem væri að eiga sér stað í Evrópu, en þá var einmitt starfið innan ESB að því að koma á sameiginlegum markaði í ESB komið á fullan skrið. Það verður að viðurkennast að á þeim tíma var þessari þróun enginn gaumur gefinn hvorki innan þings né þjóðar. Þessi tillaga mín var samþykkt. Þingflokkar tilnefndu fulltrúa í nefndina og ég var kosinn formaður. Flestir nefndarmenn voru andsnúnir Evrópusambandinu og fullir tortryggni á allt sem frá því kom. Engu að síður tókst að koma saman í skýrsluformi allgóðri greiningu á þróuninni innan ESB í átt að sameiginlegum markaði. Margir ágætir menn úti í þjóðfélaginu lögðu því lið með því að taka að sér viss svið og skrifa um það greinargerðir, sem nefndin, svokölluð Evrópustefnunefnd, gaf út í ritröð. Þetta nýttist svo í samningum um EES. Í sæti mínu sem oddviti þessarar nefndar öðlaðist ég þekkingu og innsýn í þróunina innan ESB. Þessi reynsla mín var ráðherra gott veganesti og notaleg röksemd við að fela mér sendiherrastarfið í Genf, en þá skipan sagði hann gerða til þess að styrkja stöðu Íslands

---

á þessum vettvangi. Þetta starf var jafnframt mér mikill bakhjarl í hinum nýju verkefnum mínum.

Aðkoma mín að samningunum um EES var fyrst og fremst í því fólgin að sitja samninganefndarfundi við hlið aðalsamninganefndarmanns Íslands, Hannesar Hafstein. Það kom af sjálfu sér að sendiherra Íslands hjá EFTA ætti erindi á þessa fundi, því að meirihluti fundarstarfsins, einkum framman af snerist um samninga EFTA-landanna sjálfra sín í milli. Leikreglurnar í samskiptum ESB og EFTA voru nefnilega þannig samkvæmt forskrift ESB, að EFTA varð að koma fram sem ein heild og tala einum rómi. Þetta þýddi að EFTA löndin þurftu að samræma sjónarmið sín fyrir hvern fund með ESB. Þessir samningafundir voru oft tímafrekari en fundirnir milli EFTA og ESB. Það kom líka í ljós að Hannes Hafstein sóttist eftir því að ég sækti hvern fund, ekki bara vegna starfs míns sem sendiherra hjá EFTA, heldur sem ráðgjafa og nauðsynlegs félaga með pólitíska reynslu. Þetta þótti mér vænt um og hitt líka að starfsfólk við sendiráð Íslands í Brussel beinlínis þrýsti á mig að mæta, þegar ég sýndi einhvern bilbug á því vegna annarra anna. Í þessum fundalotum fundum við Hannes alltaf næði til þess að ræða málin og á fundunum gaukaði ég að honum sjónarmiðum mínum eftir því sem mér fannst tilefni til.

Hitt er svo önnur saga, að í hlutverki mínu sem fulltrúi í þingmannanefnd EFTA varð það hlutskipti mitt að koma að fyrstu viðbrögðum EFTA við tilboði Delors, formanns framkvæmdastjórnar ESB, um nánara samstarf ESB og EFTA, sem síðar leiddi til EES samningsins. Þetta vildi þannig til, að skömmu eftir að Delors hélt þá ágætu ræðu sem fól í sér ofangreint tilboð um samstarf og sameiginlegar stofnanir ESB og EFTA, var haldinn fundur í þingmannanefnd EFTA þar sem ég átti sæti. Tilboð Delors var tekið til umræðu og reyndust um það skiptar skoðanir. Svíar voru jákvæðir gagn-

vart tilboðinu en Svisslendingar voru tregir og tortryggir og ekki tilbúnir til þess að taka jákvætt í tilboðið. Formaður nefndarinnar, sænski þingmaðurinn Lennart Petterson, bar fram tillögu um að sett yrði á stofn undirnefnd á fundinum til þess að finna sameiginlega niðurstöðu og var tillaga hans samþykkt. Í verkið voru settir einn frá Sviss annar frá Svíþjóð og ég sem oddamaður og formaður. Einhvern veginn tókst mér að finna orðalag í heldur jákvæða átt sem þessi undirnefnd samþykkti og síðan þingmannanefndin í heild. Mér hefur oft þótt gaman að rifja upp þetta hlutverk mitt í að koma að fyrstu jákvæðu skilaboðunum frá EFTA við þessu tilboði, sem seinna leiddi til EES samningsins.

Eins og áður er á minnst stóð þannig á þegar ég kom til starfa sem sendiherra í Genf að komið var að Íslandi að vera í formennsku í EFTA, en þetta hlutverk gekk frá einni þjóð til annarrar á ársfresti. Það var því hlutverk mitt að stýra fundum EFTA sendiherranna, sem fóru fram með reglulegu millibili. Þessi samkoma fór með yfirstjórn EFTA milli ráðherrafunda og í umboði landa sinna. Þegar Berlínarmúrinn hrundi og Mið- og Austur-Evrópuríkin öðluðust sjálfstæði hvert af öðru stóð EFTA frammi fyrir því að móta sín viðhorf til þróunarinnar og í fang mitt sem formanns í sendiherrahópnum kom það verkefni að finna orðalag sem sýndi afstöðu EFTA til þessara nýfrjálsu landa. Skrifstofa EFTA hafði samið skýrslu um málið og tillögu um stefnumörkun, sem ekki fékk hljómgrunn meðal sendiherranna. Hlutverk formannsins blasti við. Hann varð að leita að því orðalagi, sem lýsti þeirri stefnumörkun, sem samstaða gæti náðst um. Um hana gilti, eins og allt annað hjá EFTA, að samstaðan yrði að vera alger. Ekkert var samþykkt nema fulltrúar allra aðildarlandanna væru því sammála og léðu því atbeina sinn og atkvæði. Sem formanns varð það því hlutverk mitt að leysa fram úr þessu. Það tókst en athyglisvert er að það var



---

ekki eingöngu efnisinnihald og orðalag yfirlýsingar EFTA um efnið sem skipti máli heldur líka formið. Sú yfirlýsing um afstöðu EFTA, sem samþykkt var, bar nefnilega titilinn „yfirlýsing formanns“ (chairman's statement). Þetta má vera til marks um hversu fundvísir og sveigjanlegir menn þurfa stundum að vera til þess að ná fram markmiðum í stefnumörkun eða yfirlétt í samningum aðila á milli. Þessi yfirlýsing mín sem formanns EFTA-ráðsins var á þá lund að til greina kæmi að gera fríverslunarsamninga við hin nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu, ef aðstæður leyfðu (conditions permitting). Í þessu samhengi verður að halda því til haga, að þótt starfsmaður á mörkinni glímdi við og semdi um ásættanlega niðurstöðu voru það ríkisstjórnir aðildarlandanna sem réðu ferðinni.

Þó aðkoma EFTA virtist þannig hikandi, leið ekki á löngu þar til samningaviðræður við löndin hvert af öðru hæfust af miklum krafti. Í þeim samningum varð það hlutverk mitt í sérhverjum samningum við sérhvert nýtt ríki að halda því til haga, sem ég hafði lagt grundvöll að fyrir í þingmannanefndinni, að fríverslunin næði til fisks og fiskafurða, unninna sem óunninna. Þetta gekk vel, eitthvað þurfti ég þó að slaka til í samningunum við Ungverjaland. Hver áfangi í því að fá unnar fiskafurðir viðurkenndar í fríverslunarsamningum var fagnaðarefni. Maður var að festa smám saman í sessi nýtt viðhorf, þar sem litið var á unnar fiskafurðir eins og unnar iðnaðarvörur. Í þessu samhengi hugsaði ég oft til þess hversu fráleitt ýmsum fannst það þegar ég tók þetta mál upp í þingmannanefnd EFTA, hvernig skrifstofa EFTA samdi greinargerð sem svar við fyrstu tillögu minni, greinargerð sem ég sagði þeim að henda; og hvernig þáverandi framkvæmdastjóri EFTA, Norðmaðurinn og fyrrum ráðherrann Kleppe taldi málið vonlaust í viðtali sem ég átti við hann. Sem betur fer skipti hann svo um skoðun og studdi

viðhorf mitt og tillögu á lokametrinum. Samningarnir við hin nýfrjálsu ríki Austur- og Mið-Evrópu gengu nokkuð rösklega fyrir sig, árið 1992 voru gerðir fríverslunarsamningar við þrjú af þessum löndum 1993 við tvö og 1994-95 við fimm þeirra. Á þessum árum var ákveðið að taka upp svonefnda samvinnusamninga (Joint Declaration), sem voru fyrst og fremst hugsaðir sem undirbúningur undir fríverslunarsamninga. EFTA hafði tekið á sig nýtt hlutverk með þessum samningum öllum. Fram að þessu snerist EFTA einungis um samstarf við ESB og samninga við það um að greiða fyrir viðskiptum í Evrópu einkum með því að samræma nálgun þessara tveggja viðskiptablokka og afnema múra í viðskiptum þeirra á milli. Í framhaldi af því að EFTA hafði gert fríverslunarsamningana við ríki Austur- og Mið-Evrópu samþykkti ráðherraráð EFTA að útvíkka sviðið út yfir Evrópu til nágrannaríkja eða „umfram“ Evrópu með venjulegri varfærni (Europe and beyond). Samskipti EFTA við ESB áttu svo eftir að taka algjörum stakkaskiptum með samningunum um EES. Það EFTA sem ég kom að í upphafi sendiherrastarfs var þannig allt annað EFTA en ég tók við sem framkvæmdastjóri þess.

Sem sendiherra Íslands hjá EFTA var ég mjög virkur, tók þátt í umræðum um hvaðvetna sem bar á góma en gjarnan stutturður nema mér væri falin forsaga í einhverju málefni. Mér kom vel saman við hina sendiherrana, leið vel í nærveru þeirra og bar fyrir þeim mikla virðingu. Hins vegar vissu þeir að ég hélt fast fram íslenskum sjónarmiðum. Þeir vissu að mér var ekki gefið að veita neinn afslátt af því að fríverslun skyldi ná til alls fisks, unnins sem óunnins rétt eins og iðnaðarvöru. Þeir sáu líka til mín þegar ég tókst á við EFTA-skrifstofuna í mannaáðningum. Ég hafði komist að því að á skrifstofunni vann einungis einn Íslendingur, frekar lágtsettur. Meðal umsókna um starf á blaðafulltrúa-

---

deild skrifstofunnar var ein frá Íslendingi, Jóni Valfells, sem stóðst allar hæfniskröfur mjög vel. Umsókn Jóns fékk ekki góðar undirtektir hjá yfirmönnum. Það kostaði mig mikla hörku og rífrildi að slást fyrir ráðningu Jóns, en það hafðist. Það kostaði líka þrákelkni af minni hálfu að ná því fram að Íslendingur væri í hópi þeirra fyrstu sem ráðnir voru til ESA (Eftirlitsstofunarinnar). Ég sagði samstarfsmanni (deputy/varafastafulltrúa) mínum Kristni Árnasyni að hann mætti beita neitunarvaldi jafnvel í heilan dag til þess að koma í veg fyrir að nokkur yrði ráðinn til stofnunarinnar, ef ekki væri Íslendingur í hópnum. Síðan mætti hann kalla í mig, þegar allt væri í hnút. Kristinn hélt sig við þetta og blokkeraði hverja ráðningu sem upp var borin þar til formaðurinn, Knut Almested frá Noregi fór fram á að sendiherra Íslands yrði kallaður til. Hvað á ég að gera spurði hann þegar ég tók sæti Íslands í stað Kristins. Mitt svar var, þú átt að taka kaffihlé og þá getum við rætt hlutina. Og tillaga mín var einföld. Hann gat haldið sig við að mæla með þeim sjö mönnum sem hann og nefnd hans hafði valið í fyrstu stöðurnar, en hann yrði að bæta við áttunda mannum í þessa fyrstu ráðningu. Þetta dugði til þess að Árni Vilhjálmsson var í hópnum.

Veturinn 1992-93 sagði þáverandi varafastafulltrúi minn, Lilja Ólafsdóttir, mér, að komið hefði til tals meðal varafastafulltrúanna hjá EFTA að þeim myndist að ég kæmi til álita sem næsti framkvæmdastjóri EFTA. Ég leiddi þetta hjá mér til að byrja með, en Lilja kom að þessu aftur síðar og sagði að varafastafulltrúi Svía, Martin Gunditz væri mikill talsmaður þess að ég yrði ráðinn í starfið. Þetta var einu og hálfu ári áður en þáverandi framkvæmdastjóri léti af starfi, svo að mér fannst umræðan varla tímabær. Ég fór samt að hugleiða þetta og taldi það nokkuð spennandi. Í millitíðinni hafði það atvikast þannig, að ég var kominn í sérstakt

vináttusamband við tvo af sendiherrunum, nefnilega þann svissneska og þann liechtensteinska og lýsti það sér einkum þannig að við fórum reglulega út að borða saman í hádeginu á góðum veitingastöðum. Þetta voru ánægjulegar og skemmtilegar stundir og þar fékk ég að njóta þess að þau þekktu vel til ýmissa mjög góðra staða með framúrskarandi eldamennsku. Í einum af þessum hádegisverðum ákvað ég að prófa hugmyndina um mig í framkvæmdastjórarstarfinu á þessum vinum mínum yfir þessum líka fína hádegisverði. Það varð ofan á hjá mér að kynna hugmyndina þannig að í „Reykjavík“, sem þýddi á diplómata máli „innan stjórnkerfisins í höfuðborg minni“ væri rätt um mig sem hugsanlegan næsta framkvæmdastjóra EFTA og að setja mig fram sem frambjóðanda í starfið. Mér til undrunar tóku þau bæði þessu ekki bara vel heldur fagnandi. Mér var því ekki til setunnar boðið, að hringja í utanríkisráðherra Íslands, Jón Baldvin Hannibalsson, og segja honum að í Genf væri rätt um mig sem næsta framkvæmdastjóra EFTA og óska eftir leyfi hans og stuðningi við slíkt framboð. Það fékkst vita-skuld greiðlega. Það kom fljótlega í ljós að framboð mitt naut stuðnings meðal allra aðildarlanda EFTA og þar með var sigurinn í höfn. Mér þótti vænt um að njóta þessa trausts og tók það sem vísbendingu um að mér hefði tekist vel til í sendiherrastarfinu. Mér fannst þetta líka einskonar upp-reisn eftir höfnunina sem flokksformaður og seinna sem ráðherra á vegum flokksins. Hér fékk ég viðurkenningu á hæfileikum mínum og hvernig ég annaðist verkefni mín. Á ráðherrafundi EFTA hinn 16. júní 1993 hlaut ég útnefninguna með atkvæðum allra EFTA landanna. Stundum tók ég svo til orða að þessi kosning væri sú sem ég hefði unnið með fæstum atkvæðum, en hér var munurinn sá að öll greidd atkvæði þurfti til. Valið á mér vakti þónokkra athygli á Íslandi. Þetta var í fyrsta skipti sem Íslendingur var valinn fram-

---

kvæmdastjóri eða aðalritari fjölpjóðlegrar stofnunar. Næstu ár reyndust viðburðarík og valt á ýmsu, bæði áður en ég tók við starfinu og skömmu eftir að ég hafði sest í stólinn. Um tíma virtist óvíst að EFTA ætti sér neina framtíð. Eitt af öðru lögðu fjögur aðildarlönd EFTA fram umsóknir um aðild sína að ESB. Á þeim tímamarki ræddi ég við utanríkisráðherra um að líklega væri til lítils að halda í þessa framkvæmdastjórastöðu. Hann óskaði eindregið eftir því að við héldum okkar striki, en bauð á móti að félli EFTA yrði ég gerður að sendiherra Íslands í London. Eins og kunnugt er felldu Norðmenn í þjóðaratkvæðagreiðslu að sótt yrði um aðild að ESB. Þar með var ljóst að EFTA hefði áfram hlutverki að gegna og valið á framkvæmdastjóranum stóð óhaggað. Ég tók við starfinu hinn 1. september 1994. Framundan reyndust erfið verkefni. Aðildarlöndunum hafði fækkað, fjárveitingar hlutu að skerðast, endurskipuleggja þurfti skrifstofuna miðað við nýjar aðstæður. Þetta var hrikalegur niðurskurður. Öllum var sagt upp og eftir endurskipulagningu hafði skrifstofan verið skorin niður um nálægt 60%. Þetta átti bæði við um skrifstofu EFTA í Genf og í Brussel. Það var ekki auðvelt að standa frammi fyrir starfsmönnum sem misstu vinnu sína. Tár féllu. Jafnframt þurfti að greiða fram úr lífeyrisskuldbindingum EFTA og ákveða hvernig slíkum málum skyldi skipað í hinu nýja EFTA. Málið var sérstakt að því leytinu, að lífeyrisskuldbindingarnar tilheyrðu bæði löndum sem voru áfram í EFTA og löndum sem voru horfin þaðan. Að ráði varð að „selja“ lífeyrisskuldbindingarnar þ.e.a.s. að leita eftir tilboðum hjá tryggingarfélagum um að taka þær að sér gegn ákveðnu verði, sem EFTA löndin frá fyrri tíma mundu skipta á sig að greiða. Þannig voru fyrri aðildarlöndin og hið nýja EFTA laus allra mála af þessum fortíðarvanda. Jafnframt var ákveðið að hið nýja EFTA yrði ekki með lífeyrissjóðskerfi, heldur í þess stað sparnaðarreikninga, sem lagt

væri inn á fyrir hvern mánuð og kæmu til útgreiðslu á hvern starfsmann við starfslok og hann gæti þá ráðstafað til lífeyrisframfærslu að eigin vali. Það var sem sagt ólgusjór fyrstu árin, en jafnframt allri endurskipulagningu og niðurskurði héldu verkefnin áfram, bæði við gerð fríverslunarsamninga og að koma fótunum undir EES samstarfið við ESB.

Áður en til þessa kæmi voru ýmis persónuleg viðfangsefni til úrlausnar. Hin nýja staða hafði vitskuld í för með sér að við hjónin yfirgæfum sendiherrabústaðinn og fyndum okkur aðra íbúð. Þannig vildi til að EFTA átti bústað fyrir framkvæmdastjóra sinn, svo að þetta leit út fyrir að vera auðvelt. Á þessu var hins vegar sá galli að okkur og þó sérstaklega Irma leist ekkert á embættisbústaðinn. Hann var nógu flottur og rúmgóður, eiginlega of mikið af hvoru tveggja. Þetta var eftir minni skilgreiningu „herragarður.“ Húsið var tvílyft með kjallara og hafði ein sex svefnherbergi. Þar var hestagerði og stórt bílskýli, líklega fyrir þrjá bíla ef ég man rétt. Landrými í kring var rúmt og svo var sundlaug í forgarðinum. Þetta reisulega hús, með öllum sínum ágætu eiginleikum innan húss og utan, var staðsett 10 til 15 kílómetra utan við Genf í fallegu umhverfi. Glæsilegt, en þar og þannig vildum við ekki búa. Um það vorum við Irma sammála. Við höfum leit að öðru húsnaði og sumt af því sem okkur var vísað á að skoða var jafnvel enn ævintýralegra en það sem embættisbústaðurinn bauð upp á. Við Irma vorum sammála um að við vildum búa í borginni sjálfri, Genf, en ekki upp í sveit og að við þyrftum ekki sundlaug, hrossagerði eða stór bílskýli eða einhvern sérstakan lúxus, þótt við yrðum að búa rúmt og með góðri aðstöðu til gesta-  
boða. Irma hafði upp á mjög sérstakri þakíbúð (penthouse) á sjöundu hæð í blokkarbyggingu á bakka Rhone-árinnar en samt líklega tíu til tuttugu metra ofan vatnsborðs árin-  
nar. Íbúðin var að mörgu leiti mjög sérstök. Varla var rétt

---

horn í neinum herbergjum. Það sem við gerðum að borðstofu var hringlaga herbergi, sem rúmaði átján manns við borðið. Ofan á því voru svalir jafnstórar borðstofunni. Að þeim meðtöldum voru fimm svalir í íbúðinni og svo þrjú snyrtiherbergi. Stofan var stór, en úr henni lágu tröppur upp á svalir í stofunni sem voru jafnframt hluti hennar og leiðin upp á stóru utanhússvalirnar ofan á borðstofunni. Þessi íbúð hentaði okkur vel og þar héldum við uppi góðum veisluhöldum. Til þess þurfti reyndar fleira en húsnæðið, nefnilega leirtau, eldhúsáhöld og hnífapör. Allt þetta keyptum við til þess að geta haldið uppi embættisskyldum okkar með sómasamlegum hætti. Hnífapörin, sem við keyptum voru íslensk silfursmíði. EFTA fékk hins vegar stórfé fyrir sölu á framkvæmdastjórabústaðnum, herragarðinum.

Eins og áður er getið, var og er EFTA með skrifstofur bæði í Genf og Brussel. Þjónar Genfarskrifstofan fríverslunarsamningum við hin ýmsu ríki og heildaryfirstjórn samtakanna, en Brussel skrifstofan fer með málefni sem snúa að EES samningnum. Þetta þýddi vitaskuld að framkvæmdastjórinn þurfti að sinna starfsskyldum á báðum stöðunum. Af því leiddi að finna þurfti húsnæði fyrir framkvæmdastjórnann í Brussel. Úr varð að leigja þriggja herbergja íbúð nokkuð miðsvæðis í borginni í nálægð við neðanjarðarbrautarstöð, sem gaf góða tengingu við skrifstofur EFTA. Íbúðin var leigð með (IKEA-) húsgögnum og gat ekki talist sérlega vistleg, en dugði til síns brúks. Aðstaða fyrir móttökur var hins vegar í EFTA byggingunni. Leituðumst við hjónin við að sinna skyldum okkar þar með bærilegum hætti, ég reyndar stundum einn. Við höfðum líka gaman að því að kynnast Brussel og njóta þess anda sem þar ríkti, mikilli menningu, ólgandi borgarlífi og skínandi matseld á veitingahúsum. Þessu áttum við reyndar eftir að kynnast miklu betur og njóta enn meira af síðar, á sendiherrapósti þar. Þegar ég

tók við starfinu hjá EFTA var EES samningurinn eiginlega nýborinn og lítil reynsla til að byggja á. Það þurfti að móta vinnubrögð og reyndar í fyrstu að byggja skrifstofuna upp að nýju í miklu smærra sniði eftir að EFTA hrökk saman við úrgöngu þriggja þjóða. Ekki óverulegur hluti af vanda fyrstu árána var að EFTA löndin höfðu dregist aftur úr í að innleiða gerðir og þurfti að vinna á þessum hala (backlog). Var lögð þó nokkur vinna í að greina þennan vanda og vinna að lausn hans.

Hlutverk framkvæmdastjórans var margþætt. Skrifstofan í Brussel hafði það verkefni að fylgjast með því sem var að gerast innan ESB og varðaði EES samninginn og aðstoða EFTA aðildarlöndin að EES í þessu verkefni. EES samningurinn er nefnilega sérstakur að þeim hætti að honum er ætlað að sjá til þess að sömu reglur og starfsskilyrði og regluverk gildi innan alls EES svæðisins um allt það sem samningurinn tekur til. Er þá rétt að halda því til haga að EES svæðið nær yfir allt umráðasvæði ESB og þau lönd EFTA sem eru aðilar að EES samningnum en þau eru auk Íslands, Noregur og Liechtenstein, en Sviss sem er EFTA land er ekki aðili að EES. Þetta þýðir líka að það er rugl þegar talað er um EES eins og það sé einhver rönd EFTA landanna utan við ESB. ESB er á EES svæðinu, hluti af EES og ekki óverulegur. Staðreyndin er hins vegar sú a.m.k. í reynd að ESB ræður ferðinni innan EES og EFTA löndin innan EES standa frammi fyrir því að taka upp í sína löggjöf og regluverk það sem tryggir einsleitni innan EES svæðisins, þannig að allir innan svæðisins búi við sömu aðstæður í félagslegu og rekstrarlegu umhverfi hvar sem þeir búa innan svæðisins að því er varðar þau svið sem samningurinn nær til. Samningurinn um EES gefur EFTA löndum hans ekki rétt til þess að íhlutast um ákvarðanir ESB, en á hinn bóginn veitir samningurinn EFTA löndunum rétt til þess að fylgjast



---

með við undirbúning löggjafar og ákvarðanatöku innan ESB sem fer að mestu leyti fram í nefndarstarfi. Þetta eru mjög mikilvæg réttindi sem Ísland hefur ekki að mínum dómi haft vitsmuni eða burði til þess að skilja og virkja sem skyldi. Hlutverk EFTA skrifstofunnar var og er að halda utan um og aðstoða aðildarlöndin í þessu verkefni. Það innifelur jafnframt og ekki síst að undirbúa fundi svokallaðrar sameiginlegrar nefndar sem er hin eiginlega stjórn EES svæðisins. Slíkir fundir eru haldnir mánaðarlega. Á þeim gegnir framkvæmdastjóri EFTA mikilvægu hlutverki. Hann er ásamt eða til viðbótar við það land sem er í formennsku EFTA hliðar samningsins hverju sinni talsmaður EFTA og sjónarmiða þess á fundunum. Yfirmenn hinna ýmsu sviða á EFTA skrifstofunni í Brussel gera þar grein fyrir vinnu og viðhorfum eftir því sem við á í umboði framkvæmdastjórans. Hlutverk framkvæmdastórans er jafnframt að stýra skrifstofunni, þar á meðal varðandi verkaskiptingu og mannráðningar. Um almenna vinnu frá degi til dags og undirbúning funda með framkvæmdastjórninni naut ég við starfskrafta hins framúrskarandi aðstoðarframkvæmdastjóra EFTA í Brussel sem kjörinn var um leið og ég, Guttorms Vík, sem varð síðar sendiherra Noregs á Íslandi, mikill öðlingur og kunnáttaður góður. Allt okkar samstarf var með miklum ágætum og hef ég ævinlega verið honum þakklátur fyrir samstarfið. Starfsmannamálin urðu alla tíð á minni hendi. Í fyrstu leiddi það eiginlega af sjálfu sér af aðstæðum, sem voru þá mjög erfiðar, þegar verið var að endurskipuleggja skrifstofuna, segja fólki upp, festa nýtt skipulag í sessi, ráða í þær stöður sem það fól í sér, útskýra nýtt skipulag um sparifjárreikninga í stað samsöfnunar lífeyrisréttinda eins og áður höfðu tíðkast og ýmislegt fleira sem var viðkvæmt og búast mátti við að svo væri eða skaut upp kollinum. Allavega hélt ég alltaf utan um starfsmannálin. Það þýddi líka stundum,

að Guttorm og ég höfðum ekki sömu skoðun um ráðningar. Ágreiningurinn snerist þá sjaldan við vorum ósammála um val milli Íslendinga og Norðmanns. Þetta spillti samt ekki vináttu okkar og samstarfi. Hins vegar held ég að honum hafi ekki þótt verra að vera laus við að standa að uppsögn starfsmanns, sem ég þurfti að ráðast í til að tryggja góðan rekstur samningsins. Eitt svið var í vandræðum og umsjónarmaður sviðsins gerði illt verra. Svonefnd ráðgjafanefnd EFTA, sem í sitja fulltrúar atvinnulífsins, lenti í tilbúnum tilvistarvanda og komst ekkert annað að en naflaskoðun, sem umsjónarmaður nefndarinnar, norsk kona, magnaði upp með framgöngu sinni og innleggjum. Ætti ekki verr að fara varð að grípa í taumana. Uppsögn gegn vilja hennar og mótmælum var eina leiðin að mínum dómi. Skringilegt fannst mér í því sambandi að sá starfsmaður sem ég þurfti að láta fara náði að fá meðmæli frá hinum bestu mönnum sem voru í þeim hópi sem starfsmaðurinn vann fyrir, þrátt fyrir að öllum og þeim sjálfum líka var ljóst að hér var allt komið í óefni vegna starfsmannsins. Ég gerði lítið með þessi mótmæli, nema hvað mér þótti mótmælendurnir gera lítið úr sjálfum sér. Mér fannst hins vegar ekki létt verk að reka starfsmann, en það varð að gerast og svo tókst að ráða annan sem blés lífi í starf sviðsins. Hinn nýi starfsmaður var Guðmundur Einarsson, fyrrum þingmaður, sem hafði reyndar gegnt starfi hjá EFTA nokkrum árum fyrr, en horfið til annarra starfa. Guðmundur gerði viðkomandi nefnd hamingjusama og uppfulla af hugmyndum og starfsvilja.

Á skrifstofunni í Brussel var margt mjög góðra starfsmanna sem mér fannst bæði gaman og gott að starfa með. Parna var Nikk Hannigan, sem síðar réðst til íslensku utanríkisþjónustunnar, Valgerður Bjarnadóttir, síðar alþingismaður, Belinda Theriout, síðar starfsstjóri Fulbright á Íslandi, Aud Hellström dugmikil og alúðlegur vinur og svo Eleonora

---

Draxel, ómetanlegur ritari minn, vinur og hjálparhella.

Starf framkvæmdastjóra EFTA á Genfarskrifstofunni var af allt öðrum toga en í Brussel. Fyrst ber að nefna að heildarstjórn samtakanna var í höndum fulltrúa aðildarlandanna í Genf. Þar voru fjárhagsáætlanir lagðar fyrir aðildarlöndin til samþykktar svo og reikningar hvers árs, þótt fjármála- stjórnin hefði sína skrifstofu í starfstöð EFTA í Brussel. Aðal- starfið sneri hins vegar að tvennu, annars vegar að viðhaldi þegar samþykktu samninga við önnur lönd og hins vegar að öflun nýrra samninga.

Ráðherrafundir EFTA voru sérstakt viðfangsefni. Þeir voru haldnir tvisvar á ári, í desember í Genf en að sumarlagi í því aðildarlandi sem var í hinni róterandi formennsku hverju sinni. Allur praktískur undirbúningur fundanna í Genf var á hendi skrifstofunnar og framkvæmdastjórans. Að hluta til átti það við um fundi í aðildarlöndunum, sem lögðu mikið í að sýna sig og sína og gerðu það yfirleitt með mjög góðum og eftirminnilegum hætti. Framkvæmdastjórnin var hægri hönd formanns á þessum fundum, ráðgjafi og upplýsingagjafi, eftir því sem við átti.

Viðhald þegar gerðra samninga fór fram á árlegum fundum, í Genf eða hjá hinum samningsaðilanum (landi). Þar var farið yfir hvernig til hefði tekist um framkvæmd samnings- ins, sem oftast var með aðlögunartíma um ýmsa þætti, kvart- anir teknar fyrir og samið um hugsanlegar viðbætur. Allt fór þetta fram á góðum nótum og hlutverk framkvæmdastjóra birtist í skýrslum um hvernig til hefði tekist og ráðgjöf til þess sem fór með formennsku af hendi EFTA hverju sinni á þessum fundum, en viðkomandi ráðherrar sem með for- mennsku fóru voru misvel eða misilla að sér um efni og sumum misvelgefin fundarstjórn.

Útvíkkunarverkefnið var ekki síðra. Ráðherraráð EFTA hafði ákveðið að útvíkka ætti samningasvæðið um fríversl-

unarsamninga út fyrir Evrópu eða til Evrópu og nágrenna-svæða (Europe and beyond). Hér eins og oftast áður var fetað í braut ESB, en það þýddi engu að síðar óháða vinnu af hendi EFTA og þar fékk framkvæmdastjórinn margskon-ar verkefni. Hann var sameiginlegur sendiboði þeirra til landanna sem óskað var eftir samstarf við. Í öllum tilvikum var sóst eftir fríverslunarsamningum, en aðferðin var sú að bjóða fyrst til samstarfssamninga (cooperation agreements), sem sneru að samtölum og fundum um samskipti. Ágætis inngangur. Pólitíkin á bak við þessa viðleitni hjá EFTA og auðvitað ESB var að með því að auðvelda og tengja viðskipti og viðskiptahagsmuni, væri hægt að lyfta hagkerfum og þar með afkomu í þessum löndum í nærumhverfi Evrópu og gera þeim kleift að tengjast Evrópu nánari böndum. Að baki bjó: annað hvort batna lífsskilyrði í þessum löndum, ellegar þau sækja í vaxandi mæli til Evrópu í leit að betra lífi. Það voru mörg lönd, sem voru í sigtinu og þurfti að ná góðu talsambandi við til þess að framfylgja þessari stefnu. Árangurinn lét oft bíða eftir sér. Það tók tíma að láta hugmyndir um svona samband meltast og gerjast í þessum löndum, en á endanum kom árangurinn yfirleitt í ljós og löngu eftir mína tíð sem framkvæmdastjóri EFTA var árangurinn að birtast í formi fríverslunarsamninga. Allavega fól verkefnið í sér mörg ferðalög til ýmissa landa og viðtöl framkvæmdastjórans við ráðamenn þar, ellegar á öðrum fundum þar sem ná mátti til þeirra. Lönd Norður-Afríku voru ofarlega á listanum þar með talið Egyptaland. Flóabandalagslöndin olíuauðugu (Gulf Cooperation Council) voru líka á listanum, sem þýddi ferðalag á þær slóðir og fundi í Saudi-Arabíu með forsvarsmönnum þess. (Gullin kaffikanna, minningargjöf frá sambandinu, situr í horni á toppi bókhilla í skrifstofu-kompu minni.) Önnur ferð öllu lengri var til Asíu, þar sem ég hitti forsvarsmenn ASEAN, samskiptabandalags ríkja í

---

Suðaustur Asíu. Erindið eins og áður að vekja áhuga á samstarfi við EFTA og hugsanlegri gerð fríverslunarsamnings. Mexíkó var líka talið áhugavert og ferð þangað bar með sér eins og flestar aðrar ferðir ekki bara pólitísk samtöl heldur líka tækifæri til þess að kynnast landi og menningu. Að vísu hafði ég komið til Mexíkó áður, nefnilega löngu áður eða 1966, þegar ég var við nám í Chicago, en upprifjunin var skemmtileg. Í þessari ferð munaði litlu að ég lenti mér að óvörum á allt öðrum stað en ætlunin var. Það var þannig, að þegar ferðir mínar báru mig vestur um haf notaði ég gjarnan tækifærið og tók lykku á leið mína til þess að koma við hjá Maríu dóttur okkar og hennar fjölskyldu. Það hafði ég sett inn í plön mín fyrir þessa ferð. Þau bjuggu og búa reyndara enn skammt sunnan við San Fransisco í svonefndum Kísildal, þar sem heitir San Jose. Frá Mexicoborg átti ég sem sagt bókað flug til San Jose. Einhverra hluta vegna var farið að hyggja að þessari ferð deginum fyrir áætlaða brottför mína frá Mexíkó. Það var mikil slembilukka, því að í ljós kom að ég var bókaður í flug til San Jose á Costa Rica. Varð uppi fótur og fit að kippa þessu í liðinn, en stundum hef ég hugsað til þess hvernig farið hefði, ef ekki hefði komið til þessarar forskoðunar á flugferð minni frá Mexíkó og ég hefði mætt í áætlað flug til Costa Rica. Allavega fékkst misskilningur leiðréttur, enda augljós villa miðað við næsta ferðalegg eftir San Jose í flugmiðum mínum og góða stund átti ég með Maríu, Þorkeli og börnum.

Fleiri en ofangreindar ferðir voru minnisstæðar, en aðrar síður eins og gengur og gerist. Sumar snerust um gildandi samninga, aðrar um útrásina, eins og áður er getið, en enn aðrar um þátttöku í ráðstefnum eða fundum alþjóðastofnana. Margt mætti nefna. Ein ferðin var til Slóveníu skömmu eftir að ég tók við framkvæmdastjórástöðunni. Áhrifamenn í Sviss töldu að Slóvenía væri eftirsóknarverður kandídat

sem aðili að EFTA. Sendiherra Slóveníu í Genf var áhugasamur um þess hugsanlegu aðild og taldi líkur á henni. Ég fór í sérstaka heimsókn til Slóveníu með þetta í farteskinu. Í ferð minni kom í ljós að forseti landsins var mjög áhugasamur um EFTA aðild, en forsætisráðherrann hafði augastað á aðild að ESB. Pólitíska valdið var hjá forsætisráðherranum. Niðurstaðan þótti mér augljós. Sendiherrann hafði misreiknað sig. Malta var líka um tíma með hugrenningar um EFTA aðild og óskaði eftir viðtölum og upplýsingum. Í ferð minni þangað kom í ljós að ríkisstjórn Möltu leist vel á aðild að EFTA, en hafði víst ekki áttað sig vel á um hvað málið snerist og hvað fríverslun þýddi. Þeirra hugmynd var að ganga inn í fríverslun en halda tollum.

Mér var hins vegar ljóst að EFTA gæti ekki keppt við ESB varðandi aðild. Heimurinn var breyttur. Aðdráttaraflíð að félagsskapnum í ESB var alltof yfirgnæfandi til þess að EFTA gæti keppt við hann. Það var hins vegar gott að loka þessum kafla, þessum hugleiðingum um stækkun EFTA.

Hefð var fyrir því að framkvæmdastjóri EFTA færi í opinbera heimsókn til aðildarlandanna bæði við upphaf og lok starfstíma síns. Við Gunnar Snorri, þáverandi ráðuneytisstjóri, skemmtum okkur við að tilkynna opinbera heimsókn mína til Íslands og eins og vænta mátti gaf það tilefni til grínmyndar (Sigmunds) í Mogganum af mér að stíga út úr flugvél út á rauðan dregil. Það er eiginlega tvennt sem mér er minnisstæðast úr þessum ferðum eða þrennt ef grannt er reiknað. Fyrst þá það sem mér fannst lágvúrulegt, en það voru móttökur finnska utanríkisráðuneytisins þegar ég heimsótti þá sem nýr framkvæmdastjóri EFTA. Þeir voru greinilega nervösir og héldu einungis einn lítinn fund með fáeinum völdum embættismönnum sem sátu á nálum og höfðu lítill og mögur viðbrögð við erindi mínu, sem gekk út á ekki bara að óska þeim velfarnaðar á leið þeirra inn í ESB,

---

heldur líka að óska eftir því að þeir yrðu næmir fyrir óskum EFTA í hinu nýja samstarfi við ESB, sem nú væri í mótun. Viðbrögðin voru nánast engin. Þó hafði EFTA teygt sig og búið til svokallaða aukaaðild til þess að gefa Fínum færi á Evrópusamstarfi á sínum tíma. Að hinu leytinu skal því til haga haldið, að þeir höfðu samkvæmt ósk minni komið í kring viðtölum við þáverandi forystumann finnskra jafnaðarmanna og gamlan vin og aukin heldur og ekki síður við minn kæra vin fyrrum formann flokksins og forsætisráðherra Kalevi Sorsa. Þann sama og vildi ekki hafa neitt samband við arftaka minn í formennsku Alþýðuflokksins. (Reyndar þurfti nefndur arftaki á aðstoð minni að halda til að ná talsambandi við formann sænska krataflokksins Olof Palme, og veitti ég þá aðstoð á fundi í Reykjavík, enda í mínum huga spurning um lífsskoðun og hreyfingu en ekki persónur.)

Hinar heimsóknir mínar af þessu opinbera tagi falla algjörlega í skuggann af heimsóknum til Noregs, bæði þeirri við upphaf ferils míns í starfi og kveðjuheimsóknarinnar. Í heimsókninni þegar ég tók við framkvæmdastjórastarfinu stóð þannig á að Noregur var að undirbúa atkvæðagreiðslu um aðild að ESB, umræðan var heit og málið eldfimt. Þetta ræddi ég við vini mína og fyrrum samstarfsfélaga úr krataheyfingunni sem réðu þar ferðinni í ríkisstjórn sinni og voru mjög áfram um aðild að ESB. Forsætisráðherrann Gro Harlem Brundtland óskaði eftir því í okkar samtölum að ég hvetti Norðmenn til þess að greiða atkvæði með því að ganga í ESB. Það gat ég auðvitað ekki gert og hún skildi það. Það var hins vegar greinilega mikill áhugi fjölmiðla á að fá að heyra hvað framkvæmdastjóri EFTA hefði um þessi mál að segja. Eftir því sem ég komst næst fór fram umræða innan flokks og ríkisstjórnar hvernig með skyldi fara. Niðurstaðan varð sú að efna til blaðamannafundar, þar sem ég sæti fyrir

svörum. Ekki var talið rétt að skrúfa á álit framkvæmdastjóra EFTA. Þessi blaðamannafundur heppnaðist svo vel af minni hálfu að oft var vitnað til hans síðar. Þótti mér hafa tekist vel að þræða þann meðalveg sem hvorki ríkisstjórn, meðmælendur aðildar að ESB né andstæðingar gætu borið fyrir sig eða kvartað undan. Ég var vitaskuld mjög ánægður með það. Mig minnir hins vegar að Ólafur Ragnar, alþekktur hælbitur á þessum árum hafi gert tilraun til þess að leggja mér viðtalið til lasts, en orðið ekkert úr.

Norðmenn voru svo mjög myndarlegir í framgöngu sinni þegar ég heimsótti þá við lok starfs míns sem framkvæmdastjóri. Þeir efndu til veislu þar sem ég fékk að bjóða þeim sem mig lysti til viðbótar við gestalista þeirra og í henni afhentu þeir mér málverk að gjöf sem prýðir vegg í hýbýlum okkar. Mín góða vinkona og kunningi frá pólitískum árum, viðskiptaráðherrann Grete Knudsen, afhenti gjöfina með fallegri ræðu. Hápunkturinn var svo einkaheimsókn og viðtal við konung Noregs. Flottara getur það varla verið. Samtal mitt við Noregskonung var vitaskuld ánægjulegt og innihaldsríkt. Konungur vel undirbúinn og kunnur á mörgu góð skil en jafnframt blátt áfram og alþýðlegur. Það má hins vegar geta þess sem kúríósa að í fluginu til Oslóar kom það fyrir sem stundum fyrr, að ferðataska mín komst ekki til skila á leiðarenda. Varð uppi fótur og fit, einkum vegna ádíensins hjá Noregskonungi. Þá yrði ég að vera vel til fara. Farið var með mig í virðulega fatabúð og valin á mig tvíhneppt föt, sem voru svo tilsniðin eftir máli. Þessi jakkaföt hef ég haldið upp á ætíð síðan og eru þau jafnan nefnd Kóngsfötin.

Í Genf naut ég, eins og í Brussel, þess að hafa úrvalalið sem studdi mig og vann fyrir mig erfið verkefni af yfirsýn og eljusemi. Fyrstur þeirra meðal var Aldo Matteucci, aðstoðarframkvæmdastjóri, valinn á sama tíma og ég til starfsins.



---

Aldo var ljóngáfaður vinnuþjarkur, svolítið fljótur á sér og ör, en afbragðs starfsmaður. Þarna var líka mestan hluta starfstíma míns Guðmundur Einarsson sem ég valdi í lykilstöðu á skrifstofunni í Genf, frekar en að hann sinni því sem áður gat varðandi ráðgjafarnefnd EFTA í Brussel. Guðmundur reyndist mér ómetanlegur vinnufélagi og ráðgjafi. Það var unun að greina stöður og verkefni með honum. Svo er hann líka svo skemmtilegur. Við þau hjón, Guðmund og Dröfn höfum við átt ánægjulegt vinasamband, sem við Irma erum þakklát fyrir. Lilja Ólafsdóttir, sem eiginlega fylgdi mér við fyrsta tækifæri úr sendiherrastöðunni til EFTA var sömuleiðis ómetanlegur vinur og vinnufélagi. Við skildum alltaf hvort annað mjög vel. Hún sagði einhvern tímann að hún þyrfti ekki að segja nema hálfá setningu í erfiðum málum þá skildi ég hvað um væri að tefla.

Þótt hér og fyrir séu nefnd nokkur nöfn samstarfsfélaga verð ég að segja að mér fannst takast mjög vel í minni tíð sem framkvæmdastjóri EFTA að halda uppi góðu sambandi milli mín og starfsmanna almennt og hafa mjög pósitívan starfsmannaanda. Ég lagði mig fram um að líta við hjá öllum og gefa þeim þannig kost á einskonar „starfsmanna-viðtali“ þótt óformlegt væri. Við Irma héldum jafnframt uppi góðum samkomum þar sem starfsfólki var boðið til samfagnaðar við glas eða matföng. Kannske var það líka spennulosandi, ef hún var þar á ferli. Hið nýja EFTA, sem snerist ekki bara um samskiptin við ESB og nú í nýjum farvegi, kallaði á viðhorfbreytingu varðandi það hvernig EFTA kynnti sig fyrir umheiminum. Ársskýrslur EFTA urðu nú tíðindi af öllu sem var að gerast hjá EFTA. Ársskýrslurnar risu úr lítilúðlegum blaðsíðum í óásjállegu litlu hefti og urðu að fallegu myndskreyttu litprentuðu virðulegu kveri í stóru broti. Sömuleiðis var tekið saman tölfræðilegt efni um EFTA og umheiminn, þar sem glögglega var sýnt hvað

EFTA væri efnahagslega og viðskiptalega stórt. Þar mátti sjá að efnahagslega og markaðslega væri EFTA stærra og mikilvægara en ýmsar þjóðir sem stórar þættu. Slegið var sem sagt á mýtur um stærð landa sem mælikvarða á hugsanlega viðskiptahagsmunum og sýnt fram á tölulega hvað EFTA væri efnahagslega stórt og þar með mikilvægur markaður.

Við lok starfstíma míns hjá EFTA hafði EFTA gert samstarfssamninga við 22 lönd og gert fríverslunarsamninga við 14 lönd.

Starfið sem framkvæmdastjóri EFTA var skemmtilegt og fjölbreytt. Ég sagði stundum að það hefði skipst í þrennt varðandi það hvernig tíma mínum var varið. Þriðjung tímans var ég í Genf, annan þriðjung í Brussel og svo fór seinasti þriðjungurinn í ferðalög á fundi og ráðstefnur hér og hvar í heiminum. Við hjónin fengum margt að læra og sjá. Mörgu ágætu fólki úr öllum stigum þjóðfélagsins fengum við að kynnast. Þetta voru góð ár.

## Upprifjun um 112. grein EES samningsins

Í grein í Morgunblaðinu hinn 19. ágúst s.l. (2006) fjallar Björn Bjarnason um 112. gr. samningsins um EES og stöðu Liechtenstein skv. samningnum varðandi frjálsa för fólks.

Telur hann að „undanþága“ Liechtenstein geti átt við varðandi Stóra Bretland. Af þessu tilefni er ekki úr vegi að rifja upp hvernig aðdragandi var og hvernig kaupin gerðust á eyrinni að því er Ísland varðar, sem beitti sér mjög í samningum um 112. greinina. Fulltrúa í samningunum er þetta hugstætt.

Íslensk stjórnvöld töldu pólitískt nauðsynlegt og af ýms-um ástæðum rétt að sækjast eftir öryggisventli að því er varðaði frjálsa för fólks, þannig að Ísland ætti rétt til að grípa í taumana ef allt færi úr böndunum. Til þessa lágu jafnframt þau rök, að fyrir hendi voru ákvæði í þessa átt í samningi frá 1954 um hinn Norræna vinnumarkað. Þannig höfðu Íslendingar vanist því að eiga slíkt undanþáguákvæði, og til þess var unnt að vitna. Nýtt væri því að vera án slíks, en að hinu leitinu mátti benda öðrum samningsaðilum á að ákvæðinu hefði aldrei verið beitt, og því um algert öryggis- og neyð-aratriði að ræða. Þannig var málið kynnt samningsaðilum, réttilega. Undirtektir voru löngum ekki uppörvandi.

Í samningaviðræðunum komu vitaskuld fram ýmis at-

riði sem EFTA löndin höfðu beyg af, eða töldu sig þurfa að fá undanþágu fyrir. Ísland var því ekki eitt á báti að þessu leitinu. Sum aðilarlanda EFTA töldu sig hafa strangari kröfur í umhverfismálum en giltu innan Evrópusambandsins og vildu undanþágur frá reglum ESB af þeim sökum. Önnur vildu undanþágu að því er varðaði fasteignakaup, einkum frístundahúsakaup, og vitnuðu til undanþáguákvæða sem Danmörk hefði um slíka hluti. EFTA löndin öll stóðu saman að því í samningaviðræðunum að halda öllum þessum sjónarmiðum til haga, enda talaði EFTA einni röddu, allir fyrir einn og einn fyrir alla, sem reyndar var mikill fengur fyrir Ísland. En þá er líka rétt að minna á að í hverju máli þurfti fyrst að vinna stuðning innan EFTA og síðan hjá ESB. Kröfurnar um undanþágur fengu ekki samþykki hjá ESB, en aðlögunaraðferðir og tíma til aðlögunar mátti semja um. Lendingin í þessum erfiðu málum fólst hins vegar í því að leita út fyrir réttarkerfi ESB og nýta aðferð sem fyrirfannst í fríverslunarsamningum. Þetta voru neyðarúrræði, eða svo nefnd öryggisákvæði. Í því fólst réttur til að grípa til aðgerða í óbærilegu ástandi, með ströngum ákvæðum um sönnun ástands og rétti gagnaðila til mótatgerða. Í stað undanþága, sem ekki fengust, komu öryggisákvæði.

Í þessu sambandi tefldi Ísland fram kröfu sinni um samskonar öryggisákvæði og Ísland hafði í samningnum um Norrænan vinnumarkað. Þegar ljóst var að slíkt almennt sérákvæði fengist ekki, snerist málið um orðalag hins almenna öryggisákvæðis. Ísland lagði til að í ákvæðinu (112. grein) væri tilvísun í félagsleg (social) vandamál. Það fékkst ekki samþykkt. Gagntilagan var „þjóðfélagsleg“ (societal) vandamál. Þessi niðurstaða nægði Íslandi, til þess að geta notað ákvæðið til þess að gera bókun við samninginn með sinni túlkun á því hvernig það sneri að Íslandi í vinnumarkaðsmálum og þá með svipuðu sniði og varðandi hinn Norræna

---

vinnumarkað.

Öryggisákvæðið, eins og um það var endanlega umsamið og eins og það birtist í 112. grein EES samningsins tekur auk tilvísunarinnar í þjóðfélagsleg (societal) vandkvæði til vandamála á sviði efnahagsmála og umhverfismála.

Það var vel af sér vikið af Íslands hálfu að ná þessum árangri, sem reyndar gildir um margt fleira í samningnum. Hitt er ljóst að hér er um að ræða ákvæði sem einungis er unnt að nýta í neyð, enda ekkert annað haft í huga né framtalið við aðra samningsaðila. Ber þá að líta til þess hve nákvæm og afmörkuð skilgreining hins óviðunandi ástands er í bókun Íslands.

Liechtenstein hafði vitaskuld algera sérstöðu í samningunum vegna smæðar sinnar og staða þess naut samúðar með tilliti til þess. Róðurinn af hálfu Íslands var hins vegar þungur, en aðalsamningamaður Íslands, Hannes Hafsein, stóð sig mjög vel í því verki eins og endranær.

Það má hins vegar mikið hafa breyst ef ESB telur að staða Liechtenstein með 25 þús. íbúa hafi fordæmisgildi fyrir Stóra Bretland sbr. það sem að framan segir um takmarkanirnar í bókunum og reyndar gagnbókunum við samninginn.



## Á pisserínu

Hvort sem fundir standa stundinni lengur, en þó sérstaklega ef það er einmitt þannig, nefnilega að það lengist í þeim, þá kemur að því að einhverjir þáttakenda þurfa að bregða sér á pisseríð. Nú er það náttúrliga þannig að stefnumót, ákveðin eða fyrir tilviljun á slíkum stað, útiloka hitt kynið. Í karlaveldi fyrrum gaf pisseríð kannske enn betri tækifæri til óopinberra samninga en núna, því að stærri hluta samningamanna pissuðu standandi heldur en núna og þróunin virðist á þá leið að pisserí hinna standandi sé á verulegu undanhaldi sem samningavettvangur.

Ekki var eiginlega meiningin að gera þetta hápóltíska efni að umræðuefni í svona alvarlegum ramma. Sem sagt bara að gera einskonar fyrirvara um að það sem á eftir fer er að vissu leyti ýmist úrelt eða á leiðinni í þann reit.

Það sem knýr mig svona innan í mér til þess að setja þetta lítilræði á blað er það með hversu sérstökum hætti það bar að, að ég væri beðinn ráða eða lítilræðis um forgang, og gaf mín ráð eða tillögur, þannig að ég taldi ráð mín góð og gild og öllum til góðs. Um gæði ráðanna og gildi ákvaðana sem því fylgdu fékk ég hins vegar ýmist harða andstöðu eða skömm í hattinn.

Færa má rök að því að þær hafi allar verið rangar. Alla-

vega var mér borið það á brýn. Annarra er að finna út hvort svo sé.

Get þess fyrst að þá nýkrýndur forsætisráðherra, Davíð Oddsson, mætti á leiðtogafund EFTA ríkja og sem slíkur frekar grænn eins og sagt er. Þar voru hinir forsætisráðherrar EFTA ríkjanna en þó sérstaklega vinkona mín gamalkunn, Gro Harlem Brundtland, í forsvari fyrir Noreg. Hún gerði sér dælt við Davíð. Nema hvað svo hittumst við Davíð á pisserínu og þá var honum tvennt í hug, og hvorttveggja konur. Í fyrsta lagi var það Jóhanna Sigurðardóttir, sem var ráðherra í hinu nýja ráðuneyti hans og honum þótti líkleg til erfiðs viðfangs, nefndi að vísu ekki Jónana, hina ráðherra flokksins, Hannibalsson og Sigurðsson, en það lá í orðunum að þeir réðu ekki við hana. Ráð mitt var: Taktu hana aðeins upp að þér. Það sá ég síðar að Davíð tileinkaði sér þetta. Jónarnir urðu að una því, líklega nokkuð ósáttir, en heimilisfriður hélst, allvega nokkurn veginn um nokkra hríð. Hitt erindi Davíðs á pisserínu okkar sameiginlega var spurningin um Gro Harlem. Mitt svar: Þú verður að ná góðu sambandi við hana. Áður en nokkurn varði voru þau komin í hörkusamskipti og hjúfruðu sig hvort að öðru. Þá var aðalsamningamanni Íslands, Hannesi Hafstein, nóg boðið, tók mig til hliðar og sagði þetta gengur ekki, við eigum framundan að berjast við Noreg um hagsmuni. Mér líst ekki á að hún Gro sé á góðri leið með að stinga forsætisráðherra eiginlega niður á milli brjósta sér. Þín ráð til Davíðs eru að hafa vondar afleiðingar. Seinna rifjaðist upp fyrir mér, að hin fyrri ráð mín til Davíðs á pisserínu varðandi samskipti við Jóhönnu, hefðu kannske ekki reynst gagnleg.

Kemur svo að fyrri pisserísfundi. Hann var löngu fyrr. Hann átti sér stað á pisserínu á Hótel Sögu. Það var verið að lemja saman þingflokk og ríkisstjórn árið 1978. Það var erfitt mál. Mér var ætlað mikið í því samhengi. Formaður hafði



---

sagt mér að hann vildi gera mig, varaformann flokksins, að þingflokksformanni. Ég hafði lítið hugleitt það, nema hvað ég hafði enga þingreynslu og var allur á því að dreifa ætti hlutverkum og áhrifastöðum. Einmitt þarna á pisseríinu sagði Sighvatur Björgvinsson mér að hann langaði til og vildi gjarnan verða formaður þingflokks.

Sjálfsgagt mál sagði ég og tilkynnti síðar formanni að mér fyndist það góð hugmynd og betri en að setja mig til verkefnisins. Þannig varð Sighvatur formaður þingflokks Alþýðuflokssins að minni tillögu.

Fyrir þennan atbeina minn, að styðja Sighvat til þessa verkefnis, fékk ég svo margar ákúrir vegna framgöngu hans í hlutverkinu. Gerði ég lítið úr því og lét gott heita þótt ekki væri ég alltaf vel sáttur. Svo var það hér fyrir skömmu að Sighvatur skifaði í minningargrein um Benedikt Gröndal, að hann hefði kannske ekki verið barnanna bestur á þessum tíma. Þá rann það upp fyrir mér, að kannske hefði það átt við líka í þessu tilvik, að viðbrögð mín á pisseríinu þarna forðum daga hefðu ekki verið eins góð og ég hafði gert ráð fyrir.

Sit ég þá uppi með það, samkvæmt almannarómi og yfirlýsingum og reynslu nærstaddra að mín ráð og tillögur gefin á pisseríum þarna einu sinni var hafi verið óráð. Síðan ég komst að þessu hef ég passað mig á að láta af því að hafa skoðanir á einu né neinu á pisseríum öðru en því að ljúka því eina hlutverki sem ég átti þangað.



## Óvæntar afleiðingar

Samningar þjóða í milli eru í raun átök um hagsmuni rétt eins og á sér stað í kjarasamningum eða viðskiptum. Þetta snýst um að halda sínum hlut eða hafa ávinning af samningnum. Niðurstaðan næst þegar samningsaðilar eru jafnsáttir eða jafnósáttir við útkomuna. Menn geta unað við það sem um var samið ellegar sjá í hendi sér að ekki sé meira að sækja í stöðunni eða tiltekin fórn sé annars ávinnings virði. Stundum hafa samningar eða staða í samningum afleiðingar sem ekki var von á.

Það átti eftir að liggja fyrri mér að taka þátt í margvíslegum samningum. Sumt er eftirminnilegra en annað. Þegar ég yfirgaf pólitíkina á Íslandi og varð sendiherra í Genf fyrir Íslands hönd hjá alþjóðastofnunum þar í borg, eða eins og það hét formlega, sendiherra til Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana, fann ég fljótt að nú væri ég farinn að fást við alvörustjórnsmál. Hvarvetna var tekist á um hagsmuni, efnahagslega eða pólitíska. Sumt skipti Ísland meira máli en annað og þannig réðst framlag sendiherrans af því hvað var í húfi. Það varð EFTA, EES og GATT sem varð að hafa forgang. Mannréttindi fengu þó nokkra vigt.

Samningarnir um EES voru mikið átak. Þeir voru mjög umfangsmiklir og tóku yfir vítt svið. Þeir snertu viðskipti,

lagalega umgjörð, stjórnarhætti, réttindi borgara og dómskerfi o.fl. Í öllu þessi ferli var líklega erfiðast að takast á við vissar tegundir þjóðerniskenndar. Þær birtust í mismunandi myndum og á ýmsum málefnasviðum. Þetta var vonlegt. Ríkur þáttur í uppeldi og menntun fyrri áratuga hafði snúist um þjóðrækni hjá þjóðum þeim sem hér áttu um að véla eins og víðsvegar annars staðar. Þjóðernið, sjálfstæðisviðhorfið og fylgifyskar þess tortryggni í garð útlendinga og hins ókunna eru pólitískar staðreyndir í nútímanum eins og löngum fyrr.

Eitt af því sem vafðist fyrir í samningunum um EES var réttur allra ríkisborgara meðal ríkja EES svæðisins til þess að kaupa land hvar sem var innan svæðisins án tillits til þjóðernis. Hér var á ferðinni mjög mikilvægt atriði í réttarkerfi Evrópusambandsins, viðsemjanda EFTA landanna. Það var auðvelt að sjá fyrir sér að ríkir útlendingar frá ESB löndunum, Þjóðverjar, Frakkar, Bretar eða Ítalir, jafnvel Spánverjar mundu kaupa upp allt land í hverju EFTA landanna, eða allaveganna að þessu yrði haldið fram og það reyndist þá erfitt við að fást pólitískt. Öllum er líka ljóst að þeirra eigið land og jarðnæði þar er eftirsóknarverðast allra staða. Þessi staða var viðfangsefni ríkistjórna og samninganefnda EFTA landanna.

Samningar EFTA landanna við ESB um EES voru sérstæðir að því leitinu að EFTA löndin sömdu sem ein heild við ESB og töluðu sem sagt einum rómi eins og það var nefnt. Þau þurftu þannig að eiga sér sameiginlegt viðhorf og afstöðu í öllum greinum. Þau voru eitt gagnvart viðsemjendum sínum. Þetta þýddi reyndar að það fór a.m.k. jafnmikil ef ekki meiri fyrirhöfn í viðfangsefnið að ná sameiginlegri niðurstöðu um afstöðuna og samningsstöðu innan EFTA heldur en samningana sjálfa við Evrópusambandið. Þetta fyrirkomulag fól í sér bæði ákveðið haft og vissa mögu-

---

leika. Möguleikarnir fólust m.a. í því, að tækist að vinna sjónarmiði einhvers eins fylgi innan hópsins hafði það vægi hópsins alls. Ég tel að þetta hafi einmitt gagnast Íslandi vel.

Í fjölpjódlegum samningum og einkanlega eins og EES samningar voru skipulagðir er ýmsa möguleika að finna, sem samningsaðilar geta nýtt sér. Einn þeirra er að skýla sér á bak við annan. Ýmist þarf þá afstaðan ekki að koma fram eins og ég fékk ótal dæmi um í GATT samningum ellegar að menn gátu tekið ákveðið mál létt í trausti þess að annar hefði svo afdráttarlausu afstöðu að menn gætu talið sig örugga um málsniðurstöðu sér í hag á grundvelli krafts þess fyrra. Á þetta reyndi í EES samningunum. Það var rétturinn til kaupa á landi og jarðnæði sem hér kom við sögu.

Svisslendingar og Norðmenn höfðu þá afstöðu að þetta kæmi ekki til greina. Viðhorf Íslendinga, sem Hannes Hafstein, aðalsamningamaður Íslands var fljótur að finna, var sú, að þetta væri ekkert mál, öllum ríkisborgurum alls EES svæðisins skyldi vera frjálst að festa kaup á jarðnæði á Íslandi, Íslendingar mundu hins vegar strengja löggjöf sína um eignarhald og kaup á landi, þannig að kaupendur þyrftu að hafa verið búsettir í landinu í tiltekinn fjölda ára og bæði búnaðarfélög og sveitarfélög á umræddu svæði yrðu að samþykkja hugsanleg jarðakaup. Í tali manna á milli nefndu menn þetta „girðingar.“ Var sú nafngift vel við hæfi.

Landakaupamálið var Norðmönnum erfitt. Þjóðernisrembur í ríkisstjórninni þar voru fullir heilagrar vandlætningar, Noregur skyldi ekki til kaups fyrir útlendinga, náttúru- fegurðin væri ekki til sölu. Samninganefndarmenn Noregs töldu sig ráða vel við þetta. Noregur væri í góðum félags- skap, því að Sviss væri sömu skoðunar og þeir Svissararnir væru sterkastir og stærstir allra EFTA þjóðanna og mundu ráða ferð. Ríkistjórn Noregs eflidist við þetta í yfirlýsing- um sínum, fullviss um örugga stöðu í málinu. Hún mundi

aldrei samþykkja þessi landasöluákvæði, það væri prinsíp-mál, hún legði líf sitt undir um það.

Svo einn góðan veðurdag gerðist hið óvænta. Jean-Pascal Delamuraz, hinn litríki ráðherra efnahagsmála í Sviss, kúventi. Hin nýja afstaða Sviss var, að ekkert væri því til fyrirstöðu að samþykkja landeignarákvæðið. Stóð nú Noregur á berangri. Hægri stjórn íhaldsmannsins Syse sagði af sér, eins og hún hafði eiginlega heitið. Gro Harlem-Brundtland myndaði nýja ríkisstjórn og það varð henni fóttesta til stjórn-arforystu um allmörg ár, en Syse hvarf af vettvangi.

Svona geta samningstæknilegar ákvarðanir haft óvæntar afleiðingar og harla afdrifaríkar. Það er margt að gæta í samningum og best að standa sem mest á eigin fótum.

## Hvernig fékkst undanþága fyrir fjárfestingar í sjávarúvegi og er hún einhvers virði?

Sumir telja að takmörkunum á rétti erlendra aðila í EES samningnum til fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi eigi að aflétta. Morgunblaðið hefur í allmörg ár haldið þessu fram og fært fyrir því einskonar réttlætisrök, sem hafa vísað til þess að ekki væri um gagnkvæmni að ræða. Íslendingar gætu fjárfest í sjávarútvegi í ESB löndum og þessvegna sé ekki stætt á öðru en að þegar ESB landa (og þá annarra EES landa) fá rétt til fjárfestingar í hinum íslenska sjávarútvegi. Það er svo ekki að efa að mörg stór fyrirtæki í sjávarútvegnum eru löngunarfull um að ná í áhættufjármagn erlendis frá. Nú síðast hefur umrót í orkugeira og væntanlegar, ellegar frágengnar, fjárfestingar bandaríks fjárfestis orðið viðskiptaráðherra tilefni til þess að setja á dagskrá hvaða reglur skuli gilda um fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi og var þá ekkert undanskilið og íað að því að sjávarútvegur væri þá þar undir til skoðunar.

Þetta má gefa tilefni til þess að líta á hvernig þetta ákvæði í samningnum er til komið og reyndar ekki síður hvernig til þess var stofnað og á hvaða forsendum það er reist.

Pólítískt töldu íslensk stjórnvöld nauðsynlegt að erlend fjárfesting í sjávarútvegi væri takmörkuð. Yfirráðin yfir

### 39. HVERNIG FÉKKST UNÐANÞÁGA FYRIR FJÁRFESTINGAR Í SJÁVARÚVEGI OG ER HÚN EINHVERS VIRÐI?

---

auðlind sjávar var mikilvægt pólitískt markmið. Verkefni samninganefndar Íslands lá því ljóst fyrir.

Samninganefndin lagði upp með að í EES samningunum ætti að gilda fríverslun með fisk. Þetta fékkst ekki samþykkt, enda fólst eiginlega í því krafa um að ESB léti af hinni sameiginlegu sjávarútvegsstefnu sinni. Þegar kom svo að kröfu Íslands að um fjárfestingar í sjávarútvegi gildi undanþága frá hinum almennu reglum um fjárfestingar og frítt flæði fjármagns voru rökin skýr. ESB rekur sína „sameiginlegu sjávarútvegsstefnu“. Hún felur m.a. í sér ýmiskonar styrki og ákvæði sem hindra fríverslun, sem var okkar krafa. Styrkirnir sérílagi sjá til þess, þótt ekkert annað kæmi til, að hér getur ekki skapast jöfn aðstaða milli íslenskra útgerðarmanna og útgerðarmanna í ESB, reyndar svo fráleitlega að útgerðarmenn í ESB mundu þá í skjóli styrkja geta sótt inn í íslenskan sjávarútveg, sem engra styrkja nýtur. Þessi rök urðu ekki hrakin. Grundvallarforsendan um jafna aðstöðu varð nefnilega að vera fyrir hendi til þess að hið sama ætti að gilda gagnkvæmt. Og þá er rétt að tekið sé eftir því að í öllu samningaferlinu var kristalskýrt að ESB veitti engar undanþágur, bara aðlögun. Ákvæðið um undanþáguna í fjárfestingu í sjávarútvegi ber að skoða í því ljósi. Hún er einstök. (Noregur hljóp svo upp á vagninn).

Í samningunum um stækkun ESB í sambandi við aðild 10 nýrra landa að ESB, sem ég veitti forstöðu fyrir Íslands hönd, var sótt hart að okkur af hálfu ESB um að undanþágan frá fjárfestingu í sjávarútvegi yrði afnumin. Hún var skjótlega skotin í kaf með sömu röksemdum og fyrrum.

Nú, þegar þetta málefni virðist vera til umfjöllunar, er ekki úr vegi að hafa eftirfarandi í huga.

- 1) Röksemdin fyrir undanþágunni er sterk og heldur sínu gildi. Undanþágan er einstök í EES samhengi og því ekki léttvæg.



- 
- 2) Samningamenn ESB hafa staðfest mikilvægi hennar með ítrekuðum óskum um að henni verði aflétt.
  - 3) Ef til greina kæmi að aflétta henni við núverandi aðstæður, þá verður að hafa hugfast að hún mjög verðmæt og ætti að mega ætla sér mikils í móti af hálfu ESB. Þess vegna mætti alls ekki láta möguleikann í ljósi opinberlega, þótt eitthvert nefndarkrili hefði löngun til þess..
  - 4) Í hugsanlegum, en líklegum, samningum um aðild að ESB yrði, að ætla má af okkar hálfu, sóst eftir virkum yferráðum okkar yfir sjávarauðlindinni. Fjárfestingarákvæðið kæmi þá upp og yrði líklega mjög nothæft fyrir Ísland í samningsstöðu sinni, nefnilega sem eitthvað sem landið léti af hendi til þess að tryggja mikilverðari atriði.



## It is only a game

Prodi hét hann og var forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hann var líka um hríð forsætisráðherra Ítalíu. Þetta var rúnnaður karl, ekki tegldur af gymnum eða leikfimi, en alls ekki holdugur. Hann bauð af sér góðan þokka, var notalegur í viðkyrningu og mjög ljúfmannlegur.

Mér leist strax vel á hann þegar við hittumst. Mér hafði skilist að formennska hans í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefði gengið nokkuð vel. Hann var glaðlegur að sjá þegar við hittumst. Ég held að það hafi verið að eðlisfari frekar en að honum þætti gleðiefni að fá að hitta mig. Allavega endurgalt ég bros og kæti að fá að ná þessum fundum.

Erindið á fund forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, nefnilega þetta, sem ég er að rifja upp, var mjög opinbert, svona næstum eins og að hitta þjóðhöfðingja, sem hann ekki var, en hliðstætt að því leytinu að ég sem nýr sendiherra eða í þessu tilviki með hliðstæðan sess því að fastafulltrúinn sat sem sagt í samskonar sæti eins og sendiherra, en í tilviki alþjóðasamtaka undir þessum titli. Í reynd eiginlega enginn munur.

Sem ég sem sagt er mættur þarna með skilríki mín og skilaboð frá íslenskum yfivöldum að ég sé til leiks mættur sem fullgildur fulltrúi Íslands gagnvart Evrópubandalag-

inu hefst samtal okkar Prodi's eins og gert er ráð fyrir. Ég hafði verið sendur til starfsins á sérstökum tímum þegar Evrópusambandið gerði m.a. miklar kröfur til EFTA landanna um fjárframlög í byggðasjóði ESB í sambandi við samningana um útvíkkun ESB, þegar allmörg lönd Mið- og Austur-Evrópu gengu í ESB.

Hér var margt í húfi fyrir Ísland og samningar um það framundan, en fyrst varð að ráðast á peningakröfurnar í styrktarsjóðina af hálfu ESB á okkur sem einu af EFTA löndunum.

Áður en kom til þessa fundar míns með forseta framkvæmdastjórnar ESB hafði ég ásamt tilteknu úrvalsliði (af því að við værum með þetta í blóðinu, eins og sagt var) verið sendur í ýmsar höfuðborgir ESB ríkja til að koma á framfæri mótmælum við þeim kröfum sem ESB hefði sett fram um fjárframlög frá okkur í þessu samhengi. Allt var það hið besta mál og undir öruggri stjórn Grétars Más í utanríkisráðuneytinu. Kannske fékk ég stóran skammt því að hann treysti mér.

Þegar ég mætti hjá hæstráðandanum Prodi var ég allavega æfður og var ekkert að tvínóna við verkefnið, nefnilega að útlista hversu fráleit hugmynd ESB um framlag Íslands væri og hélt um það góða tölu og taldi fram okkar rök.

Þegar ræðusnilld mín náði hæstu hæðum og röksemdafærslan eins pottþétt og tilfinningaþrungin og hugsast gat, þannig að ég sá að Prodi var að láta sannfærast, þá leit hann á mig blíðlega og sagði: „But it is only a game.“

## M C í öðru

Einu sinni þegar ég átti erindi á fund í höfuðborg Bandarík-anna, Washington, fékk ég talið dóttur mína og tengdason á að senda mér til samlætis elsta son þeirra, Kára, yfir þver Bandaríkin til samfunda við afa sinn í nokkra daga. Það var nokkuð langt milli heimilis afans og afabarnsins, því að afinn bjó í Genf í Sviss, en afabarnið í Kaliforníu. Þess vegna var um að gera að leita að möguleikum til þess að hittast. Þessar samvistir okkar Kára reyndust mjög skemmtilegur tími.

Fundurinn sem ég sótti var á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og var ég fulltrúi EFTA á fundinum. Þarna hittist fólk hvaðanæva að úr heiminum. Þetta var meiriháttar ráðstefna. Aðalfundarsalurinn var stór og mikilfenglegur og þar héldu aðalleikendurnir ræður sínar. Umræðuefnið varðaði alla heimsbyggðina, efnahagsstefnu og efnahagsstjórn, þróunarhjálp, fátækt og fjármagnsflæði, frjáls viðskipti, vaxtastig, gengisstefnur og efnahagslegan stöðugleika. Þetta voru mjög áhugaverðar umræður og sumt í þeim þótti mér býsna athyglisvert og nýtilegt. Í hliðarherbergjum voru svo smærri umræðuhópar, sem ég ýmist hafði ekki aðgang að eða lét mér fátt um finnast. Svo voru þarna bankastjórar af öllum gerðum: seðlabankastjórar, viðskipta-

bankastjórar, þróunarbankastjórar. Allir virtust þeir keppast við að setja á fundi sín á milli og vafalaust gerðu þeir góð kaup hver hjá öðrum. Ábúðarfullir voru þeir að minnsta kosti á hlaupum sínum fundarstaðanna á milli.

Þetta var auðvitað allt um garð gengið, þegar Kári, dóttursonur minn steig út úr flugvélinni í Washington D.C., tíu ára gutti með spjald um hálsinn. Það urðu fagnaðarfundir. Við áttum eftir að eiga nokkra eftirminnilega daga saman í borginni og skoða margt markvert. Við heimsóttum Lincoln Memorial, gengum Mallinn enda á milli, virtum fyrir okkur nálina, litum á vegginn með nöfnum þeirra bandarísku hermanna sem dóu í Viet Nam stríðinu, virtum fyrir okkur Hvíta húsið og byggingar þingsins og hæstaréttar. Við prófuðum líka neðanjarðarlestina, nösuðum af Smithsonian safninu og skoðuðum styttuna hans Alberts Einstein. Okkur gekk þetta allt ljómandi vel.

Þetta var fínt hótél sem við bjuggum á. Kári tók að sér að halda bókhald yfir minibarinn og velja handa okkur morgunverð, sem við fengum alltaf sendan upp á herbergið. Við notuðum líka helst límósínur sem hótelið útvegaði frekar en venjulega taxibíla.

Það var víst á öðru kvöldi, sem ég stakk upp á því að við skyldum fara niður á restórantinn á hótelinu og fá okkur að borða, en fyrsta kvöldið létum við bara senda okkur snarl á herbergið. Kára leist ekki allskostar á uppástungu mína, taldi restórant hótelsins alltof fínan með dúka á borðum og allskonar stásslægheit. Ég fann það til ráða að segja reseptioninni hvernig staðan væri, stráksi vildi frekar borða á simplari stað en þarna væri að hafa. Þeim kom það ekki á óvart og sögðust vita nákvæmlega hvað ætti við í okkar tilfalli. Það væri staður sem nefndist Planet Hollywood. Það væri einmitt staðurinn fyrir svona stráka, alveg toppurinn, það mundi sko ekki bregðast að fara þangað. Þetta lá greini-

---

lega alveg beint við. Málin leyst. Maðurinn í reseptioninn dreif í að panta borð og útvega bíl til ferðarinnar á staðinn. Við þökkudum innilega fyrir hin góðu ráð og vasklega framgöngu hótelsins. Mér var létt að þetta hefði leysts svona auðveldlega og við Kári brunuðum af stað í léttu skapi.

Ég sá það um leið og komið var á staðinn að hann væri greinilega ætlaður ungu fólki til þess að kynda undir ímynd-unaraflið og upplifa draugalegar stemningar. Hér var augljóslega verið að höfða til ýmissa ævintýra og sjónvarpsþátta, sem ég ekki þekkti. Eftirlíkingar köngulóarvefja hingu úr loftum og skúmaskotum. Áminningar um hryllingssögur sýndust áberandi. Hávær poppmúsík glumdi í eyrum.

Ég varð þess strax var að Kári væri ekki sérlega uppnuminn yfir staðnum. Hvað sem því leið, pöntuðum við málsverð hjá þjóninum sem birtist næsta jafnskjótt og við höfðum komið okkur fyrir. Hvorugum okkar þótti maturinn sérlega lystugur og samtal okkar gekk frekar stirðlega, af því að við áttum erfitt með að heyra vel í hvor öðrum fyrir hávaðanum í glymskröttunum. Það leit ekki út fyrir að til-laga hótelsins reyndist eins vel heppnuð og látið hafði verið í veðri vaka. Ég sá það æ betur að stráksa fannst umhverfið leiðinlegt og músíkin höfðaði ekki til hans. Þessir hryllings- og monsterastælar voru ekki „his cup of tea.“ Músíkin virtist beinlínis angra hann, rétt eins og mig. Ég þóttist merkja að Kári væri búinn að hrista af sér staðinn og músíkina og kominn með hugann við eitthvað allt annað. Það kom í ljós að ég hafði rétt fyrir mér, því að eftir drygklanga þögn og nokkuð þungbrýnn, sagði Kári:

„Heyrðu afi, hvað er aftur c-ið í mc í öðru?“

Þá var nú gott að afi gamli kunni eðlisfræðina sína.





## Kvöld í Singapur

Ég var þreyttur og lúinn þegar ég tékkaði inn á hótelið í Singapur. Flugíð frá Genf hafði að vísu verið án millilendingar, en það var nokkuð langt. Ég hafði heldur ekki verið í skapi til þess að sofa. Það var svo margs að njóta á flugleiðinni. Singapore Airlines var talið þjónustubesta flugfélag í veröldinni. Það var stjánað við mann. Sætin í sparihólfinu voru mjög rúmgóð og notaleg. Maturinn sem fram var borinn var gómsætur, eiginlega gúrme. Flugfreyjurnar snerust í kringum mann, tunguliprar, vel gefnar, fagurlimaðar og fallegar. Singapore Airlines vandaði greinilega valið ekki bara á mat heldur líka á freyjunum. Ég hafði heldur ekki staðist mátið eftir smáblund að loknum kvöldverði heldur þokað mér upp á barinn á efra dekki. Þar naut ég gestrisni og samræða við tvær flufreyjanna góða stund. Þær sögðu mér sögur af sjálfum sér og drógu upp spilastokka flugfélagsins þar sem þær sjálfar höfðu verið myndefni í fínu búningunum sínum. Spilastokkana átti ég lengi en er núna búinn að týna.

Hótelið var fyrsta flokks og vel tæknivætt, eins og ég átti líka eftir að komast að sem næsta algildu í þessari landborg, landi sem er í rauninni bara borgin. Þarna kom í ljós að tyggjó væri bannað, að sá sem ók á grænu ljósi út í gatnamót

án þess að komast yfir þau hlyti sekt, að neðanjarðarjárnbrautin væri loftkæld eins og reyndar líka göngugötur á móts við aðra hæð verslunarhúsanna, hafin yfir umferðarstrætin.

Erindið til Singapúr var að sækja fund hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni, World Trade Organisation, eða WTO eins og hún var nefnd í daglegu tali. Sem framkvæmdastjóri EFTA var ég fulltrúi samtakanna á fundinum. Það lá fyrir að þarna yrði ekki síst tekist á um hugverkarétt. Ríku löndin höfðu mikilla hagsmuna að gæta á þessu sviði.

Það var notalegt að vera kominn á hótél og ég hlakkaði til þess að fá að láta líða úr mér og fá ærlegan nætursvefn. Ég var búinn að taka upp úr töskunum og lagstur í rúmið með góða bók sem ég gerði ráð fyrir að mundi fljótlega leiða mig inn í svefninn. Ekkert er betra en að sofna frá góðri bók. Þetta ætlaði einmitt að rætast. Það sótti að mér svefnhöfgi. Ég bjó mig undir svefninn. Á náttborðinu var tæki sem sýndi að með því mætti stjórna sjónvarpi og ljósum í herberginu. Ég þrýsti á hnappinn sem sagðist mundu slökkva ljósin og það gerðist eins og hendi væri veifað. Svo liðu nokkrar sekúndur og þá kviknuðu ljósin aftur. Þetta var skrítið. Ég hlaut að hafa fipast eitthvað.

Og ég ákvað að vanda mig betur. Ýtti hægt og ákveðið á hnappinn góða, en allt fór á sömu leið, ljósin slokknuðu en kviknuðu skömmu síðar aftur. Þriðja tilraun fór á sömu leið. Þá ákvað ég að hringja í receptionina.

„Ég get ekki slökkt ljósin.“

„Hvað meinarðu, finnurðu ekki takkann?“

„Það er ekki málið, ég finn takkann, en ljósin slokkna ekki.“

„Ertu eitthvað ruglaður. Við skulum senda ‚room service‘ til að hjálpa þér.“

Skömmu síðar bankaði lítil kínversk kerling á dyr og

---

kynnti sig sem „room service“.

„Very simple“ sagði hún og arkaði að tækinu á náttborðinu og ýtti á takkan góða og ljósinn slökknuðu. Svo flýtti hún sér áleiðis út greinilega ekki á sama um þennan karlfausk sem stóð þarna á náttfötunum og hrópaði ekki fara strax.

„Wait just a moment.“ Og sem sú kínverska stóð þarna í dyragættinni með aðgátina á fullu, kviknuðu ljósinn aftur. Hún endurtók tilraunina í tvígang en alltaf með sömu niðurstöðu.

„I talk to reception“ sagði frúin og jafnhenti símann og gaf skýrslu um ástandið til þeirra þarna niðri. „Þeir senda rafvirkja“ sagði frúin og hraðaði sér í burtu. Svo leið tíminn og hálf tíma síðar var bankað. „This electrician“ sagði rámm karlmansrödd. Eftir nokkrar tilraunir af sama tagi og fyrr kom úrskurðurinn. „Apparatið bilað. Sæki nýtt.“ Svo hvarf rafvirkinn í annan hálf tíma. En birtist þá með nýtt apparat í stað þess fyrra á náttborðinu. Og nú var prófað að nýju en allt fór á sömu leið. Ljósinn slökknuðu, en kviknuðu að nýju eftir skamma stund. Mér var nú farin að leiðast biðin og langa æ meira til þess að fá að hvíla mig í friði. Rafvirkinn klóraði sér dágóða stund í hausnum en kom svo með lausnina.

„Ég skrúfa úr perurnar. Allar nema eina sem þú getur lesið við þarna yfir rúmgaflinum og svo þegar þú vilt fara að sofa skrúfar þú hana úr líka.“ Algjört snjallræði. Rafvirkinn fór upp á stól til að ná loftljósinu og eltist við perur í standlampa, borðlampa og í baðherberginu og allt gekk þetta að óskum. Svo kvaddi hann með virktum.

Ég var feginn að fá nú loksins að halla mér. Eftir stutta lesstund var ég tilbúinn í svefninn og skrúfaði úr síðustu peruna samkvæmt fyrirmælum rafvirkans. Um leið og ég lauk því kvað við ærandi hávaði: Píp, píp, píp ... Það var tækið á náttborðinu sem mótmælti kröftuglega með þessum

ópum. Mér leið eins og ég væri staddur í gamalli Chaplin-mynd. Tæknin ærir manninn.

Ég hringdi á receptionina og bað um annað herbergi. Þar náði ég loks friði til að sofna.

Og fundurinn hjá WTO, já hann skilaði litlum árangri. Skrefin í alþjóðasamvinnu eru oft stutt.

## Gjöfin frá Berlusconi

Í stofunni minni á einni hillunni er skrautmunur, sem minnir á stytur á torgum stórborga af liðinna alda hetjum, vígalegur karlmaður á hesti sínum. Þetta er fallegur gripur og að baki hans er saga, fyrst og fremst úr mannkynssögunni, en líka fyrir mig. Þessi kjörgripur er úr gjafakistu, þar sem meðal annars mátti finna fallega bók sem hefur búið sér góðan stað í bókahillunni á því svæði sem nú nefnist stundum skrifstofa mín. Bókin er þykk og stór og ber virðulegan titil, „L’Italia si recontra“. Hún er þökkuð inn í veglegan kassa úr gagnsæju plasti og er mjög falleg og eiguleg eins og stytta af hetjunni á hestinum. Bókin kynnir hina óviðjafnanlegu Ítalíu með fallegum hætti. Það er lítill málmskjöldur á bókinni sem ber með sér ártalið 2003 og tilvísun í Evrópusambandið. Í formála bókarinnar er efni hennar og nálgunin á viðfangsefninu kynnt, og segir að Ítalía einkennist af aldalangri sögu, listum, menningu og hefðum og bókinni sé ætlað að kynna Ítalíu á þessum forsendum með ljósmyndum. Á gjafakorti sem fylgir er virðulegt innsigli sem orðast svona: „Presidenza del Consiglio del Ministri“ og þar segir að bókinn sé gjöf frá Prime Minister Silvio Berlusconi til ráðherra sem mæti á meiriháttar atburði undir forsæti Ítalíu í Evrópusambandinu. Ef ég skoða kynningu sem fylgdi

hetjunni á hestbaki, segir þar að gjöfin sé gefin í tilefni af ráðherrafrundi um neytendamál í Róm dagana 20. og 21. nóvember 2003. Hetjan heitir Marco Aurelio 161 til 180 D.C. og hér er á ferðinni bronskópía eftir frummynd frá II öld D.C. segir þar. Af styttni er sögð sú saga að árið 1537 hafi Páll páfi III Farnese falið Michelangelo að flytja hana frá Lateran á Campidoglio torgið. Síðan segir að öldum saman hafi trú manna verið að styttnan sýndi Constantino, fyrsta kristna keisarann og þessi trú manna hafi forðað styttni frá eyðileggingu.

Allt er þetta mjög fróðlegt og gaman að fá að kynna sögu þessarar ágætu afsteypu. Ég á hins vegar eftir að gera það upp við mig hvaða boðskapur felst í sögu styttnar og kappans á baki hestsins eða hvernig misskilningur varð listaverkinu til bjargar og hvernig túlka eigi það allt saman sem innlegg í formennsku Ítalíu í Evrópusambandinu. Hitt sést vel, að Berlusconi vildi gera vel við og sýna myndarskap við fulltrúana á ráðherrafrundinum. En verkið er fallett og ber listmanninum sem gerði það fagurt vitni og þar með ítalskri menningu, sögu og listfengi.

Hér er líklega rétt að skjóta því inn, að sendiherrar geta lent í að gegna ráðherrafrundum á alþjóðlegum fundum. Þar eð gjöf þessi hefur lent hjá mér er það til vitnis um að ég hafi verið ráðherraígildi á nefndum fundi.

Ekki er ætlunin að rekja neitt frekar efni fundarins né gera skil á almennri veislugestrisni þeirra ítölsku, sem var reyndar mjög góð. Samt er sagan alls ekki að öllu sögð af mínum sjónarhóli. Berlusconi var nefnilega svo gjafmildur að það veitti mér óvænt tækifæri til kynna sem voru skemmtileg og áttu eftir að reynast gagnleg.

Berlusconi lét nefnilega ekki staðar numið í gestrisni sinni við bronstyttnu af verulegri þyngd og myndabók sem er af gerðarlegustu tegund og vegur eftir því, heldur bætti í gjafa-

---

pokann fjórum vínflöskum ítalskra vína. Gerðist því skilnaðargjöfin bæði harla þung og gerði kröfu til þess að viðtakandinn gætti fengsins vel og bæri hann brothættan og allþungan eigin hendi og þar með inn í farþegarými væntanlegrar flugferðar.

Það heyrir nú til sögunnar að ráðherrar og diplómatar fá svonefnda VIP meðferð á flugvöllum nema þeir biðjist undan því. Undanþága kemur varla til greina fyrir ráðherra eða ígildi þeirra, enda jafnvel móðgunartilefni ef um slíkt er beðið. VIP meðferðinni fylgir að viðkomandi er á höndum borinn við innritun en er á hinn bóginn eiginlega fangi gestgjafanna, settur í sérstaka álmu eða herbergi fyrir svoleiðis gesti, sem gjarnan býður upp á góðar veitingar. Á hinn bóginn þýðir þetta stundum að gestinum sé ætlað að stunda samræður við fulltrúa siðameistaraembættis sem þarf ekki alltaf að vera það skemmtilegasta sem menn geta óskað sér. Hvað um það, mér sem ráðherraígildi var veitt þessi þjónusta og komið fyrir í huggulegu herbergi, en íðilfögur ítölsk mær tók af mér passa og farseðil til þess að koma í kring öllu sem gera þurfti til þess að komast í flugið út úr landinu. Ég var ekki einn um að bíða í þessari huggulegu VIP umsjón eftir því að fara í flug til Brussel, en þar var þá starfstöð mín sem sendiherra. Þarna var líka framkvæmdastjórnarmaður ESB, svonefndur commissar. Við skiptumst á nokkrum orðum í biðinni. Hann var Íri, Barnier að nafni, og sérlega viðfeldinn. Það var auðvelt að tala um sameiginlega arfleifð, ég spyr ekki að þegar nafn manns, Kjartan, er rakið til Írlands. Báðir tókum við svo skýrt og greinilega fram við fulltrúa prótókollsins, konuna snotru, að við vildum hvor um sig fá sæti við gang í flugvélinni. „No problem“, var svarið hiklaust og undir fallegu brosi.

Svo leið og beið. Við vorum greinilega svo mikilvægir að við mættum ekki blandast óbreyttum farþegum, vorum

þó báðir á economy class. Um það bil 5 mínútum fyrir brottför birtist ítalska gyðjan með vegabréfin okkar og brottfararspjöld. Hún var jafnframt vel akandi á rafmagnsvagni. „Er þetta gangsaeti, sem ég hef fengið?“ „Of course“ sagði sú ítalska brosaandi. Commisarinn og ég vorum umsvifalaust drifnir af stað í átt að farartækinu. Við burðuðumst því áleiðis með gjafapokann frá Berlusconi til viðbótar við venjulegan handfarangur, níðþungar skjalatöskurnar með verkefnum til úrlausnar fyrir næsta dag.

Brunað var að inngangi í vélina. Allir „venjulegir“ farþegar voru augljóslega komnir í sæti sín. Sérstök trappa var okkur ætluð til inngöngu. Vagn ítölsku vinkonu okkar staðnæmdist þar. Við klifum upp aðgangströppur og seig nú gjafpokinn æ meir í. Barnier, framkvæmdastjórnarmaður ESB var í humáti á undan mér upp tröppurnar.

Flugfreyjan sem bauð okkur velkomna um borð var hin elskulegasta. Sligaður undan byrði minni spurði ég hvort hún vildi ekki vera svo vinsamleg að varðveita gjafapokann frá Berlusconi fyrir mig. Það var auðfengið. Sem commisarinn, sem hafði verið á undan mér inn í vélina heyrði þetta, sneri hann sér við og sagði: „Og þá kannske fyrir mig líka“ og létti honum greinilega við að losna þannig við pokann.

Síðan var spurningin um að koma sér í sætin. Við fengum sæti framarlega, sem þykir víst fínt, en ekki við gang, heldur hlið við hlið, hann við glugga og ég í miðjunni. Þetta voru þröng sæti og commisarinn með skjalatöskuna milli fóta og illa klemmdur. Við sátum þarna eins og sardínur í dós og ekki bætti úr að í sætinu fyrir framan Barnier var þungaviktarmaður sem knúði sæti sitt vel aftur í fang commisarsins. Ég svipaðist um í flugvélinni. Hún var langt frá því að vera fullskipuð. Það voru mörg sæti laus. Ég hóaði í eina flugfreyjuna, bar mig illa og benti á sessunaut minn í vondri klemmu. „Það fer illa um okkur hérna eins og þú sérð. Ég



---

sé að það eru allavega tvö gangsaeti laus herna eilítið aftan við okkur, annað aftan við hitt. Megum við ekki flytja okkur þangað? Við þurfum ekkert endilega að sitja saman, þótt við eigum margt sameiginlegt og prótokollið hafi verið svo hugulsamt að koma því þannig fyrir.“ „Ha, já,“ sagði freyjan, „já endilega ef þið viljið það.“ Við vorum fljótir til að flytja okkur um set og vörpuðum báðir öndinni léttar. Þegar vélin hafði tekið sig á loft, sneri Barnier sér í sæti sínu, þar sem hann sat fyrir framan mig og sagði: „Mikið er ég þér þakklátur fyrir framtaksseminu og að gera flugferðina bærilega. Þú kannt greinilega að ota þínum tota og ná fram vilja þínum. Þakka þér fyrir þetta allt saman, en ég ætla að hafa varann á ef ég þarf að semja við þig.“

Mér fannst gaman að þessu tilsvári Bonniers og tók það sem hrós. Ég átti hins vegar ekki von á því að lenda í neinum samningum við hann . . . og hann líklega ekki heldur við mig, held ég. Utanaðkomandi atburðir, örlög segja sumir, geta breytt því sem menn eiga von á. Það reyndist nefnilega svo að nokkrum vikum síðar var ég með vandamál á herðum sem varðaði íslenska hagsmuni og var á valdsviði commissarsins Barnier. Ég lét hringja í skrifstofu hans með ósk um símaviðtal. „Verður athugað“ var fyrsta svar. Daginn eftir var sagt að ég gæti borið málið upp við undirlyllu. Þá svaraði ég því til að málið hefði greinilega ekki verið borið upp við commissarinn, við værum í vinasambandi og ég tæki ekki annað í mál en að ræða við Barnier sjálfan, Skilaboðin voru: „Berið honum kveðju frá ambassdor Jóhannssyni frá Íslandi.“ Skömmu síðar hringdi commissarinn til baka. Viðunandi úrlausn fékkst. Svona geta tilviljanir orðið manni hjálplegar.



## Og svo pelsinn

Við hjónin vorum að undirbúa okkur til heimferðar um jólin. Sendiherrastarfið í Brussel var skemmtilegt en jafnframt erilssamt. Við hlökkuðum til jólafrísins. Það var þá sem einn af mínum ágætu samstarfsmönnum, Þóra Magnúsdóttir, birtist á skrifstofu minni með drjúgan burðarpoka og tilkynnti heldur glaðhlakkalega: „Jæja, þá tekur þú þessa sendingu með þér til Íslands. Þín ferð er sú fyrsta eftir að ég lauk erindinu með skiptin.“ Ég kom alveg af fjöllum. „Já það er þetta með pelsinn,“ sagði Þóra eftir að ég starði framan í hana eins og naut á nývirki. En þetta var einmitt málið. Þóra upplýsti mig um aðdragandann og stöðuna.

Aðstoðarmaður utanríkisráðherra hafði verið á ferðinni í Brussel fyrir skömmu, vitanlega í mikilvægum erindagerðum og hafði þá fundið sér tækifæri til þess að kaupa pels á eiginkonu sína. Þá hafði svo illa viljað til að ráðherraráðunauturinn hafði greinilega látið ógert um nokkra hríð að taka utan um konu sína, ellegar kunni illa að nema brjóst- og mittismál, þannig að hann hafði keypt alltof lítinn pels á sína heittelskuðu. Þetta hafði náttúrlega uppgötvast þegar sú frúin reyndi að komast í pelsinn heima á Íslandi. Eilittlu síðar hafði Þóra verið í erindagjörðum á Íslandi og var henni þá falið að skipta pelsinum yfir í stærra númer, sem rúma

mundi ráðherraráðunautsfrúna. Þóra tók verkefnið vitanlega að sér í þágu lands og þjóðar, þótt nokkuð fötluð væri og stirðfær til gangs og burðarlítill. Þóra hafði svo lokið verkefninu, komið pelsinum aftur til Belgíu, farið og fengið honum skipt upp í stærra númer og bar hann nú í skjóðu sinni, eins og áður getur inn á skrifstofu til mín til framhaldsfyrirgreiðslu. Ég verð að viðurkenna að mér fannst þetta sendiherraverkefni, nefnilega að koma pelsinum til Íslands, nokkuð sérstætt, og það kveikti þessvegna líklega svolítið í stráknum í mér.

Ég tók vitaskuld við pokanum með pelsinum úr hendi Þóru með virðingu og viðurkenndi að miklu gæti skipt að koma þessari sendingu heim fyrir jólin. Þó sá ég á því vissa annmarka. Fyrst varð þá fyrir að hafa samband við ráðuneytisstjórnann í Utanríkisráðuneytinu, minn ágæta vin, Grétar Mái Sigurðsson. Í símtali tjáði ég honum að nú væri ég í klemmu, því að aðstoðarmaður ráðherra vildi að ég ferjaði pels til Íslands, en eins og Grétar mætti vel skilja yrði eiginkona mín, Irma, í pels á þessum árstíma. Sagðist ég ekki vilja lenda í klandri á Keflavíkurflugvelli út af því að við værum með tvo pelsa, einn á eiginkonu minni, og hinn í innkaupapoka. „Þú verður að tala við Jóa Ben“ sagði ég, en Jóhann Benediktsson var þá lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, „og sjá til þess að okkur verði hleypt í gegn með þetta“. Eftir drygklanga þögn sagði Grétar: „Ég tala ekki við Jóa“ og ég gerði enga athugasemd við þessi viðbrögð hans.

Flugferðin heim gekk vel. Pokinn með pelsinum var vel varðveittur og Irma hélt á honum í gegnum hverskonar þrengingar. Loks var lent á Keflavíkurflugvelli. Þetta var nokkuð seint um kvöld. Við hjónin vorum í léttu skapi, bæði vegna þess að vera nú komin heim og svo vegna góðra veitinga í flugvélinni.

Kemur nú að tollgæslunni. Ungur og vörpulegur maður

---

vindur sér að okkur og tilkynnir að hann vilji fá töskurnar okkar í gegnumlýsingu. Lyftir hann svo sjálfur töskunum tveimur upp á færiband og Irma kurteisín uppljómuð snýr sér að honum með þakklæti:

„En falletg af þér að lyfta töskunum upp á bandið og taka ómakið og erfiðið af okkur gamlingjunum.“ Töskurnar runnu greiðlega úr gegnumlýsingunni og tollvörðurinn var skjótur til verka.

„Ég vil fá að skoða í þessa tösku“ sagði hann og benti á aðra þeirra. „Gera svo vel að fylgja mér á bak við tjaldið hérna.“ Ég tók því ljúfmannlega og tollvörðurinn bar töskurnar tvær inn á hið afvikna athafnasvæði.

„Opna þessa tösku“, sagði hann og virtist heldur breikka á þverveginn.

„Það eru tveir pakkar af sígarettum í töskunni, en þið hafið tekið fullan skammt í fríversluninni.“

„Mér þykir fyrir þessu“ sagði ég „en þetta er taska konunnar. Ég vissi ekki af þessum sígarettum og tók því alveg grunlaus lengjurnar tvær eða fullan skammt fyrir okkur bæði í fríhöfninni.“

„Best að líta í hina töskuna líka“ sagði tollvörðurinn.

„Ég pakkaði hana sjálfur“ sagði ég, „það eru engar sígarettur þar.“

„Beta að tékka á því“ sagði hann. Í minni tösku fundust vitaskuld engar sígarettur.

„Þetta er náttúrlega alveg óvart og hreinn misskilningur hjá mér, viltu ekki vinsamlegast hirða þessa tvo p akka og koma þeim fyrir kattarnef eða gera þá upptæka.“

„Þetta er lögbrot“ var svarið.

Tollverðirnir höfðu greinilega verið athafnasamir þetta kvöld og myndaðist biðröð fyrir aftan mig í athafnarými þessarar sérstöku skoðunar handan tjaldsins. Gerðist nú órólegt í röðinni fyrir aftan mig, þangað sem einum þremur

öðrum grunuðum hafði verið vísað. Glumdi þá í einum óþolinmóðum fyrir aftan mig í röðinni:

„Ætlar þú að taka manninn fyrir tvo pakka?“

„Það eru lög í landinu“ var svar hins breiðleita tollvarðar.

„Fylgja mér“ var næsta skipun. Var ég svo leiddur að tjaldabaki til ungmennis, sem sat við tölvuskerm á skrifborði við hátt afgangsluborð.

„Kennitala, takk.“

Ég þuldi hana og hún var slegin inn. Svo kom bið. Tölvustjórinn rýndi í upplýsingarnar sem birtust um hinn seka.

„Augnablik“ sagði rýnirinn og vatt sér afsíðis, en kom að vörmu spori til baka.

„Við ætlum að sleppa þessu.“ Gekk ég nú hreinsaður sakargifta undir töskunum tveim léttur í skrefi þaðan á braut.

Daginn eftir sá ég til þess að pokanum með pelsinum yrði komið á skrifstofu ráðherra í ráðuneytinu. Jafnframt hringdi ég á skrifstofu ráðuneytisstjórans, sem reyndist upptekinn svo að ég talaði við ritara hans. „Viltu vinsamlega segja Grétari Má að ég hafi verið tekinn í tollinum á Keflavíkuvelli. Hann hefur kannske samband við mig við tækifæri.“ voru skilaboðin sem ég bað fyrir til ráðuneytisstjórans. Seinna um daginn hringdi Grétar svo í mig þar sem ég var staddur hjá Eymundsson í jólabókakaupum og var greinilega nokkuð niðri fyrir.

„Varstu virkilega tekinn í tollinum?“

„Já, en það bjargaðist. Farðu bara að undirbúa jólin.“ Ég lét hins vegar ósagt að ég hafði áður en upp var lagt frá Brussel litið á innihaldsmiðann innan á pelsinum og lesið þar: 90% acryl og 10% bómull.

## Vantar betri samningamenn

Í Morgunblaðinu hinn 14. júní s.l. birtist greinarkorn sem bar þessa yfirskrift. Þar er ráðist að starfsmönnum utanríkisþjónustunnar og gefið í skyn að þeir séu lélegir samningamenn og finna þurfi aðra betri.

Rífaðist þá upp fyrir mér sagan af samningatækni fulltrúa Íslands og hvers kyns viðmóti þeir mættu í heimalandinu eftir frágengna samninga. Hún var efnislega svona: Eftir að samningamaður Íslands hafði náð öllu sínu fram og mót-herjar lágu næsta blóðugir og örmagna eftir í herberginu, þá sættu landar samningamanns Íslands sig ekki við annað en hann stæli líka veskinu af mótherjunum svona á leiðinni til dyra.

Hvað sem sögum líður, táknrænar sem þær eru, verð ég að segja að reynsla mín og upplifun er í stíl við þessa sögu. Í þau sextán ár sem ég starfaði í utanríkisþjónustunni og í forsvari fyrir EFTA mátti ég ítrekað og ævinlega heyra aðdáun og jafnvel öfund annarra á frammistöðu Íslands og þeim samningsniðurstöðum sem Ísland náði. Erlendir blaðamenn dáðust að árangri Íslands bæði í EES samningunum og samningunum sem fylgdu útvíkkun ESB til austurs. Samningamenn annarra þjóða í þeim samningum áttu stundum erfitt með sig þegar þeir sáu hverju Ísland var að ná fram.

Þótt til siðs sé í umræðunni á Íslandi að gera lítið úr utanríkisþjónustunni og telja hana ýmist óþarfa eða til lítils, er reynslan önnur. Má heita einkennilegt að t.d. Morgunblaðið hafi gegnum tíðina verið úrtöllumegin í þessari umræðu og athugunarefni á hverju fyrrum ritstjórar reistu slíkan málflutning.

Á þessum árum mínum í utanríkisþjónustunni og hjá EFTA fékk ég ýmist að sjá til eða vinna með mér yngra fólki í utanríkisþjónustu Íslands. Hreint út sagt var þetta afbragðsfólk, greint, vel gert, glöggt og vel viljugt til þess að vinna saman í hóp, hart í horn að taka, þegar máli skipti en ljúft í öllum samskiptum. Ég veit líka að þessir starfsmenn þjónustunnar hafa tekið í arf og búa að því sem þau hafa unnið að með forrennurum sínum og þeim árangri sem þá náðist. Þau eru því góðir samningamenn fyrir Íslands hönd og engra betri að vænta. Fráleitt þarf því að leita eftir aðstoð erlendis frá eins og óskað er eftir í Morgunblaðsgreininni sem til var vitnað hér í upphafi.

Alltaf og ævinlega var það reynsla mín að allir starfsmenn utanríkisþjónustunnar lögðu hart að sér og töldu ekki tím-ann sem þeir lögðu í viðfangsefni, þótt launin væru ekki há í samanburði við aðra með samskonar menntun. Staðreyndin er sú að starfsmenn þjónustunnar eru vanmetnir ekki bara í umræðunni heldur líka í launum. Sendiherrarnir eru forsetaígildi gagnvart þjóðhöfðingjum, þeir stýra skrifstofum sem þjónusta ekki bara venjubundin samskipti, mikilvæg sem þau eru, heldur skapa ímynd þjóðarinnar búa henni stall, stundum með aðstoð við bókasýningar eða öðruvísi menningaratburða, sem vekja þarf athygli á, sbr. ísjakann í París. Við þurfum að minna á okkur með afgerandi hætti. Að hinu leytinu eru starfsmenn utanríkisþjónustunnar samningamenn um afkomu þjóðarbúsins og atvinnuveganna, sérstaklega í reynd sjávarútvegs og land-



---

búnaðar. Þúsundum milljóna hafa samningar starfsmanna utanríkisþjónustunnar skilað úr viðskiptasamningum. Það ágæta fólk sem nú fer með þessi störf mun vissulega halda því áfram, svo framarlega sem á því helst til starfanna fyrir áreitnum og óverðskulduðum öfundarskrifum og þrátt fyrir lélegan skilning á störfunum sem speglast m.a. í kjörunum.



## Afríkuferð - Bréf til Sunnu

Sæl Sunna.

Nú erum við komin heim úr Afríkuferðinni. Heimferðin tók um 30 klukkustundir frá því að við fórum út af hótelinu í Höfðaborg (Cape Town) þar til við vorum komin heim í íbúðina á Vatnsstígnum. Fyrst var flogið frá Höfðaborg til Jóhannesarborgar, svo með annarri vél þaðan til London og svo frá London til Keflavíkur með þriðju flugvélinni. Samt vorum við ekkert sérstaklega þreytt. Aðalmunurinn á þessu flugi og til ykkar í Kaliforníu er, að það er bara tveggja klukkustunda tímamunur á Suður-Afríku og Íslandi, þannig að nóttin er nokkurn veginn á sama tíma. Það gerir ferðina léttari.

En svo er annað sem er eiginlega öfugt við það sem er hérna á okkar slóðum. Í Suður-Afríku var vor en hjá þér og mér er haust. Sólin kemur upp í vestri en ekki í austri og um hádegi er hún í norðri. Vatnið sem snýst í hringi þegar það fer úr vaski í niðurfall snýr upp á sig réttisælis hjá okkur en rangsælis hjá þeim. Svona er að vera sunnan við miðbaug. Það var svolítið sérstakt að sjá þetta með eigin augum.

Þetta var mikið ferðalag hjá okkur og stóð í 17 daga sem Afríkuferð, en við amma fórum tveim dögum á undan hinum til Parísar og röltum þar um og rifjuðum upp staði

sem við höfðum komið á áður. En svo var sem sagt flogið í hópi 25 annarra úr Hafnarfiði (reyndar einn úr Reykjavík (og svo víst við strangt tiltekið)) frá París til Jóhannesarborgar í Suður Afríku. Þetta var næturflug. Við lentum sem sagt í Afríku á afmælisdaginn þinn.

Eftir að hafa gist þar í eina nótt var farið í Kruger Garðinn (Kruger Park). Þar fórum við á sérútbúnum Landrover jeppa í „safari“, sem þýðir að við ókum um svæðið og leituðum uppi villt dýr í sínu náttúrlega umhverfi. Nashyrningur gekk yfir veginn rétt fyrir framan bílinn, flóðhestur rumdi með opinn kjaft í drullutjörn, fíll sneri sér á móti bílnum og öskraði og veifaði eyrunum, svo að okkur var ekki allveg sama, antilópur voru um allt, vissar tegundir steingeita, mjög hornprúðar, sáum við og svo rass á ljóni sem lá í makindum í grasinu og hreyfði sig ekkert. Apa og leóparða sáum við líka. Þetta var mjög spennandi.

Svo fórum við til Mozambique. Landið var lengi nýlenda Portúgal og bjuggu þar margir af þeim uppruna, en þeir fluttu flestir í burtu þegar landið fékk sjálfstæði. En þá tók ekki betra við, því að í um tuttugu ár börðust frumbyggarnir í borgarstyrjöld. Og landið og fólkíð og þjóðin varð mjög illa leikin. Landið er nú meðal tíu fátækustu landa heims. Svona eyðilögðu menn fyrir sér. Hvíti maðurinn með þekkinguna og samböndin með því að fara og hinir með því að fara í stríð innbyrðis.

Næsta land var Swaziland. Þar var mjög fallett í fjöllunum. Landið er ekki lýðveldi (republic) heldur konungsdæmi og þar er heldur ekki lýðræði (democracy), því konungurinn fer með öll völd. Þar er það partur af siðunum að á ákveðnum degi á hverju vori taka ungar konur þátt í mikilli hátíð og ganga fyrir kónginn. Og velur hann sér eiginkonu úr hópnum. Seinast tóku 300 þúsund konur þátt í þessu. Gamli kóngurinn sem er tiltöluleg nýdáiinn var með þessu

---

móti kominn með 52 eiginkonur. Það hlýtur að vera erfitt að vera kóngur við svona skilyrði. Í Swazilandi fórum við á danshátíð þar sem innfæddir sýndu dansa sína og spiluðu undir á hljóðfæri sem voru heimagerð. Þetta var skrautlegt og sérstakt. Í lokin var svo gert ráð fyrir að gestir tækju þátt í dansinum. Afi þinn, sá sem þetta skrifar, sat sem fastast á bekk sínum, en kemur þá ekki einn frumbygginn og vill toga afa karl í dansinn. Ég hristi hausinn og benti á yngri mann, sem sat næstur mér, en ekkert dugði, engin mótmæli tekin til greina og hlaut ég því að stíga frumbyggjadans innan um hóp þeirra við hróp og hvatningu og ljósmyndun ferðafélaganna. Fram skal tekið að ég þurfti ekki að fækka fötum og svo fékk ég engin verðlaun eins og ég fékk í danskeppninni í London hérna um árið (þegar ég var kosinn „the dancing queen“ eins og frægt er og ég skrifaði þér þá um).

Næst fórum við út úr Swazilandi og á stað í Suður Afríku, sem nefnist Golden Gate og er frægur fyrir náttúrufergurð. Þar eru mjög sérkennileg fjöll og litrík. Þangað var komið um sólarlag og þegar sólin skein á fjöllin rétt þegar hún var að setjast glóðu fjöllin eins og gull sitt hvoru megin við veginn. Þannig varð til nafnið á staðnum.

Síðan var farið til Kimberley, sem er frægt fyrir demantanámu sína, sem nú gengur undir nafninu „Big hole,“ sem er réttnefni, því að demantaleitarmennirnir grófu holu sem var ensk míla í þvermál og 400 metra djúp í leit sinni að demöntum. Þeir fundu heilmikið, en margir ekkert eða lítið og aðbúnaður var hörmulegur. Menntu fengu réttindi til að grafa á ákveðnum reit í holunni og hjuggu þar með haka og skóflu og svo var það sem losnaði híft upp úr holunni og skolað og skekið til að finna demantana. Þennan stað skoðuðum við og heyrðum sagt frá sögunni.

Það var svo í Kimberley sem við fórum inn í fátækra hverfi. Húsin þar minntu á það sem krakkarnir smíða hér á

sumrin þegar þau búa til kofaborgir. Húsin eru bara grind úr spítum sem bárujárnsplötur eru negldar á. Ekkert meira. Og bárujárnsplöturnar og spýturnar og naglarnir hafa verið hirt eftir að einhver hefur hent því, plöturnar beyglaðar og götóttar eftir fyrri notkun, naglarnir ryðgaðir. Það er ekki klósett heldur útikamar og þú þværð ekki hendurnar undir vatnsbununni heldur upp úr vaskafati. Í svona „húsum“, sem eru svona á stærð við stofuna hjá ykkur býr fjöldi fólks. Hverfin eru sumstaðar mjög stór, fleiri kílómetrar á hvern kant. En fólkið er hreint og fötin þess hrein og snyrtileg. Þau eru þvegin í vaskafati. Við heimsóttum barnaheimili í svona hverfi og það var byggt eins og ég hef lýst og teppi lögð yfir moldargólfið, en börnin voru glöð og virtust hamingjusöm og hrein og snyrtileg. Þau áttu enga foreldra og voru því það sem nefnist munaðarlaus af því að foreldrarnir voru dánir en þau fóru til ömmu sinnar yfir nóttina. Það var mikil lífsreynsla að koma þarna og sjá hvað þetta fólk og þessi börn þurftu að láta sér nægja.

Síðan var ekið suður á bóginn og tók tvo daga að aka suður til Höfðaborgar (Cape Town), en tekið var frí frá keyrslunni í einn dag í lítilli borg sem heitir Knysna (sem er borið fram næsa). Sumir hlutar leiðarinnar voru endalausar sléttur en seinni hluti leiðarinnar var mjög fallegur enda kallaður Blómaleiðin. Á þessarri leið sáu við líka villt dýr, aðallega antilópur og steingeitur. Þar sáu við líka sérkennilegt fuglahreiður. Það hékk utan á rafmagnsstaur og var eins og stærðar poki. Þarna voru að verki fuglar sem vinna saman að hreiðurgerðinni og var þetta hreiður fyrir um 50 fugla að því er okkur var sagt. Fuglarnir heita „Social weavers“, sem er réttnefni, því að þeir hljóta að vera „social“ (félagslegir) úr því að þeir geta búið svona margir saman og vefarar eru þeir góðir að geta búið til svona „poka“ úr stráum. Rafmagnsstaurinn varð fyrir valinu af því að það voru engin nógu há

---

tré.

Höfðaborg stendur undir fjalli sem ber nafnið „Table Mountain“ af því að það er flatt að ofan, en þegar ský setjast á fjallið er sagt að það sé kominn dúkur á borðið. Úti fyrir borginni er eyjan Robben Island. Þar sat Nelson Mandela í fangelsi í 27 ár, en varð forseti Suður Afríku fljótlega eftir að hann fékk frelsi. Frá borginni fórum við í ökuferð niður á Góðrarvonarhöfða (Cape of Good Hope), en svo nefndu sjómenn þennan höfða af því að þá hafði þeim tekist að komast fyrir endann á Afríku og þarna var oft erfitt að sigla út af vindum og straumum og þoku. Þegar maður stendur á þessum stað og horfir í suður sér maður Atlanshafið á hægri hönd og Inlandshafið á vinstri hönd. Þetta var dálítið sérkennileg upplifun.

Svona var nú ferðin okkar, Sunna mín. Við vorum með skemmtilegu fólki og allt ferðalagið gekk mjög vel. Það var alltaf eitthvað um að vera. Aka, skoða, hlusta, læra, farið saman út að borða og á fætur næsta morgun klukkan sex eða hálf sjö og haldið áfram fram á kvöld. Nú eru þvottadagar hjá ömmu og ég hef verið að taka svolítið til í dótinu eftir ferðina og er byrjaður að rekast í iðnaðarmönnum sem ég vil að komi hingað og lagi smávegis sem hefur bilað. Inga Maja og Reynir eru farin til Sviss að heimsækja Birnu og fjölskyldu.

Slæ svo botninn í þetta bréfkorn með því að óska þér aftur til hamingju með afmælið. Amma biður fyrir kveðjur.

Skrifað 30. og 31. október 2007.

Kjartan afi.





## Fríverslun með fisk

Það er merkilegt að hver ráðherrann og sendimenn Íslands erlendis á fætur öðrum hefur tryggt fríverslun með fisk hingað og þangað en sérílagi til Evrópu en samt er tollur á fiskafurðum okkar inn á mikilvæg svæði fyrir mikilvægar afurðir, þar á meðal Evrópu. Hvernig má þetta vera?

Ég var einn af þeim sem kom við þessa sögu og tryggði fríverslun með fisk, sem enn gildir og gagnaðist reyndar í EES samningunum. Ég var valinn í þingmannanefnd EFTA árið 1985. Strax og ég hafði tekið þar sæti fór ég að kynna mér bæði EFTA samninginn og samninga EFTA ríkjanna við Evrópusambandið, svo notuð sé núverandi nafngift þessa ríkjasambands. Þá rifjaðist upp fyrir mér að við inngöngu Íslands í EFTA var einn af stóru punktunum, að með inngöngunni næðist fríverslun með fisk. Við nánari umhugsun og skoðun sá ég að hér hafði verið um að ræða samninga sem Ísland náði í gegnum EFTA við ESB um fríverslunina. Hér var á ferðlinni sérstök bókun, sem ég man ekki númerið á en var oft vitnað til næstu ár, segjum að hún hafi verið númer 6. Hún var semsagt um tollaívilnanir, fríverslun, við ESB. Tilvitnunin í hana var fylgifyskur landhelgisdeilunnar, því að Bretar frestuðu gildistöku hennar þegar landhelgisstríðið hófst og hún tók ekki gildi fyrr en samið hafði verið

milli Bretlands og Íslands um frið í deilunni. Þegar nánar var rýnt í bókunina kom í ljós að hún varðaði innflutning til ESB á óunnum fiski. Þetta var mikilvægt á þessum tíma. Um var að ræða landanir togara í svonefndum siglingum með fisk til hafna í ESB, fyrst og fremst í Bretlandi og Þýskalandi. Rétt er að hafa í huga að á tíma samninganna fóru flök nær eingöngu ef ekki alfarið á Bandaríkjamarkað, sem voru yfirleitt í svonefndum blokkum þar sem íslenskar verksmiður í USA söguðu þær niður og tilreiddu bitana fyrir Bandaríkjamarkað. Líka þess vegna var hér um sigur að ræða þegar þessi fríverslun náðist í gegn. Ég sá hins vegar í hendi mér að þetta dugði skammt þegar eitthvað unninn fiskur var tollaður á fullu.

Þetta leiddi til þess að strax og ég tók sæti í þingmannanefndinni hóf ég máls á því að úrvinnsla fisks væri iðnaður, sem hefði mikla vigt á Íslandi og þessi iðnaður ætti að njóta sömu fríverslunar og gilti um aðrar iðngreinar, sem nytu tollfrelsis innan EFTA og í samningum við ESB. Annars væri hér mikið ójafnvægi í samningum. Vitaskuld varð ég að snúa mér að EFTA einu, því að ESB var utan áhrifasvæðis. Mér er minnstætt að EFTA skrifstofan lofaði skýrslu um málið og hún birtist á næsta fundi nefndarinnar. Hún var listi yfir allar unnar fiskafurðir og tollinn á þeim við innflutning til EFTA ríkjanna. Þetta var mikill doðrantur, heil símaskrá var nafnið sem ég gaf henni. Ég afgreiddi hana snarlega og sagðist ekki mundu líta á hana. Sjálfsagt var það áfall fyrir höfundinn sem bar sænskt ættarnafn af betra taginu, „von“ eitt eða annað með tvöföldu vaffi. Ég vildi fá príncípákvörðun um að taka ætti upp fríverslun með allar unnar fiskafurðir, en aðlögunartíminn gæti verið 10 ár eins og í gömlu samningunum varðandi aðrar iðnaðarvörur, eða meira ef menn vildu. Undirtektir voru engar. Ég gekk á fund aðalritara EFTA, sem var Norðmaðurinn Kleppe, fyrr-

---

um fjármálaráðherra krata í Noregi. Ekki nokkur von, ekki sjans, voru hans tilsvör. Enginn stuðningur þar. En ég gafst ekki upp, hélt áfram að tuða um þetta á fundum og utan þeirra og á árinu 1986 var samþykkt að setja á fót nefnd sem líta skyldi á tvennt, fríverslun með unninn fisk og unnar landbúnaðarvörur. Þá ákvað ég, til þess að leitast við að breikka stuðninginn, að stinga upp á Norðmanni í nefndarformennsku. Enn öðru ári síðar eða 1987 var gerð samþykkt í þingmannanefndinni, þar sem mælt var með fríverslun um þetta tvennt við ráðherranefnd EFTA. Sigurinn var unninn á þessum vettvangi, svo langt sem það náði.

Næsti áfangi gerðist í sambandi við hugsanlegar aðild-arviðræður við ESB um það sem fékk síðar nafnið EES. Í janúar 1989 hélt Delors formaður framkvæmdastjórnar ESB ræðu þar sem hann bauð EFTA ríkjunum upp á samstarf um sameiginlegt markaðssvæði EFTA og ESB. Hinn merki sameiginlegi markaður ESB með fjórfrelsinu var kominn á koppinn og EFTA löndin höfðu af því beyg að þeirra lönd yrðu hliðsett samkeppnislega á ESB mörkuðunum, stæðust ekki samkeppnina á þessum mikilvæga markaði og höfðu leitað eftir einhvers konar aðgangi sem gæfi þeim sömu stöðu og löndum ESB. Svárið var í ræðu Delors. Noregur var um þessar mundir í formennsku EFTA og í mars þetta ár 1989 boðaði Gro Harlem-Brundtland forsætisráðherra Noregs til toppfundar í Osló til þess að svara tilboði Delors. Þar mætti Steingrímur Hermannsson fyrir Íslands hönd. Hann gerði það að skilyrði fyrir jákvæðu svari við erindinu að EFTA löndin færu eftir tilmælum þingmannanefndarinnar og tæku upp fríverslun með unninn fisk. Eftir mikið þref var það samþykkt. Ég hef það fyrir satt að Ingvar Carlsson forsætisráðherra Svíþjóðar hafi ráðið úrslitum um samþykktina með því að lýsa því yfir að ef hin EFTA ríkin bæru skaða af samþykktinni gætu þau sent sér reikninginn. Sá reikningur

kom aldrei. Þessi sigur var ljúfur og með honum tók gildi fríverslun með allan fisk, unninn sem óunninn innan EFTA.

Þarnaest tóku við samningarnir um það sem fékk nafngiftina EES. Þeir voru langdregnir og steyttu á ýmsum skerjum. Verður það ekki rakið. Það var einkenni þeirra að EFTA ríkin komu fram sem ein heild, töluðu einum rómi. Þurfti því að afla samþykkis fyrst innan EFTA um hvaðeina það sem borið var á borð við ESB í viðræðunum. Ísland hélt sínu sjónarmiði um fríverslun með allan fisk og fiskafurðir vel til haga og fékk stuðning við það innan EFTA og var það því stefna EFTA í viðræðunum. Var þá viðspyrna í því að þetta gildi innan EFTA og eðilegt væri að það gildi yfir EES svæðið allt, m.a. með tilvísun í það að aldrei skyldi stíga skref aftur á bak, sem var efni gamallar samþykktar EFTA og ESB. Þannig kom fríverslunin innan EFTA að gagni í viðræðunum við ESB. Full fríverslun fékkst ekki en talnaspekingur utanríkisráðuneytisins Harald Aspelund reiknaði hins vegar út að náðst hefðu 96%. Það var mikill sigur og auðveldaði framgang málsins á Alþingi.

Nítíu og sex prósent og samt er kvartað yfir því að tollar séu á afurðunum til ESB. Hvernig stendur á þessu? Það er í rauninni sama skýring á þessu eins og því, að ég sá að sigurinn við inngöngu Íslands í EFTA sem sneri að ónunnum fiski var ófullkominn. Hver sigur miðast við aðstæður á hverjum tíma. Það sem var sigur 1971 var léttvægt 1985 þegar ég kom inn í þingmannanefnd EFTA. Það sem var sigur þegar við sömdu um EES dugir skemmra nú. Hvernig þá? Þegar Gylfi Þ. Gíslason og félagar sömdu um fríverslun á ónunnum fiski 1971 var það mjög mikilvægt af því að stærsti hlutinn af fisksölunni til Evrópu var óunninn fiskur sem fór til Bretlands og Þýskalands. Flökin fóru til Bandaríkjanna. Svo breyttist markaðsmynstrið. Flökin fóru til Evrópu, hinn unni fiskur. Þegar samið var um EES var ávinningurinn,

---

sigurinn, miðaður við þáverandi aðstæður. Þess vegna var maktíll ekki með og ýmiss annar útflutningur sem skipti þá litlu. Allt var reiknað út frá reynslunni. Við veiddum t.d. engan maktíl á þeim tíma. Nú er hann mjög stór í útflutningi. Sama gildir um fleira. Þess vegna eru 96% rangur mælikvarði núna þó réttur væri sínum tíma. Full fríverslun við ESB fæst vafalaust ekki nema með aðild. Þróunin er alltaf að flytja okkur úr stað. Hver sigur var sætur sínum tíma, en svo breytast aðstæður. Þess vegna má kvarta núna með réttu.